

10

Kafli 20

20: Aðgerðir til að hamla samkeppni í flutningi á fiski, breytingar á siglingakerfum og tengd atvik

BROT SAMSKIPA GEGN BANNI VIÐ ÓLÖGMÆTU SAMRÁÐI





20. AÐGERÐIR TIL AÐ HAMLA SAMKEPPNI Í FLUTNINGI Á FISKI, BREYTINGAR Á SIGLINGAKERFUM OG TENGD ATVIK.....	1919
20.1. Aðilar á markaði í aðdraganda „Nýtt upphaf“ verkefnisins	1919
20.2. Samskip vilja draga úr samkeppni frá BWS í byrjun júní 2008.....	1924
20.3. „Nýtt upphaf“ verkefnið – Fiskur og Færeyjar	1925
20.4. Atvik fram til 2010.....	1926
20.4.1. Atvik tengd Færeyjum og BWS	1926
20.4.1.1. Yfirmenn Samskipa og Eimskips í Færeyjum ræða saman.....	1927
20.4.1.2. Dregur úr samkeppni milli Samskipa og Eimskips í Færeyjum	1928
20.4.1.3. Áhyggjur af samkeppni frá BWS	1929
20.4.1.4. Viðskiptaleyndarmál Eimskips í skjölum Samskipa – 50/50 skipting	1932
20.4.1.5. Samskip og Eimskip funda með BWS	1939
20.4.1.6. Yfirmenn Samskipa og Eimskips í Færeyjum ræða aftur saman	1947
20.4.1.7. Samkeppni frá BWS heldur áfram.....	1950
20.4.2. Atvik tengd Green Reefers fram til 2010	1951
20.4.2.1. Undirbúningar að samstarfi við Green Reefers hefst.....	1951
20.4.2.2. Samstarf við Green Reefers sagt gefa tækifæri til að halda uppi verði	1953
20.4.2.3. Halda uppi eða hækka verð á flutningum á fiski	1957
20.4.3. Atvik tengd Kloosterboer og frystigeymslurekstri fram til 2010	1958
20.4.3.1. Unnið að því að hækka verð gagnvart íslenskum viðskiptavinum	1960
20.4.3.2. Samskip funda með Kloosterboer	1961
20.4.3.3. Verðhækkun í kjölfar samskipta við Kloosterboer	1962
20.4.3.4. Samantekt	1963
20.5. Silver Green stofnað á árinu 2010.....	1968
20.5.1. Nánar um keppinauta Silver Green og Silver Sea	1970
20.5.2. Eimskip telur að tilkoma Silver Green hafi leitt til hærra verðs	1972
20.5.3. Upplýsingaskylda Samskipa og Eimskips árétuð	1974
20.5.4. Samantekt	1977
20.6. Önnur atvik á árinu 2010	1978
20.6.1. Kloosterboer.....	1979
20.6.2. BWS og Færeyjar	1981
20.6.3. Samantekt	1996
20.7. Atvik á árinu 2011	2002
20.7.1. Fundað með Kloosterboer og Smyril Line í janúar 2011.....	2002
20.7.2. Fundað með BWS og Kloosterboer í janúar og febrúar 2011	2003
20.7.3. Fundað með Kloosterboer og BWS í mars og apríl 2011	2008
20.7.4. Fundað með Silver Green, Kloosterboer og BWS í maí og júní 2011.....	2011
20.7.5. Fundað með BWS og Smyril Line í september og nóvember 2011.....	2019
20.7.6. Samantekt	2027
20.8. Útboð Alcoa á árinu 2011.....	2033
20.8.1. Tilkynnt um útboð Alcoa	2035
20.8.2. Undirbúningur og tilboð Samskipa.....	2035
20.8.3. Undirbúningur og tilboð Eimskips	2039
20.8.4. Samantekt	2041



20.9. Atvik á árinu 2012	2042
20.9.1. Almenn.....	2042
20.9.2. Atvik í janúar 2012.....	2042
20.9.3. Atvik í febrúar 2012	2043
20.9.4. Atvik í mars 2012.....	2045
20.9.5. Atvik í apríl 2012	2046
20.9.6. Atvik í maí 2012	2047
20.9.7. Atvik í júní og júlí 2012.....	2049
20.9.8. Atvik í ágúst 2012.....	2051
20.9.9. Atvik í september 2012.....	2055
20.9.10. Atvik í október 2012	2066
20.9.11. Atvik í nóvember og desember 2012	2070
20.9.12. Samantekt	2073
20.10. Kloosterboer og Silver Green 2012 - 2013.....	2075
20.10.1. Silver Green á árunum 2012 og 2013	2075
20.10.2. Hollensk samkeppnisyrivöld gera húsleit hjá Kloosterboer	2076
20.10.3. Eimskip og Samskip halda áfram að ræða samstarfið og samkeppnina við Kloosterboer 2077	
20.10.4. Niðurstaða hollenskra samkeppnisyrivalda um ólögmaett samráð Samskipa, Eimskips og Kloosterboer	2083
20.10.5. Samantekt	2084
20.11. Breytingar á siglingakerfum á árinu 2013	2085
20.11.1. Þróun siglingakerfa Eimskips og Samskipa fram til ársins 2013	2085
20.11.2. Atvik í janúar 2013.....	2088
20.11.3. Atvik í febrúar 2013	2092
20.11.4. Atvik í mars 2013.....	2100
20.11.5. Atvik í apríl – júní 2013	2104
20.11.6. Samantekt	2106



20. AÐGERÐIR TIL AÐ HAMLA SAMKEPPNI Í FLUTNINGI Á FISKI, BREYTINGAR Á SIGLINGAKERFUM OG TENGD ATVIK

9875. Á rannsóknartímabilinu gripu Samskip og Eimskip ítrekað til aðgerða sem höfðu það að markmiði að raska samkeppni í flutningi á fiski frá Íslandi (útflutningi). Fyrirtækin gripu jafnframt til aðgerða sem höfðu það að markmiði að raska samkeppni í flutningi til og frá Færeyjum og voru til þess fallnar að raska samkeppni í flutningum til og frá Íslandi, ekki síst í flutningi á fiski. Aðgerðir fyrirtækjanna tengdust breytingum á siglingakerfum þeirra.
9876. Tengt þessu er útboð Alcoa á m.a. flutningum á áli fyrirtækisins frá Reyðarfirði til Evrópu. Fór svo að Alcoa samdi við keppinaut Samskipa og Eimskips sem hóf þessa flutninga á árinu 2013. Hafði þetta mikil áhrif á m.a. siglingakerfi Samskipa. Gögn málsins sýna að frá árinu 2011 hafi Samskip verið farin að huga að mögulegum breytingum á siglingakerfi fyrirtækisins, m.a. vegna flutninga fyrir Alcoa. Var í þessu samhengi vísað til Eimskips, Thorship, BWS og Nednor. Rætt var m.a. hvort skoða ætti samvinnu við bæði Thorship og BWS í siglingum til og frá Íslandi. Vildi (S)forstj m.a. ræða við undirmenn sína um „Alcoa, Thorship og Smyril pælingar“. Jafnframt vildi (S)forstj fara yfir ýmis málefni sem tengdust skipakosti og siglingakerfi Eimskips.
9877. Rétt er í upphafi að gefa yfirlit yfir atriði sem varða m.a. flutning á fiski, starfsemi í Færeyjum og rifja upp tiltekin atvik sem áttu sér stað áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008.

20.1. Aðilar á markaði í aðdraganda „Nýtt upphaf“ verkefnisins

9878. Í upphafi rannsóknartímabilsins voru íslenskar sjávarafurðir fluttar með áætlunarskipum Samskipa, Eimskips og með Norrænu á vegum BWS og svo með sérhæfðum frystiskipum. Þá höfðu flutningakerfi Samskipa og Eimskips hér á landi beina tengingu við Færeyjar. Áttu Samskip og Eimskip því í samkeppni hvort við annað sem og önnur fyrirtæki í flutningum frá Íslandi, milli Íslands og Færeyja og milli Færeyja og Danmerkur. Tengt þessu var frysti- og kæligeymsluþjónusta⁵²¹⁶ í erlendum viðkomuhöfnum.
9879. Silver Sea: Í árslok 2002 var sagt frá því opinberlega að Samskip AS,⁵²¹⁷ dótturfélag Samskipa í Noregi, og Silver Sea hefðu verið sameinuð. Höfðu bæði Samskip AS og Silver Sea sérhæft sig í rekstri frystiskipa. Átti eignarhlutur Samskipa í hinu sameinaða fyrirtæki, Silver Sea, að vera 40%. Í frétt Morgunblaðsins 28. desember 2002 var sagt frá þessu: „Félögin sérhæfa sig í rekstri frystiskipa og verður sameinað félag annað tveggja markaðsleiðandi félaga í Norður-Atlantshafi, í flutningi á frystum fiskafurðum í frystiskipum. [...] Helstu útflutningsmarkaðir félagsins eru Noregur, Ísland og Hjaltland og helstu innflutningsmarkaðir eru Rússland, Eystrasaltslönd og meginland Evrópu. „Við erum að efla starfsemi okkar verulega á þessum markaði með sameiningu við Silver Sea, hvort sem um er að ræða á markaðssvæðum okkar á Íslandi, Noregi, Rússlandi eða á öðrum stöðum í Evrópu,“ segir [(S)forstj], framkvæmdastjóri Sölu og rekstrarsviðs erlendra starfsemi Samskipa. „Við verðum betur í stakk búnir til að sinna íslenska markaðnum, sem hefur verið að vaxa að undanförunni því vinnsla á uppsjávarfiski í frystingu hefur verið að aukast. Við erum nú með aðgengi að stærri skipaflota, sem mun veita okkur meiri sveigjanleika og getu til að sinna viðskiptavinum okkar betur.“⁵²¹⁸

⁵²¹⁶ Hér eftir nefnt í einu lagi frystigeymslur eða frystigeymsluþjónusta.

⁵²¹⁷ Stofnað 1997 og var með skrifstofur í Þrándheimi og Bodø, sbr. bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. apríl 2019.

⁵²¹⁸ „Samskip AS í Noregi og Silver Sea sameinast“. Morgunblaðið, 28.12.2002. Aðgengilegt á slóð: <https://timarit.is/page/3460550?iabr=on#page/n13/mode/2up/search/silver%20sea>.



9880. Árið 2006 juku Samskip eignarhlut sinn í Silver Sea í 50%. Áttu Samskip fyrirtækið til helminga á móti (S)frkvstj-Silver. (S)forstj var formaður stjórnar Silver Sea en (S)frkvstj-Silver framkvæmdastjóri fyrirtækisins.
9881. Samkvæmt framansögðu önnuðust bæði Samskip og dótturfélagið Silver Sea flutning á fiski frá m.a. Íslandi.
9882. Eimskip-CTG: Árið 2004 eignaðist Eimskip meirihluta hlutafjár í norsku skipafélagi, CTG, sem sérhæfði sig í flutningi á frystum og kældum sjávarafurðum. Eimskip eignaðist síðan allt hlutafé í félaginu ári síðar.⁵²¹⁹ Eimskip-CTG veitti m.a. íslenskum útflytjendum á fiski þjónustu.
9883. Þannig önnuðust bæði Eimskip og dótturfélagið Eimskip-CTG flutning á fiski frá m.a. Íslandi.
9884. Blue Water Shipping (BWS): BWS var danskt flutningafyrirtæki sem bauð m.a. upp á vöruflutninga milli Íslands, Færeyja og Danmerkur. Í því skyni leigði BWS pláss í ferjunni Norrænu af Smyril Line. Frá árinu 2006 var sú flutningastarfsemi rekin af fyrirtækinu Smyril Blue Water (SBW) sem var alfarið í eigu BWS. Var þetta fyrirkomulag fyrir hendi allt rannsóknartímabilið.⁵²²⁰ Í ákvörðun þessari er vísað til BWS og SBW í einu lagi sem BWS. Í glæru (S)forstj frá árinu 2010 var siglingakerfi BWS lýst svo:⁵²²¹

⁵²¹⁹ Þann 5. október 2005 var greint frá eftirfarandi á mbl.is: „Eimskip hefur eignast allt hlutafé í norska flutningafélaginu CTG. Í fréttatilkynningu frá félaginu segir að mikil samlegðaráhrif séu á milli félaganna en CTG sérhæfir sig í flutningum og geymslu á frystum og kældum sjávarafurðum.“ Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1041913/>.

⁵²²⁰ Í fréttatilkynningu, sem birtist á heimasíðu BWS 13. janúar 2015, var greint frá því hvernig háttað var vöruflutningum milli m.a. Íslands og Færeyja með ferjunni Norrænu á rannsóknartímabilinu og nýju fyrirkomulagi á árinu 2015:

„New agreement with Smyril Line

Smyril Line and Blue Water entered into cooperation for the first time in 1999 and have now agreed to go back to their old business model.

The Faroese shipping line, Smyril Line, and Danish transport company, Blue Water Shipping have since 1999 enjoyed a close cooperation covering transport and logistics between the Faroe Islands, Iceland and the rest of the world.


Due to Smyril Line's financial problems, Blue Water became involved in Smyril Line in 2005 through the establishment of a joint venture, the freight company Smyril Blue Water, which was handling the freight on „Norrøna“.

In 2006, the company changed ownership to become 100% owned by Blue Water Shipping who made an agreement with Smyril Line to become in charge of the freight capacity on „Norrøna“ sailing on the service between Denmark, the Faroes and Iceland.

The economy in Smyril Line is now back on track and the parties have decided to change the agreement with effect from 1. January 2015 meaning that the responsibility for the freight capacity on „Norrøna“ returns to Smyril Line. Blue Water Shipping continues as partner and will provide transport and logistics services from and to „Norrøna's“ Danish port of call, Hirtshals, and the rest of the world. This means that the parties have basically returned to the old cooperation which was in force from 1999 to 2005.

In connection with the new agreement, Smyril Line takes over the present Blue Water employees as well as the office and terminal facilities in Torshavn and Seyðisfjörður whereas the two companies will share location in Reykjavik, where part of the Blue Water staff will be transferred to Smyril Line.“

⁵²²¹ Sbr. glærुकynning [(S)forstj] 9. febrúar 2010 í kafla 14.19.



9885. Flutningaþjónusta BWS hér á landi fólst ekki síst í því að annast flutning á fiski í samkeppni við Samskip og Eimskip.⁵²²²
9886. Á fyrri hluta ársins 2008 samdi BWS við Eimskip um landflutninga til og frá Seyðisfirði.⁵²²³ Á árinu 2012 samdi BWS við Samskip um landflutninga.⁵²²⁴
9887. Green Reefers: Í kafla 14.36.7 er gerð grein fyrir norska fyrirtækinu Wilson sem annaðist flutninga fyrir Alcan í Straumsvík á árunum 2008-2011. Wilson átti fyrirtækið Green Reefers sem veitti frystiskipaþjónustu og var keppinautur Eimskips, Eimskips-CTG, Samskipa og Silver Sea í útflutningi á frystum fiski m.a. frá Íslandi.⁵²²⁵ Í samræmi við þetta lýsti Green Reefers siglingakerfi sínu með eftirfarandi hætti:⁵²²⁶

⁵²²² Hefur fyrirtækið t.d. lagt áherslu á að veita íslenskum útflytjendum á fiski þjónustu. Á heimasíðu BWS segir t.d.: „Blue Water is also a very strong provider of transport of fish and other chilled products to and from the North Atlantic region. The dedicated staff of our local offices in Greenland and Iceland provide the very best service.“ (bws.net)

⁵²²³ Afhent gagn frá Eimskip. Afhent 23.05.2015. Samningur milli Eimskips og Smyril Blue Water P/F, dags. 26. mars 2008.

⁵²²⁴ Afhent gagn frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. Samningur milli Samskipa og Blue Water Shipping ehf., dags. 15.10.2012.

⁵²²⁵ Í t.d. skjali frá Samskipum eru bæði Green Reefers og Eimskip talin upp sem keppinautar í frystiflutningum, sbr. kafla 7.5.2. Í bréfi Eimskips til Samkeppniseftirlitsins frá 13. október 2017 er vísað til Green Reefers sem keppinauts. Til viðbótar má í dæmaskyni nefna umfjöllun á heimasíðu Samherja þar sem lýst er umfangsmiklum flutningum Green Reefer á loðnu. Voru þrjú skip frá Green Reefer notuð til þess: „Three Norwegian tramp steamers hired by Samherji hf., have in the last few days collected products from Samherji and other collaborating companies, in harbours in the Northern and Eastern part of Iceland for export. The quantity totals just over 8.500 tons of frozen products; almost entirely capelin products. The fourth tramp steamer shipped a few days ago about 2.400 tons of capelin products from Iceland so in a short time this transport totals almost 11.000 tons. The reefer Green Frost arrived in Reyðarfjörður the day before yesterday and is being loaded about 2.300 tons of capelin products. Green Bodö collected products in Thorshöfn and Vopnafjörður last week. The ship was fully loaded in Nordfjörður this morning but it takes around 2.200 tons. Green Selje was being loaded in Akureyri yesterday and that work will finish today. The ship then sails eastbound and will be fully loaded in Nordfjörður with total 3.800 tons.“

Aðgengilegt á eftirfarandi slóð:

www.samherji.is/en/news/getAllItems/1/almost_11.000_tons_of_capelin_products_exported.

⁵²²⁶ Sjá kynningu á eftirfarandi slóð: www.slideplayer.com/slideplayer/10417381/.

2 | Transport systems



- Fish from the Northern Areas to:

- The Baltic Region
- Black Sea
- Continent
- USA/Canada

- Juice/Fruit from Florida to the Continent

- Fruits from C-America to USEC/USWC



9888. Kloosterboer: Hollenska fyrirtækið Kloosterboer annaðist m.a. sjóflutninga, flutningsmiðlun og rekstur frystigeymslna. Fram til ársins 2005 rak Kloosterboer frystigeymslur í Hollandi (m.a. í Rotterdam og Ijmuiden), Noregi (Álasundi) og Færeyjum (Kollafirði). Lagði Kloosterboer áherslu á að veita útflytjendum sjávarafurða þjónustu í samkeppni við Eimskip og Samskip. Svonefndir Kloosterboerbræður, þeir Kloosterb1 og Kloosterb4, störfuðu hjá fyrirtækinu og áttu í ítrekuðum samskiptum við Eimskip og Samskip (ekki síst þá (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv).

- Á árunum 2002-2004 átti Eimskip (m.a. (E)frkvstj-alþjsv) og Kloosterboer (m.a. Kloosterb1) í ítrekuðum samskiptum. Þessi samskipti miðuðu m.a. að því að draga úr samkeppni milli fyrirtækjanna gagnvart íslenskum útflytjendum sjávarafurða. Var m.a. rætt um skiptingu markaða eftir viðskiptavinum og unnið gegn því að nýir keppinautar gætu hafið samkeppni.⁵²²⁷
- Samskip keyptu hluta af starfsemi Kloosterboer árið 2005. Nánar tiltekið var um að ræða fyrrnefndar frystigeymslur fyrir sjávarafurðir í Hollandi, Noregi og Færeyjum. Kaupin tóku einnig til sjávarútvegstengdrar starfsemi fyrirtækjanna, þ.e. Kloosterboer Shipping og Kloosterboer International Forwarding. Í kjölfar kaupanna hóf Kloosterb1 störf hjá Samskipum.
- Eimskip keypti á árinu 2005 meirihluta hlutafjár í Daalimpex í Hollandi en fyrirtækið rak fjórar frystigeymslur og var stærsta frystigeymslufyrirtækið þar í landi. Í tilkynningu Eimskips sagði að þetta myndi styrkja stöðu fyrirtækisins í frysti- og kæliflutningum.⁵²²⁸
- Flutningaþjónusta til og frá Íslandi tók til þessarar starfsemi Eimskips og Samskipa í m.a. Hollandi (t.d. geymsla á frystum fiski, m.a. fluttum frá Íslandi og kæling á ferskvöru sem flutt var til Íslands).
- Eftir umrædd kaup á árinu 2005 áttu Eimskip/Daalimpex og Samskip/Kloosterboer í ólögsmætu samráði og voru m.a. (E)frkvstj-alþjsv og (S)frkvstj-frystig (sem eins og fyrr segir var þá starfsmaður Samskipa) í samskiptum út af því. Var þetta samráð fyrir hendi þegar „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008.⁵²²⁹

⁵²²⁷ Sjá kafla 5.6.

⁵²²⁸ „Eimskip kaupir eitt stærsta frystigeymslufyrirtæki í Evrópu“ Morgunblaðið, dags. 31.08.2005. Sjá slóð: https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2005/08/31/eimskip_kaupir_eitt_stærsta_frystigeymslufyrirtaek/.

⁵²²⁹ Sjá t.d. kafla 5.6.4.



9889. Atvik þessa máls tengjast einnig sjóflutningum Eimskips og Samskipa til og frá Færeyjum og samkeppni við BWS í þeim flutningum. Rétt er að lýsa hér stuttlega starfsemi Eimskips og Samskipa í Færeyjum:
- Á árinu 2004 keypti Eimskip færeyska skipafélagið Faroe Ship (FS) og voru siglingakerfi þeirra sameinuð undir siglingakerfi Eimskips í janúar 2008. Um leið var tekin upp sérstök siglingaleið, Austurleið, með tveimur skipum sem sigldu milli Íslands og meginlands Evrópu með viðkomu í Færeyjum á báðum leiðum.⁵²³⁰ Þannig tengdist háttsemi og aðgerðir fyrirtækisins í Færeyjum með beinum hætti flutningum til og frá Íslandi. Af hálfu Eimskips hefur komið fram að starfsemi dótturfélagsins Faroe Ship og staða þess á færeyska markaðnum hafi verið mjög áþekk starfsemi og stöðu Eimskips á hinum íslenska flutningamarkaði.⁵²³¹
 - Á árinu 2004 efldu Samskip einnig starfsemi sína í Færeyjum og hófu reglubundnar áætlunarsiglingar. Á árinu 2006 keyptu Samskip helmings hlut í færeysku flutningsmiðluninni Safari Transport og voru kaupin sögð liður í miklum uppgangi Samskipa í Færeyjum. Líkt og hjá Eimskip var siglingakerfi Samskipa tengt Íslandi og Færeyjum samþætt. Höfðu Samskip þannig viðkomu í Færeyjum á siglingaleiðinni milli Íslands, Bretlandseyja og meginlands Evrópu.⁵²³²
9890. Samkvæmt framansögðu voru Samskip og Eimskip keppinautar í áætlunarsiglingum til og frá Færeyjum.
9891. Samskip í Færeyjum voru hluti af Samskipum hf. og heyrði (S)frkvstj-Færeyj, framkvæmdastjóri Samskipa í Færeyjum, undir (S)forstj. Hið sama átti við um (S)frkvstj-Færeyj sem tók við af (S)frkvstj-Færeyj í árslok 2010. Starfsemi Eimskips í Færeyjum heyrði undir (E)frkvstj-alþjv sem var yfirmaður (E)frkvstj-Færeyj, framkvæmdastjóra FS.
9892. Sem fyrr sagði bauð BWS upp á vöruflutninga til og frá Íslandi og til og frá Færeyjum. Var BWS því keppinautur Samskipa og Eimskips bæði á Íslandi og í Færeyjum. Eins og lýst verður hér á eftir var staða BWS mun sterkari í Færeyjum en á Íslandi og BWS þar með öflugri keppinautur á þeim markaði.
9893. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samkeppnislaga taka lögin til athafna sem hafa eða er ætlað að hafa áhrif hér á landi. Af þessu leiðir að samráð sem er framkvæmt erlendis fellur undir 10. gr. samkeppnislaga ef það hefur eða er ætlað að hafa áhrif hér á landi. Sem fyrr segir voru siglingakerfi Samskipa og Eimskips tengd Íslandi og Færeyjum samþætt. Hið sama gilti um siglingakerfi Smyril Line/BWS. Gat samráð Samskipa og Eimskips því verið til þess fallið að hafa áhrif á samkeppni á bæði Íslandi og Færeyjum.

⁵²³⁰ Sjá nánar tilkynningu frá Eimskip sem birt var í Morgunblaðinu í ágúst 2004: „Eimskip og Faroe Ship sameinast“, dags. 18.08.2004. Mbl. Aðgengilegt á slóð: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/813955/>.

⁵²³¹ Í skráningarlýsingu Eimskips frá október 2012 segir um starfsemi fyrirtækisins í Færeyjum: „P/F Faroe Ship was founded in 1919 and is the oldest and largest transportation company in the Faroe Islands. The company was acquired by Eimskip in 2004. P/F Faroe Ship has taken a leading position in the Faroese transport market with the import and export demand in the Faroe Islands similar to the one in Iceland. P/F Faroe Ship has a similar set-up as Eimskip Ísland ehf., running stevedoring, terminal operation, warehousing, a chilled and cold storage, trucking and distribution, as well as taking care of Eimskip's agency and related services in the Faroe Islands. Eimskip's vessels are registered with P/F Faroe Ship. Sp/f Fossar, which is a wholly owned subsidiary of P/F Faroe Ship, that operates most of the vessels owned by the Company.“ Aðgengilegt á slóð: <https://www.eimskip.com/media/1443/prospectus-eimskipaf%C3%A9lag-%C3%ADslands-hf.pdf>.

⁵²³² Í frétt sem birtist á mbl.is þann 11 apríl 2006 var fjallað um þessi kaup á Safari Transport og starfsemi Samskipa í Færeyjum lýst: „Haft er eftir [...], forstjóra Samskipa, í tilkynningu frá félaginu, að Safari Transport sé leiðandi flutningsmiðlun með sex starfsmenn. Viðskiptin séu liður í því að styrkja enn frekar markaðsstöðu Samskipa í Færeyjum og efla þjónustuna þar almennt. Samskip hófu siglingar að nýju til og frá Færeyjum fyrir um tveimur árum. Segir í tilkynningunni að mikill uppgangur hafi einkennt starfsemina og að stjórnendur Samskipa stefni að því að ná sömu markaðshlutdeild í Færeyjum og á Íslandi. Samskip hafa viðkomu í Færeyjum tvisvar í viku, í Þórshöfn og Klakksvík, á siglingaleiðinni milli Íslands, Bretlandseyja og meginlands Evrópu. Starfsmenn Samskipa í Færeyjum voru níu talsins en verða eftir þessi fyrirhuguðu kaup á Safari Transport orðnir 15.“ <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1076718/>.



20.2. Samskip vilja draga úr samkeppni frá BWS í byrjun júní 2008

9894. Skömmu áður en (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)forstj og (E)stjform funduðu 6. júní 2008 ráðgerðu Samskip ólöglegt samráð við BWS.
9895. Samtímagögn sýna að 2. júní 2008 sendi (S)frkvstj-Jóna, framkvæmdastjóri Jóna, tölvupóst til (S)frkvstj-Skand, yfirmanns Skandinavískrifstofu Samskipa, þar sem hann spurði hvort (S)frkvstj-Skand hefði hitt nánar tiltekna starfsmenn Icettransport, sem var keppinautur Jóna, í Kaupmannahöfn.
9896. Í svari (S)frkvstj-Skand kom fram að hann hefði síðast hitt Icettransport fyrir um ári síðan. (S)frkvstj-Jóna kvað þá Icettransport hafa greint sér frá því að fyrirtækið ætlaði hugsanlega að hitta (S)frkvstj-Skand á sama tíma og þeir hittu BWS. Spurði (S)frkvstj-Jóna hvort (S)starfsm, yfirmaður á skrifstofu Samskipa í Árósum í Danmörku, hefði sent BWS upplýsingar um verð („rates“).
9897. (S)frkvstj-Skand framsendi þennan tölvupóst (S)frkvstj-Jóna til (S)starfsm sem svaraði daginn eftir með tölvupósti til (S)frkvstj-Jóna, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-Skand. Í tölvupósti (S)starfsm kemur fram að BWS hafi óskað eftir tilboði í flutninga til Íslands fyrir BWS og Icettransport, þ.e. umboðsaðila BWS á Íslandi. Upplýsti hann um fyrirhugaðan fund með BWS þar sem hann kvaðst ætla að semja við BWS um flutningana og gera þar að auki eftirfarandi munnlegan samning við fyrirtækið:
- „I have a meeting with [...] @BWS to make the deal. It is my plan to make a verbal agreement with them not to touch our existing clients in Samskip or Jonar Transport- we need to focus on Eimskip clients.“⁵²³³*
9898. (S)frkvstj-Jóna framsendi þennan tölvupóst til (S)forstj.⁵²³⁴ Gerði (S)forstj engar athugasemdir við þessi áform (S)starfsm, að gera samning við BWS, keppinaut Samskipa, um að láta viðskiptavinum Samskipa og Jóna í friði. Þrátt fyrir að samningur af þeim toga sem (S)starfsm hugðist gera við BWS fæli í sér augljóst og alvarlegt brot á 10. gr. samkeppnislaga sá (S)forstj enga ástæða til að stöðva eða reyna að koma í veg fyrir áform (S)starfsm sem var sem fyrr segir yfirmaður á skrifstofu Samskipa í Árósum. Er það til marks um afstöðu Samskipa til slíkra samninga.
9899. Þann 6. júní 2008 sendi (S)starfsm tölvupóst til BWS með heitinu „Fw: Island eksport“ (afrit til m.a. (S)forstö-innfl1). Vísaði (S)starfsm til fundar með BWS 4. júní 2008 og staðfesti verðtilboð sem Samskip höfðu gefið á fundinum í samræmi við umræður á honum („I hereby state the rates - on prepaid terms – according to our agenda in above meeting“). Kvað (S)starfsm Samskip hlakka til góðs samstarfs við BWS.⁵²³⁵
9900. Framangreind samtímagögn sýna að (S)frkvstj-Jóna átti í samskiptum við keppinautinn Icettransport. Jafnframt sýna þessi gögn að Samskip og BWS hittust á fundi 4. júní 2008 og náðu saman um umrædda flutninga til Íslands. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hafa ekki fundist gögn sem benda til að (S)starfsm hafi hætt við þá ráðagerð að gera munnlegt samkomulag við BWS en það miðaði sem áður segir að því að raska samkeppni. Við rannsóknina hafa heldur ekki fundist nein gögn sem benda til að BWS hafi hafnað gerð slíks samkomulags. Samskip halda því fram að ekkert samkomulag hafi verið gert en leggja ekki fram nein gögn því til stuðnings.⁵²³⁶ Hvað sem því líður er ljóst að vilji Samskipa stóð til að draga með ólöglegum hætti úr samkeppni frá BWS. Eins og lýst verður gripu Samskip síðan til frekari aðgerða sem höfðu hið sama að markmiði.

⁵²³³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.636538.

⁵²³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.483567.

⁵²³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá [...] til Blue Water Shipping, afrit til m.a. [...]. „Fw: Island eksport“, dags. 06.06.2008, kl. 10:16. Doc. ID. 0.7.33.639471.

⁵²³⁶ Mgr. 1497 í athugasemdum Samskipa við AI.



9901. Tölvupóstur (S)starfsm frá 2. júní 2008 var sendur áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst og gefur til kynna vilja Samskipa til að eiga samráði við BWS í því skyni að draga úr samkeppni frá fyrirtækinu og keppa fremur við Eimskip. Samræmist þetta þeirri „herferð“ eða „markaðssókn“ sem Samskip höfðu til skoðunar að grípa til gagnvart Eimskip allt fram til fundar (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)forstj og (E)stjform 6. júní 2008, sbr. m.a. kafla 6.7.6. Eftir fundinn var aftur á móti hætt við öll slík áform um aukna samkeppni gagnvart Eimskip.

20.3. „Nýtt upphaf“ verkefnið – Fiskur og Færeyjar

9902. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Einn verkþáttur í verkefninu tók til aukins samstarfs fyrirtækjanna í sjóflutningum, sbr. glærुकynningu (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv frá 8. og 9. júní 2008. Þar kom fram að skoða ætti sameiginlega siglingakerfi fyrirtækjanna til annarra Evrópuríkja. Var í því sambandi vísað til m.a. „skiptingar á erlendum höfnum“ og „fækkun[ar] /smækkun[ar] skipa“. Sem áður segir voru áætlanarsiglingar með viðkomu í Færeyjum hluti af siglingakerfum Samskipa og Eimskips.

9903. Í glærुकynningunni vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins er m.a. fjallað um verkþætti sem varða flutninga tengdum fiski. Er þar lýst mögulegu umfangsmiklu samstarfi milli Samskipa og Eimskips og m.a. vísað til Silver Sea, Eimskip-CTG, nýs sameiginlegs fyrirtækis á sviði frystiskipabjónustu og nýs sameiginlegs fyrirtækis á sviði frystiflutningsmiðlunar. Jafnframt er vísað til Kloosterboer, Daalimpex, „heildarkerfi[s] í short sea“, frystigeymslna í Noregi og að skoða eigi sameiginlega siglingakerfi Eimskips og Samskipa til annarra Evrópuríkja.

9904. Varðandi Kloosterboer og Daalimpex ber einnig að hafa í huga að samhliða undirbúningi og tilurð „Nýtt upphaf“ verkefnisins átti eftirfarandi sér stað í júní 2008:

- (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv áttu í samskiptum við Kloosterboerfjölskylduna sem rak enn flutninga- og frystigeymslustarfsemi þrátt fyrir að hafa selt hluta hennar til Samskipa. Í þessum samskiptum var líkt og áður rætt um samkeppnishömlur auk þess sem fjallað var um mögulega yfirtöku Kloosteboerfjölskyldunnar á Daalimpex.
- (S)forstj átti í viðræðum við Kloosteboerfjölskylduna um endurkaup hennar á frystigeymslum Samskipa í Rotterdam og Ijmuiden í Hollandi.⁵²³⁷

9905. Eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst gripu Samskip og Eimskip til margvíslegra aðgerða sem voru til þess fallnar að hafa skaðleg áhrif á samkeppni í þjónustu við útflytjendur á sjávarafurðum og í Færeyjum. Verður hér fyrst vikið að aðgerðum á síðari hluta ársins 2008 og fram til ársins 2010. Í upphafi er gagnlegt að gefa yfirlit yfir það sem samtímagögn sýna:

- Samskip og Eimskip höfðu með sér samstarf um samnýtingu flutningakerfa milli Íslands og Færeyja.
- Rætt var um aukið samstarf Samskipa og Eimskips í Færeyjum – Ítrekuð samskipti áttu sér stað milli (S)frkvstj-Færeyj og (E)frkvstj-Færeyj, yfirmanna fyrirtækjanna í Færeyjum.
- Samskip og Eimskip áttu í ítrekuðum samskiptum við BWS sem höfðu það m.a. að markmiði að draga úr samkeppni frá þeim keppinaut. Af því var einkum tvenns konar ábati:
 - Dregið væri úr samkeppni í flutningi á fiski frá Íslandi.

⁵²³⁷ Sjá kafla 7.5.1.



o Dregið væri úr samkeppni í sjóflutningum til og frá Færeyjum.

- Samskip/Silver Sea hófu undirbúning að samstarfi við keppinautinn Green Reefers. Samtímagögnin sýna að (S)forstj taldi slíkt samstarf meðal annars skapa möguleika á því að halda uppi verði á flutningum á frystum fiski. Samtímagögnin sýna einnig ánægju innan Eimskips með að samstarf Samskipa/Silver við Green Reefers hafi dregið úr samkeppni í útflutningi á frystum fiski frá Íslandi.
- (S)forstj var falið það viðbótarverkefni að bera ábyrgð á rekstri kæli- og frystigeymslna Samskipa í m.a. Hollandi gagnvart stjórn Samskipa Holding. Eitt af hans fyrstu verkum í því hlutverki var að stuðla að því að verð á þjónustu gagnvart íslenskum viðskiptavinum (t.d. fiskútflytjendum) yrði hækkað.

9906. Verður nú fjallað nánar um þessi atriði og fyrst vikið að atvikum sem tengjast Færeyjum og BWS.

20.4. Atvik fram til 2010

20.4.1. Atvik tengd Færeyjum og BWS

9907. „Nýtt upphaf“ verkefnið fól meðal annars í sér samráð Samskipa og Eimskips í tengslum við takmörkun á flutningsgetu og breytingu siglingakerfa. Samtímagögn sýna að það tók m.a. til aukins samstarfs fyrirtækjanna vegna Færeyja. Annars vegar um samnýtingu flutningakerfa milli Íslands og Færeyja. Hins vegar athugun á mögulegu auknu samstarfi fyrirtækjanna í Færeyjum.

9908. Með takmörkun á flutningsgetu og breytingu siglingakerfa á seinni hluta árs 2008 misstu bæði Samskip og Eimskip tengingu í siglingaleiðum sínum milli Íslands og Færeyja.⁵²³⁸ Samtímagögn frá ágúst fram í október 2008 sýna ítrekuð samskipti fyrirtækjanna vegna þessa og samvinnu lykilstjórnenda þeirra vegna samnýtingar flutningakerfa milli Íslands og Færeyja.

9909. Þann 20. október 2008 lýsti (S)forstj því yfir að Samskip væru um það bil að ljúka samningum við m.a. Eimskip, sbr. kafla 9.3. Sama dag sendi (S)frkvstj-millilandasv til (E)frkvstj-flutnkerf drög að hinu „útvíkkaða neyðarsamkomulagi“ sem var „almennur slot sharing samningur“ milli fyrirtækjanna, sbr. kafla 9.12.2.1. Ljóst er af samskiptum fyrirtækjanna og efni samningsins að hann tók m.a. til slotsamstarfs Samskipa og Eimskips vegna Færeyja, sbr. kafla 9.12.2.

9910. Samtímagögn sýna að í lok október 2008 hafði slotsamstarfi Samskipa og Eimskips milli Reykjavíkur og Færeyja verið hrint í framkvæmd, sbr. tölvupóstsamskipti 27. og 28. október 2008 og umfjöllun í kafla 9.12.2. Vegna flutninga milli Íslands og Færeyja ber að hafa í huga að árið 2008 og áfram var einnig í gildi milli Samskipa og Eimskips ólögættur samningur sjóflutninga milli Íslands og Evrópu, þ.e. hið svokallaða „neyðarsamkomulag“ frá árinu 2001. Sá samningur fyrirtækjanna tók til flutninga tengdum Færeyjum en þessi samningur var síðan í desember 2010 endurnýjaður með víðtækara gildissviði, sbr. kafla 14.33.14.

9911. Hér ber sömuleiðis að hafa í huga að 2. nóvember 2008 sendi (S)forstj sjálfum sér minnislista þar sem stóð á m.a.: „Eimskip–nýir samningar“. Þessi tilvísun til samninga í fleirtölu vísaði til margra samninga við Eimskip sem voru þegar komnir á eða í vinnslu í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið. Samstarf í flutningum vegna Færeyja féll þar undir. Þar að auki ræddi (S)forstj við yfirmann Samskipa í Færeyjum um aukið samstarf við Eimskip. Verður vikið að því í næsta undirkafla.

⁵²³⁸ Í ágúst 2008 voru viðkomur Austurleiðar Eimskips á Íslandi felldar niður. Það þrengdi að möguleikum Eimskips til að sinna flutningum milli Íslands og Færeyja og áfram til Bretlands og meginlands Evrópu (aðallega flutning á fiski). Í nóvember 2008 felldu Samskip niður viðkomur á Suðvesturlandi á Leið 2. Eftir þessa breytingu voru því engir sjóflutningar á vegum Samskipa frá Suðvesturlandi (Reykjavík) til Færeyja í áætlunarkerfinu.



9912. Hvorki við þá upplýsingagjöf sem átti sér stað á árinu 2013 né þá upplýsingagjöf sem átti sér stað síðar við rannsókn Samkeppniseftirlitsins var upplýst um samskipti eða samstarf vegna flutninga milli Íslands og Færeyja. Þegar teknar voru skýrslur af (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv hjá lögreglu í maí 2018 voru þeir m.a. spurðir út í samstarf Samskipa og Eimskips vegna flutninga tengdum Færeyjum eftir breytingar á siglingakerfum fyrirtækjanna á síðari hluta ársins 2008:

- (S)forstj sagðist ekki þekkja þetta og vísaði til þess sem bar ábyrgð á flutningsstjórnun hjá Samskipum.
- (S)frkvstj-millilandasv, sem bar ábyrgð á siglingakerfi Samskipa árið 2008, tengdi samstarf vegna Færeyja við „útvíkkað neyðarsamkomulag“ Samskipa og Eimskips en neitaði að tjá sig frekar um það.
- Svör (E)forstj voru óljós í fyrstu en síðar í skýrslunni sagðist hann ekki vita til þess að fyrirtækin hafi haft samstarf vegna flutninga tengdum Færeyjum.
- Í skýrslutöku (E)frkvstj-alþjsv kom fram hjá honum að hann hefði borið ábyrgð á framleiðsluferfi Eimskip á Norður-Atlantshafssviði, þ. á m. þjónustu í Færeyjum. Aðspurður neitaði (E)frkvstj-alþjsv því að Eimskip og Samskip hafi leitað til hvors annars um siglingar eða slotsamninga vegna Færeyja.

9913. Eins og rakið er í kafla 9.12.2.3 eru framangreindar skýringar stjórnendanna um Færeyjar afar ótrúverðugar í ljósi samtímagagna og að teknu tilliti til stöðu stjórnendanna og aðkomu þeirra að samráðinu.

20.4.1.1. Yfirmenn Samskipa og Eimskips í Færeyjum ræða saman

9914. Samtímagögn sýna að (S)forstj ræddi við (S)frkvstj-Færeyj, framkvæmdastjóra Samskipa í Færeyjum, um möguleika á auknu samstarfi Samskipa og Eimskips í Færeyjum og að (S)frkvstj-Færeyj átti í kjölfarið í viðræðum við (E)frkvstj-Færeyj, framkvæmdastjóra Eimskips í Færeyjum.

9915. Þetta kemur fram í tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj til (S)forstj 24. nóvember 2008 með heitinu „Eimskip“. ⁵²³⁹ Í tölvupóstinum lýsir (S)frkvstj-Færeyj samskiptum sínum við (E)frkvstj-Færeyj. Kemur fram að (E)frkvstj-Færeyj hafi greint (S)frkvstj-Færeyj frá því að (E)frkvstj-alþjsv hafi upplýst hana um ósk tiltekins banka um kaup á rekstri Eimskips í Færeyjum. (E)frkvstj-Færeyj greindi (S)frkvstj-Færeyj einnig frá því að í viðræðum hennar við stjórnmalamenn hafi hún upplýst að Smyril Line stæði að baki þessari ósk bankans. Ræddu þannig (E)frkvstj-Færeyj og (S)frkvstj-Færeyj um málefni sem hefði getað haft mikil áhrif á samkeppni, þ.e. möguleg kaup Smyril Line á Eimskip í Færeyjum.

9916. Í tölvupóstinum vísaði (S)frkvstj-Færeyj einnig til viðræðna við (S)forstj um mögulegt samstarf Samskipa og Eimskips á tveimur fundum, annars vegar fundi á Íslandi (IS) og hins vegar fundi vegna áætlunargerðar. Gögn málsins sýna að (S)forstj og aðrir stjórnendur Samskipa fjölluðu m.a. um áætlanir deilda fyrirtækisins á fundi 13. nóvember 2008, sbr. kafla 10.4.5. Í tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj segir:

„We discussed in IS and on our budget meeting, the potentials for synergies by doing more operations together with Eimskip and Safari are there and I have disussed [svo] this lightly with [(S)frkvstj-Safari] today.“

9917. Sýnir þetta að eftir viðræður við (E)frkvstj-Færeyj sendi (S)frkvstj-Færeyj tölvupóst til (S)forstj þar sem hann vísaði til fyrri viðræðna við (S)forstj um mögulegt samstarf Samskipa og Eimskips í Færeyjum. Sagði (S)frkvstj-Færeyj að fyrir hendi væru möguleikar á hagræðingu m.a. með því að Samskip í

⁵²³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.575795.



Færeyjum myndu eiga í „aukinni“ samvinnu við Eimskip. Kvaðst (S)frkvstj-Færeyj sama dag hafa rætt þetta stuttlega við (S)frkvstj-Safari, framkvæmdastjóra Safari.

9918. Er því ljóst að eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst ræddu (S)forstj og (S)frkvstj-Færeyj um möguleikann á frekara samstarfi við Eimskip. Samtímagögn sýna að í kjölfarið áttu sér stað frekari samskipti milli fyrirtækjanna og að (S)frkvstj-Færeyj upplýsti (S)forstj um að forsendur væru fyrir slíku frekara samstarfi. Þá ber að áréttu að í samskiptum Samskipa og Eimskips í m.a. október 2008 var rætt um aukið samstarf fyrirtækjanna vegna flutninga milli Ísland og Færeyja.
9919. Í þessu samhengi ber að hafa í huga tölvupóstana sem (S)forstj sendi (S)frkvstj-MCL 11. nóvember 2008 þar sem hann taldi að takmörkuð samkeppni (e. „limited competition“) hér á landi gæfi færi á verðhækkunum og margskonar gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum. Í raun benti (S)forstj á það sem í ákvörðun þessari hefur verið nefnt íslenska samráðsaðferðin sem fól í sér að bregðast við áskorunum á markaði með samstarfi við keppinauta og verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum. Þessi gögn sýna að (S)forstj hvatti eða studdi (S)frkvstj-MCL til að taka til skoðunar samstarf við keppinauta Samskipa á Írlandi og í Noregi, sbr. kafla 10.4.5. Er þetta í samræmi við framangreindar viðræður (S)forstj við (S)frkvstj-Færeyj um að taka til skoðunar aukið samstarf við Eimskip í Færeyjum.
9920. Að mati Samkeppniseftirlitsins voru tilvitnuð samskipti yfirmanna Eimskips og Samskipa í Færeyjum ekki í samræmi við kröfur 10. gr. samkeppnislaga um sjálfstæði keppinauta. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu (S)forstj við þessi samskipti (S)frkvstj-Færeyj við Eimskip þrátt fyrir að í þeim væri rætt um atriði sem voru til þess fallin að draga úr óvissu á markaði.

20.4.1.2. Dregur úr samkeppni milli Samskipa og Eimskips í Færeyjum

9921. Í kafla 10.4.5 er lýst áætlunum Samskipa og Eimskips fyrir árið 2009 sem tóku m.a. til innflutnings til Íslands. Í þeim var lagt til grundvallar að Samskip og Eimskip myndu ekki keppa um mikilvæga viðskiptavinum heldur einbeita sér að því að hækka verð. Gekk þetta eftir á árunum 2009-2012. Var þetta afleiðing af árangursríku ólögmetu samráði Samskipa og Eimskips á íslenska flutningamarkaðnum.
9922. Gögn málsins sýna að haustið 2008 höfðu Samskip og Eimskip von um að ná sama árangri í Færeyjum. Hér ber að líta til þess að 3. nóvember 2008 sendi (E)frkvstj-Færeyj til m.a. (E)frkvstj-alþjsv drög að áætlun Eimskips í Færeyjum fyrir árið 2009. Þar kemur fram að í sjóflutningum hafi dregið úr samkeppni við Samskip. Aftur á móti hafi hún aukist verulega við BWS. Markaðurinn í Færeyjum hafi dregist saman en upptalið sem „ógn“ var hörð samkeppni. Þrátt fyrir þessa ógn frá BWS var í áætlun Eimskips í Færeyjum lagt til grundvallar að halda viðskiptavinum og hækka verð:

„[...] the main focus will be the following:

[...]

Maintain current customers

*Increase prices [...]*⁵²⁴⁰

9923. Í áætlun Samskipa hf. fyrir árið 2009, sem (S)stjórnarm-fjármstj sendi með til stjórnar Samskipa Holding 6. desember 2008, var jafnframt ráðgert að fyrirtækið myndi halda sömu markaðshlutdeild í sjóflutningum í Færeyjum:

⁵²⁴⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Business plan – Faroe Ship 2009 (revised).doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...]. „Faroe Ship – Business Plan Revised“, dags. 03.11.2008, kl. 06:43. Doc. ID. 0.7.33.106692.



„It is anticipated that Samskip will maintain similar market share, both in Iceland and Faroe Island for the coming year.“

9924. Samhliða þessu ætluðu Samskip líkt og hjá Eimskip að hækka verð til viðskiptavina.⁵²⁴¹
9925. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samráð Samskipa og Eimskips í tengslum við „Nýtt upphaf“ verkefnið og aukið samstarf fyrirtækjanna hafi verið forsenda þess að þau gerðu ráð fyrir óbreyttri markaðshlutdeild og að hækka verð. Af samtímagögnum verður aftur á móti ráðið að vegna aukinnar samkeppni í Færeyjum, ekki síst frá BWS, hafi fyrirtækjunum ekki tekist að koma á sama ástandi þar og hér á landi, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.
9926. Að því er snertir Færeyjar hefur Eimskip staðhæft að flutningamarkaðir þar séu mjög líkir flutningamörkuðum hér á landi og að keppinautar fyrirtækisins hafi m.a. verið Samskip, BWS og Fresh Link.⁵²⁴²
9927. Hér skiptir verulegu máli að staða BWS í sjóflutningum til og frá Færeyjum var mun sterkari heldur en í sjóflutningum til og frá Íslandi. Í glærुकynningu (S)forstj frá 9. febrúar 2010 kemur fram að markaðshlutdeild BWS á íslenska markaðnum sé 1% í bæði inn- og útflutningi, en 3% í útflutningi ef stóriðja sé ekki tekin með. Aftur á móti sé markaðshlutdeild BWS í Færeyjum mun hærri, þ.e. 35% í innflutningi og 20% í útflutningi. Samkvæmt glærunum var markaðshlutdeild Eimskips í Færeyjum 55% í inn- og útflutningi og hlutdeild Samskipa í þessum flutningum 10%, sbr. kafla 14.19. Geta BWS til þess að veita Samskipum og Eimskip samkeppni var því mun meiri í Færeyjum en á Íslandi.
9928. Hér á eftir verður gerð grein fyrir samtímagögnum Samskipa og Eimskips m.a. frá árunum 2009 og 2010 þar sem rætt er um afar harða samkeppni frá BWS. Sökum hennar þurftu Samskip og Eimskip að keppa um mikilvæga viðskiptavini í Færeyjum og gátu vegna þessa ekki hækkað verð með sama hætti og á Íslandi. Höfðu Samskip og Eimskip því mikinn hag af því að draga úr þeirri samkeppni sem BWS veitti fyrirtækjunum í Færeyjum og eiga þannig von til að koma á samskonar „frið“ þar og ríkti á Íslandi.
9929. Sem fyrr sagði var BWS með afar litla hlutdeild í sjóflutningum til og frá Íslandi en þjónusta fyrirtækisins hér á landi fólst ekki síst í því að annast flutning á fiski. Þrátt fyrir þessa litlu hlutdeild BWS voru Samskip og Eimskip óánægð með samkeppni frá BWS í flutningi á fiski frá Íslandi enda var hún til þess fallin að hafa áhrif á möguleika fyrirtækjanna til að hækka verð.
9930. Verður hér á eftir gerð grein fyrir samskiptum Samskipa og Eimskips við BWS sem höfðu það að markmiði að draga úr samkeppni frá BWS, bæði í Færeyjum og á Íslandi. Minni samkeppni frá BWS myndi gera Samskipum og Eimskip auðveldara en ella að ná árangri í „Nýtt upphaf“ verkefningu.

20.4.1.3. Áhyggjur af samkeppni frá BWS

9931. Í gögnum Samskipa og Eimskips frá árinu 2009 koma ítrekað fram áhyggjur yfir samkeppni frá BWS. Eins og lýst verður töldu Samskip að í Færeyjum væri samkeppni við BWS gríðarmikil sem leiddi til hræðilega (e. „awful“) lágs verðs. Þessar áhyggjur tóku einnig til starfsemi BWS hér á landi.
9932. Þann 22. janúar 2009 sendi (E)frkvstj-flutnkerf tölvupóst til (E)forstö-útfl , (E)frkvstj-EimÍsl og (E)deildstj-útfl1 með frétt frá Færeyjum um að ferjan Norræna hygðist auka þjónustu sína og hefja

⁵²⁴¹ Sjá nánar kafla 10.5.4.

⁵²⁴² Í skráningarlýsingu Eimskips frá október 2012 segir: „The business environment in the Faroe Islands is very similar to the business environment in Iceland, i.e. the export is mainly seafood products and import is a wide range of commodities. P/F Faroe Ship is the largest containerized liner operating in the Faroe Islands but its main competitors in the Faroe Islands are Smyril Blue Water P/F in trailers, Fresh Link in bulk and Samskip in container freight.“

Aðgengilegt á slóð: <https://view.news.eu.nasdaq.com/view?id=b7878ddef2d29716fb026be5c0e33eb83&lang=en>.



áætlunarsiglingar til Íslands í febrúar í stað apríl. Þýddi þetta að BWS gat veitt Samskipum og Eimskip aukna samkeppni. Í tölvupósti (E)frkvstj-flutnkerf sagði: „Aukin samkeppni að austan“. (E)forstö-útfl svaraði og gaf til kynna að hann áttaði sig ekki á því af hverju BWS vildi auka sókn sína inn á íslenska markaðinn. (E)deildstj-útfl1 svaraði einnig:

„Eitt brot og þeir eru fucked

En við skulum bera virðingu fyrir samkeppni!“⁵²⁴³

9933. Ekki er fyllilega ljóst hvað (E)deildstj-útfl1 átti hér við en þessir tölvupóstar Eimskips gefa a.m.k. til kynna áhyggjur Eimskips af samkeppni frá BWS. Hér ber að líta til þess að (E)forstö-útfl var forstöðumaður útflutningsdeildar og (E)deildstj-útfl1 stjórnandi sem kom að flutningi á fiski. Þessi og önnur gögn frá Eimskip gefa til kynna að áhyggjur af samkeppni frá BWI hafi helst tengst flutningum á fiski.
9934. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að í kafla 14.11.8 er m.a. gerð grein fyrir gögnum frá febrúar og mars 2009 sem sýna samskipti (S)forstj við (S)frkvstj-Færeyj og (S)frkvstj-Safari (framkvæmdastjóra dótturfélags Samskipa í Færeyjum, Safari Transport). Gefa þessi gögn til kynna mun meiri samkeppni í Færeyjum en á Íslandi.
9935. Í gögnum Samskipa frá 1. apríl 2009, sbr. kafla 20.4.1.4 hér á eftir, er fjallað með nákvæmum hætti um Eimskip, m.a. starfsemi Eimskips í Færeyjum, samkeppni Eimskips við BWS og Fresh Link, flutningsgetu, siglingakerfi og skip í þjónustu Eimskips (m.a. skipið Blikur). Við mat á þessu ber fyrst að líta til samtímagagna sem varða atvik í febrúar 2009.
9936. Eins og eftirfarandi gögn Eimskips frá febrúar 2009 sýna er fjallað um sömu atriði innan fyrirtækisins og síðar er fjallað um hjá Samskipum:
- Í glærुकynningu Eimskips, dags. 2. febrúar 2009, er fjallað um starfsemi fyrirtækisins í Færeyjum. Er því lýst að samkeppni sé mikil og að fyrir hendi sé „verðstríð“ við BWS. Flutningur á laxi og öðrum ferskum fiski hafi verið mjög ábatasamur fyrir fyrirtækið. Aftur á móti hafi nýr keppinautur, Fresh Link, hafið starfsemi og markaðshlutdeild og tekjur Eimskips í Færeyjum því verulega lægri en gert hafi verið ráð fyrir í áætlun.⁵²⁴⁴
 - Þann 11. febrúar 2009 sendi (E)forstö-viðskþróun, forstöðumaður hjá Eimskip á Íslandi, tölvupóst til starfsmanns Eimskips í Hollandi, (E)frkvstj-Holl. Í honum kemur fram að í Færeyjum skapi hin lága verðlagning BWS vandamál. (E)frkvstj-Holl svaraði og spurði m.a. hvort eitthvað væri að fréttu af mögulegri breytingu á siglingakerfi Eimskips.⁵²⁴⁵
 - Þann 13. febrúar 2009 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til m.a. (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv og bar hann heitið „Siglingakerfi næstu mánuði“.⁵²⁴⁶ Í honum sagði: „Vinsamlegast sjá meðfylgjandi glærur, sem eru unnar í framhaldi af fundi okkar í gær þar sem farið var yfir þá „möguleika“ sem við sáum í framhaldi af því að „Blikur“ er að renna sitt skeið þann 24/2 nk og þurfum að ákveða með hvaða hætti við þjónustum okkar viðskiptavini í framhaldinu. Þetta var niðurstaða fundarmanna, því hin kerfin eru alls ekki að virka vegna mánuðaga hér og í Færeyjum vegna innflutnings, sunnudaga í Immingham vegna útflutnings frá Reykjavík, Vestmannaeyjum og Færeyjum og föstudaga í Aarhus vegna útflutnings frá Færeyjum, en þetta eru flöskuhálsarnir okkar í kerfinu. Gerum ráð fyrir að tjalda

⁵²⁴³ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.130553.

⁵²⁴⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Faroe Ship situation mapping jan08 v4.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] „Faroe Ship Situation mapping“, dags. 02.02.2009, kl. 09:12. Doc. ID. 0.7.33.120251.

⁵²⁴⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...].

⁵²⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.428863.



til 3ja mánaða + 3ja mánaða „option“ með ódýrara skip en „Blikur“ er í þjónustu við Færeyjar, hvort sem það verður það skip áfram eða minna.“

- Í minnisblaði Eimskips, dags. 15. febrúar 2009, er lýst fundi (E)forstj og (E)frkvstj-álþjssv með dótturfélagi Eimskips, Faroe Ship (FS), í byrjun febrúar sama ár og fjallað um skipið Blikur og mögulegar breytingar á siglingakerfi Eimskips tengdu Íslandi og Færeyjum.⁵²⁴⁷
- Í tölvupósti (E)deildstj-útf1 frá 15. febrúar 2009 til (E)frkvstj-álþjssv er fjallað um atriði tengd mögulegri breytingu á siglingakerfinu: „Hef verið að skoða þessa ferðatíma á suðurleið og fór þá að velta Færeyjar [svo] fyrir mér. Keyrði út skýrslu úr SAP (veit ekki einu sinni hvort sé rétt en amk. eru viðskiptavinir þekktir Færeyingar) og tók þá eftir því að Samskip hefur bókað, á tímabilinu 01.01.2009 – YTD, 291 t/41 Teu! Er þetta rétt?“. ⁵²⁴⁸ Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist svar (E)frkvstj-álþjssv við spurningu (E)deildstj-útf1 um flutninga fyrir Samskip.
- Þann 17. febrúar 2009 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til m.a. (E)forstj, (E)forstö-útf1, (E)frkvstj-álþjssv, (E)frkvstj-Færeyj og (E)frkvstj-flutnkerf með heitinu „Southern Route vs. Eastern route – Change of schedule“. Gerði hann grein fyrir því að breyta ætti siglingakerfinu, m.a. með þeim hætti að skip á Suðurleið á leið frá Íslandi myndu koma við í Færeyjum á leiðinni til Bretlands. Ætti þetta að bæta stöðu Eimskips í flutningi á laxi frá Færeyjum. Einnig yrði gerð breyting á siglingum Blikur. Einnig kom fram að nýting á Blikur væri ekki nægjanlega góð og að verið væri að endursemjja um leiguverð á því skipi. Einnig upplýsti (E)frkvstj-skiparekst að verið væri að skoða frekari breytingar á siglingakerfinu.⁵²⁴⁹
- Þann 22. febrúar 2009 var tilkynnt um framangreindar breytingar hjá Eimskip sem m.a. fólust í auknum viðkomum í Færeyjum með Suðurleið og breyttum siglingum skipsins Blikur á Austurleið.⁵²⁵⁰
- (E)deildstj-útf1 sendi þann 23. febrúar 2009 tölvupóst til (E)frkvstj-álþjssv og (E)frkvstj-N-Atlants. Gagnrýndi hann umræddar breytingar á siglingakerfinu og virtist telja að „hagsmuna Íslands“ hafi ekki verið gætt nægjanlega við þær. Í þessu samhengi fjallaði hann um samkeppni Eimskips við BWS og Fresh Link og taldi varhugavert að gera umræddar breytingar þar sem þær gætu haft slæm áhrif á flutning á fiski frá Vestmannaeyjum. Kvað hann Eimskip eiga á „hættu að viðskiptamenn í [Vestmannaeyjum] færi fiskinn til löndunar á fimmtudegi, fyrir það eitt að geta keppt í markaði [svo] þar sem samkeppnin er mun meiri en t.d. á Íslandi, og Eimskip er að bjóða lökustu þjónustuna, jafnvell [svo] með nýju kerfi.“ (E)frkvstj-álþjssv svaraði og kvaðst vera ósammála (E)deildstj-útf1. Vildi hann að þeir ræddu „þetta frekar heldur en að segja svona á blað [svo].“⁵²⁵¹
- Í tölvupósti (E)frkvstj-álþjssv frá 24. febrúar 2009 til (E)forstj, (E)frkvstj-skiparekst og (E)frkvstj-flutnkerf greindi hann frá því að hann hefði sagt skipafélaginu RAL frá því að ofangreind breyting á siglingakerfinu væri „til reynslu“.⁵²⁵²
- Í minnisblaði (E)frkvstj-álþjssv, dags. 24. febrúar 2009, til (E)forstj, (E)forstö-viðskþróun og (E)frkvstj-fjárm fjallaði hann um rekstur FS í Færeyjum. Rifaði hann upp að eftir að Eimskip keypti FS hefðu siglingakerfi fyrirtækjanna verið samþætt. Einnig segir þetta: „Breytingar hafa verið gerðar á siglingakerfi Eimskips sem hefur skilað sparnaði til kerfisins, en á móti hefur Faroe Ship tapað tekjum. Í ljósi þess og markaðsaðstæðna þarf að endurskoða núverandi kerfi þar sem fastur

⁵²⁴⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.56510.

⁵²⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.122837.

⁵²⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.123240.

⁵²⁵⁰ Tímaritið Atlantic Review, gefið út 22. febrúar 2009. Aðgengilegt á eftirfarandi vefslóð: www.issue.com/atlanticaireways/docs/ar_2009_01_web.

⁵²⁵¹ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.123742.

⁵²⁵² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.123905.



*kostnaður er orðinn of há upphæð miðað við umfang félagsins í Færeyjum. Vinna hefur verið sett af stað [...].*⁵²⁵³

9937. Framgreind gögn sýna að Eimskip taldi „mun meiri“ samkeppni í Færeyjum heldur en á Íslandi og að í Færeyjum stundaði BWS verðstríð. Einnig sýna gögnin að á þessum tíma var rætt um fjölmörg atriði tengd Færeyjum innan Eimskips. Meðal annars var rætt um hvort skila ætti Bliki eða reyna að lækka leiguverðið og halda skipinu áfram í rekstri. Jafnframt kom fram að tiltekin breyting á siglingakerfinu hafi verið gerð „til reynslu“ og að aðrar breytingar væru til skoðunar. Þá voru áhyggjur af áhrifum breytinga á siglingakerfinu á flutning á fiski frá Íslandi annars vegar og samkeppni frá BWS og Fresh Link hins vegar. Mikilvægt er að hafa framangreint í huga við mat á gögnum Samskipa frá mars 2009 sem nú verður gerð grein fyrir. Einnig er mikilvægt að horfa til samskipta Samskipa og Eimskips á þessum tíma, sbr. kafla 13.

20.4.1.4. Viðskiptaleyndarmál Eimskips í skjölum Samskipa – 50/50 skipting

9938. Í kafla 14.36.2 er fjallað um skjal (S)frkvstj-millilandasv frá mars 2009 sem ber heitið „Markaðsskipting“. Þar voru settar fram upplýsingar um það hvernig markaðurinn í inn- og útflutningi skiptist á milli Eimskips og Samskipa. Kemur þar fram að útflutningur á fiski skiptist nánast jafnt milli fyrirtækjanna, sbr. eftirfarandi töflu, þ.e. Eimskip með 55% hlutdeild og Samskip með 45% hlutdeild:

	A	B	C
1		Samskip	Eimskip
2	Fiskur	125.000	155.000
3	Ál	300.000	270.000
4	Elkem	40.000	0
5	Færeyjar	25.000	45.000
6	ÚTFL tonn	490.000	470.000
7		51%	49%
8			
9	Almennt	150.000	345.000
10	Anóður		
11	Færeyjar		
12	INNFI tonn	150.000	345.000
13		30%	70%
14			
15	TEU	1.785	3.057
16		37%	63%
17			
18	DWT	20.497	36.182
19		36%	64%
20			

9939. Þann 18. mars 2009 sendi (S)frkvstj-millilandasv umrætt „markaðsskiptingar“ skjal til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-flutnstj. Í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv vísaði hann til skjalsins sem „innlegg“ í fund þeirra daginn eftir.

⁵²⁵³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Heimasvæði [...]. „[...] 90007.DOC“, vistað 26.02.2009, kl. 17:58. Doc. ID. 0.7.33.41447.



9940. Sama dag og sá fundur var haldinn, 19. mars 2009, uppfærði (S)frkvstj-millilandasv skjalið og fannst það í tölvugögnum (S)frkvstj-millilandasv.⁵²⁵⁴ Var um að ræða Excel-skjal sem bar heitið „Markaðskipting update utfl.xls“:

	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L
1	tonn	Samskip	Eimskip	TEU	Samskip	Eimskip				2007 INNIF	Alls	Samskip
2	Fiskur	125 000	155 000			6 250	7 750			Sundahöfn	130 231	53 904
3	Ál	330 000	290 000	260.000 Norðurál		13 200	11 600			Grundartar	6 395	200
4	Annað dry	40 000	60 000	30.000 Alcoa						Reyðarfjöld	4 302	2 151
5	Elkem	50 000	0							Vestmanna	0	0
6	Færeyjar	25 000	45 000								140 928	56 255
7	UTFL	570 000	550 000	UTFL		19 450	19 350					40%
8		51%	49%			50%	50%					
9												
10	Almennt	150 000	225 000	Almennt		21 418	32 127					
11	Anóður		150 000	Anóður			6 400					
12	Færeyjar	15 500	70 500	Færeyjar		1 840	8 369					
13	INNIF	165 500	445 500	INNIF		23 258	46 896					
14		27%	73%			33%	67%					
15												
16	DWT	20 497	36 182	TEU		1 785	3 057					
17		36%	64%			37%	63%					
18												
19		1 065 836	1 881 438									
20		53%	29%									
21												
22												

9941. Þann 24. mars 2009 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)forstö-flutnstj. Í honum voru (S)forstö-flutnstj falin verkefni sem tengdust Eimskip („þeir“/„samkeppnin“) og átti hann að skoða atriði sem tengdust m.a. siglingakerfi og skipum Eimskips:

„fyrir fundinn á mánudaginn v/samkeppninnar og sparnaðartækifæra etc. vinsamlegast stilltu upp samanburði á

-magni okkar og þeirra inn og út – ásamt núverandi flutningsgetu

-hagræðingarmöguleikum þeirra í skrefum sbr. fundinn þ.e.

a) Blikur út kostnaðarspörun – töpuð framlegð = net savings

b) Reykjafoss út kostnaðarspörun – töpuð framlegð = net savings

c) Okkar kerfi með þeirra magni v.s. þeirra current kerfi – kostnaðarmunur

ég boða fundinn á mánudaginn.“⁵²⁵⁵

9942. Samkvæmt þessu stóð til að halda fund 30. mars 2009. Með tölvupósti 1. apríl 2009, sem ber heitið „Samanburður Eimskip vs. Samskip“, sendi (S)forstö-flutnstj fjögur skjöl til (S)frkvstj-millilandasv, ásamt afriti til (S)forstj og (S)forstö-innfl.⁵²⁵⁶ Um var að ræða tvö Excel-skjöl sem fjölluðu um markaðshlutdeild fyrirtækjanna og eitt Excel-skjal sem fjallaði um flutningsgetu þessara keppinauta. Til viðbótar var glærुकyning þar sem kjarnaatriði voru dregin saman.

⁵²⁵⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...]. „Markaðskipting update utfl.xls“, vistað 19.03.2009, kl. 11:56. Doc. ID. 0.7.33.25156.

⁵²⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...].

⁵²⁵⁶ Afrituð tölvuskjöl frá Samskipum. „Flutningsgeta 2008.04.xls“, „Markaðshlutdeild-0.xls“, „Markaðshlutdeild.xls“ og „Markaðsstæða.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...]. „Samanburður Eimskip vs. Samskip“, dags. 01.04.2009, kl. 10:58. Doc. ID. 0.7.33.586446.



9943. Á síðu í skjali um markaðshlutdeild Eimskip og Samskipa var búið að bæta inn upplýsingum frá skjalinu 19. mars 2009:

	A	B	C	D	E	F	G	H	I
1	Tonn	Samskip	Eimskip		TEU	Samskip	Eimskip		
2	Fiskur	120.000	155.000		Fiskur	11.009	14.220		
3	Ál	0	290.000		Ál	0	14.356		
4	Annað dry	40.000	60.000		Annað dry	5.714	8.571		
5	Elkem	50.000	0		Elkem	2.000	0		
6	Færeyjar	0	35.000		Færeyjar	0	3.211		
7	Samtals ÚTFL	210.000	540.000	2,57	Samtals ÚTFL	18.723	40.359		
8	Markaðshlutdeild	28%	72%		Markaðshlutdeild	32%	68%		
9									
10	Tonn	Samskip	Eimskip		TEU	Samskip	Eimskip		
11	Almennt	150.000	225.000		Almennt	24.186	36.279		
12	Anóður	0	150.000		Anóður	0	6.400		
13	Færeyjar	15.500	70.500		Færeyjar	1.939	8.819		
14	Samtals INNF	165.500	445.500		Samtals INNF	26.125	51.498		
15	Markaðshlutdeild	27%	73%		Markaðshlutdeild	34%	66%		
16									
17	Núverandi kerfi/staða	Samskip	Eimskip						
18	Geta INNF DWT	11.143	28.107	2,52					
19	Nýting DWT	29%	30%	101,9% No import with Blikur					
20	Geta INNF TEU NOM	908	2.386	Estimate 250-300 tons with fresh salmon.					
21	Nýting TEU NOM	55%	42%	Additional 200tons á week					
22	Geta INNF TEU 80%	726	1.909	They expected to get 400 tons per week at high price					
23	Nýting TEU 80%	69%	52%	now they get 200tons at low price. Have lost to Fresh link/Smyril Line					
24									
25									
26	Geta UTFL DWT	11.143	28.107						
27	Nýting DWT	36%	37%						
28	Geta UTFL TEU 14t	571	1.632						
29	Nýting TEU 14t	63%	48%						
30									

9944. Í glærukynningu (S)forstö-flutnstj kom þetta fram:



Markaðshlutdeild

Tonn	Samskip	Eimskip
Fiskur	125.000	155.000
Ál	330.000	290.000
Annað dry	40.000	60.000
Elkem	50.000	0
Færeyjar	25.000	45.000
Samtals ÚTFL	570.000	550.000
Markaðshlutdeild	51%	49%

TEU	Samskip	Eimskip
Fiskur	11.468	14.220
Ál	16.337	14.356
Annað dry	5.714	8.571
Elkem	2.000	0
Færeyjar	2.294	4.128
Samtals ÚTFL	37.812	41.276
Markaðshlutdeild	48%	52%

Tonn	Samskip	Eimskip
Almennt	150.000	225.000
Anóður	0	150.000
Færeyjar	15.500	70.500
Samtals INNF	165.500	445.500
Markaðshlutdeild	27%	73%

TEU	Samskip	Eimskip
Almennt	24.186	36.279
Anóður	0	6.400
Færeyjar	1.939	8.819
Samtals INNF	26.125	51.498
Markaðshlutdeild	34%	66%

samskip

Nýting á kerfi

Núverandi kerfi/staða	Samskip	Eimskip
Geta INNF DWT	20.731	36.507
Nýting DWT	15%	23%
Geta INNF TEU NOM	1.807	3.084
Nýting TEU NOM	28%	32%
Geta INNF TEU 80%	1.446	2.468
Nýting TEU 80%	35%	40%
Geta UTFL DWT	20.731	36.507
Nýting DWT	53%	29%
Geta UTFL TEU 14t	1.130	2.051
Nýting TEU 14t	64%	39%

samskip



Niðurstaða

- Skila Blik
 - Kostnaður á ári: 3.5 M USD
 - Tekjutap á ári: 1.3 M USD
 - Nettóáhrif: **2.2 M USD**
- Skila Reykjafossi
 - Kostnaður á ári: 6.4 M USD
 - Tekjutap á ári: 1.4 M USD
 - Nettóáhrif: **5.0 M USD**
- 4 skipa kerfi Eimskips vs. Samskipa
 - Kostnaður á ári Eimskip: 23,5 M USD
 - Kostnaður á ári Samskip: 20,3 M USD
 - Nettóáhrif: **3.2 M USD**

samskip

9945. Efni þessara skjala Samskipa varðar m.a. siglingakerfi og flutningsgetu Samskipa og Eimskips og tengist því „Nýtt upphaf“ verkefninu. Eins og að framan greinir hafði Eimskip í febrúar 2009 gert tiltekna breytingar á siglingakerfi sínu. Vekur það athygli að í gögnum Samskipa frá 1. apríl 2009 var miðað við að ákveðnar breytingar á siglingakerfinu væru til skoðunar hjá Eimskip. Af hálfu Samskipa hafa ekki fram trúverðugar skýringar á því hvers vegna fyrirtækið bjóð yfir svo nákvæmum upplýsingum á umræddum tíma. Hafa Samskip ekki lagt fram nein gögn sem sýna opinbera umfjöllun um þessar mögulegu breytingar hjá Eimskip.
9946. Í framangreindum skjölum Samskipa koma fram mjög nákvæmar upplýsingar um stöðu Eimskips á markaðnum og flutningsgetu. Er lagt nákvæmt mat á tap og ábata Eimskips af því að reka eða hætta að reka skipin Blikur og Reykjafoss. Varðandi umfjöllun Samskipa um Blikur ber að líta til þess að fjallað var um umrætt skip á fundi Eimskips og BWS síðar á árinu 2009, sbr. kafla 20.4.1.5, auk þess sem (S)forstj fjallaði um Blikur í umfjöllun um málefni sem falla undir „Nýtt upphaf“ verkefnið á árinu 2010, sbr. nánari umfjöllun í kafla 20.6.2.
9947. Neðangreindur texti, sem fram kom á framangreindu skjali um markaðshlutdeild, kom einnig ítrekað fram á öðrum síðum í þessum skjölum Samskipa frá mars 2009:

No import with Blikur
Estimate 250-300 tons with fresh salmon.
Additinal 200tons á week
They expected to get 400 tons per week at high price
now they get 200tons at low price. Have lost to Fresh link/Smyril Line



9948. Í gögnum frá (S)forstö-flutnstj er vísað til þess að enginn innflutningur sé með Blikur. Í framhaldi af því er tekið fram að „*beir*“, þ.e. Eimskip, hafi gert ráð fyrir 400 tonnum á viku á háu verði en séu að fá 200 tonn á lágu verði vegna tapaðra viðskipta til Fresh link/Smyril Line (BWS). Er þessar upplýsingar í samræmi við það sem fram kemur í gögnum Eimskips nokkrum vikum áður. Er þetta upplýsingar sem án efa teljast viðkvæmar í samkeppnislegu tilliti.
9949. Í þessu sambandi hefur þýðingu að (S)forstö-flutnstj hafði ítrekað átt í samskiptum við Eimskip, sbr. yfirlitið yfir samskipti í kafla 13.3.
9950. Í athugasemdum við AII halda Samskip því fram að fyrirtækinu hafi verið ljóst að Eimskip myndi bregðast við verulegum samdrætti í innflutningi með niðurskurði í flutningakerfinu. Mótmæla Samskip því að hafa fengið framangreindar upplýsingar frá Eimskip. Varðandi upplýsingarnar um 400 tonn o.fl. í framangreindu gagni byggja Samskip á því að fyrirtækið hafi haft „*góða yfirsýn*“ yfir það sem var gerast á markaðnum hverju sinni og getað „*áætlað nokkuð nákvæmlega hvert [væri] umfang*“ viðkomandi flutninga Eimskips, sbr. mgr. 1626-1629 í athugasemdum við AII. Samskip tiltaka hins vegar engar opinberar upplýsingar sem hafi legið fyrir á þessum tíma um framangreind viðskiptamálefni Eimskips. Þá fæst ekki séð hvernig „*góð yfirsýn*“ gat veitt Samskipum upplýsingar um væntingar stjórnenda Eimskips. Er því ekki unnt að fallast á athugasemdir og sjónarmið Samskipa sbr. nánari umfjöllun í kafla 31.4.
9951. Þrátt fyrir að það standi Samskipum nær að útskýra hvaðan upplýsingarnar voru fengnar hefur fyrirtækið ekki komið fram með neinar trúverðugar skýringar í því sambandi, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019. Þegar gögnin frá Eimskip og beiðni (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstö-flutnstj eru virt með hliðsjón af þeim upplýsingum sem koma fram í skjölum (S)forstö-flutnstj er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að um sé að ræða upplýsingar sem hafi a.m.k. að talsverðu leyti verið fengnar frá Eimskip og Samskip hafi með því að taka við þeim brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga.
9952. Í málinu liggur fyrir aðgerðarlisti (E)forstj frá 24. apríl 2009 og lýsir hann verkefnum í vinnslu hjá forstjóra Eimskips, sbr. kafla 10.5.2. Þar koma m.a. fram eftirfarandi verkefni:
- „*Re visit the Samskip Contract*“
- „*Slot agreement with Faroe Islands*“.⁵²⁵⁷
9953. Samkvæmt þessu ætlaði forstjóri Eimskips að endurskoða „*samninginn*“ við Samskip. Á þessum tíma var í gildi samningur við Samskip um Norður-Ameríku flutninga frá janúar 2009 og „*Neyðarsamkomulagið*“ auk þess sem fyrirtækin áttu í samstarfi í landflutningum og um gámastýringu. Ekki er fyllilega ljóst hvaða „*samning*“ Eimskips við Samskip (E)forstj vildi endurskoða.
9954. Ætla verður að „*slot samningur við Færeyjar*“ í lista (E)forstj vísi til samvinnu við helstu keppinautanna á þeim markaði, þ.e. Samskipa og/eða BWS. Sem fyrr sagði hafði (S)forstj beint því til yfirmanns Samskipa í Færeyjum að kanna möguleika á auknu samstarfi við Eimskip og síðar á árinu 2009 hófu Eimskip viðræður við BWS um mögulegt samstarf í m.a. Færeyjum.
9955. Í framangreindum skjölum (S)frkvstj-millilandasv frá mars 2009, sem báru heitið „*Markaðsskipting*“ og „*Markaðsskipting update utlf.*“ kemur frá að útflutningur skiptist nánast jafnt milli Samskipa og Eimskips. Hér ber að horfa til þess að þann 29. maí 2009 sendi rekstrarstjóri Samskipa í Vestmannaeyjum

⁵²⁵⁷ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 23.03.2015. „*Tasklisti2*“. Heimsvæði [...]. Útbúið 05.01.2009, kl. 14:06 og síðast vistað 24.04.2009, kl. 14:14.



tölvupóst til (S)forstö-útfl og (S)viðskstj3 með upplýsingum um magn útflutnings til Immingham. (S)forstö-útfl svaraði honum daginn eftir:

„Miðað við þetta þá erum við smápeð í samanburði við Eimskip? Getur þetta verið rétt, þeir með 57 gáma í næstu viku á Hull og Grimsby og við aðeins með 17 gáma.....

Hvað varð um þetta 50/50 markaðshlutdeild⁵²⁵⁸

9956. Auk þess að vísa til 50/50 skiptingar milli Samskipa og Eimskips er ljóst af svári (S)forstö-útfl að hann bjó yfir upplýsingum um flutningsmagn Eimskips sem flytja átti viku síðar til Hull og Grimsby. Ekki hafa fundist skýringar á því hvernig (S)forstö-útfl komst yfir þessar upplýsingar frá Eimskip. Í þessu samhengi vísast til niðurstöðu um ólögmaett samráð Samskipa og Eimskips vegna sjóflutninga til og frá Bretlandi, sbr. umfjöllun í kafla 16.
9957. (S)viðskstj3 svaraði tölvupósti (S)forstö-útfl þann 2. júní 2009 og tók hann undir ummæli (S)forstö-útfl um umrædda „50/50“ skiptingu: „[...] Við vorum komir í 50/50 í vetur það hef ég staðfest frá UMB á karaleigutölum þeirra“.
9958. (S)forstö-útfl svaraði strax: „Flott takk fyrir þessar skýringar“.⁵²⁵⁹
9959. Í ágúst 2010 sendi (S)forstö-útfl tölvupóst til viðskiptastjóra útflutnings. Var hann óánægður með að tilteknir fiskútflytjendur hafi verið að flytja út makríl með BWS og Eimskip. Bað hann viðskiptastjórana að „bretta upp ermar“ þar sem Samskip verði „að fá okkar 50% hlutdeild hér.“⁵²⁶⁰
9960. Vísað var einnig til 50/50 skiptingar milli Samskipa og Eimskips í samskiptum Samskipa við viðskiptavini fyrirtækisins. Í ágúst og september 2010 gerði (S)forstö-útfl ítrekaðar athugasemdir við útgerðarfélagið Vísi:
- Í tölvupósti (S)forstö-útfl 25. ágúst 2010 til Vísis sagði: „Skv. samtali um daginn þá þurfum við að finna leið til þess að 50% af saltfiski ykkar skili sér í Samskipa gáma. Það sem af er ári höfum við flutt fyrir ykkur 910 tonn en ég geri fastlega ráð fyrir því að þið flytjið út í ár í kringum 6000 tonn líkt og síðustu ár. Miðað við þetta þá erum við að vonast eftir um 2000 tonnum fram að áramótum. Hvernig sérðu fyrir þér að best sé að halda utan um það að umrætt magn skili sér til Samskipa?“⁵²⁶¹
 - Í tölvupósti (S)forstö-útfl frá 6. september 2010 til Vísis var vísað til tölvupóstsins frá 25. ágúst 2010 og þetta tekið fram: „Hvernig er staðan varðandi neðangreint. Förum við ekki að sjá gáma frá þér? Skv. mínum bókum þá erum við að tala um 5-6 gáma á viku fram að áramótum ef við eigum að ná 50% af saltfiskinum frá ykkur. Láttu mig vita ef þú vilt eitthvað hittast í vikunni til að fara yfir þetta og hvernig best sé að útfæra þetta.“⁵²⁶²
9961. Ekki hafa fundist svör Vísis við framangreindum tölvupóstum (S)forstö-útfl.
9962. Rétt er að geta þess að 50/50 skiptingin kom aftur til umræðu hjá Samskipum í ágúst 2012 en 9. ágúst 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-útfl og lýsti samtali sínu við fráfarandi forstjóra HB Granda: „Ég ræddi við [...] í morgun, hann getur talað svona léttar og meira opið eftir að hann er að hætta hjá HB Granda.

⁵²⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.880748.

⁵²⁵⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.881239.

⁵²⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum[...] Doc. ID. 0.7.33.990676

⁵²⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.993671.

⁵²⁶² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.996485.



Hann fór reglulega í gegnum þróun á flutningum til okkar og annarra og sagði að skipting væri svona 70% okkar megin og 30% annarsstaðar, það ættu að vera straumarnir. [...]"

9963. (S)forstö-útl svaraði framangreindum tölvupósti (S)forstj þann 12. ágúst 2012 með þessum hætti: „Þetta eiga að vera straumarnir en raunin er meira líkt 50/50 skipting.“⁵²⁶³
9964. Í kafla 5.9 er fjallað um gögn sem veita vísbendingu um að ólöglegt markaðsskipting hafi að einhverju leyti verið fyrir hendi á árinu 2007. Þar er t.d. vísað til tölvupósts (S)forstj-frystig til (S)forstj frá 23. maí 2007 þar sem þetta var sagt um tiltekin útflutning á fiski: „
„the maruha business is today shared 50/50 between samskip and eimskip [...]"
9965. Varðandi þessar tilvísanir til „markaðsskiptingar“ og helmingaskipta milli Samskipa og Eimskips í útflutningi á fiski ber einnig að hafa í huga umfjöllun í kafla 14 í heild sinni. Í t.d. gagni (E)forstö-útl frá september 2010 kom fram að útflutningsdeild Eimskips hefði ekki tapað neinum viðskiptavinum til Samskipa. Í gagni (S)forstö-útl frá sama mánuði kom fram útflutningsdeild Samskipa yrði ekki mikið var við Eimskip á markaðnum. Áhyggjur koma hins vegar fram í báðum þessum gögnum af samkeppni frá BWS í flutningi á fiski. Sagði í gagni (S)forstö-útl að það þyrfti að „sporna við innkomu Blue Water á markaðinn“. Eins og lýst er í þessum kafla unnu bæði Samskip og Eimskip að þessu.
9966. Þegar öll framangreind gögn eru virt saman gefa þau til kynna að Samskip og Eimskip hafi leitast við að skipta flutningi á fiski frá Íslandi á milli sín. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitið að það hafi verið liður í ólöglegu samráði fyrirtækjanna.
9967. Fjallað var um BWS í tölvupósti sem (E)deildstj-útl1 sendi til (E)frkvstj-skiparekst (afrit (E)forstj og (E)frkvstj-álþj) 1. september 2009. Þar er BWS sagt vera „mjög aggressivt“ á markaðnum og taka „meira og meira“ frá Samskipum.⁵²⁶⁴
9968. Þann 14. september 2009 áttu m.a. (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-fjárm fund. Samkvæmt fundargerð var fjallað um BWS á fundinum. Var eftirfarandi bókað: „Blue Water Smyrill line – status.“⁵²⁶⁵ Gefur þetta a.m.k. til kynna yfirstandandi umræðu sem varðaði þennan keppinaut.
9969. Í lok september 2009 höfðu Eimskip, Samskip og BWS með sér samstarf við upptöku á svonefndu „E-kontro“ gjaldi í Danmörku. Var samstarf fyrirtækjanna til þess fallið að leiða til herra verðs en ella fyrir innflytjendur á vörum til Íslands og Færeyja, sbr. kafla 14.14. Þrátt fyrir þetta sýna samtímagögn að áfram var kvartað yfir of lágu verði BWS í Færeyjum. Jafnframt sýna gögnin að bæði Samskip og Eimskip áttu á svipuðum tíma í viðræðum við BWS um aukið samstarf. Gögnin sýna enn fremur áframhaldandi samskipti milli Eimskips og Samskipa í Færeyjum. Skal þessu lýst nánar.

20.4.1.5. Samskip og Eimskip funda með BWS

9970. Þann 30. september 2009 sendi (E)svæðisstj1 tölvupóst til (E)forstö-útl og (E)frkvstj-sala/þj og greindi frá því að fram hefði komið í útvarpinu að Norræna væri komin á vetraráætlun og myndi sigla milli Seyðisfjarðar og Færeyja „í allan vetur???" Þetta þýddi að sú samkeppni sem BWS gat veitt Samskipum og Eimskip hér á landi myndi enn aukast, en stjórnendur Eimskips höfðu áður lýst áhyggjum sínum af því að ferjan Norræna hygðist auka þjónustu sína og hefja áætlunarsiglingar í febrúar í stað apríl 2009.

⁵²⁶³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.585663.

⁵²⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.151245.

⁵²⁶⁵ Afritað tölvugagn frá Samskipum. Fundargerð rituð af [...], dags. 14.09.2009.



9971. (E)frkvstj-sala/pj framsendi þennan tölvupóst (E)svæðisstj1 frá 30. september 2009 til (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv með þessum orðum: „Sjá neðangreint til uppl. áður var búið að gefa út að þær væru bara til september, veit þeir hafa verið að fá nokkra góða farma m.a. Samherja ofl.

(E)frkvstj-alþjsv þurfum að hitta [frkvstj-BWS] sem fyrst

(E)forstj þurfum að hitta [...] hjá Samherja sem fyrst.“⁵²⁶⁶

9972. Samkvæmt þessu var talin brýn ástæða fyrir æðstu stjórnendur Eimskips að hafa samband við annars vegar frkvstj-BWS, framkvæmdastjóra BWS, og hins vegar mikilvægan fiskútflytjanda þegar fyrir lá að BWS hygðist veita aukna samkeppni hér á landi í m.a. flutningi á fiski.

9973. Í kjölfarið átti Eimskip tvo fundi með BWS 21. október 2009, annars vegar á Kastrup flugvelli í Danmörku og hins vegar á Seyðisfirði. Einnig átti Eimskip fund í Færeyjum með samstarfsaðila BWS, Smyril Line. Þann 22. og 23. október 2009 var undirbúinn fundur (S)forstj með BWS. Rétt er að lýsa þessu nánar.

9974. (E)frkvstj-alþjsv sendi 23. október 2009 minnisblað með tölvupósti til (E)forstj, (E)frkvstj-sala/pj, (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-skiparekst. Í minnisblaðinu lýsti hann fundi sínum og (E)frkvstj-sala/pj með BWS á Kastrup. Einnig lýsti (E)frkvstj-alþjsv fundi sem hann og (E)frkvstj-Færeyj héldu í Færeyjum með framkvæmdastjóra Smyril Line. Í tölvupóstinum sagði: „Kindly keep this confidential, see enclosed memo“. ⁵²⁶⁷ Í minnisblaðinu sagði:

„MEMO

22.10.09

(E)FRKVSTJ-ALÞJSV/60-09

Confidential

Smyril – Blue Water

Meeting with [stjórnandi-Smyril] CEO for Smyril-Line in Faroe Islands

(E)frkvstj-alþjsv and [(E)frkvstj-Færeyj] met [stjórnandi-Smyril] as he had approached Faroe Ship if we would be interested to take over the operation of Smyril – Blue Water.

Following came out of the meeting:

Co-operation between [stjórnandi-Smyril] and [frkvstj-BWS] at Blue Water is not working and [stjórnandi-Smyril] is working on finding ways to terminate the contract between the companies. He spoke of two possibilities.

- If Blue Water will not pay the monthly slot fee they are able to terminate the contract and he knows that BW is losing lot of money on the operation today and is in difficulties.
- To discuss with [frkvstj-BWS] that he steps out of the contract and become the agent in Denmark – „back to the past“ system.

[Stjórnandi-Smyril] asked if FS⁵²⁶⁸ would be willing to look into to take over the operation of Smyril – Blue Water in Faroe Islands including the slot agreement of the ferry. He seems very open for joining forces and finding solution how we could manage this together.

⁵²⁶⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...]. Áframsent [...].

⁵²⁶⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „[...] 90060.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...]. „Meeting with Smyril Line and Blue Water“, dags. 23.10.2009, kl. 12:07. Doc. ID. 0.7.33.160852.

⁵²⁶⁸ Eimskip í Færeyjum (Faroe Ship).



[Stjórnandi-Smyril] also stated that the year 2009 will be good for the ferry, profit around DKK 20m. The other side of the coin is that Blue Water is paying very high rate for the slot and [frkvstj-BWS] is pressing on reduction. [Stjórnandi-Smyril] has decided not to give any reduction and try to force [frkvstj-BWS] to step out of the contract.

It was agreed that [Stjórnandi-Smyril] would investigate co-operation possibility further with [(E)frkvstj-Færeyj] and [(E)forstö-fjármFæreyj].⁵²⁶⁹

Meeting with Blue Water at the airport in Copenhagen

Participants: [[frkvstj-BWS]] and [yfirm-BWS]. (E)frkvstj-alpjsv and (E)frkvstj-sala/pj participated on Eimskip behalf. [stjórn-BWS] attended the meeting as a neutral consultant on Blue Water request.

[frkvstj-BWS] went over the history how Blue Water came involved in the ferry. In beginning Blue Water was the agent for Smyril-Line, but the financial result of the ferry was poor and they ended with a high amount of receivables. There was no cash available so the solution was that Blue Water became 50% owner of Smyril-Blue Water. The financial problems continued so gradually Blue Water became 100% owner of Smyril-Blue Water and have invested as well DKK 20 millions in the ferry itself. As [frkvstj-BWS] explained one let [svo] to another and they became more and more involved as there were no other possibilities.

Today they are losing money in this operation and that was the base for discussion to see if there is a possibility to co-operate in coming future that would be beneficial for both parties.

[frkvstj-BWS] explained as well that until end of this year they will pay high fee for the slot in the ferry as a part of the rescue package, but as from 1st of January 2010 they will pay the old slot fee again. This means that instead of paying DKK 54,4 m the price for the slot will be DKK 24,4 m.

After long discussions back and forth then Blue Water came with following proposal:

- Eimskip and Blue Water would share the slot of the ferry and Eimskip could then stop using Blikur in the route between FO and DK
- Eimskip would take over the agency in Iceland in Seydisfjörður including the employees and sell the ferry services out of Iceland. According (E)deildstj-útf1 then [frkvstj-BWS] offered same to Atlantsskip when (E)deildstj-útf1 was working there.
- frkvstj-BWS was open that Eimskip would take over the slot of the ferry and as well the operation in FO, but Blue Water would continue the distribution in DK. Not sure what he really meant as later on he said that was open for merger and become part owner of Faroe Ship.

It was agreed that we would investigate above issues and part of that work is to look into the cargo mix in Blikur and evaluate if this is interesting for Eimskip.

Other matters

⁵²⁶⁹ Fjármálastjóri Faroe Ship.



- After discussion with [(E)frkvstj-Færeyj] then she is not sure that to mix the usage of the ferry is the right thing and how the market will act towards that set-up. Will be looked into.
- We are having fixed cost in our warehouse in AAR and this will have negative impact on that operation.
- We would no longer be in one port in Denmark, which (E)frkvstj-Dk consider to be disadvantage.
- We are mixing ro/ro and lo/lo services / either we begin to use reefer trailers or mafies to roll in/out the containers.
- The advantage is that we are reducing the tonnage in the market which has over capacity
- It is considered vital for the export in Faroe Islands to have direct sailings to Denmark. Eimskip is currently running Blikur on low TC. But on the longer run the TC will increase and feasibility of this operation can be concern. The ferry would secure Faroe Ship services to Denmark.
- There is a possibility (question how real) that we could take fully over the cargo capacity, but needs to be explored further what is behind it.
- Should we negotiate with Blue Water or Smyril-Line?
- Likely is the interest of [Stjórnandi-Smyril] based on that BW will pay less for the slot next year (DKK 30M less) which will have a negative impact on the operation of the ferry and move the result into red figures. In my mind he is looking for co-operation with FS with the objective to get higher price for the slot.

Conclusion

The next steps is to go further into these discussions to have clear views on the possibilities and based on that to decide what we want to do."

9975. Áður en (E)frkvstj-alþjsv átti fund með BWS ræddi hann við stjórnendur FS, dótturfélags Eimskips í Færeyjum. Samkvæmt minnisblaðinu var á þeim fundi rætt um framangreint skip, Blikur. (E)frkvstj-alþjsv greindi FS frá því að endurbætur á skipinu hefðu reynst kostnaðarsamari en áætlað hefði verið og nauðsynlegt væri að velta þeim kostnaði út í verðlagið.
9976. (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-sala/þj voru fulltrúar Eimskips á fundinum með frkvstj-BWS, fulltrúa BWS, á Kastrup 21. október 2009. Samkvæmt minnisblaðinu ræddu þessir keppinautar um samstarf sín á milli. Við BWS var m.a. rætt um möguleika á því að Eimskip myndi hætta að nota skipið Blikur í samkeppni við BWS og myndi þess í stað nýta sér flutningarými í ferjunni Norrænu. Þá var rætt um að Eimskip myndi taka yfir starfsstöð BWS á Seyðisfirði. Niðurstaða fundarins var að skoða ætti nánar möguleika á þessu samstarfi.
9977. Á umræddum fundi Eimskips og BWS á Kastrup sat einnig danskur maður, stjórn-BWS. Kemur fram í minnisblaði (E)frkvstj-alþjsv að stjórn-BWS hafi setið fundinn að beiðni BWS. Stjórn-BWS sat í stjórn BWS og kallaði sig síðar „the middle man“ í samskiptum við Eimskip. Var þar átt við hlutverk hans í því að koma á samstarfi milli Eimskips og BWS. Stjórn-BWS var einnig nefndur „fréttaveitan“ af yfirmönnum Eimskips. Bæði stjórn-BWS og framangreind hugmynd um Blikur koma við sögu síðar. Í þessu sambandi vísast til annars vegar framangreindrar umfjöllunar Samskipa í mars 2009 um Blikur og hins vegar eftirfarandi umfjöllunar (S)forstj á árinu 2010 um þetta sama skip Eimskips í umfjöllun hans um málefni sem falla undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, sbr. nánar hér á eftir. Umrætt skip Eimskips var þannig til umfjöllunar hjá bæði BWS og Samskipum.



9978. Á fundi (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-Færeyj með Smyril Line var einnig rætt um samstarf. Var rætt um að Eimskip tæki yfir það flutningarými sem BWS hefði á leigu í ferjunni. Þá veitti Smyril Eimskip fjárhagslegar upplýsingar um keppinaut fyrirtækisins, BWS. Að mati (E)frkvstj-alþjsv var einn af kostunum við samstarf Eimskips við BWS eða Smyril Line sá að með því yrði dregið úr flutningsgetu á markaðnum („*reducing the tonnage*“) og þar með samkeppni. Var niðurstaða fundarins að skoða nánar möguleika á þessu samstarfi.
9979. Í þessu sambandi ber að líta til tölvupósts (E)frkvstj-sala/þj til (E)forstj 20. október 2009, þ.e. áður en hann fór til fundar við BWS í Danmörku. Í tölvupóstinum greinir (E)frkvstj-sala/þj frá því að hann og (E)frkvstj-alþjsv myndu hitta framkvæmdastjóra BWS daginn eftir. (E)forstj svaraði 21. október 2009 og kvaðst hafa átt í samskiptum við fulltrúa BWS á Íslandi og rætt um mögulegt samstarf við þennan keppinaut Eimskips. Samkvæmt (E)forstj ræddu Eimskip og BWS einnig um viðskiptavin beggja fyrirtækjanna (Marel):
- „Hittum þeirra mann [BWS] á Seyðisfirði í dag:*
- Ræddum um að þeir eru með 15-20 gáma í ferð*
- Fara út á miðvikudögum og eru í DK á laugardögum*
- Fara með DFDS til Immingham sama dag fyrir 15.000 dk á laugardögum og eru í Imm klukkan 12 að kveldi sunnudags mun seinna en við*
- Ræddum hvort við gætum tekið þeirra cargo í Færeyjum í Suðurleiðina sem þeir myndu þá droppa af eftir að hafa verið á Seyðisfirði og við sæjum síðan um að koma körum þeirra aftur til Færeyja eða Seyðisfjarðar*
- Við myndum nota þá frá Seyðisfirði en vandamálið er við erum ekki með neitt mikið magn – kannski 5 – 10 gáma*
- Við myndum nota þá frá Færeyjum til DK – kom samt ekki upp*
- Allt þetta var bara brainstorm*
- Heyðum líka að marel væri að nota þá til Germany sem er fíranlegt.“*
9980. (E)frkvstj-sala/þj svaraði: „Ok, skoðum alla möguleika í stöðunni vel áður en við ákv. e-hv held að það sé meiri pressa á honum en okkur í þessu, einnig spurning um línuna, þ.e. ekki Blue Water heldur Smiril Line?
- Hittir þú ekki Marel í gær eða var það eftir? Þarf að fara yfir þetta með þeim!.“*
9981. (E)forstj svaraði og upplýsti að Marel hefði ekki getað hitt Eimskip.⁵²⁷⁰
9982. Fyrir liggur samkvæmt framangreindu að (E)forstj, (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-sala/þj bárust upplýsingar um að BWS hygðist auka samkeppni hér á landi með því að sigla „í allan vetur“ til Íslands. Eftir þetta átti Eimskip tvo fundi með BWS þann 21. október 2009, annars vegar (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-sala/þj á Kastrup flugvelli og hins vegar (E)forstj á Seyðisfirði. Á báðum þessum fundum ræddu þessir keppinautar um mögulegt samstarf.
9983. Daginn eftir þessa fundi Eimskips með BWS, þ.e. 22. október 2009, var (S)forstj tilkynnt að BWS væri áhugasamt um að eiga samstarf við Samskip. Í tölvupóstinum gerði (S)forstö-umb.erl (S)forstj grein

⁵²⁷⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.301730.



fyrir samtali sínu við **(S)starfsm**, starfsmann Samskipa í Hollandi, sem hafði ákveðið að ráða sig til starfa hjá BWS, en þar sagði: „Er búin að vera að ræða málin við **[(S)starfsm]** sem er að færa sig yfir til Blue Water nú um áramótin.

[frkvstj-BWS], er rekur Blue Water og skilst mér þekkir þig, og **[(S)starfsm]** eru mjög áhugasamir um að skoða alla möguleika á samstarfi í framtíðinni. Blue Water er með margskonar starfsemi og koma víða við, því hugsanlegt að hægt sé að finna einhver tækifæri.

[(S)frkvstj-MCL] og **[(S)forstj-frystig]** eru jákvæðir og ætla að funda með [frkvstj-BWS] trúlega í nóvember. [frkvstj-BWS] og **[(S)starfsm]** hefðu áhuga á að fá þig einnig á þann fund, hefðir þú áhuga á því? Fundurinn verður boðaður í þessari viku.

Ég veit að **[(S)starfsm]** hefur mikinn áhuga á að bjóða upp á alla þá þjónustu er við þurfum í Danmörku fyrir fínan prís...⁵²⁷¹

9984. Daginn eftir lýsti **(S)forstj** yfir áhuga á að hitta þennan keppinaut.⁵²⁷² Átti **(S)forstj** síðan fund með BWS í kjölfarið.

9985. Samkvæmt framansögðu var **(S)forstj** greint frá því 22. október 2009 að BWS væri áhugasamt að hefja samstarf við Samskip. Sama dag ritaði **(E)frkvstj-alþjsv** minnisblað þar sem lýst er fundi hans og **(E)frkvstj-sala/þj** með BWS þar sem rætt var um mögulegt samstarf milli Eimskips og BWS.

9986. Í dagbók **(S)forstj** var fundurinn „Blue Water“ skráður þann 29. október 2009.⁵²⁷³ Til viðbótar ber að horfa til þess að 9. nóvember 2009 fékk **(S)forstj** staðfest að fundur yrði með BWS í Danmörku 20. nóvember 2009.⁵²⁷⁴

9987. Áður en fundurinn með BWS var haldinn 20. nóvember 2009 sendi **(S)frkvstj-Færeyj** tölvupóst til **(S)forstj**, þ.e. 13. nóvember 2009. Þar kvartaði **(S)frkvstj-Færeyj** yfir mikilli verðsamkeppni frá BWS í Færeyjum:

„We see extreme competition from [BWS]. Prices awful“.

9988. Jafnframt spurði **(S)frkvstj-Færeyj** um áform BWS í Færeyjum. **(S)forstj** svaraði sama dag og greindi **(S)frkvstj-Færeyj** frá því að hann ætti fund með framkvæmdastjóra BWS í næstu viku og að hann myndi halda **(S)frkvstj-Færeyj** upplýstum um málið.⁵²⁷⁵

9989. Viðbrögð **(S)forstj** við upplýsingum um að BWS væri að veita Samskipum harða samkeppni í Færeyjum voru m.a þau að tilkynna undirmanni sínum að hann ætli að eiga fund með þessum keppinauti Samskipa.

9990. Frkvstj-BWS, framkvæmdastjóri BWS, sendi sama dag tölvupóst til **(S)forstj**, **(S)frkvstj-MCL** og **(S)forstj-frystig**. Vísaði hann til tveggja funda með Samskipum:

„I am looking forward to our meeting with **[(S)forstj]** in our Copenhagen office Friday 20.11

We will discuss our mutual interest on the North Atlantic - and see if there is any basis for a co-operation.

⁵²⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.3.657409.

⁵²⁷² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.657508. Í tölvupóstinum sagði: „mjög áhugavert, ég verð í R'dam nk fimmtudag, spurning hvort við hittumst og ræðum stuttlega þar, gætirðu bókað fund okkar á milli kl 14.00, þínum tíma...“

⁵²⁷³ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. Dagbók [...] „Blue Water“. [...] Doc. ID. 0.7.33.657514.

⁵²⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.665342.

⁵²⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.669967.



Apart from this I would like to invite you to a meeting in our Esbjerg HQ in order to present our respective activities and examine where we may have opportunities for further co-operation - for instance in connection with European transport, Denmark, shortsea, worldwide reefer, Russia, river transportation etc. I suggest a meeting i week: 51, 1 or 3.

Looking forward to hearing from you".⁵²⁷⁶

9991. Samkvæmt þessu liggur fyrir að á fundinum 20. nóvember 2009 ætluðu (S)forstj og BWS að ræða saman um mögulegt samstarf sem varðaði sjóflutninga til og frá Íslandi og Færeyjum. Síðar átti að halda fund þar sem (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig tækju einnig þátt og rætt yrði um hugsanlegt frekara samstarf milli Samskipa og BWS.
9992. Þann 18. nóvember 2009 sendi (S)frkvstj-Færeyj tölvupóst til m.a. (S)forstj og kvartaði á ný yfir verðsamkeppni í Færeyjum. Benti hann á lágt verð sem bæði BWS og Eimskip hefðu verið að bjóða stórum innflytjendum á vörum til Færeyja („just a price example for the big importers Poul Hansen and Poul Michelsen [...]“).
9993. Eftir fundinn með BWS 20. nóvember 2009 svaraði (S)forstj tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj frá 18. nóvember 2009. Gerði (S)forstj það með tölvupósti sem hann sendi 24. nóvember 2009 og í honum sagði þetta:
- „We would like you to increase your market share in the Faroes. These are for sure awfully low prices. I assume Poul Hansen is one of the largest accounts in Faroe with steady flows, client that eimskip and Blue Water have been fighting for for years. We should rather in my opinion be focusing on the mid size segment - and offer them sharp/competitive prices....“⁵²⁷⁷*
9994. Samkvæmt þessu vildi (S)forstj síður að Samskip í Færeyjum myndu blanda sér í baráttu Eimskips og BWS um stóra viðskiptavinum í innflutningi og einbeita sér þess í stað að meðalstórum viðskiptavinum.
9995. (S)forstj greindi frá viðræðunum við BWS í tölvupósti sem hann sendi sama dag til (S)forstö-útfl, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-Færeyj. Sýnir sá tölvupóstur að á fundi Samskipa og BWS 20. nóvember 2009 var rædd sú hugmynd BWS að Samskip og BWS myndu mynda bandalag gegn Eimskip í Færeyjum. (S)forstj féllst ekki á hugmyndina en vildi skoða „nánari“ samvinnu vegna flutninga til og frá Íslandi.
9996. Við blasir að bandalag Samskipa og BWS gegn Eimskip hefði sett „Nýtt upphaf“ verkefnið í uppnám og ógnað þeim árangri sem hafði náðst með samráði fyrirtækjanna hér á landi. Hér ber að hafa í huga að í mars 2009 fengu Samskip samskonar tilboð frá danska flutningafyrirtækinu DSV, sbr. kafla 14.16.2. Tók það tilboð til Færeyja en ekki Íslands og fólst í því að DVS og Samskip myndu hefja samstarf og mynda bandalag gegn Eimskip. Líkt og í tilviki BWS hafði (S)forstj ekki áhuga á því að mynda slíkt bandalag enda hefði það án efa haft mjög skaðleg áhrif á þann árangur sem hafði náðst vegna samráðsins við Eimskip.
9997. (S)forstj var aftur á móti reiðubúinn að skoða aukið samstarf við BWS sem myndi draga úr samkeppni frá BWS í bæði Færeyjum og Íslandi. Bað (S)forstj þá (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfl og (S)frkvstj-Færeyj að láta sig vita ef þeir hefðu hugmyndir um samstarf við BWS.⁵²⁷⁸ Þann 26. nóvember 2009

⁵²⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.668972. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.669455.

⁵²⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.673218.

⁵²⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.673210. Í tölvupóstinum segir: „I had a meeting with [...] last friday, he is loosing money on Faroe, big time, asking wheather we can co-operate against the competitor eimskip. I do



svaraði (S)frkvstj-Færeyj tölvupósti (S)forstj varðandi mögulegt samstarf. Jafnframt tilkynnti hann að til stæði að funda með Eimskip í Færeyjum í vikunni.⁵²⁷⁹

9998. Er það lýsandi fyrir eðli tengslanna milli Samskipa og Eimskips að í svari (S)frkvstj-Færeyj við spurningu um möguleika á samstarfi við BWS er einnig vísað til fyrirhugaðs fundar með Eimskip. Ber í þessu samhengi að hafa í huga tölvupóst (S)frkvstj-Færeyj til (S)forstj 24. nóvember 2008 þar sem hann lýsir samskiptum sínum við (E)frkvstj-Færeyj vegna málefna Smyril Line og mögulegu auknu samstarfi milli Samskipa og Eimskips í Færeyjum.

9999. Þann 26. nóvember 2009 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig vegna þess fundar sem hann hafði átt með BWS: „I had a good meeting with [frkvstj-BWS] and [(S)starfsm] last week, discussing:

Smyril Line

-a ropax ferry service between DK and Faroe Island/Iceland east coast on weekly roundtrip. Blue Water „purchased“ the cargo space onboard the ferry back few years ago, amount of some 5-6 m Eur a year, an agreement valid till 2014. Due to lower exports / imports, both east coast Iceland and Faroe, they are loosing heavilly on the service, hurting the overall profitability of BWS considerably.

Faroe Island

-we are competing heavilly on Faroe, both operating with fixed weekly slots, they can't pull out, no sense for us to pull out and therefore not feasible for us the [svo] co-operate.

Iceland

-will investigate wheather we can co-operate closer on Iceland.

So, basically not that optimistic we can co-operate, but will investigate further possibilities in Iceland and we agreed I would be reverting prior to the meeting you have setup with him in January...⁵²⁸⁰

10000. Tölvupóstur (S)forstj staðfestir að Samskip og BWS ræddu um samkeppni á milli fyrirtækjanna og að (S)forstj taldi ekki flöt á samstarfi þeirra í Færeyjum. Aftur á móti skyldi kanna möguleika á „nánari“ samvinnu á Íslandi. Er þessi tölvupóstur (S)forstj í samræmi við samtímagögn Eimskips þar sem rætt er um mikla samkeppni frá BWS í Færeyjum, sbr. t.d. áætlun Eimskips í Færeyjum fyrir árið 2010 sem (E)frkvstj-Færeyj sendi 23. nóvember 2009 til (E)frkvstj-alpjsv. Þar segir að fyrirtækinu stafi ógn af miklu flutningaframboði og samkeppni í sjóflutningum á færeyska markaðnum.⁵²⁸¹ Stafaði sú ógn ekki sist frá BWS.

10001. Þann 1. desember 2009 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín sem innihélt aðeins nafnið á framkvæmdastjóra BWS í fyrirsögn.⁵²⁸² Tveimur dögum síðar, þ.e. 3. desember 2009, fékk (S)forstj senda til sín áætlun útflutningsdeildar fyrir árið 2010 þar sem er m.a. gerð grein fyrir samkeppni frá BWS í flutningi á fiski frá Íslandi. Nánar er fjallað um þessa áætlun hér á eftir.

not see that since we all operate with fixed capacity, all having additional space, he is stuck on the smiril agreement till i believe 2015. Pls inform if you have any ideas of co-operating with them... [...].

⁵²⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.928100.

⁵²⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.675296.

⁵²⁸¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Faroe Ship bplan 2010 – final version 23nov. 2009.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.168182.

⁵²⁸² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.678395.



20.4.1.6. Yfirmenn Samskipa og Eimskips í Færeyjum ræða aftur saman

10002. Eins og lýst er í minnisblaði (E)frkvstj-[alþjv](#) 22. október 2009 átti Eimskip í viðræðum við bæði BWS og Smyril Line (SL) um mögulegt samstarf. Samskip höfðu einnig hafið viðræður við BWS, sbr. tölvupóst (S)forstj 26. nóvember 2009. Áttu þannig fulltrúar Samskipa og Eimskips í „Nýtt upphaf“ vinnuhópnum á nánast sama tíma í viðræðum sem miðuðu að því draga úr samkeppni frá BWS, en (S)forstj hafði sem fyrr segir hafnað hugmynd BWS að mynda bandalag gegn Eimskip.
10003. Hér skiptir máli að í desember 2009 hófu Samskip jafnframt viðræður við Smyril Line um plássið sem BWS hafði á leigu í Norrænu, en 8. desember 2009 sendi (S)frkvstj-Færeyj tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv með heitinu „Smyril Line and Blue Water“ og í honum sagði: „We have been approached by [stjórnandi-Smyril] from Smyril Line, asking if Samskip is interested to rent the deck of Norröna as from 1st of January.

This is a bit of surprise. SL⁵²⁸³ has also approached Eimskip with same question.

Facts are following:

- *SL and Blue Water (BW) have an agreement until 2015. BW and SL have an awful cooperation due to the fact that BW looses a lot of money in FO and claims to pay a too high price for the deck of Norröna. There must be some adjustable factors in the agreement as they are now negotiating the agreement for 2010*
- *The contract between SL and BW is via Smyril Blue Water (SBW). If BW is unsatisfied, they „can“ declare SBW bankrupt. In 2009 they paid a rent of 7,2 mill € and in 2009 the rent [svo] will be 6,9 mill €. SBW is bankrupt already if BW don´t support it. In 2008 it already had a negative equity.*
- *Eimskip has negotiated with BW for a long time, we have heard, without result. I have a meeting today with FS [Eimskip í Færeyjum] about the stevedoring, and might get some additional info. For sure this is a better potential biz for Eimskip as they could then terminate the sailing of Blikur and do some savings here. If they then agree with Samskip for the stevedoring, they will handle all cargo in FO.*
- *Number of full trucks in the attached spreadsheet seems a bit high. Per week 138 imp/exp incl IS. If all trucks are full this give an average FRT incl BAF of 875-1.012 €/truck.*
- *This is interesting if the salmon switches from US back to Europe.*
- *With the present rates we see on the market, it is loss giving.*
- *Samskip´s vessels are not fully utilized. Does it then make sense to add the deck of Norröna?*
- *If Samskip should do an agreement with SL, Samskip should take over the biz of SBW in FO. Then there would be a player less, giving reason to increase prices.*

*Pls give me you [svo] comments on this.*⁵²⁸⁴

10004. Samkvæmt þessu hafði (S)frkvstj-Færeyj vitneskju um viðræður Smyril Line við Eimskip og var undrandi yfir því að Smyril Line hefði snúið sér með sömu samstarfshugmyndir til Samskipa. Að mati (S)frkvstj-

⁵²⁸³ Smyril Line.

⁵²⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.681098.



Færeyj væri ábati Eimskips af samstarfi við Smyril Line meiri en Samskipa því Eimskip gæti á grundvelli samstarfsins hætt að nota skipið Bilkur. Hins vegar væri hagur í því fyrir Samskip að losna við samkeppni frá BWS og geta þar með frekar hækkað verð. Þá vekja einnig eftirtekt ummæli (S)frkvstj-Færeyj um fyrirhugaðan fund hans með Eimskip um skipaafgreiðslu síðar sama dag þar sem hugsast gæti að hann fengi frekari upplýsingar um viðræður Eimskips við Smyril Line.

10005. Klukkan 15:20 8. desember 2009 sendi (S)frkvstj-Færeyj annan tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Ber hann með sér að (S)frkvstj-Færeyj hafi fengið frekari upplýsingar um viðræður Eimskips við Smyril Line:

*„Just an updated version. Have got some info that Eimskip has offered between 4,3 and 4,6 mill € for the deck of Norröna. Then they would „route“ the expensive cargo with Norröna. That was not at all accepted by Smyril Line, so those negotiations are more or less over“.*⁵²⁸⁵

10006. Hafði (S)frkvstj-Færeyj þannig fengið upplýsingar um hvað Eimskip var reiðubúið að greiða Smyril Line fyrir flutningsrými í ferjunni Norrænu og um viðskiptaleg áform Eimskips ef þessar viðræður hefðu skilað árangri.

10007. Þótt það komi ekki fram í tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj hvar hann fékk upplýsingarnar verður að miða við að hann hafi fengið þær frá Eimskip. Er það í samræmi við áður tilvitnaðan tölvupóst hans kl. 11:59 sama dag þar sem hann kvaðst myndi eiga fund með Eimskip síðar um daginn þar sem hugsast gæti að hann fengi frekari upplýsingar um viðræður Smyril Line og Eimskips. Tölvupóstur sem (S)frkvstj-Færeyj sendi 9. desember staðfestir að hann fundaði með Eimskip daginn áður.

10008. Í mgr. 1530 í athugasemdum við AI halda Samskip því fram að gögn málsins bendi ekki til þess að fyrirtækið hafi fengið þessar upplýsingar frá Eimskip. Samskip halda því einnig fram að þessi tölvupóstur (S)frkvstj-Færeyj frá kl. 15:20 þann 8. desember 2009 hafi verið sendur „áður en hann átti fund með starfsmanni Eimskips af allt öðru tilefni.“ Umræddur tölvupóstur er aftur á móti afar skýr um það að (S)frkvstj-Færeyj hafi fengið umræddar viðskiptaupplýsingar í hendur. Þrátt fyrir að það standi Samskipum nær að útskýra hvaðan upplýsingarnar voru fengnar hefur fyrirtækið ekki komið fram með trúverðugar skýringar í því sambandi, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands 7. janúar 2021 í máli nr. 42/2019. Hafa Samskip ekki lagt fram nein gögn til stuðnings staðhæfingum sínum um það hvenær umræddur fundur (S)frkvstj-Færeyj með „starfsmanni frá Eimskip“ fór fram og ekki útskýrt hvaðan þessar upplýsingar um tilboð og áform Eimskips bárust fyrirtækinu. Þegar þetta er virt saman verður að leggja til grundvallar að á fundi (S)frkvstj-Færeyj með Eimskip hafi verið rætt um BWS og Smyril Line. Hafi Eimskip m.a. fjallað um þá hugmynd, sem lýst var í framangreindu minnisblaði (E)frkvstj-alþjsv frá 23. október 2009, að fyrirtækið tæki yfir flutningarýmið í Norrænu þrátt fyrir að Smyril Line væri samningsbundið BWS. Ljóst er að sú aðgerð hefði haft áhrif á samkeppni bæði í flutningum til og frá Íslandi og til og frá Færeyjum. Voru því viðræður Eimskips og Samskipa um áform eða hugmyndir Eimskips tengdar flutningarýminu í Norrænu til þess fallnar að hafa áhrif á samkeppni hér á landi, sbr. 3. gr. samkeppnislaga. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að þessi upplýsingaskipti hafi dregið úr æskilegri óvissu og því falið í sér brot gegn 10. gr. samkeppnislaga.

10009. (S)forstj svaraði tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj, sem sá síðarnefndi sendi kl. 15:20 þann 8. desember 2009, daginn eftir og lýsti yfir miklum áhuga á að skoða málið betur: „I find it very interesting exploring further and kindly asking [svo] you to do so.“

⁵²⁸⁵ Síðar sama dag (væntanlega eftir fundinn með [...]) sendir [...] aftur póst, kl. 15:20, [...]. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.681266.



How can you evaluate current cargo flows on all legs, freight revenues and other opportunities. What sort of an agreement would you consider we could achieve with Smyril?

By having access to their capacity/cargoes, we would for sure be boosting our activities - taking our businesses many steps ahead."⁵²⁸⁶

10010. Eftir að (S)forstj lýsti yfir miklum áhuga á að kanna málið nánar átti eftirfarandi sér stað:

- (S)frkvstj-Færeyj svaraði um hæl: „Hi, very good. I will do an estimate on the SBW´s bussiness. SL is as such „open for everything“. That could be a partnership where both SL and Samskip are owners. SL´s problem there is that they „have no money“. An other option is that we have a fixed price and the „top“ is variable. SL is also open for that. I met with Faroe Ship yesterday and they will come back with at price for handling our vessels. Then we have a benchmark.”⁵²⁸⁷
- Eftir að hafa framkvæmt umrætt mat sendi (S)frkvstj-Færeyj tölvupóst til (S)forstj laugardaginn 12. desember 2009: „These are the preliminary numbers. I find the import being in line with what our understanding is of the market. [(S)starfsm] will come back on the fwd costs from AAR for the export. I would like you to estimate the prices for the IS [Ísland] cargo.

I would estimate an offer of around 40 mill dkk or 5,369 mill € to be „fair“ for this bussiness. I doubt they will accept 5 mill €. SL is open for routing Norröna into DKAAR except the 3 months in high season when they call Hanstholm. That would be a very good contribution to our logistics in Aarhus.

The most likely players for the prc/fwd to from AAR and companies open to go into this biz with Samskip is Blue Water if they are positive on this, and DSV

SL has suggested a strategy where „they“ buy SBW and sell it then to Samskip, if there will be any hick ups with BW according to Samskip.

SL is in a hurry want has a meeting with SBW on Tuesday. This was new to me until today so we have to reply on Monday. SL will meet SBW in Copenhagen on Tuesday. Maybe we will meet SL there as well?

Pls call me when you have had time to look into this.

By the way, I was contacted by a very furious [(E)forstö-fjármFæreyj], Finance Director of Faroe Ship. He stated that after we have taken Havnar Timburhandil they will not at all quote Samskip to handle our vessels in Torshavn! Anyway if the quantities K-Pelagic plans and has go in, we will have a much lower thc cost/unit in Kollafjordur.”⁵²⁸⁸

- (S)forstj sendi annan tölvupóst til (S)frkvstj-Færeyj 14. desember 2009: „We are certainly most interested reaching an agreement with Smyril. We would stop calling ARN/HEG on the inbound leg, and place all import volumes on Smyril.

We would be boosting our market share and activities in Faroe. We dont know the current volumes/revenues, and therefore I would suggest following structure:

-we agree on a slot prices per container / truck for the first 6 months of co-operation,

⁵²⁸⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.681563.

⁵²⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.333.681634.

⁵²⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.682804.



-thereafter come to terms on a fixed agreement with the whole space on the vessel. Doing this since we dont know the volumes/prices and how BW will be acting."⁵²⁸⁹

10011. Samkvæmt framansögðu staðfesti (S)frkvstj-Færeyj að hann hefði fundað með Eimskip 8. desember 2009. Jafnframt sýna gögnin að eftir að (S)forstj var ljóst að Smyril Line hefði hafnað tilboði Eimskips hafði hann mikinn áhuga á að (S)frkvstj-Færeyj myndi kanna betur forsendur fyrir samstarfi Samskipa og Smyril Line. Ber að hafa í huga að (S)frkvstj-Færeyj hafði í tölvupóstinum frá 8. desember 2009 tekið fram að Eimskip hefði meira ábata en Samskip af samvinnu við Smyril Line . Flutningsgeta Samskipa til og frá Færeyjum væri ekki fullnýtt og því vart skynsamlegt að bæta við flutningsgetu Samskipa með samningi við Smyril Line. Á hinn bóginn myndu Samskip með slíkum samningi losna við samkeppni frá BWS og frekar geta hækkað verð. Í tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj frá 12. desember 2009 komu fram hugmyndir um hvernig Samskip geti annast flutninga fyrir m.a. BWS. Í tölvupóstinum bað (S)frkvstj-Færeyj (S)forstj um að leggja mat á verðlagningu flutninga til og frá Íslandi í tengslum við þetta mögulega samstarf við Smyril Line.
10012. Varðandi tilvísun (S)frkvstj-Færeyj í tölvupóstinum frá 12. desember 2009 til (E)forstö-fjármFæreyj (fjármálastjóra Eimskips í Færeyjum) ber að rifja upp að haustið 2008 ræddi (S)forstj ítrekað við (S)frkvstj-Færeyj um möguleika á því að Samskip og Eimskip myndu hafa með sér aukið samstarf í Færeyjum og eftir fund með (E)frkvstj-Færeyj greindi (S)frkvstj-Færeyj (S)forstj frá því þann 24. nóvember 2008 að raunhæft væri að aukið samstarf við Eimskip myndi skila ábata. Tölvupóstur (S)frkvstj-Færeyj til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv frá 8. desember 2009 sýnir að á fundi (S)frkvstj-Færeyj með Eimskip síðar sama dag átti m.a. að ræða skipaafgreiðslu Eimskips fyrir Samskip („have a meeting today with [Eimskip] about the stevedoring“). Í tölvupóstinum frá 12. desember 2009 greindi (S)frkvstj-Færeyj (S)forstj frá frekari samskiptum við Eimskip. Sagði hann frá því að umræddur (E)forstö-fjármFæreyj hefði rætt við hann og lýst mikilli óánægju yfir því að Samskip hefðu náð til sín viðskiptavinum og hóttað refsingu sem fælist í því að Eimskip myndi ekki gefa Samskipum verð fyrir skipaafgreiðslu í Þórshöfn.
10013. Af þessu tilefni skal tekið fram að þegar fyrirtæki hefur samband við keppinaut sinn í því skyni að „skamma“ hann fyrir að hafa með samkeppnisaðgerðum náð til sín viðskiptavinum felur það oftast en ekki í sér birtingarmynd á markaðsskiptingu fyrirtækja, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004, *Ker o.fl. gegn samkeppnisráði*. Ekkert liggur fyrir um að Eimskip hafi í þessu tilviki beitt Samskipum refsingu og hið ólögsmæta samráð fyrirtækjanna hélt áfram. Vegna stöðu og aðgerða BWS í Færeyjum var mun meiri samkeppni þar en hér á landi. Hvað sem þessu líður sýna framangreind gögn áframhaldandi umræðu um mögulegt samstarf Samskipa og Eimskips í Færeyjum eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst.

20.4.1.7. Samkeppni frá BWS heldur áfram

10014. Í tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj frá 12. desember 2009 var greint frá því að Smyril Line og BWS ætluðu að funda 15. desember 2009. Sá samningafundur skilaði árangri. Það sést af tölvupósti sem (S)frkvstj-Færeyj sendi daginn eftir til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv og greindi frá því að Smyril Line og BWS hefðu náð samkomulagi:

„I was just contacted by [stjórnandi-Smyril] from Smyril Line informing me that they have reached an agreement with SBW. The contract is valid for 2010 and BW will pay 6,3 mill € for the deck of Norröna.

So the fight must go on."⁵²⁹⁰

⁵²⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.683044.

⁵²⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.684312.



10015. Samkvæmt þessu var samstarf BWS og Smyril Line framlengt og BWS var áfram í þeirri stöðu að geta keppt við Samskip og Eimskip í sjóflutningum á Íslandi og í Færeyjum. Höfðu þannig nánast samhliða viðræður Samskipa og Eimskips við BWS/Smyril Line ekki skilað árangri og fyrirtækin því ekki komist í þá stöðu að draga úr flutningsgetu og hækka verð í Færeyjum með því að draga úr eða losna við samkeppni frá BWS. Slíkt hefði einnig komið í veg fyrir eða dregið úr þeirri samkeppni sem BWS gat veitt í flutningum til og frá Íslandi. Sökum þessa yrði baráttan við BWS að halda áfram, sbr. framangreind ummæli (S)frkvstj-Færeyj.

20.4.2. Atvik tengd Green Reefers fram til 2010

10016. Hér að framan var fjallað um norska fyrirtækið Wilson sem á árunum 2008-2011 annaðist flutninga fyrir Alcan í Straumsvík. Í eigu Wilson var fyrirtækið Green Reefers sem rak frystiskipaþjónustu og var keppinautur Eimskips, Eimskips-CTG, Samskipa og Silver Sea í flutningi á frystum fiski m.a. frá Íslandi. Starfsemi Green Reefers féll þannig undir þann samkeppnisrekstur sem fjallað var um í glærुकyningunni vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins.

10017. (S)frkvstj-Silver var meðeigandi og framkvæmdastjóri dótturfélags Samskipa, Silver Sea. Þann 8. júlí 2008 sendi (S)frkvstj-Silver tölvupóst til (S)forstj með heitinu Green Reefer. Greindi (S)frkvstj-Silver frá því að hann hafi rætt við mann sem hafi hætt í stjórn Green Reefers. Hann væri framkvæmdastjóri keppinautar (Seatrade⁵²⁹¹) og hafi lagt til fund í því skyni að ræða samstarf. Síðan spurði (S)frkvstj-Silver (S)forstj að því hvenær hann myndi hitta „Mr. E“.⁵²⁹² Verður að líta svo á að „Mr E“ vísi til Eimskips, sbr. kafla 8.9.5. Eins og rökstutt er í þeim kafla er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að tölvupóstur (S)frkvstj-Silver frá 8. júlí 2008 gefi til kynna að hann hafi vitað að til stæði að Eimskip og Samskip myndu hittast eða hafa samskipti í júlí 2008 vegna „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Skiptir í því samhengi m.a. máli tölvupóstur sem (S)frkvstj-Silver sendi 11. ágúst 2008 til (S)forstj en í honum sagði:

„Eimskip/CTG- any news/developments?“⁵²⁹³

10018. Líta ber til þess sem fram kom í „Samstarf í „Short sea“ þjónustu“ glærunum í „Nýtt upphaf“ glærुकyningunni. Þar kemur m.a. fram að skoða eigi að leggja „saman félögin Eimskip-CTG og Silversea“. Einnig eigi að skoða það að leggja saman „spot“ viðskipti á sviði frystiskipaþjónustu og stofna sameiginlegt fyrirtæki Eimskips og Samskipa. Sýnir tölvupóstur (S)frkvstj-Silver frá 11. ágúst 2008 að hann var farið að lengja eftir fréttum af viðræðum (S)forstj við Eimskip um verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu sem vörðuðu Silver Sea og frystiskipaþjónustu. Í október 2008 sendi (S)frkvstj-Silver tölvupóst til (S)forstj sem varðaði einn helsta keppinaut Eimskips og Samskipa (og dótturfélaga) í útflutningi á frystum fiski, þ.e. Green Reefers. Einnig spurði (S)frkvstj-Silver um stöðu viðræðna Samskipa við Eimskip. Skal næst vikið að því.

20.4.2.1. Undirbúningar að samstarfi við Green Reefers hefst

10019. Þann 1. október 2008 sendi (S)frkvstj-Silver tölvupóst til (S)forstj þar sem kemur fram að Samskip hafi óskað eftir samstarfi við Green Reefers en svar frá þeim keppinauti ekki enn borist. Vegna þessa hvatti (S)frkvstj-Silver (S)forstj til að hringja í framkvæmdastjóra Green Reefers og gera henni grein fyrir því

⁵²⁹¹ Seatrade var öflugt fyrirtæki á sviði frystiflutninga. Í bréfi Eimskips til Samkeppniseftirlitsins frá 13. október 2017 er greint frá því að Seatrade hafi verið að veita Eimskip og Samskipum samkeppni í flutningi á fiski frá Íslandi.

⁵²⁹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.478114. Tölvupósturinn hljóðar svo: "I called [...] today and asked for his comment. Had a long and friendly talk with him and he seems very keen to do something with us. It sounded like he was frustrated with the [...], with [...]and the way they were doing things. Also the fact that he represent Seatrade and the way he was treated as a competitor, meaning that he would not participate in any market discussions, strategy etc. There will be elected a new board in August and it will be interesting to see who will be there. [...] said that Seatrade was interested in talking further with us and proposed a meeting in August – just after summer. When are you meeting Mr. E in Iceland?"

⁵²⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.485253.



að Samskip/Silver Sea hefðu dregið úr samkeppni gagnvart Green Reefers á meðan beðið væri svars en það gæti breyst. Ekki mætti þó stilla þessu upp sem hótun.⁵²⁹⁴

10020. Þrátt fyrir að (S)frkvstj-Silver hefði sagt að ekki mætti stilla þessu upp sem hótun var þessi tillaga auðsýnilega hugsuð sem hótun eða a.m.k. hvatning til þess að stuðla hið fyrsta að jákvæðu svari frá Green Reefers.
10021. Þann 7. október 2008 sendi (S)frkvstj-Silver aftur tölvupóst til (S)forstj þar sem hann innti (S)forstj eftir því hvort hann hefði heyrt eitthvað frekar frá Green Reefers. Einnig bað hann (S)forstj um að hringja og segja sér frá þessu:
- „Also – would be nice to hear abt [svo] situation in Iceland, freight payments, Eimskip, Samskip etc.“⁵²⁹⁵*
10022. Líkt og í tölvupóstinum frá 8. júlí 2008 spurði (S)frkvstj-Silver hér (S)forstj aftur um viðræður eða stöðu á samskiptum við keppinauta, þ.e. Green Reefers og Eimskip.
10023. Framangreint sýnir að eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008 spurði (S)frkvstj-Silver ítrekað (S)forstj um samskipti við Eimskip. Þetta gerði hann á sama tíma og reynt var að fá keppinautinn Green Reefers til að taka upp samvinnu við Silver Sea/Samskip og draga með þeim hætti úr samkeppni í starfsemi sem féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið.
10024. Ekki kom til þess að Samskip/Silver Sea hæfu samstarf við Green Reefer á árinu 2009 og ríkti því áfram samkeppni við það fyrirtæki og BWS í flutningi á fiski frá Íslandi, sbr. skýrsla (S)forstö-útl frá 3. desember 2009 sem lýst verður nánar hér á eftir. Undirbúningur að samstarfi við Green Reefer hélt hins vegar áfram á árinu 2009 og á sama ári áttu bæði Eimskip og Samskip í viðræðum við BWS, sbr. umfjöllun hér að framan.
10025. Á árinu 2009 eignaðist Silver Sea skip sem áður höfðu verið í þjónustu Eimskips-CTG. Sést þetta af tölvupósti sem (S)forstj sendi (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S þann 23. júlí 2009 með heitinu „Silver Sea“. Í honum greindi hann frá umfjöllun fjölmiðla um að tvö skip Eimskips-CTG væru „komin til okkar“. Tölvupósturinn hljóðar svo; „fréttir um að fyrrum Eimskip frystiskip séu komin til okkar, þe Silver Sea, hafa birst á all nokkrum stöðum nú úti og mun morgunblaðið birta neðangreinda frétt um málið á morgun, þe almennt um Silver Sea og nýju skipin.“⁵²⁹⁶
10026. Í fréttinni sem fylgdi þessum tölvupósti (S)forstj sagði m.a.: „SILVER Sea, norskt skipafélag sem er að helmingshluta í eigu Samskipa, hefur nýlega bætt tveimur frystiskipum í flota sinn sem áður voru í eigu Eimskips í Noregi; Dalfoss og Langfoss. Skipin eru tekin á þurrleigu, með kauprétt, heita skipin nú Silver River og Silver Lake en þau voru í fyrstu smíðuð fyrir Eimskip í Noregi árið 2007. Með skipunum hefur Silver Sea nú yfir 14 sérhæfðum frystiskipum að ráða og er fyrirtækið annað af tveimur leiðandi félögum í flutningum á frystum afurðum í Norður-Atlantshafi. Meginstarfsemin felst í flutningi á frystum fiski frá Noregi, Íslandi, Hjaltlandseyjum og Færeyjum til Eystrasaltsríkjanna, Rússlands og Evrópu. Helstu afurðirnar sem skip Silver Sea flytja eru uppsjávarfiskar eins og síld, makrill, kolmunn og

⁵²⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.507969. Hann hljóðar svo: „Could you give her a call??

I think that the msg must be that we have now been waiting on them and they have not reverted. We take this as a sign that they are not so keen. We see that there are some competition lines between us and awaiting their feedback we have been more 'quiet' than usual. We will now pursue our business in the best interest of Silver Sea.

We do not want to make any treat [svo] like comments, but at the same time 'state' that we will do 'what we feel is right' – kind of...

We need to discuss if we want to look at Belbek TC – there is also a chance to take 3 penguins on TC for 1-2 years. Hm..... Pls give me a call.“

⁵²⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.510953.

⁵²⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.624653.



loðna." [(S)forstj], forstjóri Samskipa hf., sem jafnframt er stjórnarformaður norska félagsins, segir að flutningsmagnið sé gríðarlegt, eða meira en allt það sem Íslendingar flytja út af frystum fiski árlega."

20.4.2.2. Samstarf við Green Reefers sagt gefa tækifæri til að halda uppi verði

10027. Þann 3. október 2009 fjallaði (S)forstj í glærुकynningu um Eimskip-CTG og Green Reefers á stjórnarfundi Samskipa Holding.⁵²⁹⁷ Er í glærunum lýst stöðu Silver Sea, Green Reefers og Eimskip-CTG á markaðnum og sagt frá viðræðum við Green Reefers:

Samskip	Skipapælingar	Iceland
<p>Silver Sea is operating a fleet of 12 specialized reefer vessels, mainly focusing on the N-Atlantic frozen pelagic exports.</p> <p>Green Reefer is an Oslo stock listed company, operating a fleet of over 40 specialized reefer vessels, in the North Atlantic (some 8-14 depending on seasons) and rest of fleet in other parts of the world.</p> <p>Silver Sea and Green Reefers are the major players in the transports of frozen pelagic products from N-Atlantic to markets in Russia and former Soviet states.</p> <p>Green Reefer transporting some 400 th tons annually and Silver Sea 350 th tons, out of a total market of 900 th tons, overall market share of + 80%.</p> <p>As presented in earlier board meetings, management of Silver Sea and Green Reefers have been exploring a potential partnership between the parties.</p>		
Confidential – October 2009		2

⁵²⁹⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.741215.



Majority of volumes coming from Norway and destined to St Petersburg, Klaipeda, Poland and Black Sea.

Loading	Tons	Silver Sea	Green	CTG
Iceland	100	40	50	10
Faroe Island	10	5	5	0
Shetland	50	40	10	0
Scotland	50	30	20	0
Norway	700	250	350	100
	910	365	435	110

Discharging	Tons	Silver Sea	Green	CTG
St Petersburg	350	195	115	40
Klaipeda	250	80	120	50
Poland	100	20	70	10
Holland	50	30	10	10
Black Sea	100	40	60	0
Africa	60	0	60	0
	910	365	435	110

10028. Staðfestir framangreint að Eimskip-CTG, Silver Sea og Green Reefers hafi verið keppinautar í fiskútflutningi frá Íslandi og að saman hafi Silver Sea og Green Reefers verið með afar sterka stöðu. Þá voru Silver Sea og Green Reefers einnig keppinautar í fiskútflutningi frá Færeyjum.

10029. Þá er í glærunum greint frá stöðu og tilgangi viðræðna og áformum aðila:



Negotiations have taken place during the past months and we are about to reach a principal agreement, that includes:

- ✓ A commercial company to be established to do all sales / chartering of the fleet of Silver Sea and Green Reefers vessels that are serving the frozen pelagic segment from the N-Atlantic (8-14 vessels).
- ✓ Name of company to be Silver Green As
- ✓ Managing Director to be Tormod Fossmark
- ✓ Ownership to be 51% for Green Reefers As and 49% for Silver Sea As.
 - ✓ Shareholding agreement ensuring equal voting on all major issues.
 - ✓ Four board members, two from each party, chairman lifting double voting on defined issues/decisions.

- ✓ If we decide to go ahead – next step would be to finalize a Letter of Intent.
- ✓ It will take 50 to 80 days to get acceptance from competition authorities in Norway, so expected that the partnership could start as of 1 st of January 2010.

Significant synergies will be achieved by operating the fleet in the N-Atlantic jointly, being:

-operational efficiencies, by calling fewer ports, both at loading ports as well as discharging ports, this leading to less time in ports, less harbour costs and less sailings/bunkering costs.

-stevedoring costs will be reduced in ports in Baltics and Russia

-we should be able to maintain current rates, during times when rates are in general under pressure

Potential synergies are estimated to reach \$3-\$5 m per year, were by our stake would be somewhere between \$500k to \$1 m.

Further analysis on potential synergies will be evaluated during the next two weeks.



10030. Ekki er útskýrt í glærunum af hverju hafi verið talið nauðsynlegt að bera framangreint undir norsk samkeppnisyfírvöld en ekki samkeppnisyfírvöld hér á landi.

10031. Ljóst er að (S)forstj taldi talsverðan ábata af samvinnu við Green Reefers sem m.a. átti að felast í því að fyrirtækin gætu varist óskum viðskiptavina um lægri verð og haldið verðum uppi;

„we should be able to maintain current rates, during times when rates are in general under pressure“.

10032. Með öðrum orðum myndi draga verulega úr samkeppni með samvinnunni við Green Reefers. Í næsta kafla er gerð grein fyrir áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010 sem (S)forstö-útlfi sendi (S)forstj 3. desember 2009. Í því skjali er lýst umtalsverðri samkeppni frá frystiskipaútgerðum eins og Green Reefers á árinu 2009. Lagt var hins vegar til grundvallar að á árinu 2010 munu Samskip geta haldið uppi verði á útflutningi á frystum fiski („Einingarverð mun haldast óbreytt milli ára“)

10033. Í kynningunni var síðan gefið eftirfarandi yfirlit yfir starfsemi Samskipa/Silver Sea m.a. á Íslandi:

samskip Silver Sea Iceland

Silver Sea is operating a fleet of 12 specialized reefer vessels – main commodities are exports of frozen fish from Iceland, Norway, Shetland and Scotland to Baltic / Russian markets.

Samskip owns 50% in Silver Sea
Together with MD Tormod Fossmark.

Silver Sea owns:
-MV Silver Ocean
-MV Silver Fjord
-MV Silver Cape and Horn (20% stake).
-MV Silver Statt and Stockholm (35%)

Silver Cape/Horn/Statt/Stockholm are owned with partners – Multipartner and Fjord Shipping.

Samskip HF has in addition been having MV Alma on TC last three years.



Silver Sea is the commercial unit for all fleet, having always flat 5% fee on all bookings for the whole fleet.

Silver Sea, Silver Ocean and Silver Fjord made Roughly \$4,5m in Ebitda 2008, and net results of \$2m. Samskip is receiving \$800 to \$1m in dividend for last year.

Confidential – October 2009

10034. Þá var í þessum glærum (S)forstj sagt frá því að til stæði að Silver Sea tæki yfir tvö af frystiskipum Eimskips-CTG. Í framangreindum tölvupósti (S)forstj til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S frá júlí 2009 var sagt að þetta væru skipin Dalfoss og Langfoss. Í eftirfarandi glæru kemur hins vegar fram að þetta hafi verið skipin Polfoss og Dalfoss:



Samskip		Silver Sea	Iceland
<p>Silver Sea is about to take over two of Eimskip's new reefer vessels, MV Dalfoss and MV Polfoss.</p> <p>Eimskip's purchase price at Eur 15m – we will take them over during May on 1 year bareboat arrangement, with purchase option of Eur 10m.</p>		<p>The ownership structure of BC arrangement will be :</p> <ul style="list-style-type: none">-Silver Sea 50%-Multipartner 25%-Fjord Shipping 25% <p>The BC structure will secure a commission for Silver Sea amounting to approx \$350k per year.</p>	
			

Confidential – October 2009

10035. Rétt er að áréttta að þessar glærur gefa m.a. til kynna að (S)forstj hafi talið talsverðan ábata felast í þessari fyrirhuguðu samvinnu við Green Reefers. Með henni gætu fyrirtækin m.a. haldið verðum uppi. Með öðrum orðum myndi draga verulega úr samkeppni með samvinnunni við Green Reefers. Verður að telja að þetta hafi haft beina tengingu við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins, sbr. og nánar hér á eftir.

20.4.2.3. Halda uppi eða hækka verð á flutningum á fiski

10036. Þann 3. desember 2009 sendi (S)forstö-útlfl áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010 til m.a. (S)forstj.⁵²⁹⁸ Í umfjöllun í áætlun (S)forstö-útlfl um útflutning á fiski er lýst meiri samkeppni en kom t.d. fram í áætlunum innflutnings- og landflutningadeilda Samskipa veturinn 2009. Þar er m.a. lýst samkeppni Samskipa við Green Reefers og aðra sem buðu upp á útflutning með frystiskipum (stórflutningaskip). Þar segir m.a.:

„Áframhaldandi samkeppni verður við stórflutningaskip sér í lagi á uppsjávarfiski inn til Frakklands, Hollands og Englands sem samnýta ferðir á leið inn til Eystrasaltsríkjanna. Stórir farmar sem annars færu í gámaskipum Samskipa til Evrópu. Það er ljóst að með tilkomu margra stórra frystigeymslna um landið að margar útgerðir munu á komandi ári skoða nánar hvaða kosti þær hafa varðandi stórflutningaskip. Það verður eitt af okkar megin verkefnum á komandi ári að sanna fyrir okkar stærri viðskiptavinum að fyrsti kostur sé áfram að gá mavæða þeirra framleiðslu líkt og gert hefur verið í auknum mæli síðustu misseri. [...]

⁵²⁹⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Áætlun UTFL 2010.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.679375.



Það er að fara umtalsvert magn með frystiskipum inn í Austursjó aðallega Klaipeda og gerði UTFL tilraun í vor með að bjóða gámaverð þangað og gekk það ágætlega á tímabili þegar nóg var að verkefnum hjá frystiskipum og verð tiltölulega há, en núna seinnipart sumars og haust hefur það ekki gengið þar sem nóg er af frystiskipum og verðin lág."

10037. Þrátt fyrir framangreint segir í áætlun (S)forstö-útfli að „sjóflutningsverð helstu vöruflokka hækkuðu á síðastliðnum 12 mánuðum, bæði við endurnýjun fyrri samninga og eins við öflun nýrra viðskipta.“ Aftur á móti hafi þessi verðhækkun ekki náð til „ferskfisks sem hefur gefið eftir í verðum sökum mikillar samkeppni í þessum vöruflokk.“ Til skýringa á þessu er vísað til samkeppni frá BWS og „undirboða“ frá Eimskip. Einnig segir þetta: „Áætlanir fyrir árið 2010 gera ráð fyrir að verð í erlendri mynt haldist nær óbreytt á sjávarafurðum en ekki er hægt að gera ráð fyrir að hækkanir á sjófrakt náist fram á meðan samkeppnin er jafn hörð og verið hefur sem og vegna þess ástands sem ríkir í Þjóðfélaginu.“ Í útflutningi á ferskum fiski á árinu 2010 var þetta markmiðið hjá útflutningsdeildinni ((S)forstö-útfli): „Þó gera megi ráð fyrir einhverri aukningu í útflutningi á ferskum fiski næstu ár er ljóst að með óbreyttu ástandi í hagkerfi landsins munu margir aðilar verða illa úti í baráttunni við ýmsa rekstarlega [svo] þætti. Keppikefli Samskipa verður því að standa vörð um einingaverðið, sem hefur verið að falla með dyggri undirboðastefnu EÍ, og koma í veg fyrir áframhaldandi lækkanir.“
10038. Samkvæmt framansögðu taldi (S)forstö-útfli að meiri samkeppni ríkti í flutningi á ferskum fiski heldur en í öðrum vöruflokkum. Í áætlun (S)forstö-útfli var aftur á móti gert ráð fyrir að verð á flutningum á ferskum fiski myndi hækka á árinu 2010. Í þessu samhengi ber að minnast þess að á þessum tíma stóðu yfir aðgerðir Samskipa og Eimskips um að hækka verð á landflutningum á ferskum fiski og að verð á þeim flutningi hækkaði á árinu 2010, sbr. kafla 14.8. Í áætlun (S)forstö-útfli var og lagt til grundvallar að árinu 2010 muni Samskip geta haldið óbreyttu verði á útflutningi á frystum fiski („Einingarverð mun haldast óbreytt milli ára“)
10039. Í þessu samhengi er jafnframt vert að rifja upp að fyrr á árinu 2009 höfðu bæði Samskip og Eimskip átt í viðræðum við BWS og héldu þeim áfram í desember 2009 og á árinu 2010. Þá skiluðu viðræður Samskipa og Green Reefer árangri á árinu 2010 með stofnun Silver Green. Er þessu lýst nánar hér á eftir.
10040. Samandregið má sjá, með vísan til þess sem að framan segir og umfjöllunar hér á eftir um atvik síðar á rannsóknartímabilinu, ýmsar aðgerðir Samskipa og Eimskips sem miðuðu m.a. að því að draga úr samkeppni í flutningum á fiski.

20.4.3. Atvik tengd Kloosterboer og frystigeymslurekstri fram til 2010

10041. Eins og fram kemur í kafla 5.6 átti (E)frkvstj-alþjsv á árunum 2002-2004 í ítrekuðum samskiptum við hollenska flutninga- og frystigeymslufyrirtækið Kloosterboer. Miðuðu þessi samskipti m.a. að því draga úr samkeppni milli fyrirtækjanna í þjónustu gagnvart íslenskum útflytjendum á sjávarfangi o.fl. Var m.a. rætt um skiptingu markaða eftir viðskiptavinum og unnið gegn því að nýir keppinautar gætu hafið samkeppni.
10042. Á árinu 2005 keyptu Samskip hluta af starfsemi Kloosterboer og Eimskip eignuðust meirihluta í Daalimpex, einu stærsta frystigeymslufyrirtæki í Hollandi. Áttu þessi fyrirtæki í ólögmetu samráði sem var yfirstandandi á árinu 2008. Í glærum (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv frá júní 2008 um „Nýtt upphaf“ verkefnið var vísað til bæði Daalimpex og Kloosterboer.
10043. Samhliða undirbúningi og tilurð „Nýtt upphaf“ verkefnisins áttu (S)forstj, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjsv í samskiptum við Kloosterboerfjölskylduna. (S)forstj ræddi við Kloosteboerfjölskylduna um endurkaup



hennar á frystigeyslum Samskipa í Rotterdam og Ijmuiden í Hollandi og (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvsv ræddu við fjölskylduna um mögulega yfirtöku hennar á dótturfélaginu Daalimpex.

10044. Á fyrri hluta ársins 2009 áttu sér stað eftirfarandi breytingar á frystigeyslumarkaði:

- Daalimpex varð gjaldþrota í febrúar 2009 og keypti Kloosterboer fjölskyldufyrirtækið í kjölfarið tiltekna frystigeyslur Daalimpex. Rak Kloosterboer í kjölfarið þá starfsemi í nafni Daalimpex. Var m.a. um að ræða frystigeyslu í Velsen í Hollandi sem veitti fiskútflytjendum frá Íslandi, Noregi og Færeyjum þjónustu.
- Eftir yfirtöku Kloosterboer á Daalimpex átti Eimskip í samstarfi við Kloosterboer/Dalimpex. Nýtti Eimskip sér m.a. frystigeyslur Kloosterboer/Dalimpex (nefnt í einu lagi Kloosterboer hér eftir nema annað sé tekið fram) við útflutning á fiski.
- Samskip seldu Kloosterboerfjölskyldunni frystigeysluna í Ijmuiden í Hollandi til baka um mitt ár 2009. Samskip litu áfram á Kloosterboer sem keppinaut sinn.⁵²⁹⁹
- Á árinu 2009 breyttu Samskip nafni frystigeyslnanna í Rotterdam og Álasundi. Höfðu þær verið reknar undir nafni Kloosterboer en nýja heitið var Frigocare.
- Í tengslum við þessar breytingar á frystigeyslustarfsemi Samskipa var (S)forstj fengið það viðbótarverkefni að bera ábyrgð á rekstri Frigocare gagnvart stjórn Samskipa Holding.⁵³⁰⁰
- Innan Samskipa var tekið fram að þessar breytingar myndu ekki þýða að samstarfi fyrirtækisins og Kloosterboerfjölskyldunnar myndi ljúka. Í fundargerð stjórnar Samskipa Holding frá 1. september 2009 sagði um þessar breytingar: „*That does not mean that cooperation with Kloosterboer will stop, not at all. That will continue if both parties see interest in that.*“⁵³⁰¹ Gekk það eftir og fólst í því samstarfi m.a. ólöglegt samráð, sbr. nánar hér á eftir.
- Tveir einstaklingar í Kloosterboer fjölskyldunni koma hér við sögu, þeir Kloosterb1 og Kloosterb4. Hóf Kloosterb1, sem hafði starfað hjá Samskipum, aftur störf hjá fyrirtæki Kloosterboer fjölskyldunnar í tengslum við breytingu á eignarhaldi á frystigeyslum. Samskipti hans og (E)frkvstj-alþjvsv héldu áfram. Kloosterb4 starfaði einnig hjá fjölskyldufyrirtækinu og hafði einnig átt í samskiptum við (E)frkvstj-alþjvsv. Átti (S)forstj í reglulegum samskiptum við Kloosterb4, sbr. nánar hér á eftir.

10045. Sem fyrr segir var (S)forstj á árinu 2009 fengið það verkefni að bera ábyrgð rekstri Frigocare gagnvart stjórn Samskipa Holding. Lýsti (S)forstj áherslum sínum að þessu leyti í tölvupósti sem hann sendi samstarfsmönnum 28. október 2009: „*We wish to create as much synergies between our fish related activities in Iceland, Norway and Holland, ie the coldstores and shipping activities - knowhow and clientbase of frigocare, samskip and silver sea.*“⁵³⁰²

10046. Vildi (S)forstj þannig m.a. tengja betur saman þjónustu Samskipa á Íslandi við fiskútflytjendur og rekstur Frigocare og Silver Sea. Hefur (S)forstj og sagt að Samskip veiti m.a. íslenskum fiskútflytjendum

⁵²⁹⁹ Ljóst er að Samskip leit á Kloosterboer fjölskylduna sem bæði keppinaut sinn og samstarfsaðila. Í t.d. tölvupósti [...] (framkvæmdastjóri Frigocare) [...] var t.d. vísað til Kloosterboer sem keppinauts („*Our competitors (Kloosterboer ...)*“). Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.769194.

⁵³⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.663571. Þar segir: „*Following the sale of the Ijmuiden and Bayside coldstores to the Kloosterboer family it has been decided to 1) Re-brand the Aalesund and Rotterdam coldstores to Frigocare and 2) To appoint [...] as overall responsible for the coldstores including the facilities in Iceland and The Faroes. [...] will in this capacity report directly to the main board of Samskip.*“

⁵³⁰¹ Afhent gagn frá Samskipum. Afhent 10.03.2017. Fundargerð stjórnar Samskipa Holding vegna stjórnarfundar 01.09.2009.

⁵³⁰² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.659735.



þjónustu „sem samanstendur m.a. af gámaflutningum, frystigeymslum, flutningum með frystiskipum og togaralöndunarþjónustu ...“, sbr. kafla 20.5.1.

10047. Á stjórnarfundum Samskipa Holding í byrjun desember 2009 gaf (S)forstj þetta yfirlit yfir starfsemi Samskipa, Frigocare og Silver Sea:⁵³⁰³

samskip Introduction Iceland

- A comprehensive export transportation network matched with four cold store facilities which joint capacity amounts to 33 thousand tons :
 - Holland - FrigoCare Rotterdam (14.000)
 - Norway - FrigoCare Aalesund (17.500)
 - Iceland – Ísheimar (6.000)
 - Faroe Islands - cold store (7.000)
- “Own “ shipping routes of Samskip and Silver Sea transport over 500 k tons annually, and over 100k tons (10 th teus) controlled annually between Europe / Asia.
- A healthy portfolio of leading seafood export customers in the North-Atlantic – many of which are operating in number of the above market places

A number of opportunities ahead, including:

- Cross-selling across markets
- Gaining increased operational synergies

samskip
frigoCare
SILVERSEA

Confidential – December 2009

10048. Er þannig ljóst að Samskip, Frigocare og Silver Sea höfðu þýðingarmiklu hlutverki að gegna í þjónustu við útflutning á sjávarafurðum frá Íslandi. Þá er jafnframt ljóst að miklu skipti fyrir þann útflutning að samkeppni ríkti milli þessara fyrirtækja undir hatti Samskipa við keppinauta eins og Eimskip, Green Reefers, BWS og Kloosterboer.

20.4.3.1. Unnið að því að hækka verð gagnvart íslenskum viðskiptavinum

10049. Á þessum tíma var sem áður segir takmörkuð samkeppni milli Samskipa og Eimskips vegna samráðs fyrirtækjanna. Miðaðu viðræður Samskipa við Green Reefers og BWS meðal annars að því að takmarka samkeppni þegar kom að flutningum á fiskafurðum og þjónustu við útflytjendur sjávarafurða. Hið sama á við um viðræður Samskipa við Kloosterboer, sbr. nánar hér á eftir.

10050. Í þessu samhengi er það lýsandi að eitt af fyrstu verkum (S)forstj, eftir að hann tók ábyrgð á rekstri Frigocare, var að stuðla að því að verð á þjónustu Frigocare gagnvart íslenskum viðskiptavinum, ekki síst íslenskum fiskútflytjendum, yrði hækkað. Þetta kemur fram í tölvupósti hans til (S)frkvstj-Frigo1,

⁵³⁰³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Samskip_export_and_coldstores_01122009.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.677919.



framkvæmdastjóra Frigocare, frá 30. október 2009, sbr. einnig kafla 14.17.3. Í tölvupósti (S)forstj sagði þannig:

„I would like to assist increasing the rates on the icelandic clients, and suggest you send me a list of proposed rates increases (or unchanged where ever applicable) for next year for all clients.“⁵³⁰⁴

10051. Var þetta í samræmi við þá áherslu sem (S)forstj lagði á þessum tíma á að verð á þjónustu Samskipa á Íslandi hækkaði. Samráðið við Eimskip skapaði skilyrði fyrir þessu, sbr. einnig umfjöllun í kafla 14.

20.4.3.2. Samskip funda með Kloosterboer

10052. Í fyrrgreindum tölvupósti (S)forstj til (S)frkvstj-Frigo1 30. október 2009 lýsti hann yfir áhuga á að hitta Kloosterboer (Kloosterb4). Hafði (S)frkvstj-Frigo1 milligöngu um fundinn sem var haldinn 12. nóvember 2009.⁵³⁰⁵ Gögnin sýna að (S)forstj og Kloosterb4 hittust einnig í desember 2009, sbr. nánar hér á eftir.

10053. Sem fyrr segir fjallaði (S)forstj um Frigocare í glærukynningu sem hann sendi (S)stjórnarm-fjármstj 30. nóvember 2009 og fór svo yfir á stjórnarfundi Samskipa Holding sem hófst daginn eftir. Einnig kom fram hér að framan að (S)forstj hefði boðist til að hjálpa (S)frkvstj-Frigo1 við að hækka verð gagnvart íslenskum viðskiptavinum. Glæsur (S)forstj frá 30. nóvember 2009 sýna hins vegar að það var meiri áskorun að hækka verð í Hollandi en almennt gildi í starfsemi Samskipa og Eimskips á Íslandi. Í glæru um starfsemi Frigocare í Hollandi segir þannig:

samskip	Iceland
Market Development	
Price & volume trend of the market	
-The market and competitors are approaching price levels for 2010 in neutral	
-Clients seek opportunities to cut costs	
-Clients react (very) negative towards the idea of price increases and expect 0% or a reduction, due to lower energy prices. Energy increases have been the main leverage for rate increases (2007–10% / 2008–6%) so far.	
-Market in general relatively stable, product prices stabilizing	
Market share	
-Current market share space 8%, main competitors Eurofrigo 65 k and Kloosterboer Maasvlaakte 65 k.	
-Market share fish (Rotterdam) approximately 25%	
-Fish market share will be stable or growing slightly	
Confidential – December 2009	5

⁵³⁰⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.661137.

⁵³⁰⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.661145.



10054. Væri þannig mjög erfitt að ná fram hækkun á verði og væri uppi krafa hjá viðskiptavinum um verðlækkun þar sem dregið hefði úr orkukostnaði. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að orka er stór kostnaðarliður við rekstur á frystigeymslum.
10055. Þann 1. desember 2009 sendi (S)frkvstj-Frigo1 til (S)forstj drög að tölvupósti til viðskiptavina Frigocare þar sem þeim var gerð grein fyrir 2% verðhækkun á árinu 2010.⁵³⁰⁶ Sýna gögnin að (S)frkvstj-Frigo1 hafði samband við Kloosterboer því næsta dag sendi hann tölvupóst til (S)forstj og upplýsti að Kloosterboer (Kloosterb4) gæti hitt (S)forstj daginn eftir.⁵³⁰⁷ Var (S)forstj staddur í Hollandi í byrjun desember 2009 vegna fundar stjórnar Samskipa Holding.⁵³⁰⁸ Sýna gögn málsins að (S)forstj hitti Kloosterb4 í desember 2009. Kemur þetta fram í tölvupósti (S)forstj til Kloosterb4 þann 5. janúar 2010. Í honum þakkaði (S)forstj Kloosterb4 fyrir ánægjulega fundi í bæði nóvember og desember 2009.⁵³⁰⁹
10056. Þann 4. desember 2009 svaraði (S)forstj framangreindum tölvupósti (S)frkvstj-Frigo1 frá 1. desember vegna fyrirhugaðra verðhækkana á árinu 2010. Var hann ánægður með drög (S)frkvstj-Frigo1 að tilkynningu um verðhækkun að öðru leyti en því að honum fannst óþarft að greina viðskiptavinum frá því að orkukostnaður Frigocare hefði minnkað.⁵³¹⁰ Vildi (S)forstj þannig halda upplýsingum um lækkun á orkukostnaði frá viðskiptavinum.⁵³¹¹ (S)frkvstj-Frigo1 svaraði skömmu síðar sama dag og kvaðst myndu fella niður tilvísun til minni orkukostnaðar í tilkynningunni. Einnig greindi hann (S)forstj frá samskiptum við yfirmann hjá Eimskip og að hafa rætt við hann um viðskiptavinum: „... had lunch with [(E)frkvstj-Reefer] (Icelandic) Eimskip and I am trying to get to work with him on some smaller customer of theirs. Looks promising. will keep you posted.“ (S)forstj svaraði sama dag og lýsti ánægju sinni með þetta.⁵³¹²

20.4.3.3. Verðhækkun í kjölfar samskipta við Kloosterboer

10057. Nokkrum dögum seinna eða þann 8. desember 2009 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo1 og spurði „hversu mikið“ Kloosterboer væri að hækka verð: „Hi - what is the competition doing? how much are Kloosterboer increasing their rates in general?“ Gefur þetta ótvírætt til kynna að (S)forstj hafi vitað að vilji Kloosterboer stæði til þess að hækka verð. Ber að hafa hér sterklega í huga samskipti (S)forstj og (S)frkvstj-Frigo1 við Kloosterboer í nóvember og í upphafi desember 2009.
10058. (S)frkvstj-Frigo1 svaraði tölvupósti (S)forstj stuttu síðar: „Hi, all competitors at neutral, except for Kloosterboer IJmuiden. They have a GRI⁵³¹³ of 3%. Interesting, since they claimed not to raise rates in any Kloosterboer entity. Apart from the individual raises here and there, all cold stores approach neutral. [...] IJmuiden and ourselves are the only ones working with a GRI.“⁵³¹⁴
10059. Samkvæmt framansögðu áttu Samskip og Kloosterboer í samskiptum og í kjölfarið höfðu bæði Frigocare og Kloosterboer gripið til almennra verðhækkana. Aðrir keppinautar hækkuðu hins vegar ekki verð.

⁵³⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.679985.

⁵³⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.679011.

⁵³⁰⁸ Afritaðar dagbókarfærslur frá Samskipum. [...]

⁵³⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.691081.

⁵³¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.679985.

⁵³¹¹ Í desember 2009 fjallaði [...] í glærurkynningu á stjórnarfundum Samskipa Holding um rekstur Frigocare, m.a. þýðingu orkukostnaðar í þeim rekstri. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Samskip_export_and_coldstores_01122009.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.741144.

⁵³¹² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.679969.

⁵³¹³ Almenn verðhækkun (GRI: General rate increase).

⁵³¹⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.681082.



10060. Þessi verðhækkun varð (S)forstj tilefni til að framsenda tölvupóst (S)frkvstj-Frigo1 til (S)stjórnarm-fjármstj hjá Samskipum Holding. Gerði hann það með tölvupósti 8. desember 2009 og fylgdu þessi skilaboð:

„Hér er staðfesting, því miður, á andsk... aumingjaskapnum sem í gangi hefur verið, nú eru þeir Kboer bræður í aðstöðu til að hækka verð verulega á Ijmuiden kúnna, og gera myndarlega. Við hefðum alltaf átt að geta búið til slíkt umhverfi.“

10061. (S)stjórnarm-fjármstj svaraði sama dag: „Kemur kannski ekki svo á overt en líka gott fyrir [(S)frkvstj-Frigo1] að sja tetta. Gefur honum vonandi tiltru og kjark vardandi að vera grimmar sjálfur í hækkunum sem vid turfum.“⁵³¹⁵

10062. Samkvæmt þessu var (S)forstj óánægður með að áður en hann tók við ábyrgð á þessum rekstri, hefði verð ekki verið hækkað nægjanlega mikið gagnvart viðskiptavinum. Tölvupóstur hans og (S)stjórnarm-fjármstj gefa til kynna að nú skyldi þetta breytast. Ber að virða samskiptin við Kloosterboer í þessu ljósi. Jafnframt ber að hafa í huga framangreindan vilja (S)forstj til þess að hækka verð gagnvart íslenskum viðskiptavinum Frigocare.

20.4.3.4. Samantekt

10063. Eins og rakið er í kafla 11 er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að á fundi Samskipa og Eimskips 6. júní 2008 hafi fyrirtækin ákveðið að ráðast í verkefni sem hafði að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.

10064. Með „Nýtt upphaf“ verkefninu ákváðu Samskip og Eimskip að meta hagræði af því að „auka samstarf“ í margvíslegri starfsemi fyrirtækjanna á sviði flutninga, sbr. glærुकyning sem (E)frkvstj-alþjv vistaði 8. júní 2008 og (E)forstj daginn eftir um „Nýtt upphaf“ verkefnið.

10065. Einn verkþáttur í „Nýtt upphaf“ verkefninu fólst í því að auka samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum. Voru áætlunarsiglingar til/frá Íslandi með viðkomu í Færeyjum hluti af siglingakerfum Samskipa og Eimskips. Í glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið kemur m.a. fram að skoða eigi sameiginlega siglingakerfi Samskipa og Eimskips til annarra Evrópuríkja. Jafnframt er fjallað um verkþætti sem vörðuðu flutningaþjónustu tengda fiski. Er lýst mögulegu umfangsmiklu samstarfi milli Samskipa og Eimskips á þessu sviði og m.a. vísað til mögulegs samruna dótturfélaganna Silver Sea og Eimskip-CTG. Einnig er vísað til eftirfarandi: „Skoða sameiginlega • Kloosterboer, Samskip, Daalimpex“.

10066. Samkvæmt glærुकyningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið var stofnaður vinnuhópur til þess að framkvæma þá verkþætti sem féllu undir verkefnið en í honum sátu (S)forstj, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjv.

10067. Aðgerðir sem höfðu þann tilgang að kanna aukið samstarf og takmörkun á samkeppni í útflutningi á sjávarafurðum voru í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Tók þetta til mögulegrar aukinnar samvinnu Samskipa og Eimskips og umræddra dótturfélaga. Þá voru aðgerðir til að draga úr samkeppni frá keppinautum einnig í samræmi við þetta og til þess fallnar að styðja við þann árangur sem náðst hafði með samráðinu. Framangreind gögn sýna að Samskip og Eimskip töldu helstu keppinauta sína í flutningi á fiski frá Íslandi vera annars vegar BWS og hins vegar frystiskipafélög eins og Green Reefers. Síðastnefnda félagið var einnig keppinautur Silver Sea og Eimskip-CTG í flutningi á frystum fiski frá Íslandi og Noregi. Þá var Kloosterboer keppinautur sem veitti útflytjendum á sjávarafurðum þjónustu.

⁵³¹⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.681164.



10068. Samkeppni frá BWS, Green Reefers og Kloosterboer gerði ólögmaett samráð Samskipa og Eimskips erfiðara á mörkuðum sem tengdust flutningi á sjávarafurðum. Til viðbótar var BWS öflugur keppinautur Samskipa og Eimskips í inn- og útflutningi frá Færeyjum. Samstarf við BWS, Green Reefers og Kloosterboer var því til þess fallið að draga úr samkeppni annars vegar í flutningi á fiski frá m.a. Íslandi og almennt í sjóflutningum tengdum Íslandi og Færeyjum enda BWS keppinautur Samskipa og Eimskips á báðum þessum markaðssvæðum. Þá var aukin samvinna Samskipa og Eimskips í Færeyjum til þess fallin að raska samkeppni og ber að líta til þess að sjóflutningakerfi fyrirtækjanna vegna siglinga til og frá Íslandi og Færeyjum voru samþætt.
10069. Gögn málsins sýna að eftir fund fyrirtækjanna 6. júní 2008 var unnið markvisst í verkþáttum sem vörðuðu flutning á sjávarafurðum og flutningastarfsemi í Færeyjum. Í tölvupósti sem (S)frkvstj-Silver, framkvæmdastjóri Silver Sea, sendi (S)forstj 8. júlí 2008 með heiti sem vísaði til Green Reefers spurði hann hvenær (S)forstj ætlaði að hitta Eimskip. Í tölvupósti sem (S)frkvstj-Silver sendi (S)forstj 11. ágúst 2008 spurði hann fréttu af Eimskip/CTG: „Eimskip/CTG- any news/developments?“. Fólst í þessu að (S)frkvstj-Silver óskaði eftir upplýsingum um viðræður (S)forstj við Eimskip um verkþætti í „Nýtt upphaf“ verkefninu sem vörðuðu Silver Sea og útflutning á frystum fiski. Þá sýna tölvupóstsamskipti (S)forstj og (S)frkvstj-Silver 1. og 7. október 2008 eftirfarandi:
- Samskip höfðu snúið sér til Green Reefers og óskað eftir samstarfi en keppinauturinn ekki enn svarað.
 - (S)frkvstj-Silver lagði til að (S)forstj myndi hringja í Green Reefers. Vildi hann að þeim skilaboðum yrði komið til Green Reefers að Samskip/Silver Sea hefði dregið úr samkeppni meðan beiðið væri svars um samstarf en það gæti breyst. Þrátt fyrir að (S)frkvstj-Silver hefði sagt að ekki mætti stilla þessu upp sem hótun var þetta auðsýnilega hugsað sem hótun eða a.m.k. hvatning til að stuðla að jákvæðu svari frá Green Reefers við beiðni um samstarf.
 - (S)frkvstj-Silver óskaði eftir því að (S)forstj greindi honum frá stöðunni varðandi m.a. Eimskip og Samskip á Íslandi.
10070. Framangreind samtímagögn sýna einnig að (S)forstj ræddi á þessum tíma ítrekað við (S)frkvstj-Færeyj, framkvæmdastjóra Samskipa í Færeyjum, um möguleika Samskipa í Færeyjum á því að eiga í „aukinni“ samvinnu við Eimskip („doing more operations together with Eimskip“).
10071. Eftir þessar viðræður (S)frkvstj-Færeyj og (S)forstj haustið 2008 sendi (S)frkvstj-Færeyj 24. nóvember 2008 tölvupóst til (S)forstj. Greindi hann frá fundi sínum með (E)frkvstj-Færeyj, framkvæmdastjóra Eimskips í Færeyjum, og að þau hefðu rætt málefni sem hefði getað haft mikil áhrif á samkeppni, þ.e. möguleg kaup Smyril Line á Eimskip í Færeyjum. Í tölvupóstinum, sem bar heitið „Eimskip“, fólst einnig að (S)frkvstj-Færeyj vísaði til fyrri viðræðna við (S)forstj um Eimskip í Færeyjum og sagði (S)frkvstj-Færeyj að fyrir hendi væru möguleikar á hagræðingu með því að Samskip í Færeyjum myndu eiga í „aukinni“ samvinnu við Eimskip.
10072. Þetta sýnir að eftir ítrekaðar viðræður (S)forstj við (S)frkvstj-Færeyj um hugsanlegt aukið samstarf við Eimskip fundaði sá síðarnefndi með (E)frkvstj-Færeyj og greindi (S)forstj frá því að slíkt samstarf væri raunhæft. Verður að telja að þessar aðgerðir hafi verið liður í framkvæmd á „Nýtt upphaf“ verkefninu.
10073. Eins og lýst er hér að framan fjölluðu Eimskip og Samskip á árinu 2009 ítrekað um samkeppni við BWS og áttu í samskiptum við þann keppinaut. Komu fram áhyggjur af samkeppni frá BWS bæði í flutningi á fiski frá Íslandi og á flutningamarkaðnum í Færeyjum. (S)frkvstj-Færeyj kvartaði yfir hræðilega („awful“) lágu verði BWS og í janúar 2009 höfðu stjórnendur Eimskips áhyggjur af aukinni samkeppni BWS í flutningi á fiski frá Íslandi.



10074. Í samtímagögnum Eimskips frá febrúar 2009 er fjallað um breytingu á siglingakerfi fyrirtækisins auk sérstakrar umfjöllunar um skipið Blikur. Í gögnunum er lýst áskorunum í samkeppni við BWS og Fresh Link í flutningi á fiski. Ber að virða þessi gögn saman með annars vegar beiðni [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) til [\(S\)forstö-flutnstj](#) frá 24. mars 2009 og hins vegar skjölum [\(S\)forstö-flutnstj](#) frá 1. apríl 2009. Þessi gögn frá Samskipum fjalla um siglingakerfi og flutningsgetu Eimskips og Samskipa en í þeim koma fram nákvæmar upplýsingar um Eimskip. Að mati Samkeppniseftirlitsins gátu Samskip ekki án samskipta við Eimskip haft þá vitneskju um fyrirtækið sem birtist í gögnum, þar á meðal um mögulega breytingu á siglingakerfi þess. Hefur því umtalsverða þýðingu að í þessum gögnum Samskipa var lagt nákvæmt mat á tap og ábata Eimskips af því að skila skipinu Blikur. Einnig er að finna í gögnum Samskipa lýsingu á samkeppni Eimskips við BWS og Fresh Link sem er í samræmi við umfjöllum í innanhússgögnum Eimskips. Í athugasemdum Samskipa er ekki vísað til opinberrar umfjöllunar á þessum tíma um umrædd innri málefni Eimskips né heldur lögð fram gögn sem sýna að þessa upplýsingar hafi borist frá öðrum en Eimskip.
10075. Með vísan til þessa er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi tekið við mjög viðkvæmum upplýsingum um samkeppnisleg málefni Eimskips. Í þessu sambandi ber að hafa í huga umfjöllun um samráð fyrirtækjanna um siglingakerfi, flutningsframboð o.fl., sem átt hafði sér stað fram til apríl 2009. Einnig ber að hafa í huga þau beinu samskipti sem áttu sér stað á milli Eimskips og Samskipa m.a. á tímabilinu frá janúar til mars 2009, sbr. kafla 13.
10076. Samkvæmt framansögðu endurspeglar framangreind gögn ólöglegt skipti á viðkvæmum upplýsingum frá Eimskip til Samskipa. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að áframhaldandi umfjöllun innan Samskipa um m.a. siglingakerfi Eimskips hafi verið liður í framkvæmd „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins. Er þetta í samræmi við viðurkenningu Eimskips á ólöglegu samráði við Samskip í sátt fyrirtækisins við Samkeppniseftirlitið.
10077. Í apríl 2009 var það á verkefnalista [\(E\)forstj](#) að skoða „*samninginn*“ við Samskip og gera „*slot samning við Færeyjar*“ sem telja verður að vísi til samstarfs við Samskip og/eða BWS. Haustið 2009 var fjallað aftur um BWS innan Samskipa og Eimskips. Þann 14. september 2009 sátu [\(S\)forstj](#) og [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) þannig fund með heitinu „*Blue Water Smyrill line – status*“. Í lok september 2009 var innan Eimskips rætt um aukna samkeppni frá BWS. Ástæða þessa var umfjöllun í fjölmiðlum sem gaf til kynna aukna getu BWS til að keppa á Íslandi vegna tíðari siglinga Norrænu. Kallaði þetta á viðbrögð [\(E\)forstj](#), [\(E\)frkvstj-alþj](#) og [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) og var leitað eftir fundum með annars vegar öflugum útflytjanda á fiski er var í viðskiptum við BWS og hins vegar með BWS.
10078. Í kjölfarið, nánar tiltekið í október 2009, áttu meðlimir „*Nýtt upphaf*“ vinnuhópsins ([\(S\)forstj](#), [\(E\)forstj](#) og [\(E\)frkvstj-alþj](#)) samskipti á nánast sama tíma við BWS. Þann 22. október 2009 ritaði [\(E\)frkvstj-alþj](#) minnisblað þar sem lýst er fundi hans og [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) með BWS á Kastrup flugvælinum deginum á undan þar sem rætt var um mögulegt samstarf milli Eimskips og BWS. Sama dag og [\(E\)frkvstj-alþj](#) og [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) hittu BWS í Danmörku átti [\(E\)forstj](#) fund á Seyðisfirði með forsvarsmanni BWS hér á landi. [\(S\)forstj](#) var þann 22. október 2009 greint frá því að BWS væri áhugasamt um að hefja samstarf við Samskip. [\(S\)forstj](#) átti síðan fund með BWS 20. nóvember 2009. Lýsingar [\(S\)forstj](#), [\(E\)frkvstj-alþj](#) og [\(E\)forstj](#) í samtímagögnum á umræddum samskiptum við BWS sýna þetta:
- Samkvæmt [\(S\)forstj](#) vildi BWS mynda bandalag með Samskipum og starfa saman gegn Eimskip í Færeyjum. Í mars 2009 hafði erlenda flutningafyrirtækið DSV sett fram sambærilega tillögu nema að því leyti að hún tók til þess að mynda bandalag gegn Eimskip á íslenska flutningamarkaðnum, sbr. kafla 14.16.2. Í báðum þessum tilvikum hafnaði [\(S\)forstj](#) því að bindast samtökum gegn Eimskip enda hefði það sett ólöglegt samráð fyrirtækjanna í uppnám. Í tilviki BWS var samvinna í Færeyjum



ekki talin fýsileg m.a. sökum þess að BWS og Samskip voru bæði með vannýtt flutningarými og BWS gat ekki farið út af markaðnum fyrr en 2015 vegna skuldbindinga í samningi við Smyril Line. Taldi (S)forstj raunhæfara að skoða möguleika á „nánari“ samvinnu við BWS í flutningum til og frá Íslandi. Hér hefur og verulega þýðingu að þegar (S)frkvstj-Færeyj kvartaði 13. nóvember 2009 yfir mikilli verðsamkeppni frá BWS var svar (S)forstj ekki að beina því til (S)frkvstj-Færeyj að keppa við BWS heldur greindi hann frá því að hann ætti fund með BWS í næstu viku.

- Í gögnunum frá Eimskip er ekki tekið fram að BWS hafi viljað mynda bandalag með Eimskip gegn Samskipum. Aftur á móti er ljóst að BWS ræddi sambærilegt samstarf við Eimskip og fyrirtækið gerði við Samskip. Þá var rætt um takmörkun á framboði eða skiptingu markaða. Var í því sambandi m.a. rætt um skip Eimskips, Blikur, og að Eimskip myndi taka yfir starfsemi BWS á Seyðisfirði.

10079. Þegar framangreind atvik eru virt saman gefa þau til kynna að annars vegar samskipti Eimskips við BWS og hins vegar samskipti Samskipa við BWS hafi verið hluti af aðgerðum Eimskips og Samskipa til að takmarka samkeppni á markaðnum í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Var það auðsýnlega hagsmunamál bæði Eimskips og Samskipa að reyna að draga úr samkeppni frá BWS í m.a. flutningi á fiski frá Íslandi. Þetta mat styrkist þegar gögnin frá 2009 eru virt saman með yngri gögnum sem lýst verður í næstu köflum.

10080. Gögnin sýna einnig að á fundi Samskipa og BWS 20. nóvember 2009 ræddu fyrirtækin málefni sem vörðuðu samkeppni milli þeirra í flutningum til og frá Íslandi og Færeyjum. Að mati Samkeppniseftirlitsins brutu Samskip gegn 10. gr. samkeppnislaga með þessum samskiptum við BWS. Í ákvörðun þessari er aftur á móti ekki tekin afstaða til aðgerða BWS.

10081. Auk viðræðna við BWS áttu bæði Eimskip og Samskip í viðræðum við Smyril Line. Þannig var í umræddu minnisblaði (E)frkvstj-alþjsv frá 22. október 2009 lýst samskiptum hans og (E)frkvstj-Færeyj við Smyril Line. Fjölluðu þau um þá hugmynd Smyril Line að Eimskip myndi taka yfir flutningarýmið í Norrænu þrátt fyrir að Smyril væri samningsbundið BWS. Þá ræddu Samskip og Smyril Line saman 8. nóvember 2009

10082. Viðræður Eimskips og Smyril Line voru augljóslega samkeppnislega mjög viðkvæmar og í bæði tölvupósti (E)frkvstj-alþjsv og minnisblaði hans var tekið fram að um trúnaðarmál væri að ræða. Gögn málsins gefa hins vegar til kynna að Eimskip hafi upplýst (S)frkvstj-Færeyj um þessar viðræður við Smyril Line. Verður þetta ráðið af tölvupóstunum sem (S)frkvstj-Færeyj sendi (S)forstj 8. desember 2009, þ.e. bæði tölvupóstinum sem hann sendi fyrir fundinn með Eimskip og tölvupóstinum sem hann sendi síðar sama dag en Samkeppniseftirlitið telur ljóst að hann hafi verið sendur eftir fundinn með Eimskip. Þessi upplýsingaskipti voru í samræmi við samskiptin sem átti sér stað á milli fyrirtækjanna í Færeyjum 24. nóvember 2008, sbr. lýsingu (S)frkvstj-Færeyj á samskiptum við (E)frkvstj-Færeyj í tölvupósti hans til (S)forstj frá sama degi.

10083. Er þannig ljóst að samskipti áttu sér stað milli Samskipa og Eimskips í Færeyjum 24. nóvember 2008 og 8. desember 2009. Er að áréttu að deildir/dótturfélög Samskipa og Eimskips í Færeyjum lutu stjórn móðurfélaganna hér á landi og annast starfsemi sem lýtur m.a. að flutningum milli Íslands og Færeyja og jafnvel Englands og meginlands Evrópu. Þá gat umfjöllunarefnið í þessum viðræðum fyrirtækjanna haft bein áhrif á samkeppni í sjóflutningum til og frá Íslandi, m.a. sá möguleiki að Eimskip tæki yfir flutningsrými BWS í Norrænu. Brutu Samskip og Eimskip því gegn 10. gr. samkeppnislaga með þessum samskiptum.

10084. Til viðbótar lýsti (S)frkvstj-Færeyj samskiptum við (E)forstö-fjármFæreyj sem var fjármálastjóri dótturfélags Eimskips í Færeyjum. Þetta gerði (S)frkvstj-Færeyj í tölvupósti sem hann sendi (S)forstj 12. desember 2009. Gerði hann (S)forstj grein fyrir því að (E)forstö-fjármFæreyj hefði haft samband við



hann og lýst ónægju með að Samskip hefðu náð tilteknum viðskipavini í viðskipti til sín. Samkeppniseftirlitið áréttar að það er á engan hátt eðlilegt að fyrirtæki hafi samband við keppinaut sinn og „skammti“ hann fyrir að hafa með samkeppnisaðgerðum náð til sín viðskiptavini. Slík samskipti kunna þvert á móti að vera birtingarmynd á ólögmaetu samráði milli fyrirtækja. Gögn sem tengjast þessu gefa einnig til kynna samvinnu milli fyrirtækjanna í skipaafgreiðslu í Færeyjum.

10085. Ljóst er að Samskip höfðu áhuga á því samstarfi við Smyril Line sem lýst er í tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj frá 8. desember 2009, þ.e. að Samskip tækju yfir viðskipti BWS í Færeyjum, þar sem það hafði þann kost í för með sér að keppinauti myndi fækka um einn á markaðnum og unnt væri þá að hækka verð. Það samstarf gekk hins vegar ekki eftir þar sem BWS og Smyril Line ákváðu að eiga áfram í samstarfi, sbr. tölvupóst (S)frkvstj-Færeyj frá 12. desember 2009. Samkvæmt þessu var samstarf BWS og Smyril Line framlengt og BWS var áfram í þeirri stöðu að geta keppt við Samskip og Eimskip í sjóflutningum á Íslandi og í Færeyjum. Sagði (S)frkvstj-Færeyj í umræddum tölvupósti að sökum þessa yrði baráttu við BWS að halda áfram.
10086. Þrátt fyrir framangreint áttu (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv í áframhaldandi samskiptum við BWS á árinu 2010 og áfram og ræddu áfram um mögulegt samstarf við þennan keppinaut. Verður þessu lýst hér á eftir.
10087. Á árinu 2009 áttu Samskip ekki aðeins í samskiptum við BWS heldur höfðu viðræður einnig átt sér stað við Green Reefers. (S)forstj gerði grein fyrir stöðu þeirra viðræðna á stjórnarfundum Samskipa Holding í október 2009. Kom þar fram að viðræður við Green Reefers hefðu staðið yfir í nokkra mánuði og aðilar væru um það bil að ná saman um meginatriði. Sagði (S)forstj einnig að mikill ábati myndi felast í samstarfi við Green Reefers í flutningi á frystum fiski, m.a. þessi:
- „-we should be able to maintain current rates, during times when rates are in general under pressure“*
10088. Í lok október 2009 beitti (S)forstj sér fyrir frekari verðhækkunum gagnvart m.a. útflytjendum á sjávarafurðum frá Íslandi. Eins og lýst hefur verið var það að eitt af fyrstu verkum (S)forstj, eftir að hann tók ábyrgð á rekstri Frigocare, að stuðla að því að verð á þjónustu Frigocare gagnvart íslenskum viðskiptavinum yrði hækkað, sbr. tölvupóstur hans til (S)frkvstj-Frigo1 frá 30. október 2009. Þá hækkuðu bæði Frigocare og Kloosterboer verð eftir samskipti (S)forstj við Kloosterboer í desember 2009.
10089. Hér ber og horfa til áætlunar útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010 sem (S)forstö-útfli sendi (S)forstj þann 3. desember 2009. Í umfjöllun um flutning á sjávarafurðum er lýst meiri samkeppni heldur en kom fram í áætlunum innflutnings- og landflutningadeilda Samskipa veturinn 2009. Hvað varðar útflutning á frystum fiski var vísað til samkeppni frá „stórflutningaskipum“ en Green Reefers var helsti keppinauturinn á því sviði. Þrátt fyrir þetta lagði (S)forstö-útfli til grundvallar að Samskip gætu haldið uppi verði á flutningi á frystum fiski á árinu 2010. Ber í þessu samhengi að hafa í huga framangreind ummæli (S)forstj frá október 2009 um að Samskip/Silver Sea og Green Reefers væru að ná saman um samstarf og það myndi gefa fyrirtækjunum möguleika á því að halda uppi verði. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga samtímagagn Eimskipa 15. nóvember 2010 sem staðfestir að samvinna Samskipa/Silver Sea á árinu 2010 takmarkaði samkeppni og leiddi til herra verðs fyrir flutning á frystum fiski frá Íslandi (m.a. sagt að samvinnan hafi; *„already increased the market rate and expected to rise further“*), sbr. kafla 20.5.2.
10090. Í áætlun (S)forstö-útfli um flutning á ferskum fiski er tiltekin samkeppni við BWS og Eimskip en engu að síður gert ráð fyrir hækkingu á verði. Sem fyrr segir héldu Samskip og Eimskip áfram viðræðum við BWS á árinu 2010 sem miðuðu að því að draga úr samkeppni.



10091. Í athugasemdum Samskipa við AI og AII er að finna athugasemdir fyrirtækisins við framangreinda umfjöllun. Þar er því hafnað að Samskip hafi átt í samráði eða hvers kyns ólögmætum samskiptum við Eimskip. Þá hafi aldrei komið til samstarfs af nokkru tagi milli fyrirtækjanna í Færeyjum.
10092. Einnig hafna Samskip því að nokkuð í samskiptum fyrirtækisins við BWS geti talist andstætt 10. gr. samkeppnislaga. Samskip hafna því einnig að tilgangur með samstarfi Silver Sea við Green Reefers hafi verið að draga úr samkeppni.
10093. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þessar athugasemdir og sjónarmið Samskipa, sbr. umfjöllun í kafla 31.4.

20.5. Silver Green stofnað á árinu 2010

10094. Sem áður segir greindi (S)forstj stjórn Samskipa Holding í október 2009 frá stöðu viðræðna við Green Reefers. Kvað (S)forstj aðila, þ.e. Samskip/Silver Sea og Green Reefers, vera um það bil að ná saman um mikilvæg atriði varðandi samvinnu í flutningi á frystum fiski. Var áfram unnið að þessari samvinnu á árinu 2010. Þann 21. maí 2010 birtist opinberlega umfjöllun um þetta:

„Silver Sea AS, a Norwegian reefer transport company 50% owned by Samskip, and Green Reefers AS have entered into a letter of intent for the establishment of a joint venture company, operating a fleet of 14 smaller-sized reefer vessels, primarily serving Northern European customers.

The JV partners believe that a combined operation will provide a better service for customers, whilst creating significant synergies in form of a more efficient operation, saved bunkers expenses, port calls etc. The relevant competition authorities will be notified of the transaction, and the parties intend to begin operations on July 1st.”⁵³¹⁶

10095. Í tölvupósti (S)forstj 26. maí 2010 útskýrði hann fyrir (S)frkvstj-MCL að Green Reefers væru í eigu Wilson, sbr. kafla 13.36.7.1. Jafnframt að Samskip væru að hefja nána samvinnu við Green Reefers „í gegnum“ Silver Sea:

„ECL is owned by Wilson - they also own Green Reefers whom we are establishing a close partnership via Silver Sea”⁵³¹⁷

10096. Á stjórnarfundum Samskipa Holding 15. júní 2010 fékk (S)forstj heimild til ljúka samningum við Green Reefer. Var þessu m.a. lýst svo í fundargerð stjórnar:

„7. Silver Sea/Silver Green - Update

(S)forstj informed the Board about discussions which have been going on for some time between Silver Sea and Green Reefers to merge their sales activity into combined company to be named Silver Green AS.

(S)forstj is seeking Board approval to establish Silver Green AS which will be owned equally by Silver Sea

Purpose of a joint company

Market competition is increasing and margins are being squeezed [svo]

⁵³¹⁶ Aðgengilegt á eftirfarandi vefslóð: www.logistics-scm.com/2010/05/21/silver-sea-and-green-reefers-establish-jv/.

⁵³¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.750168.



Cost efficiencies will be achieved

Scope of Business

Silver Green AS will transport goods from the following areas:

Norway, Iceland, Faroe Islands, Scotland, Shetland, The European Continent, New Foundland, Mediterranean, Morocco, Baltic Sea and Black Sea

Silver Green AS will enter into time charter agreements with Silver Sea AS and Green Reefers ASA for a group of 14 vessels

The company will charter in additional vessels as required

Shareholding matters:

Shareholding

50% Green Reefers ASA

50% Silver Sea AS

Voting Rights

50% Green Reefers ASA

50% Silver Sea AS

Board of Directors

Green Reefers ASA will have 2 members

Silver Sea AS will have 2 members"⁵³¹⁸

10097. Þann 2. júní 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til yfirstjórnar, m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl. Greindi hann frá því að Silver Green myndi hefja starfsemi 1. júlí 2010.⁵³¹⁹ (S)forstj settist í stjórn Silver Green og (S)frkvstj-Silver varð framkvæmdastjóri fyrirtækisins.
10098. Samskip hafa afhent afrit af hluthafasamkomulagi Silver Green.⁵³²⁰ Er það undirritað af yfirm-Green Reefers f.h. Green Reefers og (S)forstj og (S)frkvstj-Silver fyrir hönd Silver Sea. Í 1. gr. segir um markmið samkomulagsins:

„GREEN REEFERS and SILVER SEA are both operators of reefer ships.

The Shareholders believe that there is room for significant synergies if the operations were to be joined. The synergies will mainly come from optimization of sailing schedules to reduce fuel consumption, ballast, port and waiting time, and improved capacity utilization.

Based on the desire of obtaining a better and more cost efficient service and environmentally friendly operation, the Shareholders intend to establish a joint company, to be named Silver Green.

⁵³¹⁸ Afhent gagn frá Samskipum. Afhent 10.3.2017. Fundargerð vegna fundar stjórnar Samskipa Holding þann 15.06.2010.

⁵³¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá [...] til yfirstjórnar Samskipa. „Sumarið 2010“, dags. 02.06.2010, kl. 17:45. Doc. ID. 0.7.34.411968.

⁵³²⁰ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 08.04.2019. Fylgiskjal nr. 5.



The Shareholders wish to establish an improved service for their target customers, and aim to increase and extend the service to i.a. liner services which can also accommodate other cargoes.

Silver Green shall primarily transport seafood products from Northern Europe, including UK and Ireland, and from Newfoundland to the European Continent, Mediterranean, Baltic Sea and Black Sea. Silver Green shall also be able to seek all return cargoes available in these areas, including Morocco."

10099. Um stjórn Silver Green segir í 2. gr.:

„The Board of Directors of the Company (the "Board") shall consist of four (4) members.

The Shareholders shall together appoint a competent board. Each of GREEN REEFERS and SILVER SEA shall have the right to appoint two members to the Board.

As long as GREEN REEFERS holds equal to or more than 50% of the outstanding shares in the Company, GREEN REEFERS shall be entitled to appoint the Chairman of the Board. The other Shareholder shall approve such appointment however an approval shall not be unreasonably withheld. [yfirm-Green Reefers] will be the Chairman of Silver Green at the time of the commencement of the Company.

Decisions of the Board shall require that the majority of attending Board members vote in favour of the motion. The chairman of the Board shall not have a casting vote.

The only exemption applies to the decision regarding the change of the Managing Director of Silver Green, which requires unanimous Board decision as long as [(S)frkvstj-Silver] is the Managing Director, this shall not apply for his successors.

As long as SILVER SEA holds equal to or more than 50% of the outstanding shares in the Company, SILVER SEA shall have the right to appoint the Managing Director of Silver Green. The other Shareholder shall approve such appointment however an approval shall not be unreasonably withheld. [(S)frkvstj-Silver] will be the Managing Director of Silver Green at the time of the commencement of the Company."

10100. Í 7. gr. er að finna „Non-competition clause“:

„7.1 During the term of the Agreement

As long as both Shareholders own Shares in the Company, both Shareholders shall act loyally towards the interests of the Company and seek to avoid direct competition with the Company."

10101. Í gr. 7.2 er að finna samkeppnisákvæði sem gilda eftir að hluthafasamkomulagið fellur úr gildi og í gr. 7.3 er að finna sérstök samkeppnisákvæði sem gilda aðeins gagnvart (S)frkvstj-Silver.

10102. Eins og samtímagögn bera með sér var tilgangurinn með stofnun Silver Green að bregðast við aukinni samkeppni og auka framlegð. Taldi (S)forstj sem áður segir að með þessu væri unnt að halda uppi verðum enda þótt þau væru almennt að lækka, sbr. kafla 20.4.2.2. Þá segir í fundargerð frá fundinum 15. júní 2010 varðandi ástæður samstarfsins: „Market competition is increasing and margins are being squeezed“. Gefa gögn málsins til kynna að síðar hafi átt sér stað samskipti milli Samskipa, Eimskips og Silver Green, sbr. kafla 20.7.4.

20.5.1. Nánar um keppinauta Silver Green og Silver Sea

10103. Við rannsókn málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum frá Samskipum um Silver Sea og Silver Green, sbr. nánar hér á eftir. Hér er þó rétt að líta til þess að í bréfi Samskipa 8. apríl 2019 var athygli Samkeppniseftirlitsins vakin á því að „*starfsemi Silver Sea lýtur að heilfarmaflutningum í*



frystiskipum en ekki gámaflutningum" og að starfsemi Silver Sea og Silver Green hafi frá „upphafi fyrst og fremst tengst mörkuðum utan Íslands.“ Gaf þetta til kynna að Samskip teldu:

- Að Silver Sea og Silver Green hafi stundað starfsemi sem hafi ekki verið í samkeppni við Samskip og Eimskip.
- Að um hafi verið að ræða samninga eða athafnir sem hafi aðeins verið ætlað að hafa áhrif utan Íslands, sbr. 2. mgr. 3. gr. samkeppnislaga.

10104. Í mgr. 1606 – 1607 í athugasemdum við AII segja Samskip að helstu keppinautar í flutningi á frystum uppsjávarfiski til hafna í Eystrasaltsríkjunum hafi verið Silver Sea, Green Reefers og Eimskip CTG, sem ráku öll frystiskip og buðu upp á heilfarmaþjónustu til þessara landa. Starfsemi þeirra hafi þar af leiðandi ekki verið í beinni samkeppni við Samskip. Samskip hafi ekki haft viðkomu í höfnum framleiðenda og því ekki verið í beinni samkeppni um þessa flutninga frá Íslandi við fyrrnefnd fyrirtæki nema þá mögulega frá Vestmannaeyjum þar sem Samskip hafi haft beina viðkomu. Þetta hafi breyst töluvert eftir að makrílveiðar Íslendinga hófust enda hafi þá miklu magni af frystum makríl verið landað víða um land. En ákveðnir lestunar- og losunarstaðir hafi verið hagkvæmari fyrir frystiskip að sinna en gámaflutningaskip og hafi frystiskip þannig haft töluverða samkeppnisyfirburði gagnvart gámaflutningaskipum Samskipa.
10105. Í mgr. 1609-1610 í athugasemdum við AII segja Samskip að „í upphafi“ samstarfsins við Green Reefers hafi Silver Sea ekki verið „í beinni samkeppni við Samskip. Fyrirtækið flutti frystar uppsjávarafurðir, sem voru á þessum tíma ekki fluttar í gámum. Var því um að ræða viðbót við þjónustuframboð Samskipa.“ Segir að mikilvægt sé „að halda því til haga að meginstarfsemi bæði Silver Sea og Green Reefers er og hefur ávallt verið í Noregi. Er sá markaður eðli málsins samkvæmt umtalsvert stærri en markaðurinn á Íslandi. Eftir að makrílveiðar hófust urðu gámaflutningar samkeppnishæfari gagnvart frystiskipum frá útflutningshöfnum Samskipa, þ.e. Reykjavík og Vestmannaeyjum. Má því segja að fyrst þá, með umræddri þjónustubreytingu, hafi orðið til bein samkeppni á milli félaganna, þ.e. Samskipa, Eimskips og Silver Green, líkt og (S)forstö-útlfl vísaði til.“⁵³²¹
10106. Samkvæmt framansögðu virðast Samskip byggja á því að í upphafi samstarfs Samskipa/Silver Sea við Green Reefers (væntanlega þegar Silver Green var stofnað á árinu 2010) hafi frystiskip ekki verið í samkeppni við Samskip og Eimskip í flutningi á frystum fiski frá Íslandi en það hafi breyst þegar makrílveiðar hófust hér við land.
10107. Samkeppniseftirlitið bendir á að veiðar íslenskra skipa á makríl hófust af fullum þunga árið 2008. Á árinu 2007 var makrílafli 36.500 tonn en árið eftir var aflinn rúmlega 112 þúsund tonn og veiddist nær allur í íslenskri fiskveiðilögsögu.⁵³²² Miðað við þetta og framangreind sjónarmið Samskipa um þýðingu makrílveiða íslenskra skipa var „bein samkeppni“ fyrir hendi milli Samskipa, Eimskips og frystiskipa a.m.k. frá árinu 2008.
10108. Hvað sem framangreindu líður er ljóst að Silver Sea, Green Reefers og Silver Green höfðu ríka tengingu við íslenska markaðinn og að bæði Eimskip og Samskip litu á frystiskipaútgerðir sem keppinauta í flutningi á frystum fiski frá Íslandi. Er nánar fjallað um þetta í kafla 31.5.

⁵³²¹ Samskip vísa til skjals [...] frá 3. desember 2009 þar sem lýst er samkeppni Samskipa við Silver Sea, Green Reefers og aðra sem buðu upp á útflutning á fiski með frystiskipum frá Íslandi.

⁵³²² Sjá bls. 6 í skýrslu starfshóps sjávarútvegsráðherra frá janúar 2019. Aðgengileg hér: https://www.althingi.is/alttext/pdf/149/fylgiskjol/s1236-f_I.pdf.



20.5.2. Eimskip telur að tilkoma Silver Green hafi leitt til hærra verðs

10109. Samkvæmt framansögðu voru Samskip/Silver Sea, Eimskip/Eimskip-CTG og Green Reefers keppinautar í útflutningi á frystum fiski frá Íslandi. Samskip/Silver Sea og Green Reefers stofnuðu Silver Green og tók það fyrirtæki til starfa 1. júlí 2010. Með þeirri aðgerð hætti samkeppni milli Silver Sea og Green Reefers enda tók Silver Green við markaðsfærslu á þeirri frystiskipaþjónustu sem Silver Sea og Green Reefers höfðu áður sinnt í sitthvoru lagi. Þetta var einnig til þess fallið að hafa skaðleg áhrif á þá samkeppni sem Samskip gátu veitt í útflutningi á frystum fiski enda var Silver Sea dótturfélag Samskipa. Samskip tóku virkan þátt í stofnun Silver Green og (S)forstj settist í stjórn hins nýja félags.
10110. Þá ber að hafa í huga að (S)forstj taldi í október 2009 talsverðan ábata felast í þessari samvinnu við Green Reefers sem m.a. átti að felast í því að fyrirtækin gætu með henni varist óskum viðskiptavina um lægri verð og haldið verði óbreyttu/viðhaldið verði („we should be able to maintain current rates, during times when rates are in general under pressure“), sbr. glærुकyning (S)forstj á stjórnarfundum Samskipa Holding 3. október 2009. Með öðrum orðum myndi draga verulega úr samkeppni með stofnun Silver Green. Efnislega kom hið sama fram hjá (S)forstj á stjórnarfundum Samskipa Holding 15. júní 2010. Eftirfarandi gögn frá Eimskip sýna að þessi væntu áhrif af tilkomu Silver Green genu eftir.
10111. Í Noregi var talið nauðsynlegt að tilkynna þarlendum samkeppnisyfirvöldum um stofnun Silver Green. Í tölvupósti frá 29. júní 2010 spurði (S)forstj (S)frkvstj-fjárm að því hvort það væri ekki „vitleysa“ að hafa „svona hátt hlutafé / eigið fé“ í Silver Green. (S)frkvstj-fjárm svaraði að það væri „engin þörf á því, en [(S)frkvstj-Silver] er harður á þessu, sem og þetta sé tilkynnt inn til samkeppnisyfirvalda [...]“.⁵³²³
10112. Hér á landi beindu hvorki Samskip né aðrir stofnendur Silver Green tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins. Þá óskuðu þessir aðilar ekki eftir undanþágu Samkeppniseftirlitsins frá banni 10. gr. samkeppnislaga við samráði keppinauta.
10113. Samkvæmt framansögðu er ljóst að með stofnun Silver Green fólst ólögmaett samráð í skilningi 10. gr. samkeppnislaga, þ.e. ólögmaett samstarf Samskipa við fyrirtæki sem veitti íslenskum útflytjendum á sjávarafurðum þjónustu (Green Reefers) og við fyrirtæki sem stefndi að slíkri þjónustu (Silver Green).
10114. Tilgangurinn með stofnun Silver Green var ekki síst sá að draga úr samkeppni. Gögn frá Eimskip gefa til kynna að áætlanir (S)forstj þar að lútandi hafi strax haustið 2010 farið að skila árangri. Þannig sendi (E)forstö-útfl þann 28. september 2010 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj. Hafði (E)frkvstj-sala/þj beðið (E)forstö-útfl um að senda sér hugmyndir um atriði til að fjalla um á framkvæmdastjórnarfundum sem halda átti hjá Eimskip daginn eftir, t.d. það helsta sem væri að gerast á markaðnum. Undir liðnum „helstu mál“ sagði m.a. eftirfarandi í tölvupósti (E)forstö-útfl :
- „Samherji: Greinilegt á fundi okkar (E)viðskstjmeð [Samherja] að sameining Silver og Green er farin að hafa áhrif á RF-markaðinn.“⁵³²⁴ Verð munu hækka. Sem dæmi að þá eru þeir búnir að ákveða að taka inn RF-skip til áramóta sem þeir hafa verið með í notkun undan vesturströndum Afríku. [Samherji] spurði okkur einnig hvort við gætum ekki leyst fyrir hann málin til Póllands og kannski vestast í Baltic, t.d. Klaipeda?“⁵³²⁵
10115. Eins og lýst er í kafla 14.33.4, 14.33.5 og 14.33.6 hittust stjórnendur Eimskips og Samskipa á fundum 11. október 2010 og 2. og 8. nóvember 2010. Sátu fundina m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj sem m.a. báru ábyrgð á útflutningi fyrirtækjanna gagnvart forstjórum þeirra.

⁵³²³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.761223.

⁵³²⁴ Frystiskipamarkaðurinn.

⁵³²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.271817.



10116. (E)forstö-útfli heyrði undir (E)frkvstj-sala/pj. Í málinu er að finna skjal (E)forstö-útfli frá 15. nóvember 2010. Um er að ræða áætlun útflutningsdeildar Eimskips fyrir árið 2011.⁵³²⁶ Í skjalinu er gerð grein fyrir þeirri ógn sem útflutningsdeildin stóð frammi fyrir. Þar er ekki minnst á Samskip en samkeppnisleg ógn talin stafa frá:

- BWS
- Thorship
- Frystiskipum

10117. Í umfjöllun um samkeppnislega ógn frá frystiskipum segir þetta í áætlun (E)forstö-útfli :

3.2.2. REEFER FORWARDING / REFER VESSELS

Just like described before there is a continuous threat from refer vessels once they are around Iceland. The main players are:

- * Eimskip-CTG: 100% owned by Eimskip but an company operating and competing in this field of the market. Unavoidable the great focus on utilizing their vessels sometimes hits their “mother”, Eimskip in Iceland – Container export out of Iceland. That happens once container cargo is “sucked” on board Eimskip-CTG vessels in the name of utilization of the vessel. At the same time Eimskip’s container service is loosing marketshare, cargo, revenues and offering less profit!
- * Silver-Green: This was a major changes in the market in 2010 when Green Refers and Silver Sea joint forces into Silver-Green. Those two companies have constantly been fighting with unacceptable utilization over some part of year. Now they should be in better control. At least affect from their joint forces has already increased the market rate and expected to rise further.
- * Seatrade: Is acting just like Green Refers in the Icelandic market. The only difference is based on the gossip Thor ship will cooperate with Seatrade.

10118. Samkvæmt þessu skjali (E)forstö-útfli ríkti mikil samkeppni á milli Green Reefers og Silver Sea í útflutningi á frystum fiski frá Íslandi. Taldi (E)forstö-útfli að með stofnun Silver Green hefðu fyrirtækin, þ.e. Green Refers og Silver Sea, betri „stjórn“ á markaðnum. Taldi (E)forstö-útfli að þetta hefði þegar haft þau áhrif að verð hefði hækkað og að gert væri ráð fyrir því að það myndi hækka enn frekar gagnvart útflytjendum á frystum fiski frá Íslandi. Er þetta í samræmi við það sem fram kom í framangreindum tölvupósti (E)forstö-útfli til (E)frkvstj-sala/pj 28. september 2010. Er ljóst að sú takmörkun sem af þessu leiddi í samkeppni í flutningi á frystum fiski frá Íslandi var til hagsbóta fyrir bæði Samskip og Eimskip.

10119. Skjal (E)forstö-útfli sýnir jafnframt að Eimskip, líkt og Samskip, taldi frystiskipafélög vera keppinauta sína í flutningi á frosnum fiski frá Íslandi. Jafnframt sýnir þessi umfjöllun að Eimskip-CTG starfaði hér á landi, m.a. í „samkeppni“ við móðurfélagið. Í framangreindum samskiptum (S)forstj og (S)frkvstj-Silver var minnst á fyrirtækið Seatrade og hugsanlegar viðræður um samstarf við þann keppinaut. Samkvæmt (E)forstö-útfli hegðaði Seatrade sér með svipuðum hætti á markaðnum og Green Reefers gerði áður en Silver Green var stofnað.

⁵³²⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103014.



10120. Þann 23. nóvember 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til Wilson, þ.e. eiganda Green Reefers, og vildi ræða tvö mál á fyrirhuguðum fundi í Bergen í Noregi. Annars vegar um samstarfið á vettvangi Silver Green og hins vegar um fyrirhugað útböð Alcan. Er ljóst að (S)forstj vildi nýta Silver Green tengslin til að ræða Alcan útböðið við keppinautinn Wilson, sbr. umfjöllun í kafla 14.36.7.5.

10121. Sama dag sendi (E)frkvstj-flutnkerf minnisblað til (E)forstö-útfl , „Núverandi flutningsaðilar á markaðnum“, þar sem fjallað er um keppinauta Eimskips í flutningi á fiski:

„Silver/Green; Eigendur Samskip ásamt [(S)frkvstj-Silver] hluthafa í Silver Sea eru með 50% og Green 50% í þessu nýja félagi. Þeir eru með 14 frystiskip í þessu samstarfi í stærðinni 1.200 – 5.000 dw sem notuð eru á spotmarkaði Noregur – Ísland – Baltic – UK – Newfoundland. Hafa verið stærstu flutningsaðilarnir á Íslenskamarkaðnum. [svo]”⁵³²⁷

10122. Í minnisblaðinu var jafnframt minnst á Seatrade sem var sagt hafa góða þekkingu á íslenska markaðnum og hafa flutt fyrir Samherja og Icelandic Pelagic. Í minnisblaðinu kom einnig fram að Samherji ætti eitt frystiskip og að Thorship hefði boðið upp á flutninga á frystum fiski í samvinnu við rússnesk fyrirtæki. Síðan segir:

„Hættan hér er sú að þegar Silver og Green Rfs náðu að sameina sitt framboð á markaðnum að framboðið fari í sama farveg með tilkomu „Frystifoss“ og þannig kunni verðið að gefa eftir. Stóra spurningin er hvort sömu verðlínu verði náð eða að mönnum takist að halda verðum hærrí. Mögulega kann það að vera á meðan nægt magn er til staðar að þá geti menn unað við verðið en um leið og dregur úr magninu (eftirspurn í RF-skipin) þá kunni verðið að falla verulega?”.

10123. Í þessu samhengi ber að hafa í huga framangreinda skýrslu (S)forstö-útfl frá 19. september 2010 („Markaðsskýrsla Útflutningsdeildar 2011“). Í þeirri skýrslu er því lýst að verð á flutningum í útflutningi á m.a. frystum fiski hafi farið hækkandi. Er því samræmi í samtímagögnum Samskipa og Eimskips að þessu leyti.

10124. Framangreind gögn frá Samskipum sýna að tilgangur samstarfsins á vettvangi Silver Green var ekki síst sá að draga úr samkeppni og hækka eða halda uppi verði. Minnisblað (E)frkvstj-flutnkerf staðfestir að það gekk eftir, sbr. einnig framangreinda áætlun (E)forstö-útfl frá 15. nóvember 2010. Líkt og áætlun (E)forstö-útfl staðfestir minnisblað (E)frkvstj-flutnkerf þær samkeppnishömlur sem leiddu af stofnun Silver Green. Hafði hún í för með sér hærra verð og óttaðist Eimskip að verð kynni að lækka ef fyrirtækið myndi auka framboð með mögulegu nýju frystiskipi sem (E)frkvstj-flutnkerf nefndi „Frystifoss“. Taldi (E)frkvstj-flutnkerf mögulegt að þrátt fyrir mögulegt aukið framboð af hálfu Eimskips tækist „mönnum“ að koma í veg fyrir verðlækkun eða jafnvel hækka verð, a.m.k. meðan ekki drægi verulega úr eftirspurn.

20.5.3. Upplýsingaskylda Samskipa og Eimskips áréttuð

10125. Sem áður segir óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga að Samskip og Eimskip afhentu öll gögn sem tengdust samningum fyrirtækjanna við önnur flutningafyrirtæki. Tók beiðnin til hvers konar draga, tillagna eða hugmynda að samstarfi fyrirtækjanna við önnur flutningafyrirtæki. Þrátt fyrir þetta bárust engin gögn vegna Silver Sea, Silver Green eða Green Reefers. Með bréfum Samkeppniseftirlitsins, dags. 12. og 13. mars 2019, var beiðnin áréttuð.

10126. Í bréfi Samkeppniseftirlitsins til Samskipa er vísað til glærukynningarinnar um „Nýtt upphaf“ verkefnið og bent á að í henni væri vísað til Silver Sea og mögulegs samstarfs Eimskips og Samskipa á sviði

⁵³²⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Núverandi flutningsaðilar á markaðnum“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.426291.



frystiflutninga. Þá er bent á að í „árslok 2002 var sagt frá því opinberlega að Samskip AS og Silver Sea hefðu verið sameinuð og að eignarhlutur Samskipa í hinu sameinaða félagi yrði 40% og að hið nýja félag myndi bera nafnið Silver Sea. Það fyrirtæki sérhæfði sig í rekstri frystiskipa og veitti m.a. íslenskum útflytjendum þjónustu. Árið 2006 jókst eignarhlutur Samskipa í Silver Sea og varð 50%. Átti Samskip félagið til helminga á móti [(S)frkvstj-Silver].“ Í þessu sambandi er tekið fram að stofnendur Silver Sea hafi ekki snúið sér til samkeppnisyfirvalda hér á landi, hvorki á grundvelli samrunareglna né með beiðni um undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga.

Í bréfinu segir síðan svo: „Í júlí 2009 var greint frá því að fyrrverandi forstjóri Samskipa hefði verið stjórnarformaður Silver Sea frá upphafi og gerð var grein fyrir miklum viðskiptum þess félags við íslenska útflytjendur. Jafnframt var sagt frá því að Silver Sea hefði bætt við sig skipum sem áður voru í eigu dótturfélags Eimskips, Eimskip-CTG.

Gögn málsins virðast gefa til kynna að m.a. Samskip hafi talið að samkeppni ríkti milli þeirra sem flyttu út sjávarafurðir frá Íslandi í frystigámum og þeirra sem flyttu út sjávarafurðir í frystiskipum. Samkvæmt þessu má ætla að samkeppni hafi getað ríkt hér á landi milli annars vegar Samskipa hf. og hins vegar Silver Sea.

Þá gefa gögn málsins til kynna að fyrirtækið Green Reefers hafi veitt íslenskum útflytjendum þjónustu og því verið keppinautur bæði Silver Sea og Samskipa hf. Miðað við þetta var Eimskip einnig keppinautur allra framangreindra fyrirtækja. [...]

Á árinu 2010 stofnuðu Silver Sea og Green Reefers félagið Silver Green. Lögðu eigendurnir hinu nýja félagi til frystiskip og hóf það starfsemi í júlí 2010. Fyrrverandi forstjóri Samskipa settist í stjórn og greindi opinberlega frá miklum viðskiptum Silver Green við íslenska útflytjendur.

Stofnendur Silver Green sneru sér ekki til Samkeppniseftirlitsins, hvorki á grundvelli samrunareglna né með beiðni um undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga. [...]

Í gögnum málsins koma einnig fram vísbendingar um að fundir hafi átt sér stað þar sem fulltrúar Samskipa, Eimskips og Silver Green sátu saman.⁵³²⁸

10127. Með vísan til þessa er í bréfinu áréttuð skylda Samskipa til að afhenda eftirlitinu gögn á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga. Hið sama var gert í hliðstæðu bréfi til Eimskips. Í bréfi Samkeppniseftirlitsins til Samskipa segir jafnframt:

„Óskað er eftir því að Samskip upplýsi hvort fyrirtækið hafi haft yfirráð í skilningi samkeppnislaga yfir Silver Sea á árunum 2009 til 2013 (bæði meðtalin). Er óskað eftir því að lögð verði fram samtímagögn sem staðfesta eða styðja mat Samskipa, sbr. 19. gr. samkeppnislaga.

Óskað er eftir því að Samskip lýsi þeirri þjónustu sem Silver Sea veitti útflytjendum hér á landi á árunum 2009 til 2010 (bæði meðtalin). Óskað er eftir því að Samskip útvegi upplýsingar um tekjur Silver Sea af þjónustu við útflytjendur hér á landi á árunum 2009 og 2010, sbr. 19. gr. samkeppnislaga.

Gagnlegt væri að Samskip settu fram rök fyrir því hvers vegna ekki var tilkynnt um Silver Sea sem samruna til samkeppnisyfirvalda hér á landi né óskað eftir undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga. Samskipum er hins vegar ekki skylt að tjá sig um þetta atriði.“

⁵³²⁸ Sama frásögn kom fram í bréfinu til Eimskips. Þar var hins vegar ekki fjallað um að stofnendur Silver Sea og Silver Green hefðu ekki snúið sér til samkeppnisyfirvalda.



10128. Í svarbréfi Samskipa, dags. 8. apríl 2019, segir að fyrirtækið hafi eignast 40% hlut í Silver Sea á árinu 2002 og eignast 10% til viðbótar á árinu 2005 og átt þá Silver Sea til helminga á móti stofnanda félagsins, (S)frkvstj-Silver. Samskip eigi ekki lengur hlut í Silver Sea. Til svars við spurningu um yfirlit sögðu Samskip:

„Umbjóðandi minn kýs á þessu stigi að láta ekki í ljós skoðun á því hvort Silver Sea AS sé eða hafi verið undir yfirlitum félagsins. Þá áskilur umbjóðandi minn sér jafnframt rétt til að gera á síðari stigum nánari grein fyrir starfsemi félagsins og þeim mörkuðum sem um ræðir, gefist tilefni til þess.“

10129. Varðandi mögulega undanþágubeiðni eða samrunatilkynningu segir í svarbréfi Samskipa:

„Þá mun umbjóðandi minn að sama skapi ekki tjá sig á þessu stigi um það hvort efni hafi verið til að skila inn samrunatilkynningu hér á landi eða óska eftir undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga.“ Þá kváðust Samskip ekki geta veitt upplýsingar um tekjur Silver Sea af þjónustu við útflytjendur hér á landi á árunum 2009 og 2010. Kváðust Samskip hafa leitað til Silver Sea en ekki fengið svör en fyrirtækið muni „fylgja því eftir og halda Samkeppniseftirlitinu upplýstu.“ Engar upplýsingar hafa hins vegar borist frá Samskipum.

10130. Í bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 13. mars 2019, var einnig óskað eftir því að „Samskip upplýsi hvort fyrirtækið hafi haft yfirlit í skilningi samkeppnislaga yfir Silver Green á árunum 2010 til 2013 (bæði meðtalin). Er óskað eftir því að lögð verði fram samtímagögn sem staðfesta mat Samskipa, sbr. 19. gr. samkeppnislaga. [...] Gagnlegt væri að Samskip settu fram rök fyrir því hvers vegna ekki var tilkynnt um Silver Green sem samruna til samkeppnisyfirlalda hér á landi né óskað eftir undanþágu skv. 15. gr. samkeppnislaga. Samskipum er hins vegar ekki skylt að tjá sig um þetta atriði.“

10131. Í svarbréfi Samskipa segir að fyrirtækið muni „að svo stöddu ekki láta í ljós skoðun á því hvort um yfirlit hafi verið að ræða í skilningi samkeppnislaga eða láta í ljós afstöðu til þess hvort tilkynna hafi átt um samrunann hér á landi eða óska undanþágu. Rétt er hins vegar að fram komi að utanumhald um kaupin voru í höndum lögmanna í Noregi.“

10132. Samkeppniseftirlitið óskaði einnig eftir því að Samskip myndu útvega upplýsingar um tekjur Silver Green af þjónustu við útflytjendur hér á landi fram til ársins 2013. Engar upplýsingar bárust.

10133. Í svarbréfi Eimskips, dags. 5. apríl 2019, komu ekki fram neinar upplýsingar eða ný gögn. Þess í stað var staðhæft að fyrri upplýsingagjöf fyrirtækisins hafi verið fullnægjandi.

10134. Í mgr. 1603 í athugasemdum Samskipa við AII segir m.a. þetta um samstarf Silver Sea og Green Reefers og stofnun Silver Green:

„Þar sem bæði fyrirtækin eru norsk og uppistaða viðskipta þeirra var á þessum tíma í Noregi (u.þ.b. 80-90%) var ekki talin nauðsyn á að leita eftir undanþágu jafnframt frá íslenskum samkeppnisfyrirvöldum. Þá voru skilyrði um veltu umræddra félaga á Íslandi, sbr. 1. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga, ekki uppfyllt. Var þetta sérstaklega tekið til skoðunar af þeim lögmönnum sem héldu á málinu gagnvart norskum samkeppnisfyrirvöldum, en samruninn var tilkynntur til þeirra og fór framkvæmdastjóri Silver Sea með öll samskipti gagnvart þeim.“

10135. Í mgr. 1620 í athugasemdum Samskipa við AII segir: „Samkeppniseftirlitið finnur að því og gerir það tortryggilegt að ekki hafi verið tilkynnt um stofnun Silver Sea eða Silver Green hér á landi á grundvelli samrunareglna. Ástæða þess er hins vegar einföld. Félögin eru skráð í Noregi og starfsemi félaganna nær alfarið tengd þarlandum mörkuðum. Þá liggur fyrir að einungis eitt þeirra fyrirtækja sem tengdust þessum samruna var með veltu hér á landi, þ.e. Samskip. Töldu lögmenn umræddra fyrirtækja því ljóst að einungis þyrfti að tilkynna um samrunann í Noregi og var það gert. Þótt Samkeppniseftirlitið fari fram



með alls kyns fullyrðingar um skaðleg áhrif samrunans þá er ljóst að samkeppnisyrivöld í Noregi, þar sem áhrifanna gætti fyrst og fremst, voru annarrar skoðunar."

10136. Með svarbréfi Samskipa voru ekki lögð fram nein samtímagögn um að fyrirtækið hafi lagt mat á hvort samstarf og eignarhlutur fyrirtækisins í Silver Green væri samþýðanlegur íslenskum samkeppnislögum. Eru þannig engin gögn lögð fram sem sýna mat á því hvort það samstarf við Green Reefers, keppinauti Samskipa í útflutningi á frystum fiski frá Íslandi, sem fólst í stofnun Silver Green hafi verið heimilt samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga eða kallað á undanþágu samkvæmt þágildandi 15. gr. laganna.⁵³²⁹

20.5.4. Samantekt

10137. Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að Samkeppniseftirlitinu var ekki tilkynnt um stofnun Silver Green sem samruna samkvæmt samkeppnislögum. Þá barst Samkeppniseftirlitinu heldur ekki beiðni um undanþágu samkvæmt 15. gr. laganna.

10138. Gögn málsins sýna að Norðmenn sem komu að stofnun Silver Green höfðu skýran vilja til að snúa sér til norskra samkeppnisyrivalda og var það gert. Ekkert erindi var hins vegar sent til Samkeppniseftirlitsins vegna þessa. Samskip halda því fram að lögmenn umræddra fyrirtækja hafi talið ljóst að einungis hafi þurft að tilkynna um stofnun Silver Green í Noregi en ekki á Íslandi þar sem veltuskilyrði 17. gr. a samkeppnislaga hafi ekki verið uppfyllt. Einnig hafa Samskip ítrekað vísað til þess að meginstarfsemi Silver Sea, Green Reefers og síðan Silver Green hafi verið á mörkuðum utan Íslands.

10139. Sem fyrr segir leggja Samskip ekki fram nein gögn til stuðnings því að tekið hafi verið til skoðunar hvort þörf hafi verið á undanþágu samkvæmt þágildandi 15. gr. samkeppnislaga vegna samstarfsins sem fólst í stofnun og rekstri Silver Green eða hvort um hafi verið að ræða samruna sem bar að tilkynna til Samkeppniseftirlitsins.

10140. Samtímagögnin sýna að **(S)forstj** var ljóst að samstarfsaðilar Samskipa töldu nauðsynlegt að tilkynna norskum samkeppnisyrivöldum um stofnun Silver Green. Af samtímagögnum er ljóst að **(S)forstj** og fleiri stjórnendur Samskipa gerðu sér grein fyrir því að Samskip, Silver Sea og Green Reefers voru keppinautar sem höfðu saman sterka stöðu í flutningi á frystum fiski frá Íslandi, sbr. m.a. framangreinda glærुकyningu **(S)forstj** 3. október 2009 og skjal **(S)forstö-útl** 3. desember 2009 þar sem rætt var um „áframhaldandi samkeppni“ við frystiskipaútgerðir eins og Green Reefers og það væru „stórir farmar“ að fara með þessum keppinautum sem ella hefðu farið með „gámaskipum Samskipa til Evrópu“. Sami skilningur ríkti hjá Eimskip, sbr. t.d. minnisblað **(E)frkvstj-flutnkerf** 23. nóvember 2010 þar sem vísað var til þess að Samskip, Silver Sea og Green Reefers hafi stofnað Silver Green en þetta séu „stærstu flutningsaðilarnir á íslenskamarkaðnum [sv]“, þ.e. markaðnum fyrir flutning á frystum fiski frá Íslandi. Í samræmi við þetta var í tölvupósti **(S)forstj** 21. nóvember 2011 lýst sterkri stöðu þessara aðila, sem var nefnt „gengið“ („the gang“), en það samanstóð meðal annars af Samskipum og Silver Green, í flutningi á frystum fiski og kælivöru frá Íslandi. Þá lýsti **(S)forstj** því í febrúar 2012 að í heildstæðri og sterkri þjónustu Samskipa við íslensk sjávarútvegsfyrirtæki fælist m.a. starfsemi Silver Green með „umtalsvert magn af frystri loðnu, síld og makríl frá Íslandi, enda er fjöldi skipa frá Silver Green vikulega í flutningum frá Íslandi á meðan vertíðir standa yfir.“

10141. Sjónarmið Samskipa um að starfsemi Silver Green hafi haft litla tengingu við íslenskan flutningamarkað eiga ekki við rök að styðjast. Jafnframt sýnir framangreint að samstarf Samskipa við Green Reefers og tilvist Silver Green var til þess fallið að raska samkeppni hér á landi.

⁵³²⁹ Varðandi brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga vísast til kafla 23.



10142. Hér ber að áréttu að samkvæmt glærum (E)forstj um „Nýtt upphaf“ verkefnið náði samráðið bæði til útflutnings Samskipa og Eimskips með gámaskipum og frystiskipaþjónustu þeirra. Átti m.a. að skoða það að „leggja saman“ Eimskip-CTG og Silver Sea. Eftir að samráðið hófst átti sér stað samvinna og samskipti milli Samskipa og Eimskips vegna umræddrar frystiskipaþjónustu. Starfsemi Green Reefers féll undir þann samkeppnisrekstur sem fjallað var um í „Nýtt upphaf“ glærum (E)forstj. Gögn málsins sýna að (S)frkvstj-Silver spurði (S)forstj ítrekað um samskipti við Eimskip. Það gerði hann á sama tíma og reynt var að fá Green Reefers til að taka upp samvinnu við Silver Sea/Samskip og draga með þeim hætti úr samkeppni í starfsemi sem féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið. Fyrir liggur að haustið 2008 tóku Samskip upp viðræður við Green Reefers. Til að liðka fyrir þeim viðræðum var (S)forstj beðinn af (S)frkvstj-Silver um að láta Green Reefers vita að Samskip/Silver Sea hefði dregið úr samkeppni gagnvart fyrirtækinu en það gæti breyst ef viðræður skiluðu ekki árangri.
10143. Þær viðræður skiluðu árangri, sbr. umfjöllun hér að framan. Í framangreindum gögnum (E)forstö-útfli (frá 15. nóvember 2010) og (E)frkvstj-flutnkerf (frá 23. nóvember 2010) er fjallað um árangur Samskipa/Silver Sea og Green Reefer sem fólst í því að draga úr samkeppni og hækka verð með þeirri samvinnu sem fylgdi í kjölfar stofnunar Silver Green. Þessi gögn frá Eimskip sýna að það markmið gekk eftir. Minnisblað (E)frkvstj-flutnkerf gefur það ótvírætt til kynna að Eimskip hafi verið fylgjandi því markmiði að draga úr samkeppni og var rætt um „hættu“ á því að samkeppni myndi aukast og verð lækka ef Eimskip myndi auka umsvif sín í þessum flutningum. Sem áður segir taldi (E)frkvstj-flutnkerf í minnisblaðinu stóru spurninguna vera hvort „*mönnum takist að halda verðum hærrí*“ ef Eimskip myndi auka flutningaframboð. Þá ber að hafa í huga það samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafa verið fyrir hendi á þessum tíma og að m.a. (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv höfðu ítrekað hist á fundum áður en fyrrgreind skjöl Eimskips urðu til (þ.e. 11. október 2010 og 2. og 8. nóvember 2010). Studdu þessir fundir fyrirtækjanna við áframhaldandi samráð þeirra.
10144. Í mgr. 1603, 10606-615, 1617-1622 og 1653 í athugasemdum Samskipa við AII er að finna athugasemdir Samskipa við framangreinda umfjöllun. Halda Samskip því m.a. fram að starfsemi Silver Sea, Green Reefers og Eimskip CTG hafi ekki verið í beinni samkeppni við Samskip. Þetta hafi þó breyst töluvert eftir að makrílveiðar Íslendinga hófust.
10145. Samskip telja að við stofnun Silver Green hafi ekki verið skylt að leita eftir undanþágu Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga þar sem Silver Sea og Green Reefers hafi verið norsk fyrirtæki og uppistaða viðskipta þeirra á þeim tíma í Noregi. Þá hafi skilyrði um veltu umræddra félaga á Íslandi, sbr. 1. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, ekki verið uppfyllt. Hafi þetta verið tekið sérstaklega til skoðunar af þeim lögmönnum sem hafi gætt hagsmuna fyrirtækjanna gagnvart norskum samkeppnisyrvöldum.
10146. Samskip hafna því að aðkoma fyrirtækisins að Silver Sea og Silver Green hafi verið andstæð 10. gr. samkeppnislaga auk þess sem rannsókn á ætluðum brotum Samskipa, Silver Sea og Silver Green falli utan þessa máls. Þá hafna Samskip því að tilgangur samstarfs Silver Sea og Green Reefers hafi verið draga úr samkeppni og að hækka verð. Jafnframt hafi stofnun Silver Green ekki verið í þágu Eimskips.
10147. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á framangreindar athugasemdir og sjónarmið Samskipa, sbr. nánari umfjöllun í kafla 31.5.

20.6. Önnur atvik á árinu 2010

10148. Samskipti Samskipa og Eimskips við BWS og Kloosterboer héldu áfram á árinu 2010 og skal nú vikið að atvikum sem tengjast þessu.



20.6.1. Kloosterboer

10149. Á árinu 2009 var (S)forstj sem áður segir fengið það verkefni að bera ábyrgð rekstri Frigocare gagnvart stjórn Samskipa Holding. Sýna gögnin að (S)forstj vildi tengja betur saman þjónustu Samskipa á Íslandi við fiskútflýgjendur. Var eitt fyrsta verkefni hans sem yfirmanns Frigocare að beita sér fyrir verðhækkun gagnvart íslenskum viðskiptavinum. (S)forstj átti fund með Kloosterb4 hjá Kloosterboer í nóvember og desember 2009. Frigocare og Kloosterboer hækkuðu verð í desember 2009 en aðrir keppinautar gerðu það ekki. (S)forstj vissi að Kloosterboer ætlaði að hækka verð enda sendi hann (S)frkvstj-Frigo1, framkvæmdastjóra Frigocare, tölvupóst 8. desember 2009 og spurði „hversu mikið“ Kloosterboer hefði hækkað verð.

10150. Þann 22. janúar 2010 átti (S)forstj í tölvupóstsamskiptum við (S)frkvstj-Rotterdam, framkvæmdastjóra flutningsmiðlunar á frysti- og kælivörum (reefer logistics) hjá Samskipum í Rotterdam. Greindi (S)forstj frá því að hann og (S)frkvstj-Frigo1 ættu fund með Kloosterb4 hjá Kloosterboer 8. febrúar 2010. Spurði (S)forstj (S)frkvstj-Rotterdam að því hvort það væru „atriði er þú teldir að við eigum að skerpa á í samstarfi almennt við Kboer? heyrði frá (S)stjórnarm-fjármstj vegna KIF“⁵³³⁰

10151. (S)frkvstj-Rotterdam svaraði skömmu síðar: „ég þarf aðeins að hugsa þetta og velta þessu fyrir mér.

a) skaðinn er að mestu skeður, KIF sem okkar helsti keppinautur er búinn að taka þá viðskiptavini af okkur sem þeir telja áhugaverða: Granda, Unibond, Mardon ofl.

b) ég er því ekkert viss um að það þjóni hagsmunum okkar að semja einhvern frið við þá núna.

c) fyrst að við gátum ekki treyst þeim til að láta okkar viðskiptavini í friði og afhenda okkur þau verðmæti sem fólust í viðskiptavild sem við borguðum þeim fyrir og var undirritað í samningi- hvers vegna ætti þá að vera að hægt að eiga samstarf við þá núna?

Málið er að (sumir) bræðurnir eru alltaf voða vingjarnlegir og áhugasamir um að eiga "stragetískt" samstarf við okkur en það nær aldrei til fótgönguliðanna: [starfsm-Klooster], [starfsm-Kloosterb], [starfsm-Klooster] ofl. þeir halda áfram að bjóða grimmt í alla okkar viðskiptavini. Þú mannst nú hvernig þetta var með Atlantsskip, þeir lofuðu að hætta að vinna með þeim í fiskútflutningi frá Íslandi en það var aldrei efnt.

Síðasta tilfellið var svo núna síðast í haust þegar að við ákváðum að vinna með þeim í Harlingen geymslunni þeirra með fisk frá FrigoCare Aalesund til Japan. Þá samþykkti [Kloosterb1] að þeir myndu láta þessa viðskiptavini í friði ef að við kæmum með allt magnið í geymsluna þeirra í Harlingen. Við áttum sem sagt að fá að flytja þetta til Japan frá Hollandi án þess að þeir væru að elta flutningana. Næstu vikurnar eftir var [starfsm-Klooster] í KIF IJmuiden stöðugt að djöflast í Japönsku kaupendum okkar, bara til þess að lækka verðið... [...]

Ég veit ekki með ykkur, en mér myndi ekki líða vel í „samstarfi“ við Kloosterboer, ég held að það sé fullreynt.... En lofaðu mér að ræða þetta aðeins við [(S)frkvstj-Frigo1] og við skulum svo taka snerru á þessu áður en þessi gluggi lokast."

10152. (S)forstj svaraði síðar sama dag: „ok ræðum nánar síðar, ég og [(S)frkvstj-Frigo1] eigum fund með [Kloosterb4] 8 feb þar sem við klárum samning til næstu ára um júsinn og eins gott að nýta það tækifæri til að hreinsa upp önnur mál ef fyrir eru.

⁵³³⁰ KIF: Kloosterboer International Forwarding.



við munum alltaf vera í svona love - hate relationship við þá⁵³³¹.

10153. (S)frkvstj-Rotterdam svaraði um hæl: „Jamm - þú veist hvernig þetta er og búið að vera. Ég vil ekkert vera of neikvæður en ég er mikið á varðbergi gagnvart Kloosterboer mafíunni og ég veit að [(S)frkvstj-Frigo1] er það líka....

Við þurfum að átta okkur á því hvernig við notuð [svo] aðstæðurnar okkur í hag...⁵³³¹

10154. Samkvæmt þessu voru Samskip á þessum tíma í samskiptum við bæði Kloosterb1 og Kloosterb4 hjá Kloosterboer. Á vegum Eimskips var (E)frkvstj-albjsv í samskiptum við bæði Kloosterb1 og Kloosterb4.

10155. Framangreind tölvupóstsamskipti (S)frkvstj-Rotterdam og (S)forstj gefa til kynna að fyrir hendi hafi verið samkomulag milli Samskipa og Kloosterboer sem hafi falist í því að láta viðskiptavini (ekki síst fiskútflytjendur) hvors annars „í friði“. Er þetta samskonar samkomulag og gilti milli Eimskips og Kloosterboer, sbr. atvik frá desember 2010 og janúar 2011 sem fjallað verður um hér á eftir. Var þetta til þess fallið að auðvelda Samskipum og Eimskip að draga úr samkeppni um útflytjendur á sjávarafurðum m.a. frá Íslandi. Til viðbótar er það mat Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með því að semja við Kloosterboer um umrædda ólögmeta markaðsskiptingu um að keppa ekki um tiltekna viðskiptavini. Var markaðsskipting einnig mikilvægur hluti af samráði Eimskips og Samskipa sem fólst í því að „friður“ ríkti um mikilvægustu viðskiptavini fyrirtækjanna.

10156. Jafnframt gefa þessi gögn frá (S)forstj og (S)frkvstj-Rotterdam til kynna að Samskip hafi talið Kloosterboer hafa gengið á bak orða sinna og ekki virt markaðsskiptinguna, m.a. gagnvart mikilvægum íslenskum viðskiptavini, Granda. Þessi varnaðarorð (S)frkvstj-Rotterdam breyttu því ekki að (S)forstj hélt því til streitu að hitta Kloosterb4 og á þeim fundi ætti að nýta tækifærið til að „hreinna upp mál“. Hér ber og að líta til tölvupósts sem (S)forstj sendi yfirstjórn Samskipa frá 2. júní 2010. Þar sagði (S)forstj; „eitthvað segir mér að samstarf við Kloosterboer fari að stir[ð]na, en samstarf hefur verið mikið í Rotterdam geymslunni.“⁵³³² Samstarfið hélt hins vegar áfram og þann 20. júní 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-fjárm og greindi honum frá því að hann ætti símafund með Kloosterboer (Kloosterb4) morguninn eftir.⁵³³³

10157. Þann 19. ágúst 2010 sendi (S)frkvstj-Frigo1 tölvupóst til (S)forstj. Sagði í honum að hann og Kloosterb4 hefðu ákveðið að fagna samstarfi Samskipa og Kloosterboer og (S)frkvstj-Frigo1 legði til að þeir færu allir saman að skjóta leirdúfur í Rotterdam. Spurði hann hvenær væri von á (S)forstj til Rotterdam.⁵³³⁴

10158. Eftir gjaldþrot Daalimpex og yfirtöku Kloosterboer á rekstri þess fyrirtækis á árinu 2009 átti Eimskip í samstarfi við Kloosterboer/Daalimpex (nefnt í einu lagi Kloosterboer), sbr. umfjöllun hér að framan. Fólst í þessu m.a. samstarf sem miðaði að því að Kloosterboer myndi ekki sækjast eftir viðskiptavinum Eimskips í flutningum á sjávarafurðum. Þetta sést m.a. af tölvupóstsamskiptum í september 2010.

10159. Þann 10. september 2010 sendi (E)starfsm tölvupóst til frkvstj-Klooster, framkvæmdastjóra hjá Kloosterboer.⁵³³⁵ Vildi hann tryggja að sending á fiski til geymslu í Velsen í Hollandi færi með Eimskip. frkvstj-Klooster svaraði að Kloosterboer myndi sjá um þennan sjóflutning án aðkomu Eimskips.⁵³³⁶ Þessi

⁵³³¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.698819.

⁵³³² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.751775.

⁵³³³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.757848.

⁵³³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.772667.

⁵³³⁵ [...] var framkvæmdastjóri Daalimpex sem var eins og fyrr segir komið í eigu Kloosterboer á þessum tíma.

⁵³³⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. Milli m.a. [...]. „Stuffing: 25 x 40'rq, Eimskip Nederland BV, REF: C-6081“, dags. 10.09.2010, kl. 16:09 og 14:12. Doc. ID. 0.7.33.357124.



tölvupóstsamskipti voru framsend til (E)forstö-[alþjsv](#). Hann framsendi þau til (E)frkvstj-[alþjsv](#) þann 16. september 2010 og tók þetta fram:

„Mér sýnist Daalimpex komnir í samkeppni við okkur (Kloosterboer) ... Allir sem heita Kloosterboer í mínum huga eru drullusokkar.“⁵³³⁷

10160. Hér skal minnt á að í framangreindum tölvupósti (S)frkvstj-[Rotterdam](#) til (S)forstj frá janúar 2010 var bæði rætt um að „*friður*“ hafi ríkt gagnvart Kloosterboer og um „*Kloosterboer mafíunna*“. Voru þannig bæði Samskip og Eimskip uggandi um að Kloosterboer færi á eftir viðskiptavinum í flutningum á sjávarafurðum.
10161. Eins og kom fram hér að framan var það eitt fyrsta verk (S)forstj þegar hann tók við stjórn á Frigocare á árinu 2009 að stuðla að því að verð á þjónustu Frigocare gagnvart íslenskum viðskiptavinum yrði hækkað. Þann 28. desember 2010 sendi hann tölvupóst til (S)frkvstj-[Frigo1](#) og minnti hann á að það væri mikilvægt að hækka verð um 2% þann 1. janúar 2011 og spurði hann (S)frkvstj-[Frigo1](#) hvernig framkvæmd á þessu gengi.
10162. Í málinu er að finna glærukynningu frá (E)frkvstj-[alþjsv](#) sem ber titilinn „*Eimskip International Monthly Report December 2010*.“⁵³³⁸ Þar er fjallað um Kloosterboer, BWS og Smyril Line. Lýst er umfjöllun um BWS og Smyril Line í þessu gagni í næsta kafla. Í þessari kynningu (E)frkvstj-[alþjsv](#) er fundi Eimskips með Kloosterboer lýst svo:

„Meeting with Kloosterboer

- *Will not go after our customers*
- *Will continue to book with our Reefer Logistic services*
- *Want to strengthen co-operation with Eimskip-CTG“.*

10163. Er þetta til frekari stuðnings því mati Samkeppniseftirlitsins að bæði Eimskip og Samskip hafi á sama tíma átt í samskonar samstarfi við Kloosterboer sem miðaði að því að draga úr samkeppni í útflutningi á sjávarafurðum.

20.6.2. BWS og Færeyjar

10164. Hér ber að rifja upp að (E)frkvstj-[alþjsv](#), (E)forstj og (E)frkvstj-[sala/þj](#) funduðu með BWS 21. október 2009 og ræddu mögulegt samstarf. Var m.a. rætt um möguleika á því að Eimskip myndi hætta að nota skipið Blikur í samkeppni við BWS og myndi þess í stað nýta sér flutningarými í ferjunni Norrænu. Einnig að Eimskip myndi taka yfir starfsstöð BWS á Seyðisfirði. Daginn eftir þessa fundi Eimskips með BWS, þ.e. 22. október 2009, var (S)forstj tilkynnt að BWS væri áhugasamt um að eiga samstarf við Samskip. Á fundi (S)forstj með BWS 20. nóvember 2009 var rætt um samstarf í Færeyjum og á Íslandi. (S)forstj taldi ekki flöt á samstarfi í Færeyjum. Hins vegar skyldi kanna möguleika á „nánari“ samvinnu hvað Ísland áhrærir. Kom þetta fram í tölvupósti (S)forstj 26. nóvember 2009.
10165. Bæði Eimskip og Samskip áttu í viðræðum við Smyril Line um möguleikann á því að taka yfir flutningsplássið sem BWS nýtti í ferjunni Norrænu. Niðurstaðan var hins vegar sú í desember 2009 að samstarf BWS og Smyril Line var framlengt og BWS var áfram í þeirri stöðu að geta keppt við Samskip

⁵³³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.357124.

⁵³³⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] ID. 0.7.33.40289.



og Eimskip í sjóflutningum til og frá Íslandi og Færeyjum. Samskipti m.a. (S)forstj og (E)frkvstj-alþj sv við BWS héldu hins vegar áfram.

10166. Eins og fram kemur hér að framan ætluðu (S)forstj, (S)frkvstj-MCL og (S)forstj-frystig að hitta frkvstj-BWS, framkvæmdastjóra BWS, þann 8. janúar 2010 til þess að ræða um frekara samstarf þessara keppinauta. Með tölvupósti frá 29. desember 2009 tilkynnti (S)forstj að hann efaðist um að hann kæmist á fundinn en myndi í byrjun janúar 2010 ræða við frkvstj-BWS.⁵³³⁹ Var það í samræmi við framangreindan tölvupóst (S)forstj frá 26. nóvember 2009 þar sem hann greindi frá því að hann og framkvæmdastjóri BWS ætluðu að ræða frekar möguleika á samstarfi í flutningum til og frá Íslandi.
10167. Þann 4. janúar 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til frkvstj-BWS. Greindi hann frá því að hann kæmist ekki á fundinn 8. janúar 2010 en myndi hafa samband við frkvstj-BWS á næstu dögum: „*I will not be joining you guys in Esbjerg. I will however contact you in the next coming days, following up on our meeting in december.*“⁵³⁴⁰ Skömmu síðar sama dag boðaði (S)forstj (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-Færeyj til fundar um BWS.⁵³⁴¹ Er líklegt að þar hafi verið um að ræða innanhússfund til að undirbúa frekari samskipti við BWS.
10168. Samtímagögn staðfesta að fundur Samskipa og BWS var haldinn 8. janúar 2010.⁵³⁴² Að sögn Samskipa var þar rætt um mögulegt samstarf sem hafi ekki komist á.⁵³⁴³ Samtímagögn sýna aftur á móti að (S)forstj hafi aftur haft samband við BWS.
10169. Í janúar 2010 var einnig innan Eimskips rætt um annan fund við BWS. Í málinu er að finna glærुकyningu frá þeirri deild sem (E)frkvstj-alþj sv stýrði. Ber kynningin heitið „*Eimskip International January 2010*“ og þar kemur eftirfarandi fram:

- *Meeting with Blue Water Shipping*
 - *Potential slot sharing agreement in Faroe Islands services.*⁵³⁴⁴

10170. Þann 10. febrúar 2010 átti (E)frkvstj-alþj sv fund með yfirm-BWS frá BWS. Fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn. Ritaði (E)frkvstj-alþj sv minnisblað um það sem fram fór á fundinum sem hann sendi með tölvupósti þann 15. febrúar 2010 til m.a. (E)forstj, (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-alþj sv og (E)frkvstj-Færeyj.⁵³⁴⁵
10171. Samkvæmt minnisblaðinu var á fundinum m.a. til umræðu samvinna milli Eimskips og BWS í flutningum milli Færeyja og Danmerkur. Er í minnisblaðinu lýst möguleika á því að gera „*slot sharing*“ samning sem tæki til flutningarými í ferjunni Norrænu. Einnig var rætt um samkeppni BWS í flutningum til og frá Íslandi og verðlagsmál. Um þetta segir í minnisblaðinu:

„*Icelandic services*

During the winter time the schedule of the ferry is not based on Icelandic calls. On the other hand there is an option in the agreement so [BWS] is able to have the ferry calling Iceland but for such additional calls they are paying DKK 300.000 per call. [BWS] needs to have close to 20 trailers per voyage to hit the breakeven level. Looking at the current Icelandic volume the seafreight is hardly covering this cost.

⁵³³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.688405.

⁵³⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.689732.

⁵³⁴¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.689740.

⁵³⁴² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.692576.

⁵³⁴³ Mgr. 1638 í athugasemdum Samskipa við AII.

⁵³⁴⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.57001.

⁵³⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.772751.



[BWS] advised that the Icelandic market is becoming more important for their operation and volume is increasing. In the beginning Samherji was approx. 80% of their volumes but now they are seeing more customers coming all around Iceland and there is an increase in frozen and salted seafood. The Icelandic market is paying higher freight rates compare to Faroe Islands.

[BWS] is willing to take the discussion if Eimskip should take over this Icelandic operation, but it could be noticed during the meeting that [yfirm-BWS] himself feels that the right way is that [BWS] will continue this operation.

Other issues

Not long ago [BWS] implemented variable BAF for customer and did it in such way that they took part of the "old" BAF and added it to the seafreight and now the current BAF is fluting [svø] according to bunker price in Denmark. Important to have in mind that they charge the BAF on the door to door leg not only the seafreight. [BWS] said this was a good and right move, timing was correct as now they are beginning to gain on the BAF due to recent increase.

Even [BWS] is selling door to door rate then they build up the rate structure in such way that they have defined what they need to have as seafreight and then they add the value added services on top of that. Past six months then the competition is becoming so difficult in Faroe Islands that they are subsidising part of the value added services.

The liner forwarding services in Denmark is part [of] BWS and the losses then materialize in the Smyrill Blue Water Company that is buying this distribution services.

It was noticed during the meeting that the strategy of [BWS] is to maintain with their market share even further rate reduction is needed. This strategy is based on that they are having fixed slot cost and less volume only means higher losses.

Conclusion

It is interesting to investigate this possibility further but in general there are following three possibilities

- * To continue with Blikur
- * To stop direct services to Denmark
- * To have direct services to Denmark through slot sharing agreement with [BWS]

It was agreed that the next step is to evaluate how many slots FS would be willing to have per voyage and at what rate from FS side. [BWS] was going to investigate at what rate they are willing to sell the slots.

It was as well agreed that both parties would look into the chassis matter and how that could be solved in a cheapest way.

To discuss this further then it was decided to have a phone meeting Thursday the 18th of February.

[(E)frkvstj-Færeyj] kindly decide what FS would be willing to pay per slot based on that there will be margin left for FS and how many before Tuesday 16th of February."

10172. Hér ber að líta til þess að 12. febrúar 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín til að minna sig á BWS. Heiti tölvupóstsins var nafn framkvæmdastjóra BWS (frkvstj-BWS) og í honum sagði aðeins



„Færejar“.⁵³⁴⁶ Þann 18. febrúar 2010 var símafundur milli (E)frkvstj-alþjvs og yfirm-BWS hjá BWS þar sem áfram var rætt um sömu málefni.⁵³⁴⁷

10173. Samkvæmt framangreindu ræddu Eimskip og BWS um málefni sem voru til þess fallin að hafa umtalsverð áhrif á samkeppni í sjóflutningum til og frá Íslandi. Á svipuðum tíma höfðu Samskip og BWS fundað og (S)forstj a.m.k. undirbjó viðræður við BWS um mögulegt samstarf tengt Íslandi. Er þetta samskonar atburðarrás og hafði átt sér stað á árinu 2009.
10174. (S)frkvstj-Skand, yfirmaður Samskipa í Danmörku, sendi tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv þann 24. febrúar 2010. Í honum fjallaði hann m.a. um þá samkeppni sem Samskip í Færeyjum stóðu frammi fyrir á þessum tíma:

„As you know there is a price war going on in the Faroes and [(S)frkvstj-Færeyj] is struggling to hold on to his customers, he is constantly asked to lower his prices.“⁵³⁴⁸

10175. Í samræmi við þennan tölvupóst (S)frkvstj-Skand kemur fram í mánaðarskýrslu Eimskips í Færeyjum fyrir febrúar 2010 að verð í innflutningi hafi verið tölvuvert lægra en áætlað var. Önnur meginástæða þessa sé hörð verðsamkeppni („pressure on the price is increasing“).⁵³⁴⁹
10176. Þann 3. mars 2010 átti (S)forstj fund með m.a. (S)frkvstj-Færeyj, (S)frkvstj-Skand og (S)frkvstj-Safari í Kaupmannahöfn. Í dagskrá sem (S)frkvstj-Skand sendi (S)forstj kom fram að á fundinum ætti m.a. að ræða verðstefnu innan Samskipa og gagnvart dótturfélaginu Safari. Einnig átti að ræða samkeppni við BWS og Eimskip í Færeyjum og marka stefnu að því leyti. Eftir að (S)forstj hafði fengið þessa dagskrá í hendur sendi hann þann 1. mars 2010 eftirfarandi tölvupóst til (S)frkvstj-Færeyj og (S)frkvstj-Skand. Bað hann (S)frkvstj-Færeyj um þetta; „...it would be of interest in part nr 1, ie introduction of the Faroe Island market, that you would present to us:

-size of market import/export

-volumes EI, Smyril Blue Water, Samskip

-swot analysis of the systems of EI, Samskip and BWSmyril

and from there discussing were we are and how we can take the next steps...“⁵³⁵⁰

10177. Sem fyrr segir lýsti (S)frkvstj-Færeyj því yfir í árslok 2009 að baráttan yrði að halda áfram eftir að fyrir lá að Smyril Line og BWS hefðu leyst úr ágreiningi sínum og endurnýjað samning sinn. Þessi gögn málsins og eftirfarandi gögn frá haustinu 2010 gefa til kynna að Samskip hafi ákveðið að reyna að efla stöðu sína í Færeyjum með herferð gagnvart m.a. mikilvægum viðskiptavinum BWS, sbr. m.a. tölvupóstur (S)frkvstj-Færeyj til (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-Skand 28. september 2010 sem lýst verður hér á eftir.
10178. Þann 7. og 9. mars 2010 áttu (E)frkvstj-alþjvs og yfirm-BWS hjá BWS í tölvupóstsamskiptum þar sem áfram var rætt um að draga úr flutningaframboði. Benti (E)frkvstj-alþjvs á að það myndi koma bæði Eimskip og BWS til góða („Less tonnage will benefit both“).⁵³⁵¹

⁵³⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.711855.

⁵³⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.246273.

⁵³⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.716071.

⁵³⁴⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.258151.

⁵³⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.718340.

⁵³⁵¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.247463.



10179. Í málinu er að finna glærur vegna fundar (E)forstj, (E)frkvstj-sala/pj og (E)frkvstj-skiparekst þann 25. mars 2010.⁵³⁵² Í þeim er m.a. fjallað um samstarf við BWS og einnig rætt um valkosti varðandi skip Eimskips, Blikur. Eins og fyrr greinir var rætt um Blikur á fundi Eimskips og BWS í október 2009. Einnig var vísað til Blikur í minnisblaði (E)frkvstj-alþjsv vegna fundarins með BWS þann 10. febrúar 2010. Síðar á árinu 2010 vísaði (S)forstj ítrekað til þessa skips Eimskips, sbr. umfjöllun hér á eftir.
10180. Á glæru þrettán í glærukynningu Eimskips 25. mars 2010 er því lýst að samkeppni í Færeyjum sé mjög mikil. Á glæru sjö og áfram er fjallað um „Project Blikur“. Gefa glærurnar til kynna að það skip hafi verið rekið með tapi og er m.a. velt upp þeim möguleika að hætta rekstri þess og taka upp samstarf við „keppinaut“:

The alternatives Cost/Benefits

- Due to the above, we analyzed three scenarios / Potential Alternatives:
 1. To keep the Eastern Route and characterize the operations, as “opportunity cost”, to maintain the FareoShip Identity and market presence.
 2. To eliminate the Eastern Route and move, movable cargo over to the northern route
 3. To Slot Charter with a competitor

- 1. To keep the Eastern Route and characterize the operations, as “opportunity cost”, to maintain the FareoShip Identity and market presence.

Results:

 1. Market is totally heated – In theory the movable capacity could cope with all exported volumes in only 10 Weeks
 2. The exit costs are high,
 - Samskip is running on a “no cost”, i.e. has fixed cost paid of as the vessel is sailing directly from Iceland,
 - Blue Water Shipping has already invested abt. 40 Mio DKK in to the market and will protect if's cargo at any costs
 - Fresh link will not EXIT as the vessel is creating its owners (Rainbow Seafood / Valhalla) a competitive edge in Seafood Distribution
 3. 62% of the total FS revenues are generated through the Eastern Route
 4. The Eastern route is the last remaining vessel FS is operating Is that a value for FS, can this be characterized as “Goodwill”?
 5. A large part of the FO domestic trucking is supported by the Eastern Route
 6. A large supportive function of EIMSKIP Denmark

• No Further Comments needed – this is a “Difficult Case”

10181. Á glæru 11 er fjallað um möguleikann á „Slot charter with a competitor (Blue Water Shipping)“ og á glæru 12 er gerð grein fyrir tilboði BWS að þessu leyti:

⁵³⁵² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.52844.



BWS Proposal



BWS Offer - Based on 20 x 40' containers both ways (north- and southbound)

2010:

Sea freight per voyage	dkk. 9.000,00 per 40' included current BAF
THC Denmark	dkk. 500,00 per container
Stevedoring DK	dkk. 500,00 per container -
THC Faroes	dkk. 500,00 per container - Eimskip arranges pick up and delivery of container at SBW yard
Stevedoring Fo	dkk. 500,00 per container

Smyril Blue Water will provide container chassis

ERGO are offering 11.000 DKK pr. Shunt/Move

- We are getting 25% of the vessel for DKK 10.7m or euro 1.4m – Cost of Blikur was 2.8 Mio EUR
- We should be able to reduce the rates further from this first approach
- They will take care of chassies and to move our units to/from board – free on truck
- Important issue is that we only want to buy one way and use northern route back
- Based on this proposal and we could manage one way the cost savings would be euro 1.4m/per year or around DKK 10m and the prices for operating Blikur will go further up. This will secure our cost leadership as Blue water cost is higher if we calculate per slot
- We have to be sure that we are able to sell this product on the Faroe market i.e. departure on Thursdays from FO instead of Wednesdays. This is important factor and as well that Eimskip Denmark would manage to develop distribution for inbound cargo from Esbjerg and Hansholm

10182. Þessar glærur Eimskips sýna m.a. áframhaldandi umfjöllun innan fyrirtækisins um samstarf við keppinaut varðandi rekstur Blikur. Staðfesta þær einnig viðræður við BWS og að BWS hafi sett fram tilboð vegna samstarfs í sjóflutningum.

10183. Í mars 2010 var (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv greint frá fundi Samskipa og keppinautarins Fresh Link. Var einnig minnst á mikla samkeppni Eimskips og Fresh Link í Færeyjum: „[...] hef rætt þessa leið við [(S)frkvstj-Færeyj] nokkrum sinnum. Heyrði í honum áðan og hann var að koma af fundi með Fresh Link sem reka skipið (Silver Fjord). Þeir hafa áhuga á einhvers konar samstarfi við Samskip, en ekki var rætt frekar í hvaða formi það var. Þeir mæta mikilli samkeppni við Eimskip (inn á Immingham). Ég veit að [(E)starfsm] frá Eimskip Immingham var í Færeyjum í vikunni, veit ekki hveirra erinda en það skiptir kannski ekki máli. En ég er að ráðgera ferð til Færeyja strax eftir páska, [(S)frkvstj-Færeyj] fer með mig um eyjarnar og við ætlum að funda með Fresh Link og fleirum.“⁵³⁵³

10184. Í gögnum málsins er að finna glærुकynningu frá Eimskip með heitinu „Eimskip þriggja ára plan.“, dagsetta í apríl 2010. Sendi (E)frkvstj-fjárm hana til (E)forstj, (E)frkvstj-alþj, (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-skiparekst í tölvupósti 23. apríl 2010.⁵³⁵⁴ Í glærुकynningunni segir að taka þurfi siglingakerfi og skipakost Eimskips til skoðunar. Í því sambandi þurfi að huga að samstarfi við önnur skipafélög, þ.m.t. Smyril Line. Einnig er fjallað um Eimskip í Færeyjum og þetta tilgreint: „Co-operation with Smyril Line and Blikur evaluation.“

⁵³⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.730129.

⁵³⁵⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Eimskip þriggja ára plan.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.288991.



10185. Eins og fram kemur í kafla 14.28 hækkuðu Samskip og Eimskip verð sumarið 2010. Eimskip hækkaði sjófrakt um 4,6% í júlí og Samskip sjófrakt um 4% í ágúst 2010. Við undirbúning á þessari hækkun sendi (E)frkvstj-sala/pj tölvupóst þann 16. júní 2010 til m.a. (E)forstö-vörubróun og greindi frá því að sjófrakt myndi hækka um 4,6% í byrjun júlí.⁵³⁵⁵ (E)forstö-vörubróun svaraði (og hafði bætt (E)frkvstj-alþjsv við hóp viðtakenda en Faroe Ship heyrði undir hann) og spurði hvort þessi hækkun ætti að taka til flutninga milli Íslands og Færeyja. (E)frkvstj-alþjsv svaraði og sagði að hækkunin ætti að taka til þessara flutninga. (E)forstö-vörubróun spurði þá hvort hækkunin ætti að taka til innflutnings til Færeyja frá öðrum löndum en Íslandi og til útflutnings frá Færeyjum til annarra landa en Íslands. Svar (E)frkvstj-alþjsv var skýrt. Aðeins átti að hækka verð milli Færeyja og Íslands.⁵³⁵⁶
10186. Ljóst er samkvæmt þessu og öðrum framangreindum gögnum að í Færeyjum leyfði samkeppni ekki hækkun á verði sumarið 2010. Sökum samráðsins sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma giltu lögmál á Íslandi.
10187. (E)frkvstj-sala/pj og (E)forstö-útfli hittust vikulega og fóru yfir málefni sem vörðuðu útflutning Eimskips. Fundargerðir vegna funda þeirra sýna að Eimskip hafði áfram áhyggjur af samkeppni frá BWS:
- Í fundargerðum vegna funda í júní 2010 er vísað til þess að BWS sé að undirbúa aukna samkeppni með því að bjóða upp á útflutning á skreið. Var ákveðið að útflutningsdeild skuli hafa samband við viðskiptavinum Eimskips í skreiðarútflutningi.⁵³⁵⁷
 - Í fundargerðum vegna funda í júlí og ágúst 2010 er greint frá því að BWS hafi verið að heimsækja viðskiptavinum Eimskips eins og t.d. Samherja.⁵³⁵⁸
10188. Ásamt því að hafa áhyggjur af samkeppni frá BWS áttu stjórnendur Eimskips í áframhaldandi samskiptum við þann keppinaut. Í ágúst og september 2010 fékk (E)frkvstj-alþjsv á ný í hendur mjög viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar um starfsemi BWS:
- Þann 7. september 2010 framsendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til (E)frkvstj-sala/pj með skilaboðunum: „Samkvæmt samtali ekki dreifa nema á (E)forstö-útfli “. Hinn framsendi tölvupóstur, dags. 26. ágúst 2010, var frá yfirm-BWS hjá BWS. Í honum er að finna nákvæmar upplýsingar um rekstur og afkomu BWS vegna flutninga til og frá Íslandi. Sýna þessi gögn að staða BWS í þessum flutningum hafi verið að styrkjast. Einnig er fjallað um flutninga til og frá Færeyjum og mögulegar breytingar á markaðnum og mat BWS á þeim.⁵³⁵⁹
 - Þann 16. september 2010 fékk (E)frkvstj-alþjsv í hendur upplýsingar um aukinn útflutning BWS frá Íslandi. Þann dag sendi (E)starfsm hjá Eimskip í Færeyjum tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv með titlinum „Cargo from IS with Norröna“. Þar sagði: „I talked with the new director of Smyril Line and he told me that the cargo from Iceland was increasing. Now they had 20 and more trailers every week“. (E)frkvstj-alþjsv þakkaði honum fyrir upplýsingarnar og taldi ástæðu til að framsenda þær til m.a. (E)forstj og (E)frkvstj-sala/pj.⁵³⁶⁰
10189. Hér ber að rifja upp glærुकynninguna sem (S)forstö-útfli sendi (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv 19. september 2010.⁵³⁶¹ Í lýsingu útflutningsdeildar Samskipa á stöðunni á árinu 2010 er greint frá mjög

⁵³⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.306588.

⁵³⁵⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.306588.

⁵³⁵⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð: [...] Doc. ID. 0.7.33.98292.

⁵³⁵⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð: [...] Doc. ID. 0.7.33.101745.

⁵³⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.352995.

⁵³⁶⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.357084 og 0.7.33.357093.

⁵³⁶¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Markaðsskýrsla UTFL 2011 aðalskjal.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.783468.



takmarkaðri samkeppni við Eimskip („*ekki mikið varir við Eimskip á markaðnum*“). Þá kemur fram að BWS hafi aukið samkeppni og leitt til „*pressu*“ á að lækka verð „*fyrir austan*“. Einnig er gerð grein fyrir áframhaldandi samkeppni við frystiflutningaskip í útflutningi á fiski. Varðandi útflutning á frystum fiski ber að hafa í huga að Silver Green tók til starfa 1. júlí 2010 og af framangreindu skjali (E)forstö-útl 15. nóvember 2010 leiðir að áhrifa þessa samstarfs Samskipa/Silver Sea og Green Reefers var farið að gæta þá sem fólst í því að verð hafði hækkað og gert ráð fyrir að það myndi hækka enn frekar.

10190. Í þessum glærum (S)forstö-útl er einnig fjallað um áherslur útflutningsdeildar Samskipa á árinu 2011. Þar kemur fram að sporna skuli við bæði innkomu BWS inn á íslenska markaðinn og við verðsamkeppni. Síðar á árinu 2010 áttu Samskip fund með BWS og einnig á árinu 2011, sbr. nánar hér á eftir. Eins og fram kom hér að framan hittu bæði Eimskip og Samskip BWS haustið 2009 þegar fréttir bárust af aukinni getu BWS til að keppa hér á landi. Í glærum (S)forstö-útl kom einnig fram að útflutningsdeild lagði til grundvallar að Samskip myndu halda „*núverandi markaðshlutdeild í öllum vöruflokkum nema bæta við í saltfiski*.“ Einnig átti að tryggja að verð hjá stórum viðskiptavinum myndi ekki lækka á sama tíma og samningar við þá yrðu endurnýjaðir.
10191. Þann 19. september 2010 sendi (S)forstö-útl skjalið „*Markaðsskýrsla Útflutningsdeildar 2011*“ til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv, sbr. kafla 20.5.1. Þar er fjallað um samkeppni við BWS í útflutningi á fiski: „*Síðustu misseri hefur Blue Water sem bíður upp á flutninga með Smyril Line ferjunni frá Seyðisfirði verið áberandi á markaði. Þeir hafa verið að bjóða lág verð í flutninga frá Austfjörðum til meginlands Evrópu. Ljóst er að til að mæta þessari ógn þá þurfum við að taka þátt í þessu verðstríði sem gæti haft í för með sér lækkun á einingarverðum frá Austurlandi.*“ Í skjalinu er einnig rætt um að BWS sé í „*beinni samkeppni*“ við Eimskip og að BWS hafi staðið fyrir verðstríði. Þá kemur fram að Thorship sé að fara að bjóða „*takmarkað magn af frystigámum á markaðinn*“ og að Samskip þurfi að gera „*allt sem í okkar valdi er til sporna við innkomu þeirra á útflutningsmarkaði.*“
10192. Eins og fram kemur í kafla 14.32.1 sendi (E)forstö-útl 28. september 2010 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj. Hafði (E)frkvstj-sala/þj beðið (E)forstö-útl um að senda sér hugmyndir um atriði til að fjalla um á framkvæmdastjórnarfundum hjá Eimskip daginn eftir, t.d. hvort Eimskip hefði tapað einhverjum viðskiptavinum í útflutningi. Um þetta sagði í svari (E)forstö-útl :
- „* *Tapað:*
- *Ekkert hefur tapast umfram það að Smyril Line-Blue Water er að pota eitthvað í okkur. Einnig að ná að leysa þarfir manna inn í Austur Evrópu með trukkakerfi Blue Water.*“⁵³⁶²
10193. Sýna framangreind gögn (S)forstö-útl að almennt ríkti afar takmörkuð samkeppni Samskipa við Eimskip í útflutningi. Það var t.d. ekki talin hætta á verðstríði við Eimskip í flutningum á frystum fiski eða fyrir fyrirtæki í stóriðju. Slík ógn var hins vegar talin stafa frá hinum smáa keppinauti BWS. Áðurnefnd gögn frá (E)forstö-útl sýna hið sama: Engar áhyggjur af samkeppni frá Samskipum en BWS að „*potu eitthvað*“. Telur Samkeppniseftirlitið þetta m.a. skýra þá áherslu sem bæði Samskip og Eimskip lögðu á samskipti við BWS á þessum tíma. Með því að vinna gegn samkeppni frá BWS var unnt að ná betur fram markmiðum „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins sem tengdust útflutningi á fiski.
10194. Haldinn var stjórnarfundur hjá Eimskip 30. september 2010. Fundargerð sýnir áframhaldandi vangaveltur innan Eimskips um skipið Blikur. Var þar rætt um hvort Eimskip skyldi kaupa skipin Blikur og Reykjafoss (í stað þess að leigja þau).⁵³⁶³

⁵³⁶² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.271817.

⁵³⁶³ Afhent gagn frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. Fundargerð vegna stjórnarfundar Eimskipafélag Íslands hf. 30.09.2010.



10195. Sem fyrr segir átti (S)forstj fund í Kaupmannahöfn 3. mars 2010 með (S)frkvstj-Færeyj, (S)frkvstj-Skand og (S)frkvstj-Safari þar sem ræða átti m.a. samkeppni við BWS í Færeyjum. Hér ber að líta til þess að þann 28. september 2010 sendi (S)frkvstj-Færeyj tölvupóst til (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-Skand. Bar hann heitið „Price calc SBW target customers“ og í honum var fjallað um mögulegar samkeppnisaðgerðir til þess að ná mikilvægum viðskiptavinum BWS (t.d. Eikin) í viðskipti til Samskipa í Færeyjum:

„Pls see a price example here for Eikin. This is with 16 shipments and 35 cbm. LCL/FCL.

The example is typical for Eikin and we must be below the price SBW would charge for this, around 14.000 dkk. The setup (not upset) is with all service charges matching Eimskip and only giving discount on the FRT. But with zero FRT Samskip is too high.

I would like you to come up with an idea you can accept to get these customers as there is a good net contribution to Samskip´s system, but it all goes into service charges.

*Await your comments.*⁵³⁶⁴

10196. Eftirfarandi tölvupóstsamskipti áttu sér stað í kjölfarið:

- (S)frkvstj-millilandasv svaraði þessum tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj skömmu síðar: „*what was your conclusion on the new tariff structure for the FO business - If not concluded jet [svo]- suggest you finalize a tariff proposal in line with what Eimskip is charging for the FO market and we shall discuss same later this week.*

*the new tariff should then be implemented as beginning of next year or as contracts are being renewed. We need to have this ready this week as this new tariff is an important input for the revenue budgeting for 2011.*⁵³⁶⁵

- (S)frkvstj-Færeyj svaraði (S)frkvstj-millilandasv um hæl: „*The conclusion as I understood it was that Samskip should do a similar tariff up-set (!) as Eimskip. What I have sent you here is a calculation for customers with SBW, target customers with the Eimskip tariffs which are close to Samskip´s new tariffs. What I wanted to point out here is that for these SBW customers with many shipments, Samskip doesn´t match the consolidated prices of SBW even with at zero FRT and BAF.*

*Skemman is FCL/FCL and therefore not part of this discussion.*⁵³⁶⁶

- (S)frkvstj-Færeyj sendi annan tölvupóst þann 30. september 2010 vegna BWS. Gerði hann grein fyrir því að áhætta væri fólgin í því að breyta kjörum tiltekinna viðskiptavina Samskipa sökum þess að BWS gæti þá ráðist á („*attack*“) þá viðskiptavinum og reynt að ná þeim til sín. Einnig vildi (S)frkvstj-Færeyj fá leiðbeiningu um „*herferðina*“ („*target*“) gegn viðskiptavinum BWS:

„Going through the HT and Balslev „up-set“, Samskip must be very careful in doing any changes yet. These customers are still sensitive, specially towards attacks from SBW with consolidations. Me and [(S)starfsm] therefore suggest that Samskip keeps present setup for Balslev and HT but can apply the new structure for any other customers.

⁵³⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.786532.

⁵³⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.829924.

⁵³⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.829933.



I do indeed need your feed-back on the up-set for the target SBW customers before taking next steps. [(S)frkvstj-Skand] what are the thoughts from your side?"⁵³⁶⁷

- Í tölvupóstsamskiptum í kjölfarið veltu (S)frkvstj-Færeyj og (S)frkvstj-Skand því síðan fyrir sér hvort unnt væri að gera breytingar á kjörum til þess að auðvelda Samskipum í Færeyjum að ná til sín viðskiptavinum BWS. (S)forstj tjáði sig um þetta: „Hi - yes, if we are to compete against SBW then I think we need to re-think things over, and cant be stuck in our todays price structure....“⁵³⁶⁸
- Í þessari umræðu um hagstæð kjör gagnvart viðskiptavinum BWS í Færeyjum bað (S)frkvstj-Skand um viðhorf (S)forstö-innfl1. (S)forstj svaraði hins vegar og sagði að það ætti ekki að blanda verðlagningu á Íslandi í umræður um samkeppni í Færeyjum:

„Hi - main thing here is that we adjust our pricing toward the competition in each local market we participate in, this has therefore nothing to do with pricing for Iceland service. We are not the market leader in Faroe and can therefore not set prices for the overall market.

We need to decide weather our main competition is with the containers, ie Faroe Ship, or with SBW, or with the both of them, which I would think the case is. We need to analyse their pricing structure and say how ours should be fitting in. I think we have had our services tarriffs way above the market and I have a very difficult time understanding that, as we have discussed many times.“⁵³⁶⁹

10197. Samkvæmt dagbók (S)forstj var hann boðaður á fund af (S)frkvstj-millilandasv til þess að ræða BWS þann 1. október 2010.⁵³⁷⁰

10198. Framangreind gögn staðfesta að á þessum tíma var mun meiri samkeppni í Færeyjum en á Íslandi. Hvað færeyska markaðinn áhrærir var innan Samskipa rætt um „herferð“ gagnvart BWS til að efla stöðu fyrirtækisins. Jafnframt yrðu Samskip í Færeyjum að fara „afar varlega“ í það að breyta kjörum viðskiptavina því ella væri hætt á því að BWS myndi nýta tækifærið og bjóða betur. Staðan á Íslandi var allt önnur. Samskip höfðu eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst lagt af öll áform um „herferð“ gagnvart Eimskip. Samráðið við Eimskip leyfði Samskipum ítrekað að hækka verð án þess að þurfa að óttast að Eimskip myndi með samkeppnisaðgerðum reyna að ná til sín mikilvægum viðskiptavinum fyrirtækisins, sbr. kafla 14. Endurspeglast þetta í framangreindum ummælum (S)forstj að ekki ætti að blanda verðlagningu á Íslandi í umræður um samkeppni í Færeyjum.

10199. Á meðal gagna málsins er trúnaðarskýrsla Eimskips frá október 2010 um mögulegar breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins.⁵³⁷¹ Rætt er m.a. um siglingaáætlun skipsins Blikur og lagt mat á áhrif þess á nýtingu flutningarýmis Eimskips í út- og innflutningi frá Evrópu ef Blikur færi úr flota Eimskips. Einnig kemur fram að í Færeyjum geri viðskiptavinir skipafélaga meiri kröfur heldur en þeir íslensku og það stafir m.a. af mikilli samkeppni í Færeyjum:

„The demands from the Faroese market are higher than in Iceland, perhaps understandably since they are closer to their markets for both import and export and competition is fierce.“

10200. Þann 5. október 2010 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útlfl (afrit til (S)forstö-flutnstj) með heitinu „Kerfispælingar – magn o.fl.“ Í honum sagði; „til að ná vel utan um stóru myndina á samkeppninni og til að meta okkar stöðu og tækifæri til lengri tíma vil ég biðja ykkur um

⁵³⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.787443.

⁵³⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Milli [...] Doc. ID. 0.7.33.830462.

⁵³⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.787757.

⁵³⁷⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.787587.

⁵³⁷¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Mark VI or similar SR – changes in the sailing system_draft_22_10_10.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.684064.



aðstoð til að ná utan um magn í kerfum keppinautanna hjá okkur sbr. meðfylgjandi skjal – niður á rútur⁵³⁷². Vildi (S)frkvstj-millilandasv að þeir myndu ræða þetta frekar á fundi 7. október 2010. Tók þessi beiðni (S)frkvstj-millilandasv m.a. til Eimskips, BWS, Thorship og Wilson. Í meðfylgjandi skjali sagði m.a. þetta:

„Kerfin Í Norður Atlantshafi:

Eimskip
kostnaðargreining á kerfum
magngreining í kerfum

Skoða specific rútur – magn/kostnaðargreina:

usa
íslandsrútur tvær
blikur“

10201. Átti sem sagt að skoða m.a. Evrópu- og Norður-Ameríku siglingar Eimskips, sbr. umfjöllun í kafla 14.33 og 16, auk skipsins Blikur. Varðandi BWS kom þetta m.a. fram; „hugsanlegt samstarf“.
10202. Hér ber að rifja upp að (E)frkvstj-alþjsv hitti BWS 10. febrúar 2010 þar sem rætt var um mögulegt samstarf. Í kjölfarið ræddu stjórnendur Eimskips um tillögur BWS í samhengi við m.a. skipið Blikur. Þann 7. september 2010 sendi BWS viðkvæmar upplýsingar til (E)frkvstj-alþjsv um flutninga BWS til og frá Íslandi. (E)frkvstj-alþjsv framsendi þær til (E)frkvstj-sala/þj. (S)frkvstj-millilandasv fjallaði síðan um Eimskip (þ.m.t. skipið Blikur) og BWS í framangreindum tölvupósti frá 5. október 2010. Nokkrum dögum síðar hitti (S)frkvstj-millilandasv (E)frkvstj-sala/þj á fundi.
10203. Sem fyrr segir hittust (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl á fundi 11. október 2010. Annar fundur Samskipa og Eimskips til að ræða þætti sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna var ákveðinn 20. október 2010 en honum var frestað með skömmum fyrirvara síðdegis þann dag.⁵³⁷³ Að kvöldi 20. október 2010 sendi (S)forstj eftirfarandi tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-fjárn: „Við skulum ræða kerfispælingarnar frekar í fyrramálið, en það þarf í raun að meta hverja einingu fyrir sig, þe magngreining/kostnað/nýtingu import/export og hugsanlegt mat á arðsemi einingar.

þannig náum við td utan um Eimskip á eftirfarandi máta:

Ameríkurúta

-lista upp siglingaráætlun

-skip, flutngeta, hafnir og þmt kostnað kerfis

-magn til / frá Íslandi sbr hagstofutölum og flokka niður á helstu vöruflokka import/export, sem og viðskiptavini

-meta Nýfundnalandsmagn og hvernig það dreifist yfir árið

-meta fiskinn frá Noregi, via UK, sem og meta annan transatlantic biz via þetta kerfi

⁵³⁷² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003561.

⁵³⁷³ Sjá kafla 14.33.4.1.



-það á að vera hægt að uppreikna tekjur mv vöruflokka og magnið, og þannig næst stóra myndin á rúttuna.

Blikur

-lista upp siglingaráætlun

-skip, flutngeta, hafnir og þmt kostnað kerfis

-magn, til og frá og niður á vöruflokka, nýting

-framlegð af rúttu

Evrópuskip via Ísland

-skip, flutngeta, hafnir og þmt kostnað kerfis

-greina magn import/export í helstu vöruflokka

-uppreikna gróflega mv okkar einingaverð

-nýting í kerfi

Það er svo mjög áhugavert að bera saman magn sem kemur úr ofangreindu, og magn Samskipa, við það magn sem fer via Faxaflóahafnir og birt er í gögnum hjá [hafnarstjóra Faxaflóahafna] og félögum - með því að ná vel utan um þetta, þá erum við algjörlega með umhverfið á hreinu.

Wilson

-þar vitum við nákvæmlega hvað þeir eru að flytja, sem og Thorship, og getum kastað tölum á kostnað við kerfi

-þurfum hér að vera með hugmyndir um hvernig við nýtum þetta grunnkerfi ef við kæmumst í að reka.

Smyrill

-skip, flutngeta [svo], hafnir og þmt kostnað kerfis

-fá lýsingu á flutningsgetu

-fá magn, import/export og gróflega niður á vöruflokka

-tekjur

-leiguverð sem [BWS] greiðir fyrir plássið og ca framlegð af rekstrinum

Freshlink

-þekkjum rúttu, kostnað og framlegð

-framtíðarrúta

Svo þurfum við að draga saman conclusions um hverja rúttu hjá þeim og okkur um hvernig muni þróast.



það þarf að skipuleggja gagnaöflunina vel, en þetta þarf alls ekki að vera svo mikið sem upp á vantar.⁵³⁷⁴

10204. Sýnir þetta m.a. að eftir fund m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj 11. október 2010 voru Eimskip/Blikur og BWS áfram til umfjöllunar hjá (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstj.
10205. Þann 20. október 2010 sendi (S)forstö-útl glærukynningu til m.a. (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Bar hún heitið „Útflutningsdeild áætlun rekstraruppgjör 2011“.⁵³⁷⁵ Þar kemur fram að verð á útflutningi verði hækkað 1. janúar 2011 og 1. júlí 2011. Jafnframt verði um að ræða auknar „BAF tekjur“.
10206. Sem fyrr segir heyrðu Samskip í Færeyjum undir Samskip á Íslandi. Tóku Samskip í Færeyjum einnig saman áætlun fyrir árið 2011. Sú áætlun var send af (S)starfsm þann 15. október 2010 til yfirstjórnar Samskipa á Íslandi.⁵³⁷⁶ Í tölvupósti (S)aðstmfrkvstj sagði: „Hér kemur áætlunin frá Færeyjum“. Meðfylgjandi tölvupóstinum var skjalið „Budget Faroe Island 2011“. Í kaflanum „Assumptions for the budget“ segir:

„The market is challenging. Import has decreased to the lowest level in many years passing the 2004 level which „was“ the lowest measured in this study. The international financial crises lead to a heavy decrease in investments hitting all consumptions and production with vast power. The FO government maintained the „high“ cost level on the „fixed costs“ like administration and subsidies, resulting in a high deficit on the public finances. Then all major investments stopped and taxes have increased, leading to even less consumption and private investments. [...]

General for the FO import market is, that „no“ importer expects 2011 to differ in quantities from 2010.

Samskip has two competitors on the import.

- *Eimskip/Faroes Ship operates 3 vessels to/from FO. DET/GOD call FO on the way from IS to Europe and on the way back to IS. Leaving DK Friday afternoon being in FO Sunday allowing fresh cargo to be on the shelves Monday morning before 10:00. Not to say that Blikur also leaves empty from AAR Friday afternoon to FO, being in FO Sun/Mon. As market leader Eimskip has had serious difficulties to increase prices to its large customers and the market as such. Any general price increase hits only 30% of their customers. The feeling is that there is a general pressure on the FS management in FO to increase prices, but they don't care to as they are for [BWS] and Samskip „rubbing“ them for customers in the meantime.*
- *[BWS] rents the deck space on Norröna for 48 mill dkk for the year 2010, equal to 6,4 mill €. Not to say [BWS] is in heavy financial difficulties having spent all equity and much more than that. The mother company has guaranteed for its existence until July 2011. Question is if [BWS] will continue to rent the space on Norröna for this vast amount.“*
- *Síðan er í áætluninni fjallað um mikilvæga viðskiptavinum í innflutningi sem voru í viðskiptum við BWS og Eimskip: „Cargo for direct consumption has decreased a bit, but not „that“ much. Especially expensive, luxury goods are less imported. This hits the sales of white goods and furniture's, which are the volume cargo. [BWS] has complained heavily about this as they have the cargo for the big importers of this cargo: 360, Ide Möblar and Vöruhúsið while Skemman is with Eimskip.“*

⁵³⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.796435.

⁵³⁷⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Útflutningsdeild_áætlun rekstraruppgjör 2011.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.795942.

⁵³⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Meðfylgjandi tölvupóstinum var skjalið „Budget Faroe Island 2011“. Doc. ID. 0.7.33.794116.



- Í áætluninni kemur síðan fram að Samskip ætli að auka markaðshlutdeild sína í innflutningi m.a. með því að ná til sín í viðskipti mikilvæga viðskiptavini frá BWS (Ide Möblar og Eikin) og frá Eimskip (Skemman). Er rætt um þessa viðskiptavini keppinautanna sem „*targets*“. Samskip í Færeyjum treystu sér hins vegar ekki til þess að slá því föstu að það myndi takast að ná þessum viðskiptum:

„Samskip expects to gain Skemman from Eimskip and IDE and Eikin from [BWS] but it is not budgeted with.“

- Markmið innflutningsdeildar Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2011 voru m.a. þessi:

„Increase all market shares to previous levels and beyond.“

„Gain more market share with Ide Möblar, Skemman, Eikin a.o.“

„Increase market share beyond the budget“

„Even not in the budget Samskip shall target these customers⁵³⁷⁷ cargo. Target is 20 teus@week beyond budget“

10207. Í markmiðum fyrir útflutningsdeild Samskipa í Færeyjum var einnig lögð mikil áhersla á að auka markaðshlutdeild („*Samskip shall gain back market share to [svo] and grow on any possible segment*“). Segir að á árinu 2011 eigi markaðshlutdeildin að vera a.m.k. 12% og hækka í 20% á árunum 2012 og 2013.
10208. Hér ber að rifja upp fundargerð stjórnar Samskipa hf. vegna stjórnarfundar 25. október 2010 og glærुकyninguna sem (S)forstj sendi stjórninni 19. nóvember 2010, sbr. kafla og 14.33.4.6 og 14.33.7.2. Þar er annars vegar rætt um að „*almennt sé rólegt*“ á íslenska markaðnum en hins vegar að mikil samkeppni sé í Færeyjum. Í Færeyjum sé stefnt að „*ambitious growth in share of market*“. Á Íslandi væri lagt til grundvallar að Samskip héldu sínum mikilvægu viðskiptavinum.
10209. Framangreind áætlun Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2011 er þýðingarmikil. Þar kemur fram að innflutningur til Færeyja hafi dregist verulega saman. Eimskip væri „*market leader*“ í Færeyjum og móðurfélagið á Íslandi hafi lagt að stjórnendum í Færeyjum að hækka verð. Eimskip í Færeyjum hafi hins vegar átt í erfiðleikum með að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum af ótta við samkeppni frá BWS og Samskipum. Samskip ætluðu sér að auka markaðshlutdeild sína í Færeyjum með herferð gagnvart viðskiptavinum BWS og Eimskips. Vegna óvissu um samkeppnisleg viðbrögð BWS og Eimskips treystu Samskip í Færeyjum sér ekki til að leggja til grundvallar að fyrirtækinu myndi takast að efla stöðu sína með þessum hætti. Var því ekki unnt að slá því föstu í áætluninni („*not budgeted with*“) að þetta myndi ganga eftir. Sýnir þetta að samkeppnisaðstæður í Færeyjum voru á þessum tíma verið frábrugðnar þeim sem lýst er í gögnum sem tóku til Íslands.
10210. Í Færeyjum hafði samkeppni þau áhrif að bæði Samskip og Eimskip töldu erfitt og áhættusamt að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum þar. Gögn sem varða Ísland og rakin hafa verið í köflum hér að framan sýna allt aðrar aðstæður þar sem unnt var að slá því föstu í áætlunum að verð myndi hækka og að ekki yrði samkeppni um mikilvæga viðskiptavini. Er því ekki að undra að (S)forstj hafi þótt óþarft að horfa til Íslands í umræðu um samkeppnislega stefnumörkun í Færeyjum, sbr. tölvupóstinn 1. október 2010. Á Íslandi var „*friður*“ og „*rólegt*“ á markaðnum þrátt fyrir mikla efnahagsörðugleika og samdrátt í eftirspurn. Á Íslandi vildu Samskip t.d. ekki einu sinni gera mikilvægum viðskiptavinum Eimskips (J. Rönning) tilboð jafnvel þótt hann óskaði eftir því. Var því borið við að J. Rönning væri samningsbundinn Eimskip, sbr. kafla 14.22. Í Færeyjum var hins vegar rætt um metnaðarfulla herferð gagnvart

⁵³⁷⁷ Framangreindir mikilvægir viðskiptavinir BWS og Eimskips.



viðskiptavinum keppinauta og um hættuna á „árásun“ frá þeim. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar samanburður á þessum gögnum sem varða annars vegar íslenska markaðinn og hins vegar markaðinn í Færeyjum það ástand sem fylgdi samráði Samskipa og Eimskips hér á landi og er til stuðnings öðrum gögnum þar að lútandi.

10211. Fjallað var um siglingakerfi og Eimskip á fundi stjórnar Samskipa hf. þann 25. október 2010, sbr. kafli 14.33.4.6. Í fundargerð er sagt að (S)frkvstj-millilandasv hafi kynnt siglingakerfi Samskipa og „samkeppnisaðila er sinna þjónustu til Íslands og Færeyja.“ Vísast hér einnig til funda (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl í nóvember og desember 2010, sbr. kafla 14.33.5, 14.33.6, 14.33.7, 14.33.8, 14.33.10 og 14.33.14.
10212. Í fundargerðum vegna vikulegra funda (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-útfli í nóvember og desember 2010 var fjallað um samkeppni frá BWS. Kemur fram að BWS hafi reynt að ná til sín Nastar sem var viðskiptavinur Eimskips í útflutningi á fiski. Var það orðað svo að BWS væri búð að „rokka og róla þar á bæ ...“ Kemur fram að sem viðbrögð við þessu ætli (E)forstö-útfli og (E)frkvstj-sala/þj að bjóða Nastar á jólahlaðborð.⁵³⁷⁸
10213. Í kafla 14.36.4 er gerð grein fyrir skjali (E)forstö-útfli frá 15. nóvember 2010. Um er að ræða áætlun útflutningsdeildar Eimskips fyrir árið 2011.⁵³⁷⁹ Í skjalinu er gerð grein fyrir þeirri ógn sem útflutningsdeildin standi frammi fyrir. Þar er ekki minnst á Samskip en samkeppnisleg ógn talin stafa frá:
- BWS
 - Thorship
 - Frystiskipum
10214. Um BWS er sagt í þessu skjali (E)forstö-útfli að sá keppinautur sé orðinn „more aggressive and taking the role of former Atlantsskip in a way. But still it’s a ferry from East Coast of Iceland (Seyðisfjörður) with limited capacity. Nevertheless they have succeeded in certain commodities especially fresh⁵³⁸⁰ to UK and Germany as well as with pelagic fish to E-Europe“.
10215. Þann 17. nóvember 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til m.a. (S)frkvstj-millilandasv og vildi ræða síðar um daginn um Alcan útboðið, Silver Sea og „skipamál“.⁵³⁸¹
10216. Skipamál voru einnig til umfjöllunar á fundi stjórnar Eimskips sama dag. Gögnin sýna að á fundinum var rætt um mögulega fækkun skipa í Evrópusiglingum úr fimm í fjögur.⁵³⁸² Ef þetta yrði gert myndi Eimskip losa sig við Blikur. Einnig var fjallað um ógnir og samkeppni sem Eimskip standi frammi fyrir á árunum 2011 – 2013. Á Íslandi stafaði samkeppnisleg ógn af BWS og smærri flutningsmiðlurum. Samkvæmt þessu óttaðist Eimskip ekki samkeppni frá Samskipum. Er þetta í samræmi við gögn frá Samskipum frá þessum tíma. Að mati Samkeppniseftirlitsins veita gögn af þessum toga frá báðum fyrirtækjunum mjög ríka vísbendingu um hið ólögmeeta samfellda samráð þeirra þegar þau eru virt saman.

⁵³⁷⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð: [...] Doc. ID. 0.7.33.102411.

⁵³⁷⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103014.

⁵³⁸⁰ Væntanlega hefur orðið „fish“ fallið hér út.

⁵³⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.806796.

⁵³⁸² Afhent gagn frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. Fundargerð og fundargögn vegna stjórnarfundar Eimskipafélag Íslands hf. 17.11.2010.



10217. Nýr yfirmaður Samskipa í Færeyjum, [\(S\)frkvstj-Færeyj](#), sem tók við af [\(S\)frkvstj-Færeyj](#), hóf störf í árslok 2010. [\(S\)forstj](#) fól honum að eiga fund með BWS og átti sá fundur sér stað í desember 2010.⁵³⁸³ Fjallað verður nánar um þetta í umfjöllun um atvik á árinu 2011.
10218. Í málinu er að finna glærुकynningu frá [\(E\)frkvstj-alþjsv](#) sem ber titilinn „*Eimskip International Monthly Report December 2010*“.⁵³⁸⁴ Þar er fjallað um BWS, Smyril Line og Kloosterboer. Er vísað til fundar Eimskips með Smyril Line og að á honum hafi verið rætt um samvinnu Smyril Line og BWS. Jafnframt kemur fram að erfitt sé að ræða um eða gera breytingar á því samstarfi án samþykkis BWS þar sem samningur Smyril og BWS gildi til ársins 2016. Gefur þetta til kynna að Eimskip hafi viljað ræða beint við Smyril Line um flutningasamstarf en Smyril Line bent Eimskip á gildandi samning við BWS. Einnig var í glærum [\(E\)frkvstj-alþjsv](#) vísað til fundar Eimskips með Kloosterboer þar sem fram hafi komið að sá keppinautur myndi láta viðskiptavinum Eimskips í friði, sbr. umfjöllun hér að framan.
10219. Í kafla 14.33.13 er gerð grein fyrir glærum sem [\(S\)stjórnarm-fjármstj](#) sendi stjórn Samskipa Holding þann 7. desember 2010. Þar kemur fram að markaðshlutdeild og hagnaður Samskipa í Færeyjum hafi valdið vonbrigðum. Af glærुकynningu sem fjallaði um Samskip hf. í heild sinni, og fylgdi með umræddum tölvupósti [\(S\)stjórnarm-fjármstj](#) til stjórnar Samskipa Holding, verður ráðið að veita ætti samkeppni í Færeyjum og auka þannig verulega hlutdeild Samskipa („*an ambitious growth in share of market in the Faroe Islands ...*“).

20.6.3. Samantekt

10220. Markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins var m.a. að auka samstarf Samskipa og Eimskips í flutningum. Var tilgangur þessa m.a. að draga úr samkeppni og skapa skilyrði fyrir hækkun á verði.
10221. Samkeppni frá BWS, Green Reefers eða Kloosterboer gerði ólögmaett samráð Samskipa og Eimskips erfiðara á mörkuðum sem tengjast útflutningi á sjávarafurðum. Til viðbótar var BWS öflugur keppinautur Samskipa og Eimskips í inn- og útflutningi frá Færeyjum. Samstarf við BWS, Green Reefers og Kloosterboer var því til þess fallið að draga úr samkeppni annars vegar í útflutningi á fiski frá m.a. Íslandi og hins vegar almennt í sjóflutningum tengdum Íslandi og Færeyjum enda BWS keppinautur Samskipa og Eimskips á báðum þessum markaðssvæðum.
10222. Eins og lýst er hér að framan fjölluðu Eimskip og Samskip á árunum 2009 og 2010 ítrekað um samkeppni við BWS og áttu í samskiptum við þann keppinaut. Rétt er að draga saman þá atburðarrás. Eftirfarandi lýsing er ekki tæmandi:
- Í janúar 2009 var innan Eimskips fjallað um aukna samkeppni frá BWS í flutningum til og frá Íslandi.
 - Í apríl 2009 var það á verkefnalista [\(E\)forstj](#) að skoða „*samninginn*“ við Samskip og gera „*slot samning við Færeyjar*“ sem telja verður að vísi til samstarfs við Samskip og/eða BWS.
 - Í september 2009 átti sér stað fundur innan Samskipa með heitinu „*Blue Water Smyrill line – status*“. Í sama mánuði var enn á ný innan Eimskips rætt um aukna samkeppni frá BWS. Ástæða þessa var umfjöllun í fjölmiðlum sem gaf til kynna aukna getu BWS til að keppa á Íslandi vegna tíðari siglinga Norrænu. Þegar þetta var ljóst leitaði Eimskip eftir fundum með annars vegar Samherja og hins vegar með BWS.
 - Haldnir voru tveir fundir Eimskips með BWS 21. október 2009. Af hálfu Eimskips sátu [\(E\)frkvstj-alþjsv](#), [\(E\)forstj](#) og [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) fundina. Á þeim var m.a. rætt um takmörkun á framboði eða

⁵³⁸³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.826529.

⁵³⁸⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.40289.



skiptingu markaða. Var í því sambandi m.a. rætt um skip Eimskips, Blikur, og að Eimskip myndi taka yfir starfsemi BWS á Seyðisfirði. Daginn eftir þessa fundi Eimskips með BWS var (S)forstj tilkynnt um áhuga BWS á því að eiga samstarf við Samskip. (S)forstj svaraði og lýsti sig reiðubúinn til slíkra viðræðna. Fyrr á árinu 2009 höfðu Eimskip og Samskip átt í samskiptum á nánast sama tíma við annan erlendan keppinaut (DSV). Kom fram hjá Samskipum að fyrirtækið vildi ekki að DSV næði fótfestu á íslenska markaðnum.

- Átti (S)forstj síðan fundi með BWS, m.a. þann 20. nóvember 2009. Gögn sem tengjast fundunum gefa til kynna að Samskip hafi ekki viljað mynda bandalag með BWS gegn Eimskip í Færeyjum en viljað skoða „nánari“ samvinnu við BWS vegna flutninga til og frá Íslandi. Hér hefur og verulega þýðingu að þegar (S)frkvstj-Færeyj kvartaði yfir mikilli verðsamkeppni frá BWS var svar (S)forstj ekki að beina því til (S)frkvstj-Færeyj að keppa við BWS heldur greindi hann frá því að hann ætti fund með BWS.
- Þá sýna gögnin að í desember 2009 var aftur haldinn fundur Eimskips og Samskipa í Færeyjum þar sem rætt var um atriði sem tengdust Smyril Line og BWS, þ.e. þá hugmynd að Eimskip tæki yfir flutningsrýmið í ferjunni Norrænu sem BWS hafði yfir að ráða.
- (S)forstj boðaði 4. janúar 2010 til fundar hjá Samskipum til að ræða um BWS. Samskip og BWS hittust á fundi 8. janúar 2010 í Danmörku. (S)forstj sat ekki þann fund en tilkynnti framkvæmdastjóra BWS að hann myndi hafa samband við hann eftir fundinn sem hann og gerði.
- Í gagni frá (E)frkvstj-alþjsv var í janúar 2010 vísað til fundar með BWS.
- Þann 10. febrúar 2010 átti (E)frkvstj-alþjsv fund með BWS. Var rætt um samstarf Eimskips og BWS, samkeppni í flutningum til og frá Íslandi og verðlagsmál.
- Þann 12. febrúar 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín til að minna sig á ótilgreint verkefni tengt BWS.
- Í byrjun mars 2010 fundaði (S)forstj með undirmönnum í Danmörku og ræddi m.a. um samkeppni við BWS.
- Þann 25. mars 2010 fjölluðu (E)forstj og undirmenn hans um mögulegt samstarf við BWS og fjallað var um „tilboð“ BWS.
- Í apríl 2010 var í gagni frá Eimskip sem sent var m.a. til (E)forstj sagt að Eimskip þyrfti m.a. að leggja mat á mögulegt samstarf við BWS.
- Þann 7. september 2010 framsendi (E)frkvstj-alþjsv til (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst frá stjórnanda hjá BWS. Í honum var að finna viðkvæmar upplýsingar um flutninga BWS til og frá Íslandi. Sagði (E)frkvstj-alþjsv að (E)frkvstj-sala/þj mætti ekki dreifa þessu til neins nema yfirmanns útflutningsdeildar ((E)forstö-útf). Þann 16. september 2010 bárust (E)frkvstj-alþjsv upplýsingar um að útflutningur BWS frá Íslandi væri að aukast.
- Í gögnum (S)forstö-útf frá 19. september 2010 kemur fram að almennt ríkti ekki mikil samkeppni við Eimskip í útflutningi frá Íslandi en þurft hafi að lækka verð vegna samkeppni frá BWS og markmiðið væri að sporna gegn verðsamkeppni og innkomu BWS á íslenska markaðinn.
- (S)frkvstj-millilandasv fjallaði um Eimskip/Blikur og BWS í tölvupósti 5. október 2010. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj hittust á fundi 11. október 2010. Í tölvupósti (S)forstj til (S)frkvstj-



millilandasv frá 20. október 2010 var fjallað m.a. um siglingakerfi og flutningsgetu Eimskips, skipið Blikur og BWS/Smyril Line.

- Í skjali **(E)forstö-útfl** frá 15. nóvember 2010 var samkeppnisleg ógn í útflutningi ekki talin stafa frá Samskipum heldur m.a. BWS. Kemur fram að BWS hafi náð nokkrum árangri í útflutningi á fiski frá Seyðisfirði.
- Í gögnum sem voru til umfjöllunar á fundi stjórnar Eimskips 17. nóvember 2010 var samkeppnisleg ógn í útflutningi ekki talinn stafa frá Samskipum heldur m.a. BWS.
- **(S)forstj** fól nýjum yfirmanni hjá Samskipum í Færeyjum að funda með BWS og átti sá fundur sér stað í desember 2010. Gögn **(E)frkvstj-alpjsv** frá desember 2010 sýna að Eimskip átti þá fund með Smyril Line. Á árinu 2011 áttu síðan bæði Eimskip og Samskip í ítrekuðum samskiptum við BWS, sbr. nánar hér á eftir.

10223. Við heildarmat á þessum samtímagögnum ber m.a. að hafa í huga framangreind atvik sem varða aðdraganda og stofnun Silver Green. Eftir að samráð Samskipa og Eimskips hófst sneru Samskip/Silver Sea sér til Green Reefers. Viðræður hófust og þær skiluðu árangri með stofnun Silver Green um mitt ár 2010. Samstarfið hafði það að markmiði að draga úr samkeppni og hækka flutningsgjöld á m.a. útfluttum frystum fiski frá Íslandi. Samkvæmt samtímagögnum Eimskips hafði samstarf Silver Sea og Green Reefers dregið úr samkeppni og fjallaði Eimskip um hina skertu samkeppni sem af þessu leiddi með velþóknun. Sagði Eimskip að eftir stofnun Silver Green hefðu fyrirtækin betra „tak“ á markaðnum. Taldi Eimskip þetta hafa þegar haft þau áhrif að verð hefði hækkað og að gert væri ráð fyrir því að það myndi hækka enn frekar gagnvart útflytjendum á frystum fiski frá Íslandi. Gefa gögnin til kynna að Eimskip hafi verið fylgjandi þessum aðgerðum og viljað gæta sín á því að gera ekkert sem myndi auka samkeppni á þessu sviði.

10224. Í þessu samhengi ber einnig að hafa í huga að í kafla 14.16.2 er gerð grein fyrir atvikum frá janúar – mars 2009 sem tengdust tilraunum fyrirtækisins DSV til að hefja starfsemi hér á landi í samkeppni við Eimskip og Samskip. Ólögmat upplýsingaskipti áttu sér stað milli Eimskips og Samskipa í tengslum við þetta og höfnuðu Samskip samstarfi við DSV þar sem fyrirtækið vildi halda DSV frá íslenska markaðnum. Í kafla 14.36.7 er gerð grein fyrir samskiptum Eimskips og Samskipa við Thorship og kvörtunum gagnvart Alcan vegna samkeppni frá Thorship. Við blasir að það þjónaði hagsmunum samráðs Eimskips og Samskipa að DSV hæfi ekki starfsemi hér á landi sem og að fyrirtækin tvö losnuðu við eða veiktu Thorship sem keppinaut. Að sama skapi þjónaði það hagsmunum samráðsins að gera tilraun til þess að fá Thorship til þess að hefja samstarf. Ber að virða þetta í samhengi við framangreind samskipti Eimskips og Samskipa við BWS.

10225. Þegar ofangreint yfirlit sem tengist BWS er virt sýnir það að bæði Eimskip og Samskip brugðust við samkeppni frá BWS með því að eiga samskipti við fyrirtækið sem að mati Samkeppniseftirlitsins miðuðu að því að draga úr samkeppninni. Er það að mati Samkeppniseftirlitsins einkar skýr vísbinding um samráð Eimskips og Samskipa að í samtímagögnum æðstu stjórnenda fyrirtækjanna var ein helsta samkeppnisógnin í útflutningi ekki talin vera hinn stóri keppinauturinn heldur hinn smái keppinautur BWS. Eins og fram kemur í kafla 3.1 var markaðshlutdeild BWS innan við 5% á árunum 2008 -2010. Í glærum **(S)forstj** frá febrúar 2010 kom fram að markaðshlutdeild BWS í inn- og útflutningi frá Íslandi væri 1% en 3% í útflutningi ef stóriðja væri ekki tekin með, sbr. kafla 14.19. Þrátt fyrir þessa litlu hlutdeild sýna samtímagögn að BWS lét finna fyrir sér, ekki síst í útflutningi á fiski og að verð hafi lækkað þess vegna. Þjónaði það hagsmunum samráðsins að gera tilraun til að fá BWS til þess að hefja samstarf.

10226. Framangreind samtímagögn sýna að Samskip og Eimskip töldu mun meiri samkeppni ríkja í Færeyjum heldur en á Íslandi. Eftir að viðræðulota Eimskips og Samskipa við BWS á árinu 2009 leiddi ekki til



niðurstöðu tóku Samskip upp nýja stefnu í Færeyjum. Hún fólst í því að lækka þar verð og laga það að verði Eimskips. Á þeim grunni átti að fara í herferð og reyna að ná mikilvægum viðskiptavinum frá BWS, sbr. tölvupóst (S)frkvstj-Færeyj og (S)frkvstj-millilandasv frá 28. september 2010. Ekki var talið óhætt að hækka verð gagnvart tilteknum viðskiptavinum Samskipa vegna samkeppni frá BWS, sbr. tölvupóst (S)frkvstj-Færeyj frá 30. september 2010. Í þessari umræðu um stefnumörkun í Færeyjum vildi (S)forstj ekki hafa hliðsjón af verðlagningu á Íslandi enda væru samkeppnisaðstæður ólíkar, sbr. tölvupóst hans frá 1. október 2010. Framangreind áætlun Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2011 staðfestir að samkeppnisaðstæður í Færeyjum voru á þessum tíma verið verulega frábrugðnar þeim sem lýst var í gögnum sem tóku til Íslands. Í Færeyjum hafði samkeppni þau áhrif að bæði Samskip og Eimskip töldu erfitt og áhættusamt að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum þar. Gögn sem varða Ísland og rakin hafa verið í köflum hér að framan sýna allt aðrar aðstæður þar sem unnt var að slá því föstu í áætlunum að verð myndi hækka og að ekki yrði samkeppni um mikilvæga viðskiptavini. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar samanburður á þessum gögnum sem varða annars vegar íslenska markaðinn og hins vegar markaðinn í Færeyjum það ástand sem fylgdi samráði Samskipa og Eimskips hér á landi og er til stuðnings öðrum gögnum þar að lútandi.

10227. Í lok október 2009 beitti (S)forstj sér fyrir verðhækkunum gagnvart m.a. útflytjendum á sjávarafurðum frá Íslandi. Eins og lýst hefur verið var það að eitt af fyrstu verkum (S)forstj, eftir að hann tók ábyrgð á rekstri Frigocare, að stuðla að því að verð á þjónustu Frigocare gagnvart íslenskum viðskiptavinum yrði hækkað. Þá hækkuðu bæði Frigocare og Kloosterboer verð eftir samskipti fyrirtækjanna í desember 2009. Gögn frá árinu 2010 sýna að fyrir hendi hafi verið samkomulag milli Samskipa og Kloosterboer sem hafi falist í því að láta viðskiptavini (ekki síst fiskútflytjendur) hvors annars „í friði“. Er þetta samskonar samkomulag og gilti milli Eimskips og Kloosterboer, sbr. einnig gögn frá árinu 2010. Var þetta til þess fallið að auðvelda Samskipum og Eimskip að draga úr samkeppni um útflytjendur á sjávarafurðum m.a. frá Íslandi. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með því að semja við Kloosterboer um að keppa ekki um tiltekna viðskiptavini.
10228. Þegar framangreind gögn sem varða aðdraganda og stofnun Silver Green og samskipti við BWS eru virt saman með gögnum sem tengjast Kloosterboer sýna þau að Samskip og Eimskip voru reiðubúin að grípa til ólögðra aðgerða í því skyni til að draga úr samkeppni í starfsemi sem tengist útflutningi á fiski.
10229. Virt saman vekur umfjöllun í gögnum Eimskips og Samskipa um skip Eimskips Blikur athygli. Rétt er að draga saman þá umfjöllun sem átti sér stað á árunum 2009 – 2010. Samhengisins vegna eru einnig nefnd tvö atvik frá árinu 2011:
- 15.2.2009: (E)frkvstj-flutnkerf og starfsmenn Eimskips í Færeyjum ræða um hvort skila eigi Blikur og fá kranalaust skip í staðinn.
 - 17.2.2009: (E)frkvstj-skiparekst greinir frá breytingum á siglingaleið Blikur og að nýting á skipinu sé ekki nægjanlega góð. Verið sé að reyna að endursemla um leiguverð á því.
 - 24.3.2009: (S)frkvstj-millilandasv biður (S)forstö-flutnstj að meta „hagræðingarmöguleika“ Eimskips, m.a. að Eimskip hætti að nota Blikur. Engin gögn liggja fyrir um að opinberlega hafi komið fram að Eimskip væri að íhuga að hætta að nota þetta skip.
 - 1.4.2009: Í skjölum (S)forstö-flutnstj kemur fram að Eimskip ætli ekki að nota Blikur fyrir innflutning („no imports“) og einnig er greint frá sparnaði Eimskips við að skila Blikur. Engin gögn liggja fyrir um að opinberlega hafi komið fram að Eimskip væri að íhuga að hætta að nota þetta skip.



- 21.9.2009: (E)frkvstj-alþjv og (E)frkvstj-sala/þj ræddu við BWS um þann möguleika að Eimskip myndi hætta að nota Blikur og Eimskip og BWS myndu þess í stað nýta saman flutningarýmið í Norrænu.
- 10.2.2010: (E)frkvstj-alþjv á fund með BWS. Í minnisblaði hans vegna fundarins er lýst mögulegu samstarfi við BWS og vísað er til Blikur.
- 25.3.2010: Glærur vegna fundar m.a. (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj sýna að skipið Blikur hafi verið rekið með tapi og velt upp þeim möguleika að hætta rekstri skipsins og taka upp samstarf við keppinaut. Í því samhengi er gerð grein fyrir „tillögu“ BWS.
- 23.4.2010: Í glærum sem (E)frkvstj-fjárm sendi m.a. (E)forstj, (E)frkvstj-alþjv og (E)frkvstj-sala/þj var rætt um mögulegar breytingar á siglingakerfi Eimskips og vísað m.a. til: „Co-operation with Smyril Line and Blikur evaluation“.
- Okt. 2010: Í trúnaðarskýrslu Eimskips er rætt um siglingaáætlun Blikur og lagt mat á áhrif á nýtingu flutningarýmis Eimskips í inn- og útflutningi frá Evrópu ef Blikur færi úr flota Eimskips.
- 5.10.2010: (S)frkvstj-millilandasv fjallar um siglingakerfi Eimskips og Blikur.
- 20.10.2010: (S)forstj fjallar í tölvupósti m.a. um siglingakerfi Eimskips. Greinir m.a. (S)frkvstj-millilandasv frá því að meta þurfi hverja einingu hjá Eimskip. Er skipið Blikur tiltekið sérstaklega en ekki minnst á önnur skip Eimskips.
- 17.11.2010: Rætt um siglingakerfi Eimskips á fundi stjórnar fyrirtækisins, m.a. um áhrif þess ef fyrirtækið myndi losa sig við Blikur.
- 18.2.2011: (S)forstö-flutnstj upplýsir (S)frkvstj-millilandasv um samskipti við (E)frkvstj-skiparekst. Þar hafi (E)frkvstj-skiparekst m.a. greint frá breyttri notkun á Blikur og óskað eftir samstarfi við Samskip um tiltekna flutninga.
- 16.3.2011: Í minnisblaði (E)frkvstj-alþjv vegna fundar með (E)forstj kemur fram að þann 14. apríl 2011 sé þessi fundur staðfestur: „Fundur með Blue Water/Blikur“.

10230. Framangreind atvik um samskipti Samskipa og Eimskips við BWS, umræður Eimskips við BWS um Blikur, umræður innan Samskipa um Blikur og tilraunir Eimskips og Samskipa til að draga úr samkeppni með samstarfi við keppinautinn BWS ber að skoða í ljósi annarra atvika málsins. Hér er m.a. vísað til samskipta framkvæmdastjóra Samskipa í Færeyjum ((S)frkvstj-Færeyj) og Eimskips í Færeyjum ((E)frkvstj-Færeyj), sem hófust haustið 2008 og lýst hefur verið hér að framan.

10231. Viðræður Eimskips við BWS um Blikur eru til stuðnings framangreindri umfjöllun um tilraunir til að draga úr samkeppni frá BWS. Eins og fyrr sagði er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að gögnin frá (S)forstö-flutnstj frá 1. apríl 2009, þar sem Samskip settu það fram sem hluta af niðurstöðu sinni um greiningu á skipakerfum hvaða áhrif það hefði á tekjur og gjöld ef Eimskip skilaði skipi sínu, Blikur, endurspegli samráð Eimskips og Samskipa. Að mati Samkeppniseftirlitsins á það sama við um umfjöllun (S)forstj í tölvupósti frá 20. október 2010 um Blikur og samskipti (S)forstö-flutnstj við (E)frkvstj-skiparekst 18. febrúar 2011.

10232. Hvað tölvupóst (S)forstj frá 20. október 2010 áhrærir skal tekið fram að umræður innan Eimskips um rekstur viðkomandi skips og mat á því hvort bæri að halda því í rekstri eru eðli málsins samkvæmt viðkvæmar í samkeppnislegu tilliti. Er þetta umfjöllun af því tagi sem undir eðlilegum kringumstæðum telst vera viðskiptaleyndarmál og upplýsingar þar að lútandi eiga ekkert erindi til keppinauta. Ekki hafa



komið fram trúverðugar skýringar á því að upplýsingar tengdar Blikur hafi borist Samskipum frá öðrum en Eimskip. Hér ber að rifja upp að 11. október 2010 hittust m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/bj á fundi og ræddu málefni tengd samráði fyrirtækjanna. Ætluðu þeir að hittast aftur 20. október 2010 en þeim fundi var frestað. Umæddur tölvupóstur (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv 20. október 2010 varðaði samráðsverkefnið (siglingakerfi og flutningsgeta Eimskips, þ.m.t. sérstaklega skipið Blikur) og einnig var vísað til siglingakerfa Smyril Line/BWS og Wilson (og nefndur sá möguleiki að Samskip gætu „komist í að reka“ það kerfi). Þann 25. október 2010 upplýsti (S)frkvstj-millilandasv stjórn Samskipa um að Norður-Ameríku siglingar Eimskips væru arðbærar og dagana 2. nóvember, 8. nóvember, 7. desember og 9. desember 2010 ræddu (E)frkvstj-sala/bj og (S)frkvstj-millilandasv saman á fundum og í síma.

10233. Framangreint sýnir að frá október 2010 til og með desember 2010 áttu umræddir lykilstjórnendur Eimskips og Samskipa ((S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/bj) þannig með sér samskipti a.m.k. sjö sinnum (sex fundi og eitt símtal) þar sem verkþættir í „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna voru ræddir. Voru þetta ekki einu beinu samskiptin milli stjórnenda fyrirtækjanna á þessum tíma, sbr. kafla 13.3.2.
10234. Framangreind samskipti Samskipa og Eimskips og önnur umrædd gögn málsins gefa til kynna áframhaldandi samráð Samskipa og Eimskips. Að mati Samkeppniseftirlitsins voru samskiptin við BWS í samræmi við meginmarkmið samráðsins sem var að draga úr samkeppni og skapa færi fyrir Samskip og Eimskip að viðhalda eða hækka verð gagnvart viðskiptavinum sínum.
10235. Í mgr. 1669-1671, 1673-1674 og 1676-1677 í athugasemdum Samskipa við AII er að finna athugasemdir Samskipa við umfjöllun um Kloosterboer. Að mati Samskipa eru ætluð brot Samskipa og Kloosterboer ekki til rannsóknar. Telja Samskip að Samkeppniseftirlitið hafi ekki lögsögu í málinu. Að mati Samskipa voru viðskiptin og samskipti þeim tengd jafnframt að öllu leyti í samræmi við samkeppnisreglur. Samskip hafi ekki brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með umræddum viðskiptum og/eða samskiptum. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á framangreind sjónarmið Samskipa, sbr. nánari umfjöllun í kafla 31.6.
10236. Í mgr. 1638-1642, 1644-1650- og 1655-1658 í athugasemdum Samskipa við AII er að finna athugasemdir Samskipa við umfjöllun varðandi BWS og Færeyjar. Telja Samskip að þar sem lögmæti aðgerða BWS sé ekki til umfjöllunar í þessu máli eigi það að leiða til þess að ætluð ólögmæt samskipti BWS við Samskip séu heldur ekki til umfjöllunar. Ekki verði lagt mat á lögmæti slíkra samskipta án aðkomu beggja fyrirtækja að málinu.
10237. Þá er því hafnað að Samskip hafi brugðist við samkeppni frá BWS með samskiptum við BWS sem hafi miðað að því að draga úr samkeppni. Samskiptin hafi verið vegna vilja BWS til að koma á samstarfi. Viðræðurnar hafi þó ekki leitt til neins enda hafi Samskip ekki haft áhuga á samstarfi. Hafna Samskip því að hafa brotið 10. gr. samkeppnislaga með viðræðunum. Jafnframt er því hafnað að samskipti Samskipa við BWS hafi með einhverjum hætti tengst ætluðu samráði við Eimskip.
10238. Að lokum hafna Samskip því að greiningar innan fyrirtækisins sem tengdust skipi Eimskips, Blikur, hafi verið tilkomnar vegna miðlunar á upplýsingum frá Eimskip. Samskip hafi ekki átt í samskiptum við Eimskip í tengslum við þær.
10239. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á framangreind sjónarmið Samskipa, sbr. nánari umfjöllun í kafla 31.6.



20.7. Atvik á árinu 2011

10240. Á árinu 2010 vísaði (S)forstj ítrekað til Eimskips í tölvupóstum til bæði sjálfs sín og lykilstarfsmanna Samskipa eins og (S)frkvstj-millilandasv. Vísast hér t.d. til tölvupósts (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv þann 20. október 2010 þar sem fjallað var um siglingakerfi Eimskips (og skipið Blikur sem var í þjónustu Eimskips) og siglingakerfi BWS/Smyril Line og Wilson. Endurtók þetta sig á árinu 2011.
10241. Þann 10. janúar 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín. Í honum var að finna tvær tilvísanir til Eimskips. Annars vegar „Eimskipapæling“ og hins vegar „Stjórnarfundur – vinna: greina utfl / infl uppgjör betur, rsk 2009, samanburður við Eimskip, kúnnagreiningar, fundargerð, næstu fundir.“⁵³⁸⁵
10242. Þann 14. janúar 2011 spurði (S)frkvstj-millilandasv (S)forstö-innfl1 að því hvort hann væri búinn að fá einhver viðbrögð frá Eimskip vegna beiðni Samskipa um fund. (S)forstö-innfl1 kvaðst ekki hafa heyrt í þeim. Virðist sá fundur hafa a.m.k. átt að fjalla um óánægju Samskipa með tiltekna verðlækkun Eimskips og þann þátt „Nýtt upphaf“ verkefnisins sem varðaði Norður-Ameríku siglingar, sbr. kafla 14.33.16.
10243. (S)forstj hafði á árunum 2009 og 2010 átt í samskiptum við BWS þar sem rætt var um mögulegt samstarf annars vegar á Íslandi og hins vegar í Færeyjum. Þegar (S)frkvstj-Færeyj kvartaði yfir mikilli verðsamkeppni frá BWS í Færeyjum svaraði (S)forstj því til að hann ætti fund með BWS, sbr. umfjöllun hér að framan. Í lok árs 2010 hafði nýr yfirmaður Samskipa í Færeyjum, (S)frkvstj-Færeyj, tekið til starfa. Honum var í desember 2010 falið af (S)forstj að setja sig í samband við BWS og var fundur Samskipa og BWS haldinn í sama mánuði. Þann 14. janúar 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-Færeyj (afrit til (S)frkvstj-millilandasv) þar sem hann spurði m.a. að því hvort (S)frkvstj-Færeyj hafi rætt „frekar“ við BWS“.⁵³⁸⁶
10244. (S)frkvstj-Færeyj svaraði samdægurs og kvaðst hafa rætt við framkvæmdastjóra BWS í desember 2010. Það hefði hann gert eftir að (S)forstj og hann hefðu rætt saman í Rotterdam. Kvaðst (S)frkvstj-Færeyj hafa ákveðið að hitta BWS í janúar 2011 en ekki hefði enn orðið af því. Upplýsti (S)frkvstj-Færeyj að hann myndi hafa aftur samband við BWS. (S)forstj svaraði 16. janúar 2011. Kvaðst hann afar ánægður með þetta og það (S)frkvstj-Færeyj um að hafa samband eftir að hann væri búinn að hitta BWS.⁵³⁸⁷

20.7.1. Fundað með Kloosterboer og Smyril Line í janúar 2011

10245. Þann 13. janúar 2011 sendi (E)frkvstj-Holland tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv og greindi frá því að hann væri að reyna að ná í Kloosterb1 hjá Kloosterboer. (E)frkvstj-alþjsv svaraði og bað hann um að láta sig vita þegar það tækist.⁵³⁸⁸ Nokkrum dögum síðar eða 17. janúar 2011 sagði (E)frkvstj-Holland (E)frkvstj-alþjsv frá því að fundur með Kloosterboer hefði verið ákveðinn þann 21. janúar 2011 í Ijmuiden í Hollandi.⁵³⁸⁹ Fyrir þann fund með Kloosterboer eða 18. og 19. janúar 2011 átti (E)frkvstj-alþjsv fund í Færeyjum með dótturfélagi Eimskips. Einnig átti hann fund þar með JuL (sem nýlega hafði hætt sem framkvæmdastjóri Samskipa í Færeyjum) og með Smyril Line. Þetta sést af minnisblaði hans sem bar heitið „(E)frkvstj-alþjsv travel to Faroe Islands, Sweden and Holland January 2011“. Var það merkt sem trúnaðarmál og sendi (E)frkvstj-alþjsv það til m.a. (E)forstj, (E)forstö-alþjsv og (E)frkvstj-Holland 25. janúar 2011.⁵³⁹⁰ Í minnisblaðinu var einnig gerð grein fyrir umræddum fundi (E)frkvstj-alþjsv með Kloosterboer sem haldinn var 21. janúar 2011.

⁵³⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.824410.

⁵³⁸⁶ Af svari [...] og samhenginu verður að telja að [...] hafi hér átt við BWS en ekki Smyril Line sem rak ferjuna.

⁵³⁸⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.826289.

⁵³⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.447622.

⁵³⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.448634.

⁵³⁹⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.450935.



10246. Í minnisblaðinu lýsti (E)frkvstj-[alþjsv](#) fundi með varaformanni stjórnar og forstjóra Smyril Line. Sýnir minnisblaðið að viðkvæm samkeppnisleg málefni voru rædd á fundinum og (E)frkvstj-[alþjsv](#) upplýsti um áframhaldandi samskipti við BWS. Í því sagði: „*We felt during the meeting that the increased bunker price is putting pressure on the cash flow. In general the operation of the ferry has been difficult [...]*

They advised that the agreement with [BWS] regarding cargo place is valid until 2016 and only way to give Faroe Ship access to this space is to include [BWS] into the discussion and have them involved.

They also advised that [BWS] is on variable cost and they have been delivering less volume which is having a negative impact on the ferry revenue.

Smyril is open that Eimskip/Faroe Ship would become as one of the shareholder to have additional shares capital into the company which seems to be needed [...]

*We express that we were open to for all discussion and in our mind there is a clear synergy between the cargo interest on the route between FS – Danmark, but until now the discussion with [BWS] has not been successful and outcome always in more interest for [BWS]. **We left the initiative for next step with the ferry this time but we have the option to follow up during the annual general meeting.***“

10247. Í minnisblaðinu vísaði (E)frkvstj-[alþjsv](#) þannig til fyrri samskipta við BWS, sbr. og framangreindar glærur hans frá desember 2010. Eins og áður sagði var stjórn-BWS⁵³⁹¹ m.a. fulltrúi BWS á fundinum með (E)frkvstj-[alþjsv](#) á Kastrupflugvelli 21. október 2009. Eimskip átti frumkvæðið að þeim fundi og var hann haldinn eftir að Eimskip barst til eyrna að geta BWS til að keppa hér á landi myndi aukast. Hér ber og að líta til þess að 25. janúar 2011 sendi (E)frkvstj-[alþjsv](#) tölvupóst til (E)forstj og greindi frá því að stjórn-BWS hjá BWS myndi koma til Íslands og eiga fund með honum 3. febrúar 2011. Á þeim fundi stæði til að ræða „*Blue Water/ferjan*“. Var ákveðið að (E)forstj myndi sitja fundinn.⁵³⁹² Sýna samtímagögn að þessi fundur (E)frkvstj-[alþjsv](#) og (E)forstj með stjórn-BWS var haldinn á umræddum degi, sbr. nánar hér á eftir.

10248. Í glærुकynningu frá febrúar 2011, sem var vistuð hjá (E)frkvstj-[alþjsv](#) og bar heitið „*Eimskip International Monthly Report January 2011*“ var vísað bæði til Kloosterboer og BWS.⁵³⁹³ Þar segir:

- Eimskip ((E)frkvstj-[alþjsv](#)) muni hitta framkvæmdastjóra BWS (frkvstj-BWS) til að ræða mögulegt samstarf vegna flutninga með Norrænu („*evaluate if there is an opening with the Ferry*“)
- Von sé á Kloosterboer (Kloosterb1) til Íslands og muni Kloosterb1 senda Eimskip „*options to increase the co-operation*“.

20.7.2. Fundað með BWS og Kloosterboer í janúar og febrúar 2011

10249. Um miðjan janúar 2011 spurði (S)forstj sem fyrr segir (S)frkvstj-[Færeyj](#), undirmann sinn, að því hvort hann hefði rætt „*frekar*“ við BWS. Kvaðst (S)frkvstj-[Færeyj](#) hafa rætt við framkvæmdastjóra BWS í desember 2010 og ákveðið að hitta hann í janúar 2011 en ekki hefði enn orðið af því. (S)frkvstj-[Færeyj](#) myndi hafa samband við BWS. Það gekk eftir. Í tölvupósti (S)frkvstj-[Færeyj](#) til (S)forstj og (S)frkvstj-[millilandasv](#) 8. febrúar 2011, greindi hann frá því að hann hefði ítrekað rætt við framkvæmdastjóra BWS í Færeyjum. Lýsti hann samskiptunum með svofelldum hætti:

⁵³⁹¹ Stjórnarmaður í BWS sem nefndi sig „*the middle man*“. Átti hann fyrir hönd BWS í umtalsverðum samskiptum við Eimskip vegna hugsanlegs samstarfs BWS og Eimskips.

⁵³⁹² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.451448.

⁵³⁹³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Síðast vistað af [...] , dags. 28.02.2011, kl. 12:25. Doc. ID. 0.7.33.56771.



„I have talked with [stjórnandi-BWS] the manager of [BWS] in Faroe several times. We discussed the possibility for us to get a price for shipments from FO to AAR. My arguments was that we will use the connection to get frozen cargo in competition with Faroe Ship and a faster way to Baltic and Russia. We will be in contact again and he promised to give me a fair price.

There could be some possibilities in a closer relation to [BWS] in Faroe. Are we (Samskip as a group) using or have some agreements with Blue Water?”

10250. (S)forstj svaraði sama dag. Sagði hann þetta áhugavert en tók fram að ekki væri fyrir hendi samstarfssamningur milli Samskipa og BWS.⁵³⁹⁴

10251. Af tölvupósti (S)frkvstj-Færeyj verður ráðið að Samskip og BWS ræddu ítrekað um málefni sem voru viðkvæm í samkeppnislegu tilliti, þ.e. möguleikann á því að BWS myndi annast flutninga fyrir Samskip frá Færeyjum til Árósa. Kváðust Samskip með flutningunum hafa í hyggju að keppa við dótturfélag Eimskips, Faroe Ship, um flutninga á frystum afurðum og bjóða upp á hraðari flutninga til Eystrasaltsríkjanna og Rússlands. Við mat á þessum samskiptum fyrirtækjanna verður að hafa í huga að BWS og Samskip voru keppinautar í flutningum til og frá Íslandi, og að flutningar fyrirtækjanna til og frá Íslandi gátu tengst Færeyjum, sbr. kafla 10.7.3.1. Viðræður Samskipa við BWS gátu því hæglega haft áhrif á markaðinn fyrir flutninga hér landi. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi með þessum samskiptum brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga.

10252. Þann 3. febrúar 2011 hittu (E)frkvstj-alþjsv og (E)forstj stjórn-BWS, sem sat sem áður segir í stjórn BWS, og ræddu við hann um mögulegt samstarf Eimskips og BWS. Þann 8. febrúar 2011 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv og vísaði til fundarins og kvaðst ætla að hafa aftur samband þegar hann væri búinn að ræða við frkvstj-BWS, framkvæmdastjóra BWS. Kvaðst (E)frkvstj-alþjsv ætla að bíða eftir upplýsingum um fund stjórn-BWS með frkvstj-BWS.⁵³⁹⁵ Tveimur dögum síðar sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv og lýsti viðræðum sínum við frkvstj-BWS. Bar tölvupósturinn heitið „The Middle Man“. Í honum kemur fram að stjórn-BWS hafi rætt við frkvstj-BWS um „the orginal „middle man“ objective – and our discussion in Reykjavik together with [(E)forstj] ...“. Taldi hann forsendur fyrir áframhaldandi viðræðum um samstarf milli Eimskips og BWS. Nefndi stjórn-BWS „slot charter agreement“ í því samhengi en kvaðst ekki viss um að slíkt samstarf gengi nægjanlega langt og uppfyllti væntingar Eimskips og BWS. Tók hann fram að ræða þyrfti við Smyril Line þar sem samningur milli BWS og Smyril Line væri í gildi til 2016. Lagði stjórn-BWS til að hann, (E)frkvstj-alþjsv og frkvstj-BWS myndu „meet alone to try to find a frame work for a broader discussion“.⁵³⁹⁶

10253. (E)frkvstj-alþjsv framsendi tölvupóst stjórn-BWS til m.a. (E)frkvstj-Færeyj (framkvæmdastjóra Eimskips í Færeyjum). Sagði (E)frkvstj-alþjsv þetta í sínum tölvupósti: „Keep this email confidential but what we need to have to evaluate:

1) Blue Water will always be on the market

2) Can be win/win to share the ferry

3) The ferry owner need to come into this as higher utilization mean more revenue. We can press that we/BW get part of that gain as well.

4) To conclude an agreement then everyone needs feel acceptable

⁵³⁹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.834487.

⁵³⁹⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.462395.

⁵³⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.463287.



5) *Kindly discuss but do not distribute the e-mail and advice what is acceptable for FS⁵³⁹⁷/main agreement terms.*⁵³⁹⁸

10254. Samkvæmt þessu var til skoðunar hjá Eimskip að fyrirtækið og BWS myndu „deila með sér“ flutningaplássi í ferjunni Norrænu. Gætu báðir aðilar hagnast á slíku samstarfi („win/win“), væntanlega m.a. með minni samkeppni, hærra verði og aukinni nýtingu á flutningsrými. Hafði Eimskip áður átt í viðræðum við Smyril Line en verið bent á að samningur Smyril Line við BWS væri í gildi til ársins 2016, sbr. kafla 20.6.2. Í samhengi við þetta og efni tölvupóstsins í heild sinni gefur orðalag (E)frkvstj-alþjvs um að BWS „will always be on the market“ til kynna að Eimskip hafi talið ljóst að ekki væri unnt að losna við BWS af markaðnum og því væri það heppilegur kostur að hefja samvinnu við þann keppinaut.
10255. Þann 9. febrúar 2011 sendi (S)frkvstj-Frigo2, framkvæmdastjóri Samskipa (Frigocare) í Noregi, tölvupóst til m.a. (S)forstj.⁵³⁹⁹ Var í honum greint frá því að Kloosterboer (Kloosterb1 og stjórnandi1-Klooster) kæmu í næstu viku til Noregs til að eiga fundi með Eimskip og myndu einnig funda með Samskipum. Þessi heimsókn Kloosterboer til Noregs var í samræmi við það sem fram kom í framangreindu minnisblaði (E)frkvstj-alþjvs 25. janúar 2011 og tölvupósti (E)frkvstj-Holland til Kloosterboer 28. janúar 2011, sbr. og svar Kloosterboer. Sýnir framangreint tengingu milli Eimskips-Kloosterboer-Samskipa og áframhaldandi samskipti Eimskips og Samskipa við Kloosterboer.
10256. Þann 14. febrúar 2011 framsendi (E)starfsm-Reefer tölvupósta til (E)frkvstj-alþjvs, (E)frkvstj-Holland og (E)forstö-alþjvs þar sem því er lýst að Eimskip hafi snúið sér til Kloosterboer, kvartað yfir verðsamkeppni og óskað eftir því að þessi mál yrðu rædd frekar við Kloosterboer (Kloosterb1 og stjórnandi1-Klooster). Þannig segir t.d. í tölvupósti (E)starfsm-Reefer: „Kloosterboer & Daalimpex have visted Dolphin Trading in Japan last Month. They have been quoting extremely low rates and Dolphin informed us that he doesn't want to use our services for the next 6 month's [svo]. We have asked Daalimpex why they are competing us on business which Daalimpex already get's [svo] from Eimskip. I know that you will be visited by [stjórnandi1-Klooster] and [Kloosterb1] maybe you can ask them the same.“ Einnig var framsendur tölvupóstur til (E)frkvstj-alþjvs o.fl. sem (E)starfsm-Reefer sendi sama dag til Kloosterboer og kvartaði yfir umræddri verðsamkeppni. Sagði hann hana óskiljanlega („incomprehensible“) og kallaði eftir skýringum frá Kloosterboer.⁵⁴⁰⁰
10257. Sama dag, 14. febrúar 2011, sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín með heitinu „Smyril“ en ekkert annað kom fram í honum.⁵⁴⁰¹ Vísaði hann þannig til verkefna eða samskipta sem tengjast BWS og/eða Smyril Line.⁵⁴⁰²
10258. Daginn eftir var haldinn fundur hjá Eimskip. Boðaði (E)forstö-útlfl bæði (E)frkvstj-sala/þj og (E)frkvstj-innanl til þess fundar en efni hans var landflutningar fyrir Samskip og BWS. Sagði í fundarboðinu að (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-útlfl væru að fara síðar í vikunni í „yfirreið á N- og Austurlandi“ og það þyrfti að ræða þessi mál.⁵⁴⁰³ Gefur fundarefnið þannig til kynna að ræða hafi átt samvinnu í landflutningum við bæði Samskip og BWS. Eins og fram kemur í m.a. kafla 5.11.3 og 17 áttu Eimskip og Samskip á árunum 2010-2011 í samráði í landflutningum bæði á Norðurlandi og Austurlandi. Hvað varðar BWS ber að rifja upp að á árinu 2009 hafði (E)forstj átt fund með BWS á Seyðisfirði og í mars

⁵³⁹⁷ Eimskip í Færeyjum (Faroe Ship).

⁵³⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.465298.

⁵³⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.834865.

⁵⁴⁰⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.465974.

⁵⁴⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.836281.

⁵⁴⁰² Rétt er að rifja upp að dótturfyrirtæki Blue Water Shipping sem rak vöruflutningastarfsemina, sem fólst m.a. í nýtingu á flutningaplássinu í Norrænu, hét Smyril Blue Water. „Smyril“ getur því annars vegar verið Smyril Blue Water eða ferjuútgerðin Smyril Line.

⁵⁴⁰³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.328.162631.



2008 hafði Eimskip samið við BWS um landflutninga hér á landi, sbr. og framangreind samskipti (E)frkvstj-aljpsv við BWS.

10259. Þann 16. febrúar 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útlfl varðandi BWS. Þar kom fram að (S)forstj hefði átt í viðræðum við ónefndan aðila sem byggi yfir nákvæmum upplýsingum um BWS. Líkt og í gögnum (E)frkvstj-aljpsv frá þessum tíma vildi (S)forstj huga að samstarfi við þennan keppinaut: „Við heyrum að rekstur ferjunnar gengur svona lala eins og sagt er.

Ég heyri að þeir eru að flytja 30 gáma/trailers nú þessa vikuna, og að flutningar séu um 20-30 gámar á viku - þetta er því talsvert magn.

Yfir sumarið er magnið að sjálfsögðu minna - en yfir árið tæplega 20 þús tonn.

Ég tel að það væri vert að kanna með kaup á plássinu frá austfjörðum til DK af [BWS] - á móti myndum við sleppa viðkomu okkar í Kollafirði á útleið og bóka með ferjunni.

*Hvernig metið þið áhrif á þessu.*⁵⁴⁰⁴

10260. Við mat á tölvupósti (S)forstj 16. febrúar 2011 er rétt að rifja upp að í desember 2010 átti (S)frkvstj-Færeyj fund með BWS að beiðni (S)forstj. Jafnframt átti (E)frkvstj-aljpsv fund með Smyril Line, sbr. m.a. glærur (E)frkvstj-aljpsv frá desember 2010. Jafnframt liggur fyrir að (S)forstj og (E)frkvstj-aljpsv höfðu átt bein samskipti í desember 2010 sem og m.a. (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv. Þá beindi (S)forstj í janúar 2011 því ítrekað til (S)frkvstj-Færeyj að ræða aftur við BWS. (E)forstj og (S)forstö-útlfl hittust síðan 2. janúar 2011. Einnig hittu (E)forstj og (E)frkvstj-aljpsv BWS (stjórn-BWS) 3. febrúar 2011. Þann 8. febrúar 2011 upplýsti (S)frkvstj-Færeyj (S)forstj um að hann hefði talað við BWS í nokkur skipti. Þann 10. febrúar 2011 greindi stjórn-BWS hjá BWS (E)frkvstj-aljpsv frá viðræðum við frkvstj-BWS (framkvæmdastjóra BWS) um mögulegt samstarf Eimskips og BWS. Daginn eftir bað (E)frkvstj-aljpsv Eimskip í Færeyjum að hugleiða samstarf við BWS. Þann 14. febrúar 2011 sendi (S)forstj sjálfum sér tölvupóst til að minna sig á verkefni eða samskipti við BWS og/eða Smyril Line. Í tölvupósti (S)forstj 16. febrúar 2011 vísaði hann til samskipta við ótilgreindan aðila og hafði þá fengið upplýsingar um rekstur og flutningamagn BWS. Jafnframt mat hann það svo að vert væri að kanna möguleika á samstarfi við BWS um flutninga á siglingaleiðinni Ísland – Færeyjar – Danmörk.

10261. Sem fyrr segir sátu (S)forstj og (E)frkvstj-aljpsv í „Nýtt upphaf“ vinnuhópnum. Þegar (S)forstj sendi tölvupóstinn 16. febrúar 2011 þar sem kom fram að hann hefði átt í viðræðum við ónefndan aðila sem byggi yfir nákvæmum upplýsingum um BWS hafði (E)frkvstj-aljpsv nýlega átt viðræður við bæði BWS (stjórn-BWS) og Smyril Line. Þá hafði (S)forstj átt í samskiptum við BWS á árinu 2010 og falið (S)frkvstj-Færeyj að eiga í slíkum samskiptum, sem hann og gerði. Verður því að leggja til grundvallar að umfjöllun (S)forstj byggi á áframhaldandi samskiptum við (E)frkvstj-aljpsv og/eða BWS.

10262. Föstudaginn 18. febrúar 2011 hafði (S)frkvstj-Frigo1 samband við (S)forstj og upplýsti að Kloosterboer (Kloosterb4) óskaði eftir að hitta hann. Var fundur ákveðinn 8. mars 2011 í Hollandi.⁵⁴⁰⁵ Nokkrum dögum seinna eða 22. febrúar 2011 sendi (E)frkvstj-aljpsv tölvupóst til (E)frkvstj-Holland. Greindi hann (E)frkvstj-Holland frá því að Kloosterboer (Kloosterb1) hefði haft samband við sig vegna þess að Eimskip væri að biðja Daalimpex um lægra verð fyrir flutning á saltfiski. Hefði Kloosterb1 beðið (E)frkvstj-aljpsv um að biðja með þessa beiðni þar til Eimskip og Kloosterboer hefðu rætt heildarsamvinnu sína („all over co-operation“) og að von væri á Kloosterb1 til Íslands.⁵⁴⁰⁶

⁵⁴⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1035083.

⁵⁴⁰⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.840189.

⁵⁴⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.471425.


10263. Sama dag sendi (E)frkvstj-aljpsv tölvupóst til BWS (stjórn-BWS) og spurði hvort hann hefði rætt við frkvstj-BWS um tímasetningu fundar milli Eimskips og BWS. stjórn-BWS svaraði daginn eftir. Kvaðst hann hafa rætt við frkvstj-BWS og myndi hringja í (E)frkvstj-aljpsv til að fara yfir það sem frkvstj-BWS hefði sagt. Einnig væri verið að vinna í því að finna tíma fyrir fund Eimskips og BWS.⁵⁴⁰⁷

10264. Hjá (E)frkvstj-aljpsv fannst glærुकyning sem ber heitið „Eimskip International Monthly Report February 2011“.⁵⁴⁰⁸ Þar er bæði fjallað um Kloosterboer og BWS. Hvað Kloosterboer áhrærir var vísað til samvinnu og samruna við þann keppinaut:

- „Kloosterboer
 - Merger / co-operation in forwarding in Holland
 - Potential co-operation in Alaska"

10265. Vísað var til BWS undir heitinu „verkefni“ („projects“) og tekið fram að fundur sé ákveðinn með þeim keppinauti um miðjan apríl 2011:

Projects



Yfir hafid og heim

- **Co-operation with Norænna / Smyril Bluewater**
- Meeting set in middle of April
- Keep in mind that Smyril Bluewater paid euro 6.7m in 2010 and the ferry lost money
 - Cash reduced from euro 1.7m down to euro 0.8m
 - Debt around 12 times EBITDA
- Blue Water has the right of slot until 2016
- Not sure about their approach but only opportunity is to split 50/50
 - Equal right on the remaining 40 if available
 - Direct services to Denmark is vital
- Extension of the flight runway will be in 2012

80 / 88 Trailers (max 120)

	DKK 49.6m Euro 6.7m	Ferry loosing money
	Euro 3.35m	120 Chassies
	Euro 3.35m	

10266. Samkvæmt þessu taldi Eimskip að það eina sem kæmi til greina væri að fyrirtækið og BWS myndu skipta til helminga á milli sín flutningarýminu í Norrænu.

10267. Í fundargerð vegna fundar stjórnar Eimskips þann 4. mars 2011 var aftur rætt um vaxandi samkeppni frá BWS í flutningum til og frá Íslandi og til og frá Færeyjum. Ekki var hins vegar minnst á slíka samkeppnislega ógn frá Samskipum.⁵⁴⁰⁹ Ber að líta til þessa þegar ítrekuð samskipti Eimskips við BWS eru metin.

⁵⁴⁰⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.472420.

⁵⁴⁰⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55921.

⁵⁴⁰⁹ Afhent gagn frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. Fundargerð stjórnar Eimskips, fundur 04.03.2011.



10268. (E)frkvstj-sala/bj hitti (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útl og (S)forstö-innfl1 á fundi 9. mars 2011, sbr. kafla 14.37.3.

10269. Gögn (E)frkvstj-sala/bj sýna að hann útbjó reglulega verkefnalista þar sem hann tilgreindi mikilvæg verkefni á hverjum tíma. Fram hefur komið að á árinu 2010 voru á verkefnalista (E)frkvstj-sala/bj verkefni tengd hækkun á verði og samstarfi við Samskip, sbr. umfjöllun í kafla 14.33.14.1. Eftir endurnýjun ólögmætra samninga Eimskips og Samskipa 9. desember 2010 voru verkefni sem lutu að hækkun á verði áfram á verkefnalistum (E)frkvstj-sala/bj árið 2011 („Hækkanir ISL – ERL“) „Hækkun meðalsjóflutningssverða“. Í mars 2011 kom aftur inn á verkefnalista (E)frkvstj-sala/bj verkefni tengt Samskipum. Var þá komið inn á þennan lista (E)frkvstj-sala/bj (undir lið sem gaf til kynna aðkomu (E)forstj (tilgreint: „Verkefni 1-3 (E)forstj“) eftirfarandi verkefni: „Samskip inn og út“.⁵⁴¹⁰ Vísar þetta til inn- og útflutnings Samskipa. Á þessum tíma var fyrir hendi m.a. eftirfarandi ólögmætt samstarf Eimskips og Samskipa sem tengdist beint sjóflutningum:

- Ólögmætt samstarf um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku.
- Ólögmætt samstarf um sjóflutninga milli Íslands og Evrópu sem byggði á „neyðarsamkomulaginu“.
- Ólögmætt samstarf um flutninga sem byggði á samningi milli Jóna, dótturfélags Samskipa, og Eimskips.
- Ólögmætt gámasamstarf.
- Ólögmætt samstarf um flutning á áli fyrir Alcoa.

10270. Á fundinum 9. mars 2011 hitti (E)frkvstj-sala/bj, framkvæmdastjóri inn- og útflutnings hjá Eimskip, (S)frkvstj-millilandasv, framkvæmdastjóra inn- og útflutnings hjá Samskipum sem og þá (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útl, sem voru forstöðumenn inn- og útflutningsdeilda Samskipa.

10271. Ekki er ljóst af verkefnalista (E)frkvstj-sala/bj hvort verkefnið tók til framangreinds ólögmæts samstarfs fyrirtækjanna, samráðs þeirra um breytingar á siglingakerfum, yfirstandandi markaðsskiptingar eða verðsamráðs gagnvart viðskiptavinum í sjóflutningi. Hvað sem því líður er ljóst að um var að ræða þýðingarmikið verkefni, sbr. tenginguna við (E)forstj.

20.7.3. Fundað með Kloosterboer og BWS í mars og apríl 2011

10272. Samtímagögn sýna að (S)forstj átti fund með Kloosterboer (Kloosterb4) í Hollandi þann 8. mars 2011, sbr. tölvupóst (S)frkvstj-Frigo1 frá 18. febrúar 2011.⁵⁴¹¹ Nokkrum dögum síðar, þ.e. 16. mars 2011, átti (E)frkvstj-albjsv fund með (E)forstj þar sem rætt var um samstarf við bæði Kloosterboer og BWS. Átti m.a. að ræða skipið Blikur við BWS. Tók (E)frkvstj-albjsv saman minnisblað vegna þessa fundar með (E)forstj er bar heitið „Fundur með (E)forstj“. Þar kemur m.a. fram:

- „Fundur með Blue Water/Blikur –
 - 14 Apríl staðfestur fundur.“
- „Samstarf við Kloosterboer

⁵⁴¹⁰ Verkefnið hafði fallið út af verkefnalista [...] mánuði síðar. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.182199. Afritað tölvuskjal frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.181952. Afritað tölvuskjal frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.188493. Afritað tölvuskjal frá Eimskip[...] Doc. ID. 0.7.33.180922.

⁵⁴¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Milli [...], dags. 21.02.2011, kl. 09:02, 22.02.2011, kl. 01:20 og 23.02.2011, kl. 11:24.



o *Sunnudagur 20. Apríl*⁵⁴¹²

10273. Sama dag sendi (E)forstö-[alþjsv](#) tölvupóst til (E)forstj (afrit til (E)frkvstj-[alþjsv](#)) og lagði til að hann myndi hitta Kloosterboer (Kloosterb1) á sjávarútvegssýningunni í Boston 20. mars 2011.⁵⁴¹³ Samkvæmt dagbók (E)frkvstj-[alþjsv](#) var hann þann dag bókaður í hádegisverð með Kloosterb1 og (E)forstj.⁵⁴¹⁴

10274. Stjórn-BWS sendi tölvupóst til (E)frkvstj-[alþjsv](#) og frkvstj-BWS þann 17. mars 2011 með heitinu „THE MIDDLE MAN – FIXED“. Þar kemur fram að fundur milli Eimskips og BWS sé staðfestur 14. apríl 2011. Verði hann haldinn á Hilton hótelinu á Kastrup flugvelli.⁵⁴¹⁵

10275. Þann 28. mars 2011 sendi (E)forstö-[alþjsv](#) glærुकyningu til (E)frkvstj-[alþjsv](#) með heitinu „[(E)forstj] Stjórnendafundur“. Vísað var til samvinnu við Kloosterboer og Blikur í henni með eftirfarandi hætti:

„ERL Holland setup – Partnership with Kloosterboer Shipping. [...]

Eastern Route Analyzes (Blikur)

- *Present Profitability of the Route*
- *Investment analyzes (Purchase of Blikur)*⁵⁴¹⁶

10276. Þann 31. mars 2011 var eftirfarandi bókað í dagbók (S)forstj: „Eimskip pælingar – stuttur fundur“. Átti sá fundur að standa frá 14:30 – 15:00.⁵⁴¹⁷

10277. Þann 5. apríl 2011 sendi Kloosterboer (stjórnandi1-Klooster) tölvupóst til (E)forstö-[alþjsv](#), sem framsendi hann til (E)frkvstj-[alþjsv](#).⁵⁴¹⁸ Í tölvupósti stjórnandi1-Klooster var fjallað um samvinnu og samskipti Eimskips og Kloosterboer:

„1) cooperation Eimskip - Kloosterboer

Understood you have had a good conversation with [Kloosterb1] in Boston.

[Kloosterb1] and me had a very good meeting with [(E)starfsm] and [(E)starfsm] in Sortland.

I really hope we can continue our good cooperation, in all possible fields

Next possible occasion to meet will be the seafood show in Brussels.

I was talking with [(E)starfsm] about it, would there be any change [chance] to meet with you, [(E)starfsm] and some other key Eimskip persons on Monday evening May 2nd?

Or do you have a full schedule already? It was just an idea“

10278. Samkvæmt þessu vísaði stjórnandi1-Klooster til fundar Kloosterboer með (E)forstj og (E)frkvstj-[alþjsv](#) í Boston og samskipta Kloosterboer við Eimskip í Noregi. Lagði stjórnandi1-Klooster til að hann og (E)forstö-[alþjsv](#) myndu hittast á sjávarútvegssýningunni í Brussel í byrjun maí 2011. Sá fundur var haldinn, sbr. nánar hér á eftir.

⁵⁴¹² Afritað tölvugagn frá Eimskip. Minnisblað [...], dags. 16.03.2011. Doc. ID. 0.7.33.46400.

⁵⁴¹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.485484.

⁵⁴¹⁴ Afritað tölvugagn frá Eimskip. Tölvudagbók [...], færsla 20.03.2011. Hádegisverður milli 11:45 – 13:00. Doc. ID. 0.7.33.487661.

⁵⁴¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.485798.

⁵⁴¹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.493888.

⁵⁴¹⁷ Afritað tölvugagn frá Eimskip. Tölvudagbók [...], færsla 31.03.2011. Doc. ID. 0.7.33.852179.

⁵⁴¹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.500410.



10279. Þann 14. apríl 2011 var haldinn fundur Eimskips og BSW á Kastrup flugvelli, sbr. umfjöllun hér að framan. Fundinn sátu (E)frkvstj-[alþjv](#), frkvstj-BWS og stjórn-BWS og á honum var rætt um samstarf þessara keppinauta. Daginn fyrir fundinn hafði stjórn-BWS sent minnisblað til (E)frkvstj-[alþjv](#) og frkvstj-BWS og sett fram hugmyndir um samstarfið sem, að því er virðist, gekk í aðalatriðum út á samnýtingu á því flutningarými sem BWS hafði yfir að ráða í Norrænu.⁵⁴¹⁹ Í minnisblaðinu var fjallað um nýtingu á flutningarými í Blikur og Norrænu og rætt um áhrif mögulegs samstarfs á bæði flutninga til og frá Íslandi og til og frá Færeyjum. Kvaðst stjórn-BWS hafa velt fyrir sér leiðum til þess að samstarfið hefði ekki áhrif á samkeppni milli BWS og Eimskips.
10280. Þann 19. apríl 2011 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-[alþjv](#) og frkvstj-BWS og fjallaði um atriði sem rædd höfðu verið á fundinum.⁵⁴²⁰ Gefur tölvupósturinn til kynna að rætt hafi verið m.a. um þetta á fundinum:
- Blikur skyldi aðeins sigla hluta af árinu.
 - Eimskip og BWS gætu einnig tekið upp samvinnu í landflutningum.
 - Mögulegar breytingar á siglingakerfum Eimskips.
 - Samkeppni Eimskips við Fresh Link og Samskip.
 - Mat bæði Eimskips og BWS á flutningamörkuðum og hvernig þeir myndu þróast.
 - Að BWS og Eimskip væru keppinautar og BAF-gjöld þeirra væru því mismunandi. Þetta og hækkandi olíukostnaður gæti dregið úr ábata af samvinnu fyrirtækjanna.
 - Farþegaflutningar til Íslands hefðu mikla þýðingu fyrir rekstur Norrænu.
 - Siglingakerfi Samskipa sem hefði áþekka markaðslega dekkun og Eimskip.
 - BWS myndi fá upplýsingar hjá Smyril Line um heildarflutningsgetu Norrænu.
10281. Samkvæmt framansögðu var á þessum fundi Eimskips og BWS rætt um mjög viðkvæm samkeppnisleg málefni, t.d. mat á markaðnum, mögulegar breytingar á siglingakerfum, BAF-gjald, samkeppni við Samskip og Fresh Link. Voru þessar umræður til þess fallnar að hafa áhrif á samkeppni í flutningum bæði til og frá Íslandi sem og til og frá Færeyjum.
10282. Unnið var frekar að mögulegu samstarfi Eimskips og BWS. Þann 28. apríl 2011 sendi BWS (stjórn-BWS) tillögu að samstarfssamningi (nefndi hana „*production model*“) til (E)frkvstj-[alþjv](#) og frkvstj-BWS. Í henni var lagt til að Eimskip og BWS skiptu með sér til helminga flutningsrými BWS í Norrænu í siglingum milli Færeyja og Danmerkur. Einnig var fjallað um flutninga BWS frá Seyðisfirði og sagt að þeir væru nánast allir til Danmerkur. Voru settar fram tillögur sem tengjast þeim flutningum. Jafnframt kom fram að fyrirhugað samstarf BWS og Eimskips byggði á þeirri forsendu að hömlur yrðu settar á flutninga Eimskips með Blikur og að Eimskip myndi skuldbinda sig til að gera ekki verulegar breytingar á siglingakerfi sínu sem tengdist viðkomum í Færeyjum. Þá var rætt um sameiginlegar BAF greiðslur til Smyril Line o.fl. Tekið var fram að þrátt fyrir samstarfið mættu engar „viðskiptalegar“ (e. commercial) upplýsingar um t.d. verð og viðskiptavini berast milli Eimskips og BWS. Þá lagði stjórn-BWS til að Eimskip og BWS myndu hittast í lok maí 2011 til að ræða þetta frekar og reyna að ljúka samningi um miðjan júní sama ár. (E)frkvstj-[alþjv](#) framsendi þessa tillögu sama dag til (E)forstj, (E)frkvstj-[sala/þj](#) og

⁵⁴¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.505414.

⁵⁴²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.768181.



(E)frkvstj-skiparekst og sagði að um væri að ræða „tillaga frá middle man eftir fund okkar í CPH“.⁵⁴²¹ (E)frkvstj-alþjv sendi annan tölvupóst til (E)forstj vegna þessa sama dag. Sagðist hann ekki hafa heyrt í frkvstj-BWS „eftir fundinn okkar hvernig hann tekur í þá tillögu okkar sem við ræddum um á fundinum. Hann ætlar að ræða við sína menn um það.“ Einnig sagðist (E)frkvstj-alþjv gera ráð fyrir að frkvstj-BWS yrði á sjávarútvegssýningunni í Brussel og ætlaði (E)frkvstj-alþjv að ræða við frkvstj-BWS þar.⁵⁴²² Gefur þetta til kynna að á fundi Eimskips og BWS hafi verið rædd tiltekin tillaga Eimskips, sem hafi ekki verið fjallað um af hálfu stjórn-BWS, og hafi (E)frkvstj-alþjv viljað ræða hana sérstaklega við frkvstj-BWS í Brussel.

20.7.4. Fundað með Silver Green, Kloosterboer og BWS í maí og júní 2011

10283. Hin árlega sjávarútvegssýning í Brussel fór fram 3.–5. maí 2011. Bæði (E)frkvstj-alþjv og (S)forstj ætluðu sér að eiga fund með Kloosterboer og BWS meðan á sýningunni stæði. Þá ætlaði (S)forstj að hitta Silver Green. Í þessu sambandi er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

- Þann 8. apríl 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-fjárm og vildi hitta hann sama dag til að ræða m.a. eftirfarandi: „Stjórnarfundur í R'dam - Silver Sea/Eimskip“.⁵⁴²³
- Í dagbók (S)forstj var að finna eftirfarandi færslu þann 13. apríl 2011: „Eimskip/Silver Green/Stjórnarkynning“. Var þessi fundur bókaður frá kl. 11:00 til 11:45.⁵⁴²⁴
- Þann 26. apríl 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín. Minnti hann sig á að eiga fundi á sjávarútvegssýningunni með m.a. Kloosterboer og Silver Green.⁵⁴²⁵
- Þann 27. apríl sendi (E)frkvstj-alþjv tölvupóst til Kloosterboer (Kloosterb1) og lagði til að þeir myndu hittast á sjávarútvegssýningunni.⁵⁴²⁶ Var fundur ákveðinn 4. maí 2011 kl. 11:50.⁵⁴²⁷ Sem fyrr segir ætlaði (E)frkvstj-alþjv einnig að ræða við framkvæmdastjóra BWS (frkvstj-BWS) á sýningunni.
- Þann 1. maí 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til BWS (frkvstj-BWS) og spurði hvort hann yrði á sjávarútvegssýningunni í Brussel. frkvstj-BWS svaraði að hann kæmi ekki en undirmaður hans (yfirms-BWS) yrði þar.⁵⁴²⁸

10284. Hjá (E)forstö-útl fannst minnisblað þar sem gerð er grein fyrir viðræðum Eimskips við viðskiptavini og keppinauta sína á sýningunni.⁵⁴²⁹ Í minnisblaðinu er fjallað lauslega um samskipti við Kloosterboer en ekkert fjallað um fund (E)frkvstj-alþjv og Kloosterb1 4. maí 2011.⁵⁴³⁰ Aftur á móti er stuttlega lýst fundi með stjórnandi1-Klooster, framkvæmdastjóra hjá Kloosterboer, sem hafði í tölvupósti til (E)forstö-alþjv óskað eftir fundi í Brussel. Í minnisblaðinu er samskiptum við stjórnandi-Klooster lýst með eftirfarandi hætti:

„[stjórnandi1-Klooster] *old friend and client for may [many] years with GRR.*

Will come to Bergen in mai/june to see us +Silvergreen etc.“

⁵⁴²¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.515553.

⁵⁴²² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.515762.

⁵⁴²³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.855467.

⁵⁴²⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. Dagbók [...]. „Eimskip / Silver Green / Stjórnarkynning“. [...] Doc. ID. 0.7.33.856103.

⁵⁴²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.861550.

⁵⁴²⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.515016.

⁵⁴²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.516450.

⁵⁴²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.863217.

⁵⁴²⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102401.

⁵⁴³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.538678.



10285. Samkvæmt minnisblaði (E)forstö-útl var ákveðið í Brussel að Kloosterboer kæmi til Noregs til að ræða við bæði Eimskip og Silver Green. Styður þetta ásamt öðrum samtímagögnum þá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að stofnun Silver Green og samskiptin við Kloosterboer hafi stutt við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
10286. Á fundi stjórnar Eimskips 6. maí 2011 var rætt um breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins, m.a. hvort leggja ætti Blikur. Í glærukynningu, sem farið var yfir á fundinum, segir að ógn sé fyrir hendi í Færeyjum ef aðstæður á markaði fari ekki að lagast.⁵⁴³¹ Aftur á móti er bent á að fyrir hendi séu möguleikar á samstarfi við við BWS/Smyril Line.
10287. Þann 11. maí 2011 sendi (E)frkvstj-alþjv tölvupóst til stjórn-BWS og frkvstj-BWS hjá BWS þar sem kemur fram að þær tillögur sem stjórn-BWS hafi sent 28. apríl 2011 séu í samræmi við umræður milli aðila. Það væru hins vegar nokkur atriði sem Eimskip vildi ræða á næsta fundi. Kvaðst (E)frkvstj-alþjv vera laus 24. og 25. maí 2011.⁵⁴³² stjórn-BWS svaraði tölvupósti (E)frkvstj-alþjv daginn eftir. Þar kom fram að BWS væri í aðalatriðum sátt við framkomnar tillögur en ætti eftir að ræða tiltekin atriði, þ.m.t. verð. Kvaðst stjórn-BWS ætla að skoða þessi mál betur og tók þetta fram:
- „Will give you a telephone today/tomorrow after your meeting with Mr. S (R).“*
10288. (E)frkvstj-alþjv framsendi þennan tölvupóst stjórn-BWS sama dag til (E)forstj og (E)frkvstj-skiparekst⁵⁴³³ án þess að skýra hver „Mr. S“ væri. Af samhenginu er ljóst að fundur (E)frkvstj-alþjv með umræddum „MR. S“ tengdist viðræðum Eimskips og BWS um samstarf. Dagbók (E)frkvstj-alþjv sýnir að hann var á Íslandi fimmtudaginn 12. maí og föstudaginn 13. maí 2011. Þessa daga var aðeins einn fundur skráður í dagbók hans og fæst ekki séð að sá fundur hafi tengingu við þessi atvik. Að sögn Eimskips var um að ræða tilvísun til [frkvstj-Smyril] forstjóra Smyril Line.⁵⁴³⁴
10289. Í dagbók (S)forstj var skráður fundur föstudaginn 13. maí 2011 milli kl. 13:00 – 14:00. Heiti fundarins var [nafn].⁵⁴³⁵ Benda eftirfarandi til þess að um væri að ræða fund (S)forstj með starfsm-BWS, sem var framkvæmdastjóri hjá Eimskip en hóf störf hjá BWS á árinu 2010:
- [Nafn] er fornafrn starfsm-BWS.⁵⁴³⁶ Starfsm-BWS var í sama vinnuhópi og (E)frkvstj-alþjv og (S)forstj. Í honum voru m.a menn sem höfðu kynnt þegar þeir bjuggu í Hollandi og störfuðu fyrir Eimskip og Samskip.
 - Sunnudaginn 15. maí 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín og minnti sig á mögulegt samstarf við BWS í flutningum til og frá Íslandi og til og frá Færeyjum („Smyrill - fyrir austan og Færeyjar“). Einnig vísaði hann til Thorship.⁵⁴³⁷ Næstu daga þar á eftir fjallaði (S)forstj um siglingakerfi Eimskips/Samskipa og áfram um BWS og Thorship.
 - Þann 29. nóvember 2011 átti (S)forstj fund með starfsm-BWS til þess að ræða samstarf BWS og Samskipa, sbr. nánar hér á eftir.

⁵⁴³¹ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016, mappa 6 – 1. hluti. „Eimskipafélag Íslands hf. 23rd Board Meeting May 6th 2011“.

⁵⁴³² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.521802.

⁵⁴³³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.522112.

⁵⁴³⁴ Mgr. 849 í athugasemdum Eimskips við AII.

⁵⁴³⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. Dagbók [...] Fundartími 13.05.2011, kl. 13-14:00. Doc. ID. 0.7.33.1009176.

⁵⁴³⁶ Fréttablað BWS, Blue Water Shipping, dags. 04.08.2010. Aðgengilegt á slóð: https://issuu.com/bwmark/docs/news_aug_2010_uk.

⁵⁴³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.868803.



- Samskip segja að (S)forstj hafi hitt starfsm-BWS í tengslum við áðurgreindar viðræður við BWS um hugsanlegt samstarf.⁵⁴³⁸

10290. Sem áður segir velti (S)forstj fyrir sér mögulegu samstarfi Samskipa við Thorship þegar útboð Alcan fór fram á árinu 2010, en sama ár kvörðuðu (S)forstj og (E)frkvstj-skiparekst yfir því við Alcan að Thorship veitti þeim samkeppni, sbr. kafla 14.36.7.4. Þau gögn sem nú verða rakin gefa til kynna að (S)forstj hafi hugað að samstarfi við Thorship í tengslum við útboð Alcoa í október 2011 auk þess sem (S)forstj hafi skoðað mögulegt samstarf við BWS í samhengi við hugsanlegar breytingar á siglingakerfi sem áframhaldandi viðskipti við Alcoa gætu kallað á. Einnig fjallaði (S)forstj í þessu samhengi um siglingakerfi og skipastól Eimskips.

10291. Sem fyrr segir vísaði (S)forstj til BWS og Thorship í tölvupósti sínum 15. maí 2011. Í tölvupóstum (S)forstj 16. og 18. maí 2011 vísaði hann áfram í BWS og Thorship. Einnig vísaði hann til Eimskips, mögulegs tilboðs í útboði Alcoa á sjóflutningum (sem tilkynnt var um í október 2011) og til Nednor (fyrirtækið sem varð hlutskarpast í útboði Alcan á árinu 2010). Nánar tiltekið kemur þetta fram í þessum gögnum (S)forstj:

- Þann 16. maí 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-fjárm.⁵⁴³⁹ Í honum sagði: „Nú er stutt í sumarið, stjórnarfundur mánudag í næstu viku, og margt að ígrunda.

„Skipa/kerfispælingar:

[(S)frkvstj-millilandasv] - varðandi skipa/kerfispælingar er við ræddum, punktar hér:

Smyrill - er vert að ígrunda aðkomu að kerfi?

Alcoa - mv þær forsendur sem við höfum í dag, hvernig myndum við bjóða í flutninga

Thorship - er vert að skoða?

Skipakerfi Arn / Heg:

Nýsmíði

Vega skip

Arnarfell/Helgafell

Sibum Trader skip

kranalaus skip, ný/notuð

Stilla upp valkostum og útreikninga (hef fengið excel uppstillingu sem (S)stjórnarm-fjármstj/(S)frkvstj-MCL notuðu við kaupin á hinum skipunum)

Kranapælingar

[...]

Stjórnarfundur í næstu viku:

Kynning á apríl uppgjöri - hefbundin framsetning

Silver Green og Silver Sea uppgjör 2009-2010 og budget 2011

Skipa/kerfispælingar:

-alcoa versus thorship kerfi

-kranalaust eða ekki

⁵⁴³⁸ Mgr. 1703 í athugasemdum Samskipa við AII.

⁵⁴³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.868863.



*-arn/heg skip, busniess case um hvern kost, þe: nýsmíði, Vega skip, Arn/Heg, Sibum Trader, aðrir kostir?*⁵⁴⁴⁰

- Þann 17. maí 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-fjárm þar sem sagði m.a.: „Eigum við að ná fundi vegna: Alcoa, Thorship og Smyril þælinga nú í dag eftir 15:30?“⁵⁴⁴¹
- Um kvöldið 18. maí 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-flutnstj (afrit til (S)frkvstj-millilandasv) og spurði hvort hann væri „búinn að stilla upp kynningu á alcoa versus thorship? þeas 4ra skipa kerfi á reykjavik, via Thorship eða alcoa.“⁵⁴⁴²
- Þann 18. maí 2011 sendi (S)forstj aftur tölvupóst til (S)forstö-flutnstj (afrit til (S)frkvstj-millilandasv).⁵⁴⁴³ Vildi hann ræða daginn eftir um breytingar á siglingakerfum og setti fram eftirfarandi til undirbúnings þeim umræðum: „[...] spáum aðeins í hugsanlegar breytingar á siglingakerfum og áhrifavalda:

gerum ráð fyrir:

-að helguvík fari af stað eins og gert var ráð fyrir

-alcoa laus samningur lok árs 2012

-skip nednor sinni alcan

-hvernig verða breytingar á skipaflota EI

-mun norræna halda áfram vikulegri tíðni á neskaupsstað

Eimskip

-brúarfoss/selfoss orðin 20 ára gömul og komið að endurnýjun - hvaða stærð er líklegt að þeir fari í

-dettifoss/goðafoss orðin 16 ára gömul - það kemur einnig að breytingum þar innan næstu 5 ára væntanlega

-hver ætli sé áætluð umframgeta í innflutningi/útflutningi hjá þeim mv núverandi flota / kerfi

-norðurál helguvík eru væntanlega áhugaverðir flutningar inn í kerfi þeirra - miðað við ganginn á framkvæmdum þá verður uppbyggingin í áföngum, og því útflutningur ekki svo gríðar mikill fyrstu misserin

Nednor

-mv skipin sem þeir munu nota í flutninga - hver verður þeirra umframflutningsgeta til landsins ?

Alcoa

⁵⁴⁴⁰ Í tölvupóstinum var einnig fjallað um kvartanir Samskipa yfir Eimskip til Samkeppniseftirlitsins og mögulegt skaðabótamál gegn Eimskip, sbr. nánari umfjöllun síðar.

⁵⁴⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.869741.

⁵⁴⁴² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.870796.

⁵⁴⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.870808.



Ræðum nánar á morgun.“

10292. Að mati Samkeppniseftirlitsins var framangreind umfjöllun (S)forstj í maí 2011 í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Samstarf við smærri keppinauta, eins og BWS og Thorship, var til þess fallið að draga úr samkeppni og auðvelda Samskipum að ná árangri í tengslum við samráð fyrirtækisins við Eimskip.
10293. Í málinu er að finna glærur frá deild (E)frkvstj-alþjsv (Eimskip International) frá maí 2011.⁵⁴⁴⁴ Fjallar ein þeirra um „Blikur vs Slot Sharing on Smyril“. Kemur fram að þetta verkefni sé aðeins í bið („bit on hold and things needs to be sorted out“).
10294. Þann 29. maí 2011 sendi Kloosterboer (Kloosterb4) tölvupóst til (S)forstj. Kvaðst hann hafa ætlað að hitta (S)forstj í Brussel en ekki komist.⁵⁴⁴⁵ Vísaði hann til þess að þeir hefðu áður rætt um að Kloosterboer keypti Frigocare. Kloosterboer væri enn áhugasamt ef kjörin væru ásættanleg. Aftur á móti væri Kloosteboer mjög ánægt með núverandi samstarf við Samskip og vildi efla það. Spurði hann (S)forstj hvenær hann kæmi næst til Rotterdam.⁵⁴⁴⁶ (S)forstj svaraði nokkrum dögum síðar. Vísaði hann til fundar með Kloosterboer í mars 2011 og áréttaði að Samskip hefðu ekki hug á því að selja Frigocare. Samskip væru aftur á móti mjög áhugasöm um frekari samvinnu við Kloosterboer.⁵⁴⁴⁷
10295. Áhugi á frekara samstarfi kom einnig fram í tölvupósti Kloosterboer (Kloosterb1) til (E)frkvstj-alþjsv 31. maí 2011 en þeir höfðu eins og fyrr segir fundað á sýningunni í Brussel fyrr í mánuðinum. Í tölvupóstinum vísaði Kloosterb1 til útflutnings frá Íslandi og áréttaði hugmynd um aukið samstarf (svonefnt „agency agreement“): „Quite a few Eimskip/CTG vessels those weeks! Nice and hope you will get some extra business from Iceland as well later this year.

[(E)frkvstj-alþjsv], we discussed the possibility you (Sortland) would have no objection to appoint Reefer Agencies as your agent. You would do us a great favor as else we would have to shut down the office.“

10296. (E)frkvstj-alþjsv svaraði sama dag og kvaðst ætla að skoða þetta frekar. Lagði hann til að þóknun sem Kloosterboer bauð fyrir umrædda þjónustu yrði lækkuð.⁵⁴⁴⁸ Frekari samskipti og umræða átti sér stað um þetta og skal hér gerð grein fyrir þeim atvikum:
- Þann 3. júní 2011 sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til (E)frkvstj-Holl og (E)starfsm-Reefer (afrit til (E)forstö-alþjsv og (E)frkvstj-Holland) og gerði grein fyrir samtali við Kloosterb1 um „agency“ samvinnu.⁵⁴⁴⁹
 - Þann 4. júlí 2011 sendi Kloosterb1 tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv og sagði: „Do you have any news/progress om [svo] the agency matter? Yuo [svo] have quite number of vessels calling in so would be nice to get your business. Ice Bird is calling Ijmuiden (mackerel from Iceland) and DPA is agent“⁵⁴⁵⁰
 - Þann 12. júlí 2011 sendi (E)forstö-alþjsv tölvupóst til (E)frkvstj-Holland og (E)starfsm-Reefer. Greindi hann frá því að honum hefði verið falið af (E)frkvstj-alþjsv að ganga frá „agency“ samningi við Kloosterboer.

⁵⁴⁴⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.60772.

⁵⁴⁴⁵ Ekki er ljóst samkvæmt gögnum málsins hvort [...] hitti [...] sem var á sýningunni og átti fund með Eimskip.

⁵⁴⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.874534.

⁵⁴⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.876585.

⁵⁴⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.538678.

⁵⁴⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.549024.

⁵⁴⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.552658.



- Síðar í sama mánuði kom upp óánægja hjá Eimskip vegna samkeppni frá Kloosterboer í tengslum við flutning á makríl. Þannig sendi (E)forstö-[alþjsv](#) tölvupóst til (E)frkvstj-[alþjsv](#) og (E)starfsm-[Reefer](#) 21. júlí 2011 og skýrði hvers vegna hann væri ekki búinn að ganga frá „agency“ samningnum við Kloosterboer:

„I was going to take care of this. As Kloosterboer Forwarding is fucking with our clients, I am not so sure if this is the right move. We could however use this for our advantage.“

- (E)starfsm-[Reefer](#) svaraði sama dag með þessum hætti: *„As discussed with [(E)frkvstj-[alþjsv](#)]. I will call [Kloosterb1] to set up a face 2 face meeting about the agency and when talking about the same open with an open mind discussions about forwarding of the mackerel.“*⁵⁴⁵¹ Eftir að hafa ráðfært sig við (E)frkvstj-[alþjsv](#) ætlaði (E)starfsm-[Reefer](#) þannig að funda með Kloosterb1 og ræða við hann um samkeppni milli Eimskips og Kloosterboer í flutningi á makríl og tengja það við beiðni Kloosterboer um að „agency“ samningur yrði gerður.

- Nokkrum dögum seinna eða 26. júlí 2011 sendi (E)starfsm-[Reefer](#) tölvupóst til (E)frkvstj-[alþjsv](#) og bað um upplýsingar til þess að nálgast Kloosterb1.⁵⁴⁵² Ljóst er að í kjölfarið átti hann samtalið við Kloosterb1. Reifaði hann það samtalið í tölvupósti sem hann sendi sama dag.⁵⁴⁵³ Ljóst er af honum að ræddur var möguleiki á framangreindum „agency“ samningi milli Eimskips og Kloosterboer. Jafnframt var rætt um samkeppni milli Eimskips og Kloosterboer, sbr. m.a. markrílflutningar frá Íslandi:

„As per conversation with (E)frkvstj-[alþjsv](#) and myself last week I set up a meeting with [Kloosterb1] yesterday to discuss various matters. The topics discussed were; [...]

b) Ocean Freight Forwarding

[Kloosterb1] was very open to develop further cooperation instead of killing each other's margins. We talked about the cooperation in which we work together on the each other's strengths. CTG with their vessels and KB with their coldstore facilities and a jointly forwarding.

We agreed that it is not helping both companies to fight for the same cargo and the same commodities. In order to try to cooperate I will meet his forwarding unit at Ijmuiden (Mr. [IB]) within the next 2 weeks. By informal talks we should be able to settle for higher margins and get more business. [...]

[Kloosterb1] was very clear and told me that he personally will make sure that this cooperation will work, so it looks promising. Nevertheless time will tell if we can cooperate. By moving the agency the first step is taken as Eimskip/CTG is showing good intentions.“

10297. Eimskip og Kloosterboer höfðu keppt í útflutningi á m.a. makríl frá Íslandi. Af tölvupósti (E)starfsm-[Reefer](#) er ljóst að Eimskip sneri sér til Kloosterboer með það að markmiði að draga úr þessari samkeppni. Benti Eimskip þessum samkeppnisaðila sínum m.a. á að í stað samkeppni gæti „óformlegt samtal“ milli fyrirtækjanna leitt til hærri framlegðar hjá fyrirtækjunum. Féllst Kloosterboer á þessar tillögur Eimskips.

10298. Bæði Eimskip og Samskip höfðu fjallað um málefni sem tengdust BWS fyrr á árinu 2011. Sú umfjöllun hélt áfram og áttu frekari samskipti sér stað milli Eimskips og BWS. Þann 30. maí 2011 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-[alþjsv](#) og greindi honum frá því að eftir símtal þeirra hefði hann óskað eftir

⁵⁴⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.557406.

⁵⁴⁵² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.558167.

⁵⁴⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.558217.



því að BWS og Smyril Line myndu hittast. Eftir það myndu mál vonandi skýrast varðandi verð/kostnað vegna „*slotta*“.⁵⁴⁵⁴

10299. Á fundi stjórnar Eimskips þann 1. júní 2011 var fjallað um mögulegt samstarf við BWS.⁵⁴⁵⁵ Glærum (E)forstj af fundinum⁵⁴⁵⁶ sýna að engin vandkvæði voru á því að hækka verð á Íslandi á meðan mikil samkeppni ríkti í Færeyjum þar sem BWS var helsti keppinautur Eimskips, sbr. m.a. skjöl (S)frkvstj-Færeyj frá 20. september og 7. október 2011 sem lýst verður hér á eftir. Var samkeppnisleg ógn því talin vera fyrir hendi á færeyska markaðnum. Samkvæmt glærum (E)forstj átti að skoða nýjar aðferðir eða leiðir í samskiptum/samvinnu við BWS til að auka tekjur og draga úr kostnaði. Í þessu skyni átti að hefja samvinnu við BWS sem myndi bæta hag Eimskips í Færeyjum.
10300. Í gögnum frá Eimskip var aftur á móti ekki talin þörf á nýbreytni að þessu leyti gagnvart Samskipum enda gátu fyrirtækin á grundvelli samráðs hækkað verð hér á landi. Framangreindur munur á aðstæðum á Íslandi og í Færeyjum endurspeglar ólögmaett samráð Samskipa og Eimskips.
10301. Þann 7. júní 2011 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv og upplýsti að fundur BWS og Smyril Line yrði haldinn daginn eftir. (E)frkvstj-alþjsv svaraði og kvaðst vonast til að sá fundur myndi gera málið skýrara (e. *clear up things*).⁵⁴⁵⁷
10302. Þann 22. júní 2011 sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til frkvstj-BWS og stjórn-BWS hjá BWS. Í honum bað (E)frkvstj-alþjsv BSW um að hraða athugun á mögulegu samstarfi fyrirtækjanna þar sem Eimskip þyrfti að fara ákveða hvort fyrirtækið myndi skila Blikur. Fjallaði (E)frkvstj-alþjsv um hugsanlegar valmöguleika eða aðgerðir Eimskips þessu tengdu.⁵⁴⁵⁸ Stjórn-BWS svaraði tölvupósti (E)frkvstj-alþjsv þann 27. júní 2011 (afrit til frkvstj-BWS): „*Time is indeed running. I believe the overall understanding is in place between Blue Water and Eimskip. It is of course clear that somehow SML⁵⁴⁵⁹ has „smelled“ money.*

I understand that the meeting in Esbjerg was indeed profiled as „slow progress“ - although obviously neither you nor I were present - as the process dictated. I can only suggest that you extend the T/C for Blikur for the shortest period possible – plus options – no more I can say to that! And since you obviously get contacts indirectly and directly from SML persons, then at least the delay should be used positively also from your side to send the signal "back", that presently it was difficult for you to see how the economy should be of benefit to Eimskip, and you have therefore extended the Blikur.

In any negotiation (SBW and SML) it takes 2 tango - and that your suggestion to SML would be to show the correct degree of flexibility if they want any package put together to the benefit of all 3 parties!

And then radio silence until there is something to say."

⁵⁴⁵⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.537526.

⁵⁴⁵⁵ Afhent gagn frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. Fundargerð stjórnar Eimskips, fundargerð vegna fundar 01.06.2011.

⁵⁴⁵⁶ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016, mappa 6 – 1. hluti. „Eimskipafélag Íslands hf. 24th Board Meeting June 1 2011“. Sjá dagskrárlið 5 í fundargerð frá stjórnarfundinum. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016, mappa 6 – 1. hluti. „Minutes of the meeting of the board of directors of Eimskipafélag Íslands hf.“ 01.06.2011. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Board_Meeting_2011_06_01_Final.pptx“. Glæra 32. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. Frá [...] til [...] og [...] . „Board_Meeting_2011_06_01_Final.pptx“, dags. 01.06.2011, kl. 14:30. Doc. ID. 0.7.33.784350.

⁵⁴⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.541672.

⁵⁴⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.546802.

⁵⁴⁵⁹ Smyril Line.



10303. Kvaðst stjórn-BWS vera á leið til Íslands í júlí og lagði til að hann og (E)frkvstj-[alþjsv](#) myndu hittast 18. eða 19. júlí 2011.⁵⁴⁶⁰ (E)frkvstj-[alþjsv](#) svaraði hvorki né mótmælti framangreindri lýsingu stjórn-BWS á stöðu viðræðna milli Eimskips og BWS.
10304. Í þessum samskiptum Eimskips og BWS fólst m.a. að Eimskip veitti BWS sem var keppinautur fyrirtækisins upplýsingar um áform sín varðandi mikilvægan þátt í rekstri sínum, þ.e. leigu á skipi. Svör BWS gefa og til kynna að á þessum tíma hafi legið fyrir óformlegt samkomulag milli Eimskips og BWS um að hafa með sér samvinnu í flutningum. Var þetta samvinna sem var til þess fallin að hafa áhrif á flutningamörkuðum hér á landi.
10305. Tveimur dögum seinna, þ.e. 29. júní 2011, sendi (S)forstj póst til sjálfs sín. Minnti hann sig m.a. á samskipti eða verkefni sem varðaði BWS.⁵⁴⁶¹
10306. Þann 1. júlí 2011 sendi (E)frkvstj-[alþjsv](#) tölvupóst til stjórn-BWS og gerði grein fyrir breytingum á siglingakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi. Í þeim fælist að skip sem hefðu viðkomu í Færeyjum myndu fá aukið hlutverk í siglingakerfi Eimskips. (E)frkvstj-[alþjsv](#) hefði greint frá þessum möguleika á fundinum með BWS í Danmörku. Kvað hann þessa breytingu ekki útiloka samstarf BWS og Eimskips þótt hún gerði það aðeins flóknara. Kvaðst (E)frkvstj-[alþjsv](#) hlakka til að hitta stjórn-BWS síðar í júlí.⁵⁴⁶² Sá fundur var haldinn 19. júlí 2011. Þann dag sendi (E)frkvstj-[alþjsv](#) tölvupóst til (E)forstj og sagði honum frá því að hann ætti von á BWS (stjórn-BWS) í „*spjall og farið yfir stöðu mála er snýr að verkefninu okkar.*“⁵⁴⁶³
10307. Þann 2. ágúst 2011 sendi (S)forstj enn á ný póst til sjálfs sín til að minna sig m.a. á samskipti eða verkefni sem varðaði BWS.⁵⁴⁶⁴
10308. Þann 19. ágúst 2011 sendi Kloosterboer (Kloosterb1) tölvupóst til (E)starfsm-[Reefer](#) (afrit til (E)frkvstj-[alþjsv](#)) og kvartaði yfir því að Eimskip væri að undirbúa það að bjóða tilteknu fyrirtæki lágt verð í sjóflutninga til Íslands. (E)starfsm-[Reefer](#) svaraði og sá ástæðu til þess að réttlæta þessar aðgerðir Eimskips: „*As you know, Aviko, has been in direct contact with Eimskip for shipments to Iceland. They have visited our office recently on their request to discuss same. During this visit they invited Eimskip to offer o/freight for other destinations. This to bring you the full picture.*“ Einnig kvaðst (E)starfsm-[Reefer](#) vona að Kloosterboer sýndi þessum aðgerðum Eimskips skilning („*Hope you understand now what happened*“).⁵⁴⁶⁵ Endurspeglar þessi samskipti eðli „samstarfs“ Eimskips og Kloosterboer á þessum tíma.
10309. Þann 23. ágúst 2011 sendi Kloosterboer tölvupóst til (E)starfsm (afrit til (E)starfsm-[Reefer](#)) og óskaði eftir tilboði í flutninga á makríl frá Íslandi til frystigeymslna Kloosterboer í Ijmuiden, Velsen og Harlingen í Hollandi.⁵⁴⁶⁶ Í kjölfarið áttu sér stað ítrekuð tölvupóstsamskipti milli Eimskips og Kloosterboer og þann 9. september 2011 sendi (E)starfsm-[Reefer](#) tölvupóst til (E)forstö-[alþjsv](#) og greindi honum frá því að Kloosterb1 gæti hitt hann 26. september 2011. (E)forstö-[alþjsv](#) svaraði og lýsti ánægju með þetta og sendi bæði Kloosterb1 og (E)frkvstj-[alþjsv](#) afrit af þessum samskiptum.⁵⁴⁶⁷

⁵⁴⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.548484.

⁵⁴⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.883525.

⁵⁴⁶² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.552334.

⁵⁴⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.556521.

⁵⁴⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.891327. Hann sendi sér aftur minnislistann 9. ágúst 2011, sbr. afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá [...] til [...]. „*mál í vinnslu*“, dags. 09.08.2011, kl. 10:58. Doc. ID. 0.7.33.893563.

⁵⁴⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.566959.

⁵⁴⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.587523.

⁵⁴⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.587523.



10310. Í glærुकynningu (E)frkvstj-alþjv með heitinu „Monthly Report August 2011 (6).pptx“ fyrir Eimskip International voru tilgreind „Active Projects“. Var eitt verkefnanna „Co-operation with Kloosterboer“.⁵⁴⁶⁸ Þá áttu (E)starfsm-Reefer og (E)forstö-alþjv fund með Kloosterb1 26. september 2011.⁵⁴⁶⁹
10311. Þann 2. – 5. september 2011 fóru (E)forstj og (S)forstj saman í skemmtiferð til Danmerkur, sbr. kafla 13. Meðan á ferð (S)forstj og (E)forstj stóð eða þann 4. september 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín til að minna sig m.a. á fund eða verkefni sem varðaði bæði BWS og Alcoa.⁵⁴⁷⁰ (S)forstj minnti sig aftur á verkefni eða fund vegna BWS og Alcoa þann 7. september 2011.⁵⁴⁷¹

20.7.5. Fundað með BWS og Smyril Line í september og nóvember 2011

10312. Þann 12. september 2011 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv. Greindi stjórn-BWS frá því að fundur yrði haldinn hjá BWS í viku 38 (19.–25. september 2011) þar sem rætt yrði um stöðu á mögulegu samstarfi við Eimskip. (E)frkvstj-alþjv svaraði samdægurs og lagði til að þeir myndu ræða saman eftir umræddan fund hjá BWS.⁵⁴⁷²
10313. Daginn eftir sendi (S)frkvstj-Færeyj tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Greindi hann frá viðræðum við bæði BWS og Smyril Line. Þar hefði komið fram að bæði fyrirtækin væru áhugasöm um að eiga samstarf við Samskip.⁵⁴⁷³ Í þessu samhengi ber að líta til markaðsskýrslu (S)forstö-útl frá september 2011, sbr. kafla 20.6.2. Þar er áfram rætt um samkeppnislega ógn frá BWS í flutningi á fiski frá Íslandi. BWS bjóði nú upp á þjónustu frá Reykjavík, hafi staðið fyrir „verðstríð“, sé í „beinni samkeppni“ við Eimskip á tilteknu dreifisvæði og hafi einnig áhrif á flutninga Samskipa varðandi verð. Einnig kemur fram að Thorship sé að fara að bjóða „takmarkað magn af frystigámum á markaðinn“ og að Samskip þurfi að gera „allt sem í okkar valdi er til sporna við innkomu þeirra á útflutningsmarkaði.“
10314. Fjallað var um áætlun Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2012 dagana 20. september og 7. október 2011. Þann 20. september 2011 sendi (S)frkvstj-Færeyj glærुकynningu til m.a. (S)forstj þar sem fjallað er um áætlun innflutningsdeildar Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2012:⁵⁴⁷⁴

✓ „Competition will be just as intense as in 2011

- Faroe Ship is strong

- New equity to [BWS]

✓ Prices will be the same as in 2011“

10315. Í kafla 14.39 er gerð grein fyrir verðhækkun Samskipa á Íslandi á árinu 2012. (S)forstö-innfl1 sendi tölvupóst til (S)frkvstj-Færeyj 11. janúar 2012 um þessa gjaldskrárhækkun Samskipa. Í tölvupósti sínum spurði (S)forstö-innfl1 einnig hvort Eimskip í Færeyjum hefði hækkað verð og hvort Samskip í Færeyjum hygðust hækka verð. Í svari (S)frkvstj-Færeyj kom eftirfarandi fram:

„We try our best to keep prices as they are and if possible to increase. If we increase our tariffs on THC, documentations and so on, we need to decrease freight prices because our total price is as high as we can get. We have been fighting for not losing Havnar Timburhandil this year to Faroe Ship and it was

⁵⁴⁶⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.48106.

⁵⁴⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.587523. Sjá einnig afritaður tölvupóstur frá Eimskip [...] Doc. ID. 0.7.33.603252. Þar vísaði [...] til „our pleasant meeting yesterday“.

⁵⁴⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.903189.

⁵⁴⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.905214.

⁵⁴⁷² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.588831.

⁵⁴⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.906661.

⁵⁴⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.909728.



very close this time. But I think we should look at the possibilities to increase some of the charges to smaller customers and customers without contract."⁵⁴⁷⁵

10316. Samkvæmt þessu treysti yfirmaður Samskipa í Færeyjum sér ekki til verðhækkana, sér í lagi ekki gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, á sama tíma og Samskip og Eimskip hækkuðu gjaldskrár sínar á Íslandi án ótta við viðbrögð hvors annars. Eins og áður hefur komið fram er ekki að sjá sambærilegan ótta á Íslandi í samtímagögnum Eimskips og Samskipa og átti við um Færeyjar. Endurspeglar það hversu mikið fyrirtækin höfðu dregið úr óvissu með samráði sín á milli hér á landi.
10317. Þann 7. október 2011 sendi (S)frkvstj-Færeyj áætlun Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2012 til m.a. (S)forstj.⁵⁴⁷⁶ Þar er lýst mikilli samkeppni í Færeyjum. Er líkt og í áætluninni fyrir árið 2011 gerð grein fyrir því að Eimskip eigi mjög erfitt með að hækka verð, bæði almennt og gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Eimskip á Íslandi þrýsti á stjórnendur dótturfyrirtækisins í Færeyjum að hækka verð en þeir þori því ekki sökum samkeppni frá BWS og Samskipum.
10318. Í áætluninni er einnig fjallað um álagningu BAF-gjalds og sýnir sú umfjöllun allt aðrar aðstæður í Færeyjum en á Íslandi, sbr. kafla 14.55.4. Vísast til þeirrar umfjöllunar sem sýnir að gögn málsins beri með sér að BAF-gjald í Færeyjum væri lægra og stöðugra en á Íslandi. Felur þetta í sér nánari vísbandingu um hvernig BAF-gjald var ákvarðað þar. Í stuttri umfjöllun um BAF-gjald í áætluninni segir að BAF-gjald sé stöðugt og eigi að vera áfram 40% af flutningsgjaldi („*The BAF is budgeted to remain on 40% calculated from the freight. That is same as it has been for the last months in 2011*”). BAF-gjald í Færeyjum var því ákvarðað með öðrum hætti en á Íslandi (hér á landi var það innheimt fyrir hvern gám miðað við formúlur sem fyrirtækin settu saman og tengdu síðan við þróun á heimsmarkaðsverði á olíu). Þá segir að ákjósanlegt væri að festa BAF-gjald við hvern gám ef samkeppnisaðilar myndu gera það sama („*Ideal would be to have it per teu 's if competitors would do the same*”).
10319. Þessi umfjöllun staðfestir það sem áður hefur komið fram m.a. í gagnrýni (E)frkvstj-alþjv á tillögur undirmanns hans ((E)forstö-flutnstý) í tölvupósti innan Eimskips þann 15. ágúst 2008, en þar leggur (E)frkvstj-alþjv áherslu á að markaðsaðstæður ráði því hvernig BAF-gjald verði lagt á; eitt kerfi sé á Íslandi og annað í Færeyjum. Umfjöllunin er einnig í samræmi við það sem Norske skog benti Samskipum á í tölvupósti þann 27. október 2008 að BAF-gjald á Íslandi væri hærra en á öðrum nálægum mörkuðum og tölvupóst frá [...] hjá Maersk til (S)forstö-innfl 17. nóvember 2009 um að BAF-gjald hjá Samskipum væri allt að tuttugfalt hærra en það sem annars staðar gerðist.
10320. Í viðskiptaáætlun Faroe Ship (unnin í september 2011) fyrir árin 2012-2014 segir að það sé of mikið flutningaframboð á öllum sviðum, offramboðið sé sérstaklega mikið í inn- og útflutningi og tiltölulega fáir stórir viðskiptavinir.⁵⁴⁷⁷ Þá sé samkeppnin afar grimm eða mikil í Færeyjum („*Faroe Ship has a fierce competition in all areas of business*“):

⁵⁴⁷⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.938323.

⁵⁴⁷⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*FO Budget 2012.docx*”. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.916218.

⁵⁴⁷⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Business Plan (v1) Faroe Ship 26. sep. 2011.pdf*”. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] „*Business plan 2012/projects*”, dags. 27.09.2011, kl. 13:28. Doc. ID. 0.7.33.603831.



2.0 SWOT ANALYSIS

Strengths	Weaknesses
Global network Sailing system/schedule Local know-how and size	IT system speed, track/trace, integration Lack Monday departure (fresh fish) Competitors 33 pl. trailer vs. container solution
Opportunities	Threats
Sell Total solution to all customers Pelagic liner/reefer export Projects: FAS, airfreight, water ...	Over capacity in all areas of business Relative few large customers Finance/buying power

3.2 MARKET ANALYSIS – COMPETITION

Faroe Ship has a fierce competition in all areas of business. There is a huge overcapacity especially in liner import and export. Below the main competitors are mentioned:

- Import and export liner: Samskip, SBW, Fresh Link. Reefer bulk export: Green and Silversea ...
- Faroe Express: Safari, EUR, NLCE, Posta ...
- Agency: Faroe Agency, Tor Shipping, ASB, crew.fo ...
- Trucking: OCD (SWB), Ian Rasmussen (Samskip), Sandoyarleiðis, Suðuroyarleiðin, JV...
- The liner cargo export capacity – (Import is quite similar)
 - Smyril Blue Water, cargo capacity 80 trailers every Thursday to Hirtshals
 - Samskip, cargo capacity 100 TEU's every 9 days
 - Fresh Link, cargo capacity 1160 pallets every Mondays & Fridays
 - Faroe Ship, Cargo capacity 600 TEU's every Wednesday, 80 TEU's every Friday & 100 TEU's every Saturday

10321. Samkvæmt þessu ríkti mikil samkeppni milli Eimskips, BWS og Samskipa í Færeyjum. Er þetta í samræmi við ofangreinda áætlun (S)frkvstj-Færeyj og önnur samtímagögn Eimskips og Samskipa. Lýsa þessi gögn allt öðrum samkeppnisaðstæðum í Færeyjum en á Íslandi.

10322. Þann 27. september 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-fjárm þar sem fram kom að það væri afar gott ef þeir gætu farið og heimsótt Færeyjar, margt væri að ígrunda, m.a. BWS og Fresh Link. Stakk hann upp á að þeir færu 10.-11. október 2011.⁵⁴⁷⁸

⁵⁴⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.912363.



10323. Þann 28. september 2011 sendi stjórn-BWS á ný tölvupóst til (E)frkvstj-alþjvs. Í honum kom fram að Smyril Line væri að auka hlutfé sitt vegna erfiðleika. Álitamál væri hvaða áhrif þetta hefði á stjórn Smyril Line. Bæði Eimskip og BWS yrðu að fá þetta á hreint áður en lengra yrði haldið.⁵⁴⁷⁹ Nokkrum dögum seinna framsendi (E)stjform2, stjórnarformaður Eimskips, tölvupóst til (E)frkvstj-alþjvs sem hann hafði sent til BWS (stjórn-BWS). Í tölvupósti (E)stjform2 til stjórn-BWS sagði: „I am aware of the status of the project „middle man“. We do appreciate very much your efforts in this respect and it is very unfortunate, perhaps more for SL⁵⁴⁸⁰ and BW than us, that we have not been able to reach a conclusion. I have also seen that SL has got a new capital injection which should secure ongoing operations for some time. It is said that a cat has 9 lives but I think SL has even more! I agree with your evaluation of the SL operations that it will not be able to continue - and perhaps never has - as commercial enterprise but rather as a public service.

In the meantime we have been able to rationalize a little, with changes in sailing schedule and reduced capacity. But we are open for further discussion about any ideas which might improve the situation, which of course has to be beneficial for all parties. I think the next step has to be based on a joint approach by SL and BW.

But we will continue to monitor the situation through our contacts here and in the Faroes and, as said before, are grateful for your efforts.”⁵⁴⁸¹

10324. Í glærukynningu (S)forstö-útl frá 6. október 2011 var fjallað um áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2012. Lögð var mikil áhersla á að hækka verð (eða halda verði óbreyttu hjá stórum viðskiptavinum eins og Alcoa). Einnig átti að halda „núverandi markaðshlutdeild í öllum vöruflokkum nema bæta við í skreið. Ná í skreiðarflutninga.“ Um BWS sagði: „Sporna við innkomu Blue Water á markaðinn, verðsamkeppni.”⁵⁴⁸²

10325. Þann 10. október 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín. Í honum minnti hann sig á samskipti eða verkefni sem tengdust tveimur keppinautum, annars vegar BWS og hins vegar Thorship.⁵⁴⁸³ Ekki liggur fyrir hvort tilvísun til BWS tengdist því verkefni (S)forstö-útl að vinna gegn samkeppni frá BWS, samstarfi í flutningum eða fyrirhuguðu útboði Alcoa, sbr. nánar hér á eftir.

10326. Þann 20. október 2011 sendi stjórn-BWS tölvupóst til frkvstj-BWS og spurði hvort nokkuð nýtt væri að fréttu um fund BWS með Smyril Line. Frkvstj-BWS svaraði stjórn-BWS sama dag um að það væri hlufafundur daginn eftir og eftir það myndu þeir heyra hvað hefði gerst. Framsendi stjórn-BWS þessi innanhústölvupóstsamskipti BWS til (E)frkvstj-alþjvs sama dag.⁵⁴⁸⁴

10327. Þann 23. október 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín. Þar á minnislista var nafn umrædds framkvæmdastjóra BWS (frkvstj-BWS).⁵⁴⁸⁵ Í mgr. 1714 í athugasemdum Samskipa við AII segir að á þessum tíma hafi Samskip verið að reyna að koma á samstarfi við BWS með það að markmiði að stytta flutningstíma frá Færeyjum. (S)forstj hafi m.a. átt símtal við frkvstj-BWS vegna þess.

10328. Þann 23. október 2011 tilkynnti Alcoa um útboð á m.a. útflutningi á áli frá Reyðarfirði til Rotterdam. Fjallað er um atvik sem því tengjast í kafla 20.8.

⁵⁴⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.604629.

⁵⁴⁸⁰ Smyril Line.

⁵⁴⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.606669.

⁵⁴⁸² Sjá kafla 14.38.4.1.

⁵⁴⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.917463.

⁵⁴⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.622168.

⁵⁴⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.922774.



10329. Þann 2. nóvember 2011 sendi (S)forstj tölvupóst á (S)frkvstj-SIL1 þar sem hann fjallaði um „ástarhaturs“ samband Samskipa við Kloosterboer:

„On kloosterboer - that is and will be a complicated love and hate relation - many angles to it. They are f.e. a very important client to our coldstore in R'dam. We are also able to serve this brilliant concept of shipping capelin/macarel from norway to asia via either a) frigocare r'dam (when we need volumes in order to fill up coldstore or b). kloosterboer coldstore in velsen / ijmuiden. If we get to aggressive on them, they will just go stronger on norway themselves - so there are many side on this one.“⁵⁴⁸⁶

10330. Þann 10. nóvember 2011 sendi (S)frkvstj-MCL tölvupóst til (S)forstj.⁵⁴⁸⁷ Lýsti hann yfir áhyggjum af samstarfi Samskipa við Kloosterboer. Sagði (S)frkvstj-MCL að Kloosterboer væri keppinautur Samskipa á ýmsum sviðum og það skaðaði samkeppnisstöðu Samskipa í áframflutningum þegar Frigocare nýtti sér frystigeymslur Kloosterboer þegar frystigeymslur Frigocare væru fullar. Í slíkum tilvikum krefðist Kloosterboer þess að annast áframflutning á viðkomandi vöru Samskipum til tjóns. Taldi (S)frkvstj-MCL Kloosterboer beita „dirty tactics“ og tók þetta fram:

„My clear view is that we should be as little involved in business with Kloosterboer as possible. I would like to understand why we keep doing that thus strenghtening a competitor who is really targeting us.“

10331. Þann 20. nóvember 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín með fyrirsögninni „Faereyjar – danmork, smyrill!“⁵⁴⁸⁸. Ekkert fleira stóð í tölvupóstinum.

10332. Þann 23. nóvember 2011 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv. Þar kom fram að þann 14. nóvember 2011 hefði átt sér stað fundur á milli BWS og Smyril Line. Á honum hafi verið ákveðið að samstarf þessara fyrirtækja myndi halda áfram á árinu 2012. Ágreiningur hafi hins vegar verið um ýmis önnur atriði. Smyril Line hafi t.d. lagt til að fyrirtækið myndi snúa sér til Eimskips og að þríhliða viðræður Smyril Line, BWS og Eimskips myndu hefjast. BWS hafi ekki fallist á þetta en Smyril Line hefði upplýst að fyrirtækið hafi átt tvo „kaffifundi“ með Eimskip. Ekki hafi verið ákveðinn nýr fundur en stjórn-BWS myndi halda (E)frkvstj-alþjsv upplýstum.⁵⁴⁸⁹

10333. Þann 24. nóvember 2011 var eftirfarandi fundur bókaður í dagbók (S)forstj: „Samanburður við Eimskip – Aðferðarfræði“.⁵⁴⁹⁰

10334. Þann 29. nóvember 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-útfl. Greindi hann frá fyrirhuguðum fundi með BWS næsta morgun:

„Við eigum fund með Blue Water í fyrramálið, þeir sem verða eru [starfsm-BWS], ráðgjafi BW á Íslandi, og [...], sem er framkvæmdastjóri innan BW ábyrgur fyrir Smyril Blue Water þjónustunni.

Smyril Blue Water er flutningsþjónustan í Smyril, tengingar milli Færeyjar/Íslands og Danmörku.

Við skulum ganga opnir til leiks og láta þá koma með tillögur að samstarfi, en það helsta væri í mínum huga:

- 1. Samskip taki yfir allt cargo pláss (bæði Færeyjar/Ísland) í Smyril - Blue Water sér um sölu og haulage í Danmorku og meginlandinu*
- 2. Samskip taki yfir allt pláss til/frá Íslandi, þegar viðkoma er*

⁵⁴⁸⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.927273.

⁵⁴⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.931752.

⁵⁴⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.937263.

⁵⁴⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.646860.

⁵⁴⁹⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.937846.



Með óbreytt Arn/Heg kerfi næstu tvö árin, þá getur verið hagræði í því fyrir okkur að sleppa viðkomu í Færeyjum á heimleið og nýta Smyril kerfi - þannig færi meira magn með Smyril og ætti að stuðla að bættri afkomu. Jafnframt ættum við að geta náð meiri þunga á sölu á kerfi í útflutningi frá Íslandi, td deep sea uppsjávarfiskur þegar mikill gangur er í þeirri framleiðslu.

Sjáum hvað þeir hafa að segja – fundum í bláa herbeginu"

10335. (S)forstö-útfl svaraði: „Hið besta mál. Verður fróðlegt að heyra hvernig þeir sjá hugsanlegt samstarf geta þróast.“⁵⁴⁹¹

10336. Eins og ráðgert var hittu (S)forstj og (S)forstö-útfl BWS daginn eftir. Í dagbók (S)forstj var fundur með BWS bókaður frá 10:00 - 14:00.⁵⁴⁹² Samkvæmt dagbók (S)forstö-útfl átti hann að hitta BWS milli 10:00 og 11:00.⁵⁴⁹³

10337. Þann 2. desember 2011 sendi (S)frkvstj-Færeyj tölvupóst á (S)forstj og (S)frkvstj-fjárm: „It is announced in the newspaper to day that SBW has got new name and board. The new name is P/F North Atlantic Freight Service and [Smyril] (former director Smyril Line) and [frkvstj-Smyril] (director Smyril Line) is replaced by [...] (DK) and [frkvstj-BWS] as chairman. This is a reorganization of operation where Blue Water has gone from 6 divisions to 3 and all activity related to Faroe is now included in Blue Water except the vessel (Norrøna) which is operated in P/F North Atlantic Freight Service.“⁵⁴⁹⁴

10338. SE hjá Silver Green sendi 2. desember 2011 gögn til stjórnarmanna, þ.m.t. (S)forstj, vegna stjórnarfundar 6. desember 2011.⁵⁴⁹⁵ Meðal gagna var glærुकyning sem fjallaði um áætlun Silver Green fyrir árið 2011. Er þar gerð grein fyrir styrkleika og veikleika fyrirtækisins. Einn af veikleikum Silver Green var sagður þessi:

„Board/Shareholders – conflicts and conflicts of interest (Board Members/Shareholders are also competitors..)”

10339. Eins og fram hefur komið sat (S)forstj í stjórn Silver Green og áttu Samskip hlut í fyrirtækinu í gegnum Silver Sea. Green Reefers áttu helming í fyrirtækinu og var fulltrúi þess fyrirtækis formaður stjórnar. Er framangreind glæra staðfesting á því að Samskip/Silver Sea og Green Reefers voru keppinautar og að það samstarf sem fólst í stofnun og rekstri Silver Green var samstarf keppinauta í m.a. útflutningi á fiski frá Íslandi. Sú staðreynd að eigendur og fulltrúar þeirra sætu saman í stjórn skapaði hættu á hagsmunaaðrekstrum sem í glærुकyningunni var talið fela í sér veikleika hjá Silver Green.

10340. (E)frkvstj-alþjsv, (S)forstj og starfsm-BWS hittust í kvöldverðarboði á heimili (E)frkvstj-alþjsv 3. desember 2011.⁵⁴⁹⁶ Nokkrum dögum seinna eða 9. desember 2011 sendi (E)forstj eftirfarandi tölvupóst til (E)frkvstj-skiparekst:

*„Gott að vera á tánum – einhverjir eru nú að pissa utan í Blue Water og þeirra þjónustu á austfjröðum [svo] og Færeyjum heyrir ég og gera ráð fyrir að missa álið.“*⁵⁴⁹⁷

⁵⁴⁹¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.942263.

⁵⁴⁹² Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. Dagbók [...] „Smyril Blue Water“. Fundartími 11.30.2011, kl. 10:00-14:00. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Samskipum. Milli [...]. „fundur með BWS“, dags. 29.11.2011, kl. 15:03 og 17:22. Doc. ID. 0.7.33.942106. Þar staðfestir [...] komu á fundinn.

⁵⁴⁹³ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. Dagbók [...]. „Blue water fundur“. Fundartími 11.30.2011, kl. 10:00-11:00.

⁵⁴⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.943879.

⁵⁴⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.943961.

⁵⁴⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum/Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.935776.

⁵⁴⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.874824.



10341. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að (E)forstj var í þessum tölvupósti að vísa til Samskipa. Sem fyrr segir átti (S)forstj fund með BWS 30. nóvember 2011 þar sem rætt var um samstarf eða yfirtöku Samskipa á flutningum BWS til og frá Seyðisfirði. Auk þessa höfðu Samskip nýlega sent Alcoa tilboð. Að mati Samkeppniseftirlitsins er líklegt að þessi umfjöllun (E)forstj byggji á samskiptum við Samskip. Standa rök til þess að (E)frkvstj-alpjsv og (S)forstj hafi rætt þetta 3. desember 2011 enda voru þeir meðlimir í „Nýtt upphaf“ vinnuhópnum og um er að ræða málefni sem féll undir verksvið hans.
10342. Þann 18. desember 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til yfirstjórnar Samskipa varðandi fyrirhugaðan fund daginn eftir. Kom fram að hann vildi m.a. ræða BWS, Silver Green, Færeyjar, Thorship og Alcan.⁵⁴⁹⁸
10343. Þann 20. desember 2011 sendi (S)forstj glærुकynninguna „19_desember_Budget 2012“ til yfirstjórnar Samskipa.⁵⁴⁹⁹ Þar kom fram að verð á landflutningum og sjóflutningi yrði hækkað tvívegis á árinu 2012. Jafnframt kom það fram að stefnt væri m.a. að eftirfarandi á árinu 2012 hjá Samskipum:
- „Halda verðum uppi – priceleader“.
 - Kaupa slott/samstarf við BWS.
 - Klára samninga við Alcoa.
10344. Í glærunum var einnig gerð grein fyrir sterkri stöðu Samskipa/Silver Green í útflutningi og geymslu á frystum fiski frá m.a. Íslandi:

samskip Introduction Iceland


SILVERSEA SILVERGREEN frigoCare samskip

Samskip a major player in the field of transportation of frozen / chilled fish products in the North Atlantic.....

- A strong export transportation network matched with four cold store facilities which joint capacity amounts to 33 thousand tons :
 - Holland - FrigoCare Rotterdam (12.500)
 - Norway - FrigoCare Aalesund (18.000)
 - Iceland – Ísheimar (6.000)
 - Faroe Islands - cold store (6.500)
- A healthy portfolio of leading seafood export customers in the North-Atlantic – generating about 38 m Eur and some of which are operating in a number of the above market places

A number of opportunities ahead:

- Cross-selling across markets
- Gaining increased operational synergies
- Increasing sales (e.g. Asian market and customer mix)



Confidential – December 2011

⁵⁴⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.951116.

⁵⁴⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.952685.

Samskip

Iceland

Silver Green is operating a fleet of **13 specialized reefer vessels**, mainly focusing on the N-Atlantic frozen pelagic exports.

Silver Green is transporting annually over **700 thousand tons**, with an estimated market share of about 70-80%

Main export markets: Norway, Iceland, Shetland and Scotland

Main import markets: Russia, Baltic ports, Black Sea, Holland

Base fleet:

- Alma
- Firda
- Framnes
- Green Bergen
- Green Frost
- Green Lofoten
- Green Ice
- Green Tromsø
- Silver Bergen
- Silver Copenhagen
- Silver Lake
- Silver Ocean
- Silver River

Confidential – December 2011

10345. Þann 22. desember 2011 sendi (S)frkvstj-Frigo1 tölvupóst til (S)forstj með heitinu „Kloosterboer“: „am curious to learn if you have already been in contact with [Kloosterb4] re the termination of office rental agreement. He is in the office today and maybe some time tomorrow and a day or two next week, after that he will go on a 3 months holiday... [...]“.⁵⁵⁰⁰

10346. Þann 29. desember 2011, hittu (S)forstö-útfli og (S)forstö-innfl1 m.a. (E)frkvstj-sala/pj og (E)frkvstj-innanl á fundi hjá Eimskip. Eins og lýst er í kafla 14.39 tengdist sá fundur samráði Samskipa og Eimskips.

10347. Sama dag, þ.e. 29. desember 2011, sendi (S)forstj eftirfarandi tölvupóst til (S)forstö-útfli, (S)forstö-flutnstj og (S)frkvstj-Jóna með heitinu „Smyril Blue Water“. Í honum er lýst mögulegu samkomulagi við BWS (SBW):

„Við gætum komist að samkomulagi við SBW á neðangreindum grunni:

-Samskip hætti viðkomu á útleið í Færeyjum, en noti þess í stað þjónustu SBW, og vinni hörðum höndum að því að ná í frekari viðskipti í útflutningi, ss togaralandanir, sem við höfum ekki lagt mikið upp úr eftir að Parlevliet urðu sterkir hjá okkur og við fórum í eitt skip á 10 daga routation. [svo]

-SBW hætti siglingum til/frá Íslandi yfir vetrarmánuðina

-Samskip nái sem mestu af því magni sem SBW eru með í dag, en helsta leiðin til að ná því, ma ca 5-8 gáma á viku fyrir Samherja, væri að vera með cargo vél á laugardegi frá Íslandi til Frankfurt, til að koma ca 15 tonnum ferskum fiski

-Samskip myndi selja þjónustu Smyril frá Íslandi yfir sumarið, þe frá apríl og út september, þe 6 mánuði.

⁵⁵⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.953595.



[(S)frkvstj-Jóna]-væri einhvern innflutning að fá í svona þjónustu, þe flug frá Frankfurt á laugardegi til landsins? væri hægt að gera þetta í samstarfi við Bláfugl eða Icelandair?"

10348. (S)frkvstj-Jóna svaraði og kvaðst lítast vel á þetta. Hann væri með „flugverkefni“ í skoðun sem hann myndi kynna fyrir þeim.⁵⁵⁰¹
10349. Samkvæmt framangreindu taldi (S)forstj að unnt væri ná samkomulagi við BWS sem samkvæmt efni sínu hefði haft skaðleg áhrif á samkeppni bæði hér á landi og í Færeyjum. Af þessu hefði í raun leitt að BWS hefði hætt að keppa í m.a. flutningi á fiski frá Íslandi og dregið hefði úr þeirri samkeppni sem Samskip gátu veitt í Færeyjum.

20.7.6. Samantekt

10350. Á grundvelli „Nýtt upphaf“ verkefnisins höfðu Samskip og Eimskip með sér samráð um skipulag siglingakerfa sinna og flutninga, þar á meðal á áli og fiski. Var tilgangur þessa fyrst og fremst að draga úr samkeppni og skapa skilyrði fyrir því að hækka eða halda uppi verði. Í „Nýtt upphaf“ vinnuhópnum sátu (S)forstj, (E)forstj og (E)frkvstj-alþjvs.
10351. BWS og Kloosterboer voru keppinautar Eimskips og Samskipa í þjónustu við m.a. fiskútflytjendur frá Íslandi.
10352. Við mat á framangreindum atvikum ber að horfa til allra þeirra beinu samskipta sem áttu sér stað milli Samskipa og Eimskips á árinu 2011 og eru tilgreind í kafla 13.
10353. Hvað BWS áhrærir kom það skýrt og ítrekað fram hjá bæði Samskipum og Eimskip á árinu 2011 að samkeppnisleg ógn stafaði frá BWS, ekki síst í flutningi á fiski frá Íslandi og í flutningi til Færeyja. Sama kemur fram í gögnum Samskipa og Eimskips frá árunum 2009 og 2010. Var það beinlínis stefna hjá Samskipum að vinna gegn verðsamkeppni með því að „[s]þorna við innkomu Blue Water inn á markaðinn“, sbr. glærुकynningu (S)forstö-útl frá 6. október 2011. Í áætlunum söludeildar áætlunarflutninga Eimskips (LIS) fyrir árið 2012 var rætt um að augin ógn („increased threat“) stafaði frá BWS og að BWS væri „more aggressive“ í flutningi á fiski frá Íslandi, sbr. kafla 20.6.2. Í glærुकynningu LIS deildar Eimskips (Vegvísir 2012) frá hausti 2011 kemur fram að það hafi verið eitt meginmarkmið LIS á árinu 2012 að hækka verð í m.a. útflutningi og var spurt hvernig unnt væri að verjast samkeppni frá BWS, sbr. kafla 14.38.4.2.
10354. Þegar litið er til samtímagagna Samskipa og Eimskips sem varða sjóflutning til og frá Íslandi (og landflutninga hér á landi) á árinu 2011 og áætlanir fyrir árið 2012 dregst í aðalatriðum upp sama mynd og fyrir árin þar á undan. Fyrirtækin gerðu ráð fyrir að halda sínum mikilvægustu viðskiptavinum og að reyna ekki með samkeppni að ná slíkum viðskiptavinum hvort af öðru. Þess í stað lögðu þau áherslu á að hækka verð, auka gjaldtöku og vinna gegn verðlækkunum. Samkeppnisleg ógn stafaði ekki frá stóra keppinautum heldur frá smærri keppinautum eins og BWS (og einyrkjum í landflutningum). Framangreint er í samræmi við samskonar gögn frá árunum á undan og er þetta til vitnis um hið ólögmeða samráð á þessum tíma. Til viðbótar ber að líta til þess að samanburður á gögnum sem varða annars vegar íslenska markaðinn og hins vegar markaðinn í Færeyjum sýnir gjörólíkar aðstæður. Gögnin frá Færeyjum sýna það sem fyrirtækin töldu vera grimma samkeppni um m.a. mikilvægustu viðskiptavinina. Sökum þessa samkeppnislega aðhalds var t.d. bent á það í áætlun Samskipa í Færeyjum að Faroe Ship gæti ekki hækkað verð vegna ótta um að missa mikilvæga viðskiptavini og var þar lagt til grundvallar að engar verðhækkningar yrðu á árinu 2012.

⁵⁵⁰¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1105867.



10355. Hvað Kloosterboer áhrærir höfðu bæði Samskip og Eimskip gripið til aðgerða til þess að reyna að draga úr samkeppni frá þeim keppinaut. Vísast hér til fyrrnefndra gagna frá árunum 2010 og 2011 sem gefa til kynna að annars vegar Eimskip og hins vegar Samskip hefðu náð samkomulagi við Kloosterboer um að keppa ekki um viðskiptavinum hvors annars.

10356. Það var þannig áfram sameiginlegt hagsmunamál hjá bæði Eimskip og Samskipum að draga úr samkeppni frá BWS og Kloosterboer til þess að gera fyrirtækjunum auðveldara en ella að hækka verð eða vinna gegn lækkun á verði. Í þessu ljósi ber m.a. að virða áframhaldandi nánast samhliða samskipti Eimskips (ekki síst af hálfu (E)frkvstj-alþjsv) og Samskipa (ekki síst af hálfu (S)forstj) við BWS og Kloosterboer. Hið sama á við um nánast samhliða umfjöllun innan beggja fyrirtækjanna þar sem vísað var til verkefna eða viðræðna sem tengdust BWS (og eftir atvikum Kloosterboer). Draga má áðurnefnd atvik á árinu 2011 saman með eftirfarandi hætti.

- 14.1 hvatti (S)forstj (S)frkvstj-Færeyj til að ræða við BWS.
- 21.1 hitti (E)frkvstj-alþjsv Kloosterboer.
- 25.1 vísaði (E)frkvstj-alþjsv til samskipta við BWS.
- 3.2 hittu (E)frkvstj-alþjsv og (E)forstj BWS.
- 8.2 kom fram að (S)frkvstj-Færeyj væri búinn að ræða „oft“ við BWS (þessar viðræður hefðu átt sér stað á tímabilinu 15/1 – 7/2 2011).
- 14.2 vísaði (S)forstj til BWS og/eða Smyril-Line.
- 16.2 vísaði (S)forstj til nákvæmra upplýsinga um BWS sem annað hvort komu frá (E)frkvstj-alþjsv eða BWS.
- Kloosterboer hitti bæði Eimskip og Samskip í áttundu viku 2011 (13.2 – 19.2 2011).
- 8.3 hitti (S)forstj Kloosterboer.
- 16.3 funduðu (E)frkvstj-alþjsv og (E)forstj og ræddu um samstarf við Kloosterboer og BWS.
- 20.3 hittu (E)frkvstj-alþjsv og (E)forstj Kloosterboer.
- 14.4 hitti (E)frkvstj-alþjsv BWS.
- Bæði (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj skipulögðu að hitta BWS og Kloosterboer á sjávarútvegssýningunni í Brussel sem stóð frá 3.5 – 5.5 2011.
- 12.5 hitti (E)frkvstj-alþjsv Smyril Line.
- 13/5 hitti (S)forstj BWS.
- 15.5 vísaði (S)forstj til BWS.
- 16.5 vísaði (S)forstj til BWS.
- 17.5 vísaði (S)forstj til BWS.
- Í glærum deildar (E)frkvstj-alþjsv frá maí 2011 er vísað til viðræðna um samstarf við BWS.



- 29.5 áttu sér stað samskipti milli (S)forstj og Kloosterboer.
- 30.5 áttu sér stað samskipti milli (E)frkvstj-aljpsv og BWS.
- 31.5 áttu sér stað samskipti milli (E)frkvstj-aljpsv og Kloosterboer.
- 7.6 áttu sér stað samskipti milli (E)frkvstj-aljpsv og BWS.
- 22.6 áttu sér stað samskipti milli (E)frkvstj-aljpsv og BWS.
- 27.6 áttu sér stað samskipti milli (E)frkvstj-aljpsv og BWS.
- 29.6 vísaði (S)forstj til BWS.
- 4.7 áttu sér stað samskipti milli (E)frkvstj-aljpsv og Kloosterboer.
- 19.7 hitti (E)frkvstj-aljpsv BWS.
- 26.7 vísaði (E)starfsm-Reefer til þess að hann hefði í samráði við (E)frkvstj-aljpsv rætt við Kloosterboer.
- 2.8 vísaði (S)forstj til BWS.
- 19.8 áttu sér stað samskipti milli (E)frkvstj-aljpsv, (E)starfsm-Reefer og Kloosterboer.
- 2.9 vísaði (S)forstj til BWS.
- 7.9 vísaði (S)forstj til BWS.
- 10.9 vísaði (S)forstj til BWS.
- 12.9 áttu sér stað samskipti milli (E)frkvstj-aljpsv og BWS.
- 13.9 greindi (S)frkvstj-Færeyj (S)forstj frá viðræðum við bæði BWS og Smyril Line.
- 26.9 funduðu (E)starfsm-Reefer og (E)forstö-aljpsv með Kloosterboer.
- 27.9 vísaði (S)forstj til BWS.
- 28.9 áttu sér stað samskipti milli (E)frkvstj-aljpsv og BWS.
- 3.10 upplýsti (E)stjform2 (E)frkvstj-aljpsv um samskipti við BWS.
- 10.10 vísaði (S)forstj til BWS.
- 20.10 áttu sér stað samskipti milli (E)frkvstj-aljpsv og BWS.
- 23.10 vísaði (S)forstj til BWS og símtal við BWS.
- 29.10 vísaði (E)forstj til BWS.
- 2.11 ræddu (S)forstj og (S)frkvstj-SIL1 um Kloosterboer.
- 9.11 vísaði (E)forstj til BWS.
- 12.11 vísaði (S)forstj til BWS.



- 18.11 áttu sér stað samskipti milli (E)frkvstj-alþjsv og BWS.
- 20.11 vísaði (S)forstj til BWS og/eða Smyril-Line.
- 23.11 áttu sér stað samskipti milli (E)frkvstj-alþjsv og BWS.
- 30.11 hittu (S)forstj og (S)forstö-útl BWS.
- 3.12 vísaði (E)forstj til BWS.
- 18.12 vísaði (S)forstj til BWS.
- 20.12 vísaði (S)forstj til BWS.
- 22.12 spyr (S)frkvstj-Frigo1 (S)forstj um samskipti við Kloosterboer.
- 29.12 vísaði (S)forstj til BWS.

10357. Sýnir þetta að bæði Eimskip og Samskip hafi margítrekað átt í samskiptum við BWS á árinu 2011 og innan fyrirtækjanna var á svipuðum tíma fjallað um mögulegt samstarf við þennan keppinaut. Hið sama á við um Kloosterboer en í tilviki þess keppinautar var umfangið minna. Sem fyrr segir er það mat Samkeppniseftirlitsins að um hafi verið að ræða aðgerðir sem hafi verið liður í takmörkun fyrirtækjanna á samkeppni á markaðnum í samræmi við markmið „Nýtt uppha“ verkefnisins.

10358. Rétt er að áréttta að í janúar 2010 fjallaði (S)frkvstj-Rotterdam um Kloosterboer í tölvupósti til (S)forstj. Var sá tölvupóstur svar við spurningu (S)forstj um hvort ætti að „skerpa á“ samstarfi við Kloosterboer. Vísaði (S)frkvstj-Rotterdam til þess að Kloosterboer væri skæður keppinautur og hefði m.a. náð sjávarútvegsfyrirtækinu Granda í viðskipti til sín. Sýnir umfjöllun (S)frkvstj-Rotterdam að „friður“ hafi verið saminn við Kloosterboer en sá keppinautur hefði ekki að öllu leyti virt hann. Vildi hann vera á varðbergi gagnvart Kloosterboer „mafiunni“. Þetta stöðvaði ekki (S)forstj. Hann vildi þess í stað hitta Kloosterboer og „hreinsa upp“ mál. Í september 2010 nefndi (E)forstö-alþjsv Kloosterboer „drullusokka“ sökum þess að fyrirtækið hefði veitt Eimskip samkeppni. Þann 21. janúar 2011 hitti (E)frkvstj-alþjsv Kloosterboer og var tilgangur þess fundar að bersýnilega að hnykkja á „friðnum“. Samkvæmt (E)frkvstj-alþjsv hefði Kloosterboer á fundinum staðfest að fyrirtækið myndi „continue to respect Eimskip customers“ og jafnframt hefðu Eimskip og Kloosterboer ákveðið að skoða möguleika á því að vinna nánar saman. Í maí 2011 ræddu síðan bæði (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv við Kloosterboer um aukna samvinnu.

10359. Þrátt fyrir framangreint voru Samskip og Eimskip áfram óánægð með samkeppni frá Kloosterboer. Í febrúar 2011 sneri Eimskips sér ítrekað til Kloosterboer og kvartaði yfir verðsamkeppni. Hið sama gerði Eimskip í júlí 2011 og ræddu Kloosterboer og Eimskip um að með „óformlegu spjalli“ þessara keppinauta væri unnt að halda uppi verði og auka framlegð. Í ágúst 2011 sneri Kloosterboer sér til Eimskips og kvartaði yfir verðsamkeppni í flutningum til Íslands. Eimskip svaraði og sá ástæðu til að réttlæta þessa samkeppni. Í nóvember 2011 sendi (S)frkvstj-MCL tölvupóst til (S)forstj og kvartaði yfir „dirty tactics“ af hálfu Kloosterboer og kvaðst (S)frkvstj-MCL ekki skilja af hverju Samskip ættu í viðskiptum við Kloosterboer og væru þar með að styrkja þennan keppinaut sem hefði beitt sér gegn Samskipum.

10360. Sem fyrr segir gefa samtímagögn til kynna að bæði Samskip og Eimskip hafi náð samkomulagi við Kloosterboer um að keppa ekki um viðskiptavinum hvors annars. Í mgr. 1740 í athugasemdum við AII hafna Samskip því að fyrirtækið hafi náð slíku samkomulagi. Telur fyrirtækið að ekkert í gögnunum málsins bendi til þess. Það er engu að síður niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að fyrirtækin hafi gert slíkt samkomulag og að það hafi verið hluti af viðleitni Samskipa til að takmarka samkeppni í samræmi við



samráð Eimskips og Samskipa. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að með þessum aðgerðum hafi Samskip brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Eins og áður hefur komið fram er í ákvörðun þessari ekki tekin afstaða til lögmætis aðgerða Kloosterboer.

10361. Eins og lýst var hér að framan sneru Samskip/Silver Sea sér til Green Reefers eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst. Viðræður hófust og skiluðu þær árangri með stofnun Silver Green um mitt ár 2010. Að mati Samkeppniseftirlitsins leikur ekki vafi á því Green Reefers hafði verið keppinautur bæði Samskipa og Eimskips í flutningi á fiski frá Íslandi og að eftir stofnun Silver Green hafi það fyrirtæki annast flutning á fiski frá Íslandi og því verið keppinautur Eimskips og Samskipa. Þessu til stuðnings vísast t.d. til glærुकynningar Silver Green frá 2. desember 2011 þar sem kemur fram að það væri veikleiki hjá fyrirtækinu að fulltrúar keppinauta sætu í stjórn þess ((S)forstj sat í stjórninni) og til glærुकynningar (S)forstj frá 20. desember 2011 þar sem m.a. kemur fram að einn helsti markaður Silver Green væri Ísland. Að mati Samkeppniseftirlitsins hafði stofnun Silver Green og samstarfið innan fyrirtækisins að markmiði að draga úr samkeppni og hækka flutningsgjöld á m.a. fluttum frystum fiski frá Íslandi. Samkvæmt samtímagögnum Eimskips frá árinu 2010 leiddi samstarfið til takmörkunar á samkeppni og fjallaði Eimskip með velþóknun um hina skertu samkeppni, m.a. í flutningi á fiski frá Íslandi, sem af þessu leiddi. Einnig sagði Eimskip að tilkoma Silver Green hefði þegar haft þau áhrif að verð hefði hækkað og að gert væri ráð fyrir því að það myndi hækka enn frekar gagnvart útflytjendum á frystum fiski frá Íslandi. Gefa gögnin til kynna að Eimskip hafi verið fylgjandi þessum aðgerðum og viljað gæta sín á því að gera ekkert sem myndi auka samkeppni á þessu sviði. Var það í samræmi við samráð Eimskips og Samskipa á þessum tíma.
10362. Þá ber hér að horfa til tengingar á milli Silver Green – Kloosterboer – Eimskips og Samskipa. Á fundi (E)frkvstj-alþjsv með Kloosterboer 21. janúar 2011 var rætt um að aukin samvinna Eimskips og Kloosterboer gæti falist í því að Kloosterboer myndi minnka flutninga með Silver Green og nýta sér þjónustu Eimskip-CTG meira en áður. Í apríl 2011 átti (S)forstj tvo fundi þar sem átti að ræða um „Eimskip/Silver Green“ og „Silver Sea/Eimskip“. Í minnisblaði Eimskips frá maí 2011 var því lýst að Kloosterboer myndi koma til Noregs síðar í maí eða júní 2011 til þess að hitta bæði Eimskip og Silver Green.
10363. Þegar horft er frekar til samskipta Eimskips og Samskipa við BWS ber að virða framangreinda atburðarrás á árinu 2011 í samhengi við hliðstæða atburðarás sem átti sér stað á árunum 2009-2010. Saman gefa öll þessi gögn til kynna að bæði Eimskip og Samskip hafi brugðist við aukinni samkeppni frá BWS með því að eiga samskipti við fyrirtækið sem að mati Samkeppniseftirlitsins miðuðu að því að draga úr samkeppni. Er það skýr vísbending um ólögmætt samráð Eimskips og Samskipa að í samtímagögnum æðstu stjórnenda fyrirtækjanna var ein helsta samkeppnisógnin í útflutningi ekki talin vera hinn stóri keppinauturinn heldur hinn smái keppinautur BWS. Hlutdeild BWS í flutningi frá Íslandi var óveruleg. Þrátt fyrir það sýna gögnin að m.a. á árinu 2011 hafi BWS látið finna fyrir sér, ekki síst í flutningi á fiski og að verð hafi lækkað þess vegna. Í Færeyjum var staða BWS mun sterkari og var fyrirtækið t.d. næst stærsti keppinauturinn á eftir Eimskip í innflutningi til Færeyja. Í Færeyjum hafði ríkt mikil samkeppni og var innan Eimskips rætt um verðstríð. Þjónaði það hagsmunum samráðs Eimskips og Samskipa að gera tilraun til þess að fá BWS til þess að hefja samstarf.
10364. Að mati Samkeppniseftirlitsins var þannig tilgangur nánast samhliða samskipta Eimskips og Samskipa við BWS (og nánast samhliða umfjöllunar um BWS innan Eimskips og Samskipa) að draga úr samkeppni frá þeim keppinauti. Það hafi m.a. átt að gera með því að taka upp samstarf við BWS í flutningum til og frá Íslandi og til og frá Færeyjum.
10365. Hér skiptir einnig umtalsverðu máli að samráð um siglingakerfi féll undir „Nýtt upphaf“ verkefnið og með því að taka upp flutningasamstarf við BWS gátu Eimskip og Samskip náð fram tvenns konar ábata.



Annars vegar að draga úr samkeppni á Íslandi og í Færeyjum og hins vegar að hagnast á mögulegum sparnaði og betri nýtingu á flutningsgetu upp að vissu marki. Ber hér að rifja upp að á árunum 2009 - 2010 ræddi (E)frkvstj-alþjsv við BWS um samstarf í flutningum og var skipið Blikur sérstaklega rætt. (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj fjölluðu innan Samskipa um það skip og siglingakerfi Eimskips, sbr. yfirlit í kafla 20.6.3. Á árinu 2011 ræddu síðan bæði (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv áfram við BWS um möguleika á samstarfi á siglingaleiðinni Ísland - Færeyjar - Danmörk. Þann 16. febrúar 2011 fjallaði (S)forstj um samstarf við BWS og gerði grein fyrir viðkvæmum upplýsingum sem vörðuðu þann keppinaut. Telur Samkeppniseftirlitið að þær upplýsingar hafi stafað frá (E)frkvstj-alþjsv eða BWS. Í glærुकyningu (E)frkvstj-alþjsv „Eimskip International Monthly Report February 2011“ var fjallað um mögulega samvinnu við BWS. Í mars 2011 hittust (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfli og (E)frkvstj-sala/þj á fundi og á verkefnalista (E)frkvstj-sala/þj í þessum mánuði kom inn nýtt verkefni (með aðkomu (E)forstj) sem hét „Samskip inn og út“, þ.e. verkefni sem varðaði innflutning og útflutning Samskipa. Í maí 2011 skipulögðu bæði (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj að hitta BWS á sjávarútvegssýningunni í Brussels.

10366. Alcoa bauð út flutninga sína í október 2011 og fjallaði (S)forstj dagana 15. – 23. maí 2011 um mögulegt útboð Alcoa, skipakerfi og flutningsgetu Eimskips, mögulega samvinnu við BWS og Thorship (ræddi hann m.a. um „*alcoa versus Thorship kerfi*“). Í glærum (E)frkvstj-alþjsv frá maí 2011 var rætt um að verkefnið „*Blikur vs Slot Sharing on Smyril*“ væri aðeins í bið. Í júní 2011 upplýsti (E)frkvstj-alþjsv BWS um áform Eimskips varðandi leigu á Blikur. Nokkrum dögum seinna minnti (S)forstj sig sjálfan á verkefni eða samskipti við BWS og (E)frkvstj-alþjsv upplýsti BWS um breytingar á siglingakerfi Eimskips. Þann 19. júlí 2011 hittu (E)frkvstj-alþjsv BWS og þann 2. ágúst 2011 minnti (S)forstj sig á verkefni eða samskipti við BWS. Í byrjun september 2011 fóru (E)forstj og (S)forstj saman í skemmtiferð til Danmerkur. Meðan á ferðinni stóð og í kjölfar hennar minnti (S)forstj sig á verkefni eða samskipti sem tengdust BWS, Alcoa og Thorship. Þann 12. september lét BWS (E)frkvstj-alþjsv vita af fyrirhuguðum fundi BWS með Smyril Line og (E)frkvstj-alþjsv lagði til fund Eimskips og BWS. Daginn eftir var (S)forstj greint frá því að bæði BWS og Smyril Line væru áhugasöm um samstarf við Samskip. Í nóvember 2011 fjallaði (S)forstj um siglingakerfi Eimskips og mögulega samvinnu við BWS og Thorship í tengslum við útboð Alcoa. Í sama mánuði átti (E)frkvstj-alþjsv samskipti við BWS og í þeim samskiptum greindi BWS frá viðræðum við Smyril Line og að Smyril Line hefði upplýst BWS um samskipti við Eimskip. Í lok nóvember 2011 fundaði (S)forstj með BWS þar sem ræða átti m.a. að Samskip tækju yfir alla flutninga BWS til og frá Íslandi. Þann 3. desember 2011 hittust (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj í samkvæmi á heimili (E)frkvstj-alþjsv og nokkrum dögum seinna fjallaði (E)forstj um að Samskip leituðu eftir samvinnu við BWS og að Samskip gerðu ráð fyrir því að missa viðskiptin við Alcoa. Í lok desember 2011 lýsti (S)forstj því yfir að unnt væri að komast að samkomulagi við BWS m.a. um að sá keppinautur myndi hætta flutningum til og frá Íslandi yfir vetrartímann og Samskip myndu selja þjónustu BWS á Íslandi yfir sumartímann.
10367. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að umrædd gögn endurspegli tilraunir Samskipa og Eimskips til að fá keppinaut til samstarfs. Framangreind samskipti Eimskips og Samskipa og samskipti Eimskips og Samskipa við BWS á árinu 2011 ber að virða í samhengi við samskonar samskipti á árunum 2009 og 2010. Hið sama gildir um t.d. umfjöllun innan Samskipa um siglingakerfi Eimskips, Blikur og BWS. Aðkoma og aðgerðir m.a. (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv hafa hér umtalsverða þýðingu enda féllu umræddar aðgerðir þeirra undir „*Nýtt upphaf*“ verkefnið en þeir voru meðlimir í vinnuhóp verkefnisins.
10368. Í mgr. 1579, 1678-1682, 1684-1695, 1697-1700, 1702-1706, 1710-1714, 1724-1725, 1728-1730 og 1733-1743 í athugasemdum Samskipa við AII koma fram sjónarmið fyrirtækisins við umfjöllun um atvik á árinu 2011.
10369. Þar kemur m.a. fram að Samskip hafna því að nokkuð samráð hafi verið til staðar milli Samskipa og Eimskips. Að mati Samskipa séu fullyrðingar um markmið „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins að öllu leyti rangar.



Fyrir liggir að ekkert verkefni af þessum toga hafi nokkurn tímann verið til. Einnig hafna Samskip því (E)frkvstj-albjsv og (S)forstj hafi verið saman í vinnuhóp.

10370. Að mati Samskipa lýtur rannsókn þessa máls eingöngu að ætluðu samráði Samskipa og Eimskips. Meint samráð við önnur fyrirtæki sé ekki hluti rannsóknarinnar. Þá efist Samskip um lögsögu Samkeppniseftirlitsins varðandi atvik tengd BWS, Kloosterboer og Silver Green.
10371. Þá telja Samskip að samskipti Eimskips við BWS og Kloosterboer séu Samskipum óviðkomandi. Málefni fyrirtækjanna hafi aldrei verið rædd milli Samskipa og Eimskips. Að mati Samskipa sé engin tenging á milli funda Eimskips með BWS, Silver Green og Kloosterboer annars vegar og funda Samskipa með sömu fyrirtækjum hins vegar.
10372. Hafna Samskip að fyrirtækið hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samskiptum við BWS eða Kloosterboer eða með stofnun Silver Green.
10373. Samskip benda á að eðlilegt sé að umrót verði á markaði með innkomu nýs keppinautar. Stjórnendur Samskipa hafi haft áhyggjur vegna innkomu BWS og eðlilegt að ráðist sé í ýmsar löglegar aðgerðir til að verja stöðu fyrirtækisins. Samskip hafi aldrei átt í samskiptum við Eimskip vegna BWS og fyrirtækin ekki gripið til neinna sameiginlegra aðgerða til að hamla innkomu BWS á markaðinn. Þá hafi BWS átt frumkvæði að hugmyndum um samstarf. Hugmyndir, hugleiðingar eða viðræður um hugsanleg kaup eða samstarf kalli hins vegar hvorki á samrunatilkynningu né beiðni um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga
10374. Jafnframt hafna Samskip því að fyrirtækið hafi náð samkomulagi við Kloosterboer um að keppa ekki um viðskiptavinum. Auk þess hafna Samskip því að markmiðið með stofnun Silver Green hafi verið að draga úr samkeppni og hækka flutningsgjöld í samræmi við markmið meints samráðs.
10375. Að lokum hafna Samskip því að fyrirtækinu hafi borist viðkvæmar upplýsingar frá Eimskip.
10376. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á sjónarmið Samskipa, sbr. umfjöllun um sjónarmið fyrirtækisins í 31.7.

20.8. Útboð Alcoa á árinu 2011

10377. Í október 2011 ákvað Alcoa að bjóða út m.a. flutninga á áli frá Reyðarfirði. Verður fjallað um atvik sem þessu tengjast í þessum kafla.
10378. Í kafla 6.5 er lýst viðskiptasamningum Alcoa við Samskip og Eimskip á rannsóknartímabilinu. Um er að ræða eftirfarandi samninga:
- Samningur Alcoa við Samskip um flutning (í gámum) á framleiðsluvöru álversins í Reyðarfirði til Evrópu sem gerður var 10. október 2007 og gildi til 31. desember 2012.
 - Samningur Alcoa við Eimskip um flutning á rafskautum frá Noregi og skautleifum og skautryki til Noregs með gildistíma frá 3. september 2007 til 2. september 2012.
 - Samningur um að Eimskip annaðist alla skipaafgreiðslu fyrir Alcoa í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði, undirritaður með gildistíma frá 1. apríl 2007 til 31. mars 2012.
 - Samningur Alcoa við Eimskip um landflutninga á Íslandi. Upphaflegur gildistími frá 1. desember 2007 til 1. desember 2009, en í kjölfar breytinga 8. apríl 2009 var gildistími framlengdur til 31. desember 2011.



10379. Í sátt Eimskips og Samkeppniseftirlitsins viðurkennir fyrirtækið að hafa framið alvarleg brot á 10. gr. samkeppnislaga sem m.a. hafi falist í „eftirfarandi aðgerðum sem gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt upphaf“ glærukynningu Eimskips frá 9. júní 2008:
- 1.1 Samráð við Samskip á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi.
 - 1.2 Samráð við Samskip um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum. Samráð þetta var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins (á árinu 2013)."
10380. Í samræmi við framangreinda viðurkenningu Eimskips er í kafla 9 gerð grein fyrir samtímagögnum sem lýsa því að í október og nóvember 2008 hafi Samskip og Eimskip, með ólögmætu samráði, náð því markmiði sínu að takmarka flutningsgetu fyrirtækjanna í áætlunarsiglingum. Til að gera þetta mögulegt höfðu fyrirtækin samráð í tengslum við breytingar á siglingakerfum og leystu sameiginlega úr áskorunum sem upp komu vegna þeirra, þ. á m. í tengslum við flutninga fyrir Alcoa. Áskoranir varðandi flutninga fyrir Alcoa voru leystar með því að Eimskip tók að sér að flytja reglulega hluta af útflutningi Alcoa á áli til Rotterdam, þ.e. þann hluta sem var umfram flutningsgetu Samskipa í kjölfar breytinga á siglingakerfi fyrirtækisins. Voru þetta flutningar sem að mati Samskipa féllu undir samning fyrirtækisins við Alcoa. Samtímagögnin sýna að Samskip litu svo á að þessi samningur tæki til „alls“ útflutnings á áli Alcoa frá Reyðarfirði til Evrópu.
10381. Flutningar Eimskips á hluta af þeim flutningi sem féll undir samning Samskipa og Alcoa var sem áður sagði hluti af ólögmætu samráði fyrirtækjanna. Sýna samtímagögn framkvæmd á þessum hluta samráðs Samskipa og Eimskips á árunum 2009-2011, sbr. kafla 14.36. Kom m.a. fram hjá stjórnendum Eimskips mikil ánægja með þetta fyrirkomulag, sbr. umfjöllun í kafla 9.36.3. Var hugtakið „alsæla“ m.a. notað af stjórnendum Eimskips.
10382. Eins og fram kemur í kafla 9.7 féllst Alcoa á það 24. nóvember 2008 að gera breytingu á samningi sínum við Samskip sem fólst einkum í því að verð hækkaði verulega (131%) auk þess sem þjónustuframboð var skert með því að Samskip tóku úr rekstri annað af tveimur skipum fyrirtækisins á Leið 2. Er rökstutt að samráðið við Eimskip gerði Samskipum kleift að draga úr þjónustu annars vegar og að hækka verð verulega gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini hins vegar.
10383. Við framangreinda breytingu á samningnum í nóvember 2008 kom það skýrt fram af hálfu Alcoa að fyrirtækið liti á breytinguna sem tímabundna og áskildi sér rétt til að semja um lægra verð þegar aðstæður breyttust.⁵⁵⁰²
10384. Samtímagögn sýna aftur á móti að á gildistíma samningsins gátu Samskip bæði haldið hinni „verulegu verðhækkun“ og látið hjá líða að bæta þjónustu sína þrátt fyrir umkvartanir Alcoa. Vísast um þetta t.d. til markaðsskýrslu (S)forstö-útfli 19. september 2010, söluskýrslu starfsmanns Samskipa vegna fundar með Alcoa 20. október 2010 og markaðsskýrslu (S)forstö-útfli 19. september 2011 fyrir árið 2012.⁵⁵⁰³ Höfnuðu Samskip öllum óskum Alcoa um breytingar og var fyrirkomulagið óbreytt út samningstímann. Að mati Samkeppniseftirlitsins var það samfellt samráð Samskipa og Eimskips sem leyfði Samskipum framangreint, sbr. kafla 9.9 og 9.11.
10385. Var Alcoa þannig óánægt með verð í samningnum sínum við Samskip og kemur því ekki á óvart að fyrirtækið hafi í október 2011 ákveðið að bjóða út þá flutninga, sbr. nánar hér á eftir.

⁵⁵⁰² Gögnin sýna að gagnvart Alcoa vísuðu Samskip m.a. til efnahagshrunsins og samdráttar í innflutningi til stuðnings breytingunni í október 2008.

⁵⁵⁰³ Sbr. kafla 14.32.2, 14.36.4, 14.36.3 og 14.36.8.



10386. Ljóst er að bæði Samskip og Eimskip höfðu mikinn hag af áframhaldandi flutningaþjónustu fyrir Alcoa.
10387. Samningurinn við Alcoa hafði grundvallarþýðingu fyrir siglingakerfi og sjóflutninga Samskipa til og frá Íslandi sem og afkomu fyrirtækisins. Með þeirri breytingu sem var gerð á samningnum í nóvember 2008 var í raun tryggt að afkastageta skips fyrirtækisins á Leið 2 væri að jafnaði fullnýtt. Sökum framangreinds tengdist umræða innan Samskipa um Alcoa iðulega umræðu um siglingakerfi Samskipa og mögulegum breytingum á því.
10388. Gögn málsins gefa til kynna að í maí 2011 hafi Samskip verið farin að huga að mögulegum breytingum á siglingakerfi fyrirtækisins, m.a. vegna flutninga fyrir Alcoa. Vísast hér til tölvupósta (S)forstj frá 15., 16., 18. og 23. maí 2011.⁵⁵⁰⁴ Í þeim var fjallað um siglingakerfi Samskipa í tengslum við flutninga fyrir Alcoa. Einnig var í þessu samhengi vísað til Eimskips, Thorship, BWS og Nednor. Rætt var m.a. hvort skoða ætti samvinnu við bæði Thorship og BWS í siglingum til og frá Íslandi. Vildi (S)forstj m.a. ræða við undirmenn sína um „Alcoa, Thorship og Smyril pælingar“. Jafnframt vildi (S)forstj fara yfir ýmis málefni sem tengdust skipakosti og siglingakerfi Eimskips.
10389. Af markaðsskýrslu útflutningsdeildar Samskipa 19. september 2010 fyrir árið 2011 má ráða að Samskipum hafi verið ljóst að fyrirtækið þyrfti að fara í tveggja skipa kerfi á Leið 2 ætlaði það að ná að endurnýja samninginn við Alcoa eftir árið 2012.⁵⁵⁰⁵ Þannig segir í skýrslunni: „*Vinna verður hafin við að framlengja samninga við Alcoa gegn því að taka aftur upp tveggja skipa kerfi. Þetta mun verða okkar útspil þegar kemur að því að endurnýja flutningssamninginn og tryggja áfram þessa flutninga hjá Samskipum.*“

20.8.1. Tilkynnt um útboð Alcoa

10390. Sem fyrr segir ákvað Alcoa að fara í útboð með m.a. flutninga á áli frá Reyðarfirði til Rotterdam. Tilkynnti Alcoa um útboðið 23. október 2011.
10391. Boðað útboð Alcoa í október 2011 tók til allrar flutningaþjónustu álvers Alcoa á Reyðarfirði (þ.m.t. flutningur á rafskautum frá Mosjoen í Noregi til Reyðarfjarðar) ásamt flutningum fyrir álver Alcoa í Noregi.
10392. Útboðið var í tveimur áföngum og var tilboðsfrestur í þeim fyrri til 18. nóvember 2011. Á grundvelli tilboða í fyrri áfanga ætlaði Alcoa að velja fáeina flutningsaðila til þátttöku í síðari áfanga, sem ráðgert var að stæði yfir frá janúar til apríl 2012. Ákvörðun um samning var ráðgerð í maí-júní 2012.
10393. Bæði Samskipum og Eimskip var boðið að taka þátt í útboðinu.⁵⁵⁰⁶ Almennt var gert ráð fyrir að flutningar hæfust 1. janúar 2013.⁵⁵⁰⁷

20.8.2. Undirbúningur og tilboð Samskipa

10394. Samskip lögðu mikla vinnu í undirbúning á tilboði í flutninga Alcoa. Af samtímagögnum er ljóst að undirbúningur fyrirtækisins beindist að því að fyrirtækið næði að endurnýja samning um flutning á áli

⁵⁵⁰⁴ Kaffla 20.7.4.

⁵⁵⁰⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Heimasvæði [...]. „Markaðsskýrsla UTFL 2012“, vistað 19.09.2011, kl. 13:56. Doc. ID. 0.7.33.6597.

⁵⁵⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá Alcoa til [...]. „FW: Alcoa Terminal Tender for 2013-2018“, dags. 23.10.2011, kl. 08:47. Í viðhengi var útboðið í skjalinu: „Request for Quotation „Alcoa Nordic Supply Chain“. Alcoa EUROPE. Sea Freight Tender“. Doc. ID. 0.7.33.11087551. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. Frá [...] hjá Alcoa til [...] og [...]. „FW: Alcoa Sea Freight Tender“, dags. 24.10.2011. Í viðhengi var útboðið í skjalinu: „Request for Quotation „Alcoa Nordic Supply Chain“. Alcoa EUROPE. Sea Freight Tender“.

⁵⁵⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. Frá Alcoa til [...]. „FW: Alcoa Sea Freight Tender“, dags. 24.11.2011, kl. 11:48. Útboðsskráin er í viðhengi við tölvupóstinn.



Alcoa frá Reyðarfirði til Rotterdam og UK en ekki að öðrum þáttum útboðsins. Voru viðskiptin við Alcoa mjög verðmæt fyrir Samskip enda Alcoa langstærsti viðskiptavinur Samskipa í útflutningi.

10395. Vinna innan Samskipa varðandi siglingakerfi fyrirtækisins hélt áfram eftir að Alcoa bauð fyrirtækinu að taka þátt í útboðinu. Þann 23. október 2011 sendi (S)forstj tölvupóst á sjálfan sig og minnti sig á „Alcoa paeling”.⁵⁵⁰⁸ Þann 25. október 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-flutnstj (afrit til (S)forstö-útfli, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-skiparek) varðandi „Kerfispælingar – Alcoa”.⁵⁵⁰⁹ Í honum sagði: „Það sem við ræddum um er að stilla upp:

a) *Rútu as per spec frá Alcoa, einvörðungu dedicated þjónusta fyrir Alcoa, gámalausn. Passa upp á að nota „réttu“ stærð af skipum fyrir tilgreint magn, sem og rútan keyrð á economical máta.*

b) *Samskipa concept*

Rúta eins og við ræddum um

Taka inn í:

-grænmeti

-Uk magn sem fer með EI í dag

-tómir út frá Rey, notaðir að hluta undir ál, og því þarf minni stökk til er nú er

-aukið magn til/frá Færeyjum vegna betri þjónstu

-aukið magn frá austfjörðum

-R'dam import vara lestuð í þetta kerfi

-ekki frekari aukakostnaður vegna aukins innflutningsmagns á komandi árum

Við hönnum gáma concept fyrir þá, sem er óbreytt því sem er í dag, þe ábyrgða á stökk etc.

Bera svo saman kostnað við A kerfi fyrir þá, sem og kerfi B.

Ígrunda jafnframt vel hvernig Eimskip gæti teiknað upp rútu fyrir svona magn með teknu tilliti til þeirra núverandi kerfis.”

10396. Í þessum tölvupósti setti (S)forstj þannig fram vangaveltur um aukna flutninga Samskipa í fjögurra skipa kerfi. Setti (S)forstj fram forsendur í þessu sambandi sem m.a. gegndu lykilhlutverki í ólögmetu samráði Eimskips og Samskipa, sem þarna stóð yfir og hófst af fullum þunga haustið 2008.

10397. Með innflutningi frá Bretlandi sem fór með Eimskip „í dag“ vísaði (S)forstj til flutninganna sem Eimskip annaðist fyrir Jóna eftir að Samskip drógu úr flutningsgetu sinni í kjölfar samráðsins á árinu 2008, sbr. kafla 16.6. „Grænmeti” var innflutningurinn fyrir Búr sem, eins og áður hefur komið fram, fluttist til Eimskips í kjölfar samráðs fyrirtækjanna á árinu 2008. Var (S)forstj auðsýnilega að velta því m.a. fyrir sér að Samskip myndu fá til baka flutninga sem færðust til Eimskips eftir haustið 2008.

⁵⁵⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá [...] til sjálfs síns, dags. 23.10.2011, kl. 23:12. Doc. ID. 0.7.33.922774.

⁵⁵⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1088097.



10398. Þann 2. og 3. nóvember 2011 sendi (S)forstj tölvpósta til (S)forstö-útl, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-flutnstj vegna útboðs Alcoa:

- Bað hann (S)forstö-flutnstj að vinna áfram í „skjalinu“ varðandi forsendur Eimskip og Samskipa.⁵⁵¹⁰
- Upplýsti hann (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útl um að (S)forstö-flutnstj væri búinn „að stilla upp í excel skjalið mikla, forsendum varðandi Alcoa og stækkun á kerfi, [...]“ Bað hann þá um að fara yfir tekjuforsendur í skjali (S)forstö-flutnstj.⁵⁵¹¹

10399. Sama kvöld sendi (S)forstj tölvpóst til (S)forstö-útl og (S)forstö-innfl1 (afrit til (S)forstö-flutnstj) þar sem fylgdi með í viðhengi ítarlegt Excel-skjal með útreikningum Samskipa varðandi útboð Alcoa.⁵⁵¹²

10400. Þann 9. nóvember 2011 sendi (S)forstö-flutnstj exelskjal til (S)forstj. Bar það heitið „Flutningsgeta 2011.11“.⁵⁵¹³ Í því var m.a. fjallað um flutninga Eimskip og Samskipa fyrir Alcoa á Reyðarfirði með þessum hætti:

Eimskip	tons			
	X	GOD/DET	BRU/SEL	BLI
Evrópa				
Fiskur	150.000	40.000	110.000	
Þurrvara	70.000	40.000	30.000	
Ál - Norðurál	260.000	260.000	0	0
Ál - Alcoa	30.000	30.000	0	0
Anóður	0	0	0	
Anode Buts	27.000	27.000	0	
Færeyjar	87.500	22.500	40.000	25.000
Total	624.500	419.500	180.000	25.000
pr. voyage	12.010	8.067	3.462	481

Samskip	tons					
	X	ARN/HEG	ELB	M	ARN/HEG	ELB
Fiskur	115.000	115.000	0	0	0	0
Þurrvara	15.000	15.000	0	161.700	156.500	5.200
Elkem	70.000	70.000	0	0	0	0
Ál - Alcoa	310.000	0	310.000	0	0	0
Anóður	0	0	0	0	0	0
Anode Buts	30.000	0	30.000	0	0	0
Færeyjar	8.000	0	8.000	15.000	15.000	0
Total	548.000	200.000	348.000	176.700	171.500	5.200
pr. voyage		3.846	8.700		3.298	130

10401. Af hálfu Samskipa var litið svo á að fyrirtækið ætti tilkall til að annast alla flutninga áli Alocas sem flutt var í gámum frá Reyðarfirði til Rotterdam. Tilvísun í þessu skjali (S)forstö-flutnstj til flutninga Eimskip

⁵⁵¹⁰ Afritaður tölvpóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1090364.

⁵⁵¹¹ Afritaður tölvpóstur frá Samskipum. Frá [...] Doc. ID. 0.7.33.927866.

⁵⁵¹² Afritaður tölvpóstur frá Samskipum. [...] Meðfylgjandi var skjalið „Alcoa Tender 2011-raun magn skv. reynslu 3.11.2011.xls“. Doc. ID. 0.7.33.1091000.

⁵⁵¹³ Afritaður tölvpóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.931541.



á áli Alcoa vísar til flutninga Eimskips sem stofnað var til eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008.

10402. Þann 16. nóvember 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl og vísaði til fundar þeirra um Alcoa deginum á undan. Bað hann þá um þetta: „*getið thid sent a mig kynningu fra thvi I gaer, infl/utfl prospects paelingar.*

Mjög mikilvaegt ad verda sammala um kostnad Alcoa I dag, en vid segjum a sidu eitt ad tekjur okkar 2011 stefna I 10,5m, svo rukkar EI ca 1m og gamakostnadur 1, samtals ca 12,5. A sidu current cost structure fyrir Alcoa kemur ca 11m – misraemi her? Hvernig verdum vid sammala um kostnad Alcoa 2011, tharf reyndar ad horfa a thc odrum augum? Afhverju eru thc tekjur svona breytilegar milli ara infl utfl?“

10403. Vísaði (S)forstj þarna aftur til flutninga Eimskips fyrir Alcoa sem stofnað var til eftir að samráð Samskipa og Eimskips hófst á miðju ári 2008.

10404. Síðar sama dag sendi (S)forstö-flutnstj tölvupóst til (S)forstj (afrit til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl). Hafði (S)forstö-flutnstj eftir Alcoa að ef Samskip væru með eitt skip myndi Alcoa einnig flytja með öðrum.⁵⁵¹⁴

10405. Þann 17. nóvember 2011 var málið sett á dagskrá stjórnarfundar Samskipa Holding. Kvöldið fyrir fundinn sendi (S)forstj tölvupóst til (S)stjform-S þar sem málefni fundarins voru reifuð og m.a. dregin saman undirbúningsvinna stjórnenda Samskipa vegna þátttöku í útboði. Vísaði (S)forstj til þess hvernig flutningum Samskipa fyrir Alcoa væri háttað og benti á að Eimskip flytji árlega 30-40 þúsund tonn af áli Alcoa til Evrópu og að þetta „*fyrirkomulag gengur alveg bærulega [...]*“.⁵⁵¹⁵

10406. Að kvöldi 16. nóvember 2011 sendi (S)forstj einnig tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S og (S)stjórnam-S og SH afrit til (S)stjórnam-fjármstj og (S)frkvstj-MCL, með kynningu um útboð Alcoa sem yrði á dagskrá stjórnarfundar Samskipa Holding daginn eftir. Var þar sett fram tillaga (S)forstj um það með hvaða hætti Samskip ættu að bjóða í flutninga fyrir Alcoa.⁵⁵¹⁶

10407. Í fundargerð stjórnar Samskipa Holding frá 17. nóvember 2011 var þetta bókað um útboð Alcoa: „*(S)forstj gave the Board detailed presentation (see enclosed presentation) about upcoming Alcoa tender but offers has to be made no later than 19 November.*

Current agreement between Samskip and Alcoa wil formally expire by end of year 2013.

(S)forstj informed the Board that Alcoa are indicating they would like to have 2 vessels instead of 1 vessel today. There are however some cost complications with that as with current low import volumes such 2 vessels system will always be more expensive than 1 vessel system.

Futhermore for Samskip to be able to go back to 4 vessel system in Iceland Alcoa volume is very important base for that which needs to be taken into consideration.

⁵⁵¹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1094151.

⁵⁵¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935179.

⁵⁵¹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935572.



After some discussions the Board approved that (S)forstj would offer 2 options to Alcoa which would include 1 vessel system for the first 2 years and then move into 2 vessel system and also 2 vessel system from the beginning.⁵⁵¹⁷

10408. Daginn eftir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S og (S)stjórnarm-S og SH, afrit til (S)stjórnarm-fjármstj, um útboð Alcoa. Kynning (S)forstj á tilboði Samskipa til Alcoa var í viðhengi.⁵⁵¹⁸
10409. Samskip sendu tilboð sitt til Alcoa þann 18. nóvember 2011.⁵⁵¹⁹ Fyrirtækið bauð tvö tilboð í flutninga á áli frá Reyðarfirði til hafna í Evrópu. Í aðaltilboði, þ.e. þjónusta með tveimur skipum, bauð fyrirtækið einnig í kafla IV í útboðinu (flutningar á rafskautum frá Mosjoen til Reyðarfjarðar.
10410. Í frávikstilboði sem Samskip gerðu (og vonuðust eftir að Alcoa tæki) var gert ráð fyrir einu skipi en sá flutningur sem væri umfram flutningsgetu þessa eina skips yrði fluttur af öðru skipi (væntanlega skipi í áætlunarsiglingum til og frá Íslandi). Í gögnum Samskipa er ekki sérstaklega fjallað um með hvaða hætti þetta yrði gert.
10411. Staðreyndin var sú að miðað við gildandi skipakost höfðu Samskip enga vannýtta afkastagetu til að sinna þessu verkefni fyrir Alcoa. Draga má ályktun af gögnum að Samskip hafi séð fyrir sér áþekka lausn og nýtt hafði verið til þessa, þ.e. að Eimskip tækju að sér að annast áfram slíka viðbótarþörf á flutningum, þ.e. að Eimskip myndi halda áfram þeim flutningi á áli Alcoa sem komist höfðu á í tengslum við hið ólögmeta samráð. Í gögnum Samskipa kemur skýrt fram að Samskipum hafi verið kunnugt um að Eimskip hefðu slíka flutningsgetu auk þess sem engir aðrir flutningsaðilar buðu upp á áætlunarflutninga milli Reyðarfjarðar og Rotterdam. Í þessu sambandi er rétt að benda á tölvupóst (E)frkvstj-skiparekst til (E)forstj 8. desember 2011 þar sem sagði: [...]Það kom okkur á óvart að hann [starfsmaður Alcoa] spurði ekki hvort við værum tilbúnir til að leggja einungis til línuskipin á móti „dedicated“ skipi frá öðrum aðila. [...]“⁵⁵²⁰
10412. Í aðaltilboði Samskipa áfram gert ráð fyrir því að tilteknir flutningar Eimskips myndu flytjast til Samskipa í breyttu siglingakerfi, sbr. flutningurinn fyrir Jóna og flutningurinn fyrir Búr („grænmeti“) sem var á þessum tíma hjá Eimskip, sbr. kynningin sem (S)forstj stjórn Samskipa Holding 18. nóvember 2011. Ljóst er af framangreindum gögnum að Samskip töldu mikilvægt að fá þessa flutninga aftur ef fyrirtækið hygðist fjölga aftur í tvö skip í flutningum fyrir Alcoa á Leið 2, ella hefði ekki verið gerð sérstök grein fyrir þessum flutningum í kynningu fyrir stjórn Samskipa Holding.

20.8.3. Undirbúningur og tilboð Eimskips

10413. Af gögnum Eimskips er ljóst að viðskiptin við Alcoa voru mjög mikilvæg og ábatasöm fyrir Eimskip. Auk þess að hafa samninga við Alcoa um flutninga milli Mosjoen og Reyðarfjarðar, um landflutninga á Íslandi og skipaafgreiðslu í Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði, naut fyrirtækið góðs af því fyrirkomulagi sem komst á í tengslum við samráð við Samskip varðandi takmörkun á flutningsgetu frá árinu 2008, þ.e. að Eimskip tók að sér útflutning á því áli Alcoa til Rotterdam sem flutningsgeta Samskipa náði ekki að mæta. Um ábata og ánægju Eimskips af samráðinu vitna m.a. ýmis samskipti milli stjórnenda Eimskips, sbr. nánari umfjöllun í kafla 14.36.3.

⁵⁵¹⁷ Afhent gagn frá Samskipum. Afhent 10.03.2017. „Minutes. Board Meeting of Samskip of Samskip Holding BV“, 17th November 2011.

⁵⁵¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.936203.

⁵⁵¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1095127.

⁵⁵²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.657454.



10414. Þann 25. október 2011 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)forstj o.fl. og sagði Alcoa í Evrópu hafa ákveðið að bjóða út alla flutninga til og frá Íslandi og Noregi í einu lagi en að bjóðendur gætu valið um einn eða fleiri leggi af flutningum. Lýsir hann síðan útboðinu, en varðandi flutninga fyrir Alcoa á Reyðarfirði tekur hann fram að honum þyki skrítið að samningur um þá flutninga eigi að gilda frá 1. janúar 2013. (E)forstj er sammála þessu og svarar (E)frkvstj-skiparekst á þennan veg: „Er ekkert að senda þetta á alla. Já það er skrítið að þeir segi ykkur **ekki** að verið sé að vinna í þessu á sama tíma og við höfum reynt í 3 mánuði að koma á fundi! Skil ekki alveg þetta samband okkar við [...]”⁵⁵²¹ og þennan [...]”⁵⁵²² þegar þeir síðan kemur bara af fjöllum ofan með „Tender out of the blue“.

- Það er talað um Janúar 2013 í öllum samningum ekki bara sumum það er svo sem ágætt en þeir framlengdu við SAM til hvaða tíma
- Ekkert minnst á terminal sem þýðir að við gætum þá focusað á hann á fundinum og reynt að semja um það við local mennina því það er það eina sem þeir hafa eitthvað að segja með
- BBC verkefnið⁵⁵²³ er þarna inni svo ég sé ekki hvernig það verður púllað út og stýrt frá Canada – You tell me?
- Annað höfum við svo sem ekki verið að flytja fyrir þá og snýr meira að súralsflutningum og flutningum SAM [Samskipa] nema sem viðkemur ofefrow [overflow] svo spurningin er hvar þössum við inn í þennan hluta?

NCL? Tell me more“.

10415. (E)frkvstj-skiparekst svaraði (E)forstj skömmu síðar. Í svari hans segir m.a.: „Já, eins og ég var að segja þá eigum við að leggja áherslu á „terminalinn“ á fimmtudaginn [...]“

Við þössum að sjálfsögðu inn í álið frá Reyðarfirði til Rotterdam frá og með 1/1 2013, ásamt anóðuflutningunum áfram og gerum atlögu að því og til að ná álinu þurfum við að finna okkur meðspilara eins og þetta er sett upp hjá þeim.

NCL er North – Sea Container Lines sem var á sínum tíma að hluta til í eigu Elkem, svo og Alcoa og þeir gerðu atlögu að anóðunum fyrir 4 árum síðan, en fengu ekki. Þeir hafa hins vegar verið „exclusive“ í mörg ár til og frá Mosjoen til og frá Moerdijk og hafa byggt upp „third party cargo“ á löngum tíma og þannig sé ég okkur ekki eyða neinum tíma í það dæmi heldur einbeita okkur að hinum tveimur línunum.“

10416. (E)frkvstj-skiparekst bætti við sama dag: „Heyrði í [starfsmanni Aloca] Hann bað mig að skila því til þín að hann hafi einungis séð þetta útboð sjálfur seinnipartinn á föstudaginn og veit hreinlega ekki hvað er í gangi og hafði velt fyrir sér hvort hann hafi misst af einhverjum fundi. [...]“ (E)forstj leggur orð í belg um sama efni þann 28. október 2011: „Ég held að það sé nokkuð ljóst að við erum ekki með Mojsen að ári. Hvað segir þú um það. Hvaða áhrif hefur það á okkar áætlanir 2013?“ (E)frkvstj-skiparekst er ekki sammála og bregst því við síðar sama dag með m.a. þessari athugasemd: „Hvernig getur þú komist að þeirri niðurstöðu í dag og við megum ekki hugsa svona. Veltan er ca. USD 7,2 mio per ár og EBITDA er ca. USD 1,7 mio (USD 800.000 frá skipi og USD 900.000 frá gámunum)“.⁵⁵²⁴

10417. Samkvæmt framansögðu kom fram hjá (E)forstj að Eimskip annaðist útflutning á áli Alcoa til Rotterdam sem Samskip gátu ekki sinnt („overflow“). Vísaði þannig (E)forstj, líkt og í gögnum (S)forstj/(S)forstö-

⁵⁵²¹ Starfsmaður Alcoa.

⁵⁵²² Starfsmaður Alcoa.

⁵⁵²³ Hér er átt við flutninga fyrir Alcoa Fjarðaál á rafskautum frá Mosjoen til Reyðarfjarðar og til baka á skautleifum og skautryki til Mosjoen, en skipið sem Eimskip notaði í þá flutninga hét BBC.

⁵⁵²⁴ Afritun tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.851471.



flutnstj frá þessum tíma, til flutninga Eimskips fyrir Alcoa sem stofnað var til eftir að samráð Samskipa og Eimskips hófst á miðju ári 2008.

10418. Þrátt fyrir að stjórnendur Eimskips hafi talið upplýsingagjöf Alcoa í aðdraganda útboðsins vera ábótavant, ríkti í fyrstu bjartsýni um áframhaldandi flutninga fyrir Alcoa.
10419. Eimskip sendi tilboð sitt til Alcoa þann 18. nóvember 2011.⁵⁵²⁵
10420. Eftir að Eimskip og Samskip sendu frá sér tilboð hófst langur ferill áður en niðurstaða í útboðinu yrði ráðin. Annars vegar vann Alcoa að mati á tilboðum og hins vegar var margvísleg viðleitni Eimskips og Samskipa til að vinna að framgangi tilboða sinna. Verðum þessum og fleiri atvikum á árinu 2012 lýst í næsta kafla.

20.8.4. Samantekt

10421. Markmið samráðs Samskipa og Eimskips frá miðju ári 2008 var m.a. að auka samstarf fyrirtækjanna í flutningum, skipulagi siglingakerfa og útflutningi á m.a. áli. Var tilgangur þessa m.a. að draga úr samkeppni og skapa skilyrði fyrir því að hækka eða halda uppi verði.
10422. Í kafla 8 og 9 er því lýst að nóvember 2008 höfðu Samskip og Eimskip, með ólögumætu samráði, náð því markmiði sínu að takmarka flutningsgetu fyrirtækjanna í áætlunarsiglingum. Til að gera þetta mögulegt höfðu fyrirtækin samráð varðandi breytingar á siglingakerfum og leystu sameiginlega úr áskorunum sem upp komu vegna þeirra. Áskorunin varðandi flutninga fyrir Alcoa var leyst með því að Eimskip fór að flytja hluta af útflutningi Alcoa á áli til Rotterdam. Voru þetta flutningar sem að mati Samskipa féllu undir þágildandi samning fyrirtækisins við Alcoa. Sýna gögn málsins framkvæmd á þessum hluta samráðs Eimskips og Samskipa á árunum 2009-2011. Kom m.a. fram hjá stjórnendum Eimskips mikil ánægja með þetta.
10423. Samskip náðu, með breytingunum á samningnum við Alcoa í nóvember 2008, fram verulegri verðhækkun (131%) ásamt því að draga úr þjónustu gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini. Það kom skýrt fram af hálfu Alcoa við þessa breytingu á samningnum í nóvember 2008 að Alcoa liti á breytinguna sem tímabundna og áskildi sér rétt til að semja um lægra verð þegar aðstæður breyttust. Samskip höfnuðu óskum Alcoa um m.a. betri kjör. Samningur Samskipa við Alcoa gildi til ársloka 2012. Gögn málsins sýna að Samskip hafi á gildistíma samningsins bæði getað haldið hinni „verulegu verðhækkun“ á flutningum fyrir Alcoa og ekki þurft að bæta þjónustuna við þennan mikilvæga viðskiptavin þrátt fyrir ítrekaðar óskir Alcoa þar um. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að samráðið við Eimskip hafi gert Samskipum kleift að verjast kröfum Alcoa um betri kjör og þjónustu.
10424. Alcoa bauð út flutninga sína í október 2011. Alcoa vildi því með útboðinu ná fram betri kjörum í aukinni þjónustu í m.a. útflutningi á áli frá Reyðarfirði til Evrópu. Gögn vegna undirbúnings á tilboði til Alcoa staðfesta að framangreint samráð var enn fyrir hendi á árinu 2011. Er þannig bæði í gögnum frá Eimskip og Samskipum vísað til þessara flutninga Eimskips á áli Alcoa til Rotterdam, sbr. t.d. tölvupóst [\(E\)frkvstj-skiparekst](#) til [\(E\)forstj](#) frá 25. október 2011 og Excel-skjalið sem [\(S\)forstö-flutnstj](#) sendi [\(S\)forstj](#) 9. nóvember 2011. Þá telur Samkeppniseftirlitið það þýðingarmikið í þessu sambandi að í tilboði sínu frá nóvember 2011 héldu Samskip þeim möguleika opnum að áfram yrði samráð milli Samskipa og Eimskips um þessa flutninga fyrir Alcoa.
10425. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framangreind gögn endurspegli hið ólögumæta samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma. Sem fyrr segir er í gögnum Samskipa

⁵⁵²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.863739.



og Eimskips frá árinu 2011 vegna undirbúnings á tilboði til Alcoa vísað til flutninga Eimskips á áli Alcoa til Rotterdam. Staðfesta þessi gögn að samráð tengt viðskiptum við Alcoa var enn fyrir hendi á árinu 2011. Við rannsókn málsins hafa hins vegar ekki fundist gögn sem sýna að Samskip og Eimskip hafi haft samráð um efni þeirra tilboða sem send voru Alcoa í nóvember 2011.

10426. Í mgr. 1715-1723, 1731, 1736 og 1773 í athugasemdum Samskipa við AII er að finna sjónarmið fyrirtækisins varðandi umfjöllum um atvik tengd útboði Alcoa. Hafna Samskip því m.a. að nokkuð samráðs hafi verið milli Samskipa og Eimskips, m.a. varðandi flutninga fyrir Alcoa. Þá segja Samskip að flutningar Eimskips fyrir Alcoa hafi verið á allra vitorði og upplýsingar um flutningsgetu Eimskips öllum flutningsaðilum ljós. Staðfesta Samskip jafnframt að í frávikstilboði fyrirtækisins hafi ekki verið gert ráð fyrir að Samskip myndu flytja allt flutningsmagn Alcoa.
10427. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á að Samskip hafi ekki átt í samráði við Eimskip m.a. varðandi flutninga fyrir Alcoa er hófust á árinu 2008 þrátt fyrir að fyrirliggjandi samtímagögn bendi ekki til þess að fyrirtækin hafi átt í samráði í tengslum við útboð Alcoa er hófst á árinu 2011. Vísar Samkeppniseftirlitið að öðru leyti til umfjöllunar um sjónarmið Samskipa í kafla 31.8.

20.9. Atvik á árinu 2012

10428. Í þessum kafla er fjallað um atvik sem tengjast útflutningi á áli og fiski og hugsanlegar breytingar á siglingakerfum Samskipa og Eimskips á árinu 2012.

20.9.1. Almenn

10429. Á árinu 2012 unnu Samskip og Eimskip áfram að framgangi þeirra tilboða sem fyrirtækin höfðu gert í flutninga fyrir Alcoa. Leituðust fyrirtækin eftir því að endurnýja samninga sína við Alcoa en án árangurs, sbr. nánar hér á eftir.
10430. Á árinu 2012 áttu Samskip og Eimskip í tíðum samskiptum m.a. varðandi hafnarþjónustu í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði en gildandi samkomulag þeirra rann út 31. mars sama ár, sbr. kafla 19.
10431. Þegar Samskipum varð ljóst að litlar líkur væru á að fyrirtækinu tækist að framlengja samning sinn við Alcoa fóru stjórnendur fyrirtækisins að huga að breytingum á siglingarkerfi þess. Þær tillögur sem fram komu fólst m.a. í því að skoða áfram samninga við keppinauta fyrirtækisins um skipti eða kaup á flutningarými („slot sharing“). Áttu bæði Samskip og Eimskip í tíðum samskiptum við BWS/Smyril varðandi samkomulag um „slot sharing“ í ferjunni Norrænu.

20.9.2. Atvik í janúar 2012

10432. Þann 5. janúar 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs síns þar sem hann minnti sig á umræðuefni við (S)stjform-S. Var þar að finna lista yfir atriði, m.a. „Smyril Blue water“.⁵⁵²⁶
10433. Samtímagögn Eimskips sýna að á þessum tíma áttu sér stað viðræður milli Samskipa og BWS varðandi mögulegt „slot sharing“ en 9. janúar 2012 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv þar sem hann upplýsti um næsta fund BWS og Smyril. Jafnframt staðfesti hann að viðræður hefðu átt sér stað við Samskip: „It is correct that they [BWS] have had a meeting with Samskip. They exchanged views on the Faroe Islands (and Iceland), but no further than that. But it was the Blue Water impression that Samskip would try to present a plan seen from Samskip's point of view during January – have no idea – yet – what that means. But it seems like there will be some news to tell you when we meet in Reykjavik .“ (E)frkvstj-alþjv áframsendi tölvupóstinn til (E)forstj, (E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-

⁵⁵²⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.957407.



sala/þj, (E)frkvstj-fjárm og (E)frkvstj-innanl⁵⁵²⁷ sem og til (E)frkvstj-Færeyj.⁵⁵²⁸ Sýnir þetta m.a. að í samskiptum Eimskips og BWS var fjallað um mögulega samvinnu BWS við Samskip.

10434. Strax í janúar 2012 fóru Samskip og Eimskip að huga að endurnýjun samningsins um hafnarþjónustu í Mjóeyrarhöfn. Áttu (E)frkvstj-innanl, (S)forstö-flutnstj, (E)deildstj-útf1 og (S)forstö-útf1 tölvupóstsamskipti sín á milli vegna þess auk þess sem aðilar hittust á fundi 20. janúar 2012, sbr. kafla 30.
10435. Þann 20. janúar 2012 sendi (S)frkvstj-Færeyj tölvupóst til (S)forstj og spurði hvort það hefðu verið einhver samskipti við BWS. (S)forstj svaraði tölvupóstinum 23. janúar 2012 og lýsti tillögum sem hann hefði sett fram gagnvart BWS:

„[...] I then proposed to [BWS] following structure :

-they would stop calling Iceland over winter time

-we would direct our exports into their service from Faroe Island

-we would still of course route our faroe import volumes through Arnarfell/Helgafell route

we have been going back and forth on this one the last weeks - I doubt we will reach an agreement.

*We are however working full force on Alcoa extension - that might be our great opportunity to scale up the system. [...]*⁵⁵²⁹

10436. Samkvæmt framansögðu reyndu Samskip að fá keppinaut fyrirtækisins, þ.e. BWS, til að hætta viðkomu sinni á Íslandi. Var þessi tillaga Samskipa í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Þannig var samstarf við smærri keppinauta, eins og BWS, til þess fallið að draga úr samkeppni og auðvelda Samskipum og Eimskip að hækka verð eða koma í veg fyrir að það lækkaði.
10437. Þann 27. janúar 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-útf1 og (S)forstö-flutnstj og lagði til að þeir ýttu enn og aftur við Alcoa. Taldi hann vert að reyna að bjóða þeim tvö skip frá áramótum og svo lækkandi verð. Taldi hann „vert“ að aðhafast áður en Alcoa færi í formlegar viðræður við aðra aðila.⁵⁵³⁰ Á þessum tímapunkti virðist Samskipum hafa verið ljóst að Alcoa myndi ekki fallast á frávikstilboðið, þ.e. eitt skip árið 2013 og tvö skip frá 2014. Þar með var ljóst að yfirstandandi samráð við Eimskip varðandi flutninga fyrir Alcoa myndi að óbreyttu renna sitt skeið í árslok 2012.
10438. Þann 30. janúar 2012 sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til (E)forstj, (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-fjárm, (E)frkvstj-skiparekst og (E)frkvstj-innanl. Fram kom að starfsm-BWS (BWS) væri að funda með BWS í Danmörku en hann vissi ekki hvort „hinir“ væru með á fundinum.⁵⁵³¹ Í ljósi þess að (E)frkvstj-alþjsv hafði nýlega áframsent tölvupóst varðandi viðræður BWS og Samskipa má ætla að þarna hafi (E)frkvstj-alþjsv verið að vísa til Samskipa.

20.9.3. Atvik í febrúar 2012

10439. Í febrúar 2012 áttu stjórnendur Samskipa og Eimskips samskipti varðandi samvinnuna í Mjóeyrarhöfn. Þá vísaði (S)forstö-útf1 í samskiptum sínum við Alcoa til gildandi samnings á milli Samskipa og Eimskips vegna hafnarvinnu, sbr. kafla 30.6.

⁵⁵²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.831579.

⁵⁵²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.683574.

⁵⁵²⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.965099.

⁵⁵³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.967687.

⁵⁵³¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.701972.



10440. (E)frkvstj-alþjstv var í áframhaldandi samskiptum við BWS/Smyril varðandi „slot sharing agreement“ í febrúar 2012.
10441. Þann 9. febrúar 2012 voru stjórn-BWS og (E)frkvstj-alþjstv í tölvupóstsamskiptum. Þar kom m.a. fram að BWS og Smyril væru að funda og að stjórn-BWS hefði fengið símtal frá framkvæmdastjóra BWS (frkvstj-BWS).⁵⁵³² Síðar sama dag sendi (E)frkvstj-alþjstv tölvupóst til frkvstj-BWS. Staðfesti (E)frkvstj-alþjstv að Eimskip hefði áhuga á að skoða samstarf svo lengi sem það hefði viðskiptalega þýðingu fyrir fyrirtækið. Jafnframt kvað hann nauðsynlegt fyrir BWS og Smyril að komast að samkomulagi sín á milli áður en lengra yrði haldið.
10442. Frkvstj-BWS svaraði tölvupósti (E)frkvstj-alþjstv um kvöldið: „As you know we would like to find a solution - which could be workable for all parties. During our meeting today in Copenhagen with Smyril Line [frkvstj-Smyril] mentioned that you on a phone conversation with him during the last couple of weeks had mentioned that you are willing to discuss 50% of a slot charter amounting to in total 60/70 mio incl baf - without Iceland - based on 40 trailers. This surprised us a lot - and therefore I phoned you today during our meeting. Last time we discussed the subject you wanted min 50% of the capacity - and we mentioned 55 mio incl baf and Iceland as slotcharter. In your opinion this was far too expensive. I think you mentioned that you could charter 2 small lo/lo vessels at such costs. Therefore could you pls confirm that you are willing to discuss slotcharter in the level of dkk 60/70 mio incl baf excl Iceland in order to clarify that [frkvstj-Smyril] has not misunderstood anything.“⁵⁵³³
10443. (E)frkvstj-alþjstv svaraði frkvstj-BWS daginn eftir: „1) During my conversation with [frkvstj-Smyril] I said to him that I didn't feel it right to discuss this matter with him while our discussion have not come to an end, or we agreeing on something else. 2) You are correct that [frkvstj-Smyril] mention amount slot DKK 50m + BAF between 10 to 12m, don't recall that we spoke about with/without Iceland. I told him if we would go into discussion, yes 50% of the capacity would be our interest, but to comment on the rate for the slot, I didn't say yes or no as we need to calculate all cost involved, which is complicated and time consuming.[...]“ (E)frkvstj-alþjstv framsendi tölvupóstinn til (E)frkvstj-Færeyj.⁵⁵³⁴ Frkvstj-BWS svaraði tölvupósti (E)frkvstj-alþjstv 12. febrúar 2012: „Tks your mail. I also refer to our phone conversation from Friday afternoon. We discussed possibilities of co-operation - as I pointed out again we would really like to establish joint co-operation. But you made clear that even based on 50% of of the capacity and a slotcharter of dkk 55 mio (including baf and Iceland) you are not interested in discussing any co-operation this year - not lest due to your present sailing schedule. You would like to take it up again beginning next year. You do not have to reply - unless you disagree with above. We will keep in touch.“ (E)frkvstj-alþjstv svaraði frkvstj-BWS þann 13. febrúar 2012: „I can agree with you that to do something in the year 2012, could be difficult unless we would find an economical solution on our Norway call. On the other hand I feel it is right that when you have finalize your negoation with Smyril Line that we use the year 2012 to see if we can find an acceptable solution between us.“⁵⁵³⁵
10444. Eftir þessi tölvupóstsamskipti virðist hafa orðið hlé á viðræðum Eimskips við BWS/Smyril þangað til í september 2012. Samningaviðræður voru hins vegar í gangi milli BWS og Smyril og var Eimskip upplýst um framgang þeirra m.a. af stjórn-BWS, sbr. nánar hér á eftir.

⁵⁵³² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.712901.

⁵⁵³³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.713958.

⁵⁵³⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.714127.

⁵⁵³⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.715844.



10445. Samskip voru einnig að hugsa um samstarf við BWS í febrúar 2012 en þann 13. febrúar 2012 áttu (S)frkvstj-millilandasv2, (S)forstj, (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-útfli bókaðan fund undir heitinu „Blue water – Smyrill: stutt spjall“.⁵⁵³⁶
10446. Þann 14. febrúar 2012 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjstv og sagði að hann teldi enga niðurstöðu hafa orðið á fundi BWS og Smyril í Kaupmannahöfn.⁵⁵³⁷ Þremur dögum seinna sendi stjórn-BWS aftur tölvupóst til (E)frkvstj-alþjstv og greindi m.a. frá viðræðum við Samskip og vísaði til þess að (E)frkvstj-alþjstv hefði sagt honum frá „stöðunni vegna álversins“ hjá Samskipum. Vísar það að öllum líkindum til yfirstandi útboðs Alcoa: „They have not come to any conclusions neither short term for the rest of this year nor indeed on the topic of Eimskip. [...] You had heard, that I asked and got confirmed that they have talked to Samskip, but they do not really get any answers out of them, because of the circumstances with the aluminium smelter, you told me about. Whether this is an option anyway I do not know. We have a meeting in the BW Foundation in a not too distant future where I will try to discuss the status again. I will revert when there is something to say – hopefully you will do the same if you are approached again by Smyril, [...] We could of course – the middle man and you – play another game, but need to be coordinated on that first. Let us assume that they were asked about a price commencing 1st of January, 2013 – or 1st February or 1st of March, 2013 – whatever fits in with your vessel deliveries, 50% of the slot – i.e. the BW slot + extra available space, what would the price be + BAF (excluding Iceland) in 2013, 2014 and 2015. Space based on the 50% to be divided on all sailings accordingly – summer and winter. As you know the summer space is lower than the winter space. The Iceland volumes and the Iceland calls in freight terms is a BW question. There is of course another scenario, where there is no freight on Iceland from BW, but that does not in fact help Smyril, and therefore the above suggestion – if we want to test this – is much easier to deal with. If you want to have access Iceland/Faroes also with 50%, then I do not personally mind that – we just have to remember that the volume carried Iceland via the Faroes to Hirtshals obviously reduces the freight space available either way Thorshavn/Hirtshals and vice versa. The above suggestion is basically to look at the chicken and egg situation, if we want to see what the price of the egg is, then obviously this will give an indication about the Smyril thoughts, done on a private and confidential basis, not a negotiation, simply an indication of what they are prepared to do. I will give you a ring this week or next week – for a verbal discussion [...]“ (E)frkvstj-alþjstv áframsendi tölvupóstinn til (E)frkvstj-sala/þj⁵⁵³⁸ og (E)frkvstj-skiparekst⁵⁵³⁹ þann 22. febrúar 2012.
10447. Þann 17. febrúar 2012 hittust (E)frkvstj-innanli og (S)forstö-útfli. Verður að telja að á þeim fundi hafi a.m.k. verið fjallað um samráð Eimskips og Samskipa vegna hafnarþjónustu á Reyðarfirði og vegna viðskiptanna við Alcoa. Vildu Samskip framlengja hafnarvinnusamninginn við Eimskip út árið 2012.
10448. (E)frkvstj-innanli, (E)deildstj-útfli1, (S)forstö-útfli og (S)forstö-flutnstj hittust aftur 24. febrúar 2012 til að ræða a.m.k samstarf í Mjóeyrarhöfn.⁵⁵⁴⁰ Sama dag vistaði (E)frkvstj-innanli hjá sér minnisblað sem fjallaði um viðauka við samning um hafnarvinnu milli Eimskips og Samskipa. Í minnisblaðinu er gert ráð fyrir framlengingu samningsins til 31. desember sama ár, sbr. kafla 30.6.

20.9.4. Atvik í mars 2012

10449. Í mars 2012 (S)forstj var enn að velta fyrir sér samstarfi við BWS. Þann 8. mars 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2: „Ræðum endilega [BWS] í fyrramálið – þurfum að koma okkar

⁵⁵³⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.543684.

⁵⁵³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.716691.

⁵⁵³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.722329.

⁵⁵³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.722335.

⁵⁵⁴⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1117758. [...] samþykkti fundarboðið. Doc. ID. 0.7.33.858368. [...] sendi einnig tölvupóst um að honum myndi seinka. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1118047.



afstöðu til þeirra nú á komandi dögum, það eru svona nokkrir vinklar á þessu eins og við ræddum.”⁵⁵⁴¹
Er þetta í samræmi við það fram kom í tölvupósti stjórn-BWS til (E)frkvstj-alþjv þann 14. febrúar 2012.

10450. Eimskip sendi endurskoðað tilboð til Alcoa 21. mars 2012.⁵⁵⁴² Í endurskoðuðu tilboði varðandi útflutning á áli til Rotterdam og Bretlands bauð Eimskip nokkra kosti, þ.e. a) tvö skip, b) eitt skip + áætlanarsiglingar, c) blandaða lausn gámaflutninga og „bulk“-flutninga (stórflutningar) með viðkomu í Immingham og d) blandaða lausn gámaflutninga og „bulk“-flutninga án viðkomu í Immingham. Eimskip bauð einnig í flutning á annóðum frá Mosjoen í Noregi til Reyðarfjarðar. Sama dag sendu Samskip endurskoðað tilboð til Alcoa. Um var að ræða tilboð í flutninga á áli til Rotterdam og Bretlands.⁵⁵⁴³
10451. Fulltrúar Samskipa og Eimskips hittust á tveimur fundum dagana 29. og 30. mars 2012 til að ræða hafnarsamvinnuna, en gengið var frá framlengingu á samningi fyrirtækjanna um skipaafgreiðslu í Mjóeyrarhöfn á fundi (S)forstö-flutnstj og (E)frkvstj-innanl 30. mars 2012. Var samningurinn framlengdur til 31. desember 2012 sbr. kafla 30.6.

20.9.5. Atvik í apríl 2012

10452. Þann 2. apríl 2012 sendi starfsmaður BWS tölvupóst til starfsmanns Faro Ship og óskaði eftir verði í vikulegan flutning á fiski frá Íslandi. Starfsmaður Faro Ship framsendi tölvupóstinn til (E)forstö-alþjv. (E)forstö-alþjv svaraði tölvupóstinum (einnig til (E)frkvstj-alþjv og (E)forstö-sölud). Sagðist (E)forstö-alþjv ekki vilja eiga samstarf við BWS þar sem þeir væru að lækka verð verulega („dumping rates“) á Íslandi.⁵⁵⁴⁴
10453. Daginn eftir sendi (E)frkvstj-Færeyj tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og (E)frkvstj-Dk (afrit til (E)frkvstj-alþjv) þar sem hún ræddi m.a. samkeppnina við BWS. Í lok tölvupóstsins sagði: „However we have more than [svo] our hands full in FO [Færeyjum] with challenges, with competition, over capacity issue, low prices etc. ... so back to FO work ...:-).“⁵⁵⁴⁵ Af framangreindu er ljóst að Eimskip var ósátt við samkeppnina frá BWS m.a. vegna þess að BWS væri að lækka verð á Íslandi. Ber að hafa þetta í huga þegar ítrekuð samskipti (E)frkvstj-alþjv við BWS eru virt. Staðfestir þetta að Eimskip áttu í samskiptum þar sem rætt var um viðkvæm samkeppnisleg málefni og mögulegt samstarf við keppinaut fyrirtækisins og Samskipa í flutningum til og frá Íslandi. Samskip höfðu einnig átt í viðræðum við BWS og reynt að koma því í kring að BWS hætti flutningum til og frá Íslandi. Hefði það m.a. komið í veg fyrir samkeppni frá BWS í flutningi á fiski frá Íslandi.
10454. Á sama tíma og Eimskip og Samskip unnu að framgangi tilboða sinna í sjóflutninga Alcoa var Eimskip að vinna að endurskoðun á samningi um skipaafgreiðslu við Alcoa í Mjóeyrarhöfn. Leitaðist Eimskip við að tryggja endurnýjun á samningi sínum um það efni. Í því sambandi var Eimskip efins um þá leið sem Alcoa hallaðist að, þ.e. að flytja ál sem lausavöru (í „bulk“), sbr. m.a. kynning sem (E)frkvstj-innanl tók saman fyrir fund með Alcoa í apríl 2012.⁵⁵⁴⁶ Við undirbúning fyrir fund með Alcoa um skiptust stjórnendur Eimskips á skoðunum og komu fram sterkar efasemdir um að Alcoa væri á réttri braut með þá lausn sem stefnt væri að, en hún tengdist eðlilega einnig sjóflutningnum. Af sama tilefni sendi (E)frkvstj-innanl minnisblað til Alcoa 12. apríl 2011, „Alcoa bulk handling 2012 – issues open for discussion“, þar sem dregin voru fram ókostir sem Eimskip taldi vera á „bulk handling“.⁵⁵⁴⁷ Hafði Eimskip mjög miklar

⁵⁵⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.549880.

⁵⁵⁴² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. Frá [...] til Alcoa. „Alcoa – Revised offer from Eimskip dated 21st March 2012“, dags. 21.3.2012, kl. 17:50.

⁵⁵⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Doc. ID. 0.7.33.989522.

⁵⁵⁴⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. Doc. ID. 0.7.33.750748.

⁵⁵⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.752686.

⁵⁵⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.895341.

⁵⁵⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.935066.



efasemdir um ágæti þeirra flutningalausna sem útboð Alcoa fól í sér, sbr. m.a. tölvupóst (E)frkvstj-skiparekst til (E)forstj 12. apríl 2012.⁵⁵⁴⁸

10455. Þann 20. apríl 2012 sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-Færeyj. Þar kom fram að (E)forstj væri að koma til Færeyja. Ætlaði (E)forstj að hitta framkvæmdastjóra Smyril og óskaði hann því eftir „uptate“ frá starfsmönnum Faro Ship. (E)frkvstj-Færeyj svaraði (E)forstj sama dag:

„In brief, we have been talking to the Smyril Line people many time the last years - and we continue to talk at in one way or another as the fact is that the[re] is a total overcapacity on the Faroese market. The fact is also that today Smyril Line gets around 50 mio. dkk per year in slot for 50 trailer spaces from [BWS]. The CEO/management of SL had claim that they want/need approx. 65 Mio. dkk for up to 83 trailer spaces and are willing to look into at 50/50 slot sharing agreement between [BWS] and Eimskip/Faroe Ship and wants us to pay approx. 33. Mio. (50% of 65 mio. dkk) [...] As mentioned we have be[en] talking and talking - and somehow our feeling is that all matters between Smyril Line and and [svo] [BWS] must be solved before approaching us - until further we have never been assured that they are. Encl. the are some highlights from some previous presentations regarding this matter.“⁵⁵⁴⁹

10456. Meðfylgjandi var glærुकynning þar sem lýst er ábata Eimskips af tiltekinni útfærslu af samvinnu við BWS. Sá ábati fólst m.a. í því að BWS myndi ekki lengur geta boðið upp á flutninga til og frá Íslandi („Excluding the [BWS] space from the Icelandic market“) og gera Eimskip kleift að hækka verð. (E)frkvstj-Færeyj sendi (E)forstj tölvupóst aftur sama dag með nánari upplýsingum.⁵⁵⁵⁰

10457. Voru þannig á sama tíma til umfjöllunar hjá Samskipum og Eimskip aðgerðir sem miðuðu að því að BWS myndi hætta að keppa í sjóflutningum til og frá Íslandi.

10458. Þann 30. apríl 2012 voru tölvupóssamskipti milli (E)frkvstj-Færeyj og (E)forstj (afrit til (E)frkvstj-alþjsv) varðandi fyrirhugaða heimsókn (E)frkvstj-alþjsv og (E)forstj til Færeyja 7.-9. maí 2012. Fram kom að (E)frkvstj-Færeyj hefði komið á fundi með frkvstj-Smyril, [...] og [...] frá Smyril Line.⁵⁵⁵¹

10459. Af framangreindum glærum (E)frkvstj-Færeyj er ljóst að við mat sitt á kostum þess að gera samning við BWS leit Eimskip m.a. til þess að samningurinn myndi hafa áhrif á það magn sem BWS gat boðið viðskiptavinum sínum, sbr. „Reduction of the [BWS] space“ og raunar útilokað BWS frá íslenska markaðnum, sbr. „Excluding the SBW space from the Icelandic market“. Þá taldi Eimskip að samningur við BWS gerði fyrirtækinu kleift að hækka verð. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að Eimskip krafðist þess lengi vel í viðræðum sínum við BWS að fá a.m.k. 50% af því plássi sem BWS hafði til umráða í Norrænu, sbr. tölvupóstsamskipti í september 2012 sem fjallað er um í kafla 20.9.9. Sjá einnig tölvupóst frá yfirm-BWS til (E)frkvstj-alþjsv (afrit til frkvstj-BWS og stjórn-BWS) frá árinu 2010 þar sem skýrt kemur fram það markmið að takmarka flutningsgetu („reduce capacity“) með því að Eimskip hætti að nota Blikur og deili Norrænu með BWS.⁵⁵⁵²

20.9.6. Atvik í maí 2012

10460. Þann 8. maí 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín. Voru m.a. eftirfarandi atriði á listanum: Thorship, Alcoa og Eimskip.⁵⁵⁵³

⁵⁵⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.935753.

⁵⁵⁴⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.938934.

⁵⁵⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.938957.

⁵⁵⁵¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.767557.

⁵⁵⁵² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.247463.

⁵⁵⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003133.



10461. Átti (S)forstj fund með framkvæmdastjóra Thorship (frkvstj-Thorship) tveimur dögum síðar.⁵⁵⁵⁴ Í mgr. 1751 í athugasemdum Samskipa við AII er staðhæft að þessi fundur (S)forstj með Thorship hafi tengst „áhuga Samskipa á hugsanlegum kaupum á Thorship. [Hafi] ekkert frekar [orðið] úr þessum vangaveltum. Það [sé] ekki rétt að á umræddum fundi hafi verið rætt um yfirstandandi útboð Alcoa.“ Af hálfu Samskipa hafa aftur á móti ekki verið lögð fram nein gögn þessu til stuðnings, t.d. tölvupóstar eða minnisblöð, sem sýna að Samskip hafi haft til skoðunar á þessum tíma að kaupa Thorship. Engin slík gögn hafa heldur fundist við rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Eru skýringar Samskipa því afar ótrúverðugar.
10462. Hér er rétt að rifja upp eftirfarandi atvik frá árinu 2010 en á því ári bauð Alcan í Straumsvík út flutninga sína.
- Í tölvupósti (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv frá 20. janúar 2010 var vísað til mögulegs samstarfs við Thorship og Eimskip, sbr. kafla 14.19.
 - Forstöðurmaður útflutningsdeildar Eimskips, (E)forstö-útfli, átti fund með Thorship 29. janúar 2010. Átti (E)forstö-útfli frumkvæði að fundinum en ekki kemur fram hvert efni fundarins var, sbr. kafla 14.36.7.2. (E)forstö-útfli bar ábyrgð á útflutningi Eimskips á áli og fiski.
 - Í mars 2010 höfðu Jónar áhyggjur af samkeppni frá Thorship og fram kom í tölvupósti (S)frkvstj-Jóna að (S)forstj „vilji nálgast Thorship og ræða málin við þá“, sbr. kafla 14.36.7.2.
 - Í tölvupósti (S)forstj til m.a. (S)frkvstj-millilandasv 3. september 2010 fjallaði hann Alcan, Wilson og Thorship. Nefndi hann „mögulegt samstarf sem við gætum komið á með Thorship, en það er Alcan sem endurleigir Thorship pláss í skipunum“, sbr. kafla 14.36.7.2.
 - Samtímagögn sýna að (S)forstj og frkvstj-Thorship, framkvæmdastjóri Thorship, ræddu saman í síma 15. september 2010 og ákváðu að hittast morguninn eftir. Telur Samkeppniseftirlitið að (S)forstj hafi á fundinum 16. september 2010 a.m.k. viljað ræða flutninga Thorship með álskipum Wilson til Straumsvíkur og fyrirhugað útboð Alcan, sbr. kafla 14.36.7.3.
10463. Hér á eftir verður gerð grein fyrir tölvupósti (S)forstj 27. ágúst 2012. Í umræðu um Alcoa flutninga og skipakerfi vísaði (S)forstj til mögulegs samstarfs við Thorship. Hið sama kom fram í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv2 frá 4. september 2012.
10464. Sem fyrr sagði leggja Samskip ekki fram nein gögn til stuðnings því að Samskip hafi haft til skoðunar í maí 2012 að kaupa Thorship. Þegar allt framangreint er virt saman er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að (S)forstj hafi á fundinum með Thorship 10. maí 2012 rætt við þennan keppnaut Samskipa um mögulegt samstarf í tengslum við útboð Alcoa.
10465. Þann 9. maí 2012 sendi stjórn-BWS hjá BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv. Þar kom m.a. fram að enn væri ágreiningur milli BWS og Smyril og að stjórn-BWS myndi eiga fund með frkvstj-BWS varðandi mögulegt „slot sharing“ samkomulag Eimskips við BWS þann 22. maí 2012.⁵⁵⁵⁵ Daginn eftir sendi (E)frkvstj-Færeyj tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv: „Found an “old” email/your memo about SBW Feb. 2010 – the situation has change a little but not much – roughly: SBW get more cargo from IS and more salmon from FO and SBW is paying more for the slot to SL today ...

Our options are also more or less the same:

⁵⁵⁵⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003814.

⁵⁵⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.772184.



- To continue with Electron⁵⁵⁵⁶
- To stop direct services to Denmark (and ship as much as possible through N.⁵⁵⁵⁷ and S.⁵⁵⁵⁸ route)
- To have direct services to Denmark through slot sharing agreement with SBW
- New: take over control of deck together with SL through purchase of shares from "Framtaksgrunnurin" / purchase of control"

10466. Aftan við tölvupóstinn mátti finna tölvupóst frá febrúar 2010 með heitinu „Meeting with Blue Water“. Meðfylgjandi var auk þess minnisblað (E)frkvstj-alþjv 11. febrúar 2010 með fyrirsögninni „Meeting with Blue Water Shipping the 10th of Febuary“. Eins og lýst er í kafla 20.6.2 greinir minnisblaðið frá viðræðum Eimskips og BWS um möguleika á því að gera „slot sharing“ samning sem tæki til flutningarýmis í ferjunni Norrænu. Einnig var rætt um samkeppni BWS í flutningum til og frá Íslandi og verðlagsmál (BAF-gjald). Eins og umrætt minnisblað (E)frkvstj-alþjv ber skýrlega með sér tók Eimskip þátt í umræðum við keppinaut um afar viðkvæm samkeppnisleg málefni sem vörðuðu m.a. samkeppni í sjóflutningum til og frá Íslandi.

10467. Sama dag sendi (E)frkvstj-Færeyj símanúmerið hjá frkvstj-Smyril hjá Smyril Line til (E)frkvstj-alþjv.⁵⁵⁵⁹ Virðist (E)frkvstj-alþjv hafa hitt frkvstj-Smyril í kjölfarið því þann 13. maí 2012 sendi (E)frkvstj-alþjv tölvupóst til stjórn-BWS hjá BWS og sagðist hafa átt góða fundi í Færeyjum og að niðurstaða yrði að komast í deilu BWS og Smyril Line til að unnt væri að koma á samstarfi Eimskips og BWS. Vonaðist hann til þess að þetta myndi skýrast bráðlega.⁵⁵⁶⁰

10468. Þann 23. maí 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til yfirstjórnar með heitinu „Framkvæmdastjórafundur 23.5“. Þar voru m.a. eftirfarandi atriði nefnd: Alcoa og skipamálefni, Færeyjar og BWS.⁵⁵⁶¹

10469. Sama dag sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv þar sem fram kom m.a. að Smyril og BWS ætluðu að funda þann 31. maí 2012. (E)frkvstj-alþjv áframsendi póstinn strax til (E)forstj.⁵⁵⁶²

20.9.7. Atvik í júní og júlí 2012

10470. Þann 4. júní 2012 var haldinn stjórnarfundur hjá Eimskip. Í fundargerð kemur m.a. fram að endurskoðun á hafnarsamningi við Alcoa sé í gangi.⁵⁵⁶³ Þann 11. júní 2012 vistaði (E)frkvstj-alþjv glærukynningu með fyrirsögninni „Faroe Ferry Cost Benefit“. ⁵⁵⁶⁴

10471. Þann 3. júlí 2012 var haldinn fundur í stjórn Samskipa Holding. Í fundargerð kemur fram að óljóst sé hvernig mál standa varðandi útboð Alcoa á flutningum en fyrirtækið hafi gefið í skyn að Samskip fái nánari upplýsingar um plön fyrirtækisins í lok vikunnar.⁵⁵⁶⁵

10472. (E)frkvstj-alþjv og stjórn-BWS hjá BWS hittust 5. júlí 2012.⁵⁵⁶⁶ Eftir fundinn sendi (E)frkvstj-alþjv tölvupóst til (E)forstj. Lýsti hann stöðunni í viðræðum Smyril og BWS. Jafnframt segir: „Hann ræddi um

⁵⁵⁵⁶ Electron var heiti skipsins sem Eimskip / Faroe Ship ráku á þessum tíma á Austurleið.

⁵⁵⁵⁷ Norðurleið Eimskips.

⁵⁵⁵⁸ Suðurleið Eimskips.

⁵⁵⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.773420.

⁵⁵⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.774197.

⁵⁵⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1012255.

⁵⁵⁶² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.779330.

⁵⁵⁶³ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent þann 01.12.2016. Fundargerð stjórnar Eimskips, dags. 04.06.2012, kl. 16:00. Fylgigagn við fundargerð frá stjórnarfundum.

⁵⁵⁶⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55638.

⁵⁵⁶⁵ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent þann 10.03.2017. „2012-04 Minutes Samskip Holding Board Meeting 3 July 2012“.

⁵⁵⁶⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.802874.



hvort við værum þá opnir fyrir að flytja þessa vöru í staðin í gámum, þangað til að menn sýndu meiri samningalipurð og [þríhliða] viðræðu[r] myndu eiga sér stað þegar menn settust aftur [að] borðum. Þetta er bara einn möguleiki sem hann opnaði á, en ekki þannig að þetta sé sú leið sem farin er, en ræðum þetta betur. Getur haft áhrif hvernig við förum í fundinn 1. ágúst⁵⁵⁶⁷ Vísaði (E)frkvstj-alþjsv þar að líkindum til fyrirhugaðs fundar Eimskips með Smyril Line, sbr. nánar hér á eftir.

10473. Þann 9. júlí 2012 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv þar sem fram kom að (E)frkvstj-alþjsv myndi funda með BWS í sömu viku vegna fyrirhugaðs samstarfs fyrirtækjanna.⁵⁵⁶⁸
10474. Þann 11. júlí 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2, (S)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-fjárm með heitinu „Framkvæmdastjórafundur á morgun“. Á listanum yfir fundarefni voru m.a. Alcoa og skipapælingar og Austfirðir (L-S, KASK, BWS).⁵⁵⁶⁹ Síðar sama dag sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 og sagði að BWS vildi hitta þá á fundi daginn eftir.⁵⁵⁷⁰
10475. Samkvæmt framansögðu voru skipulagðir fundir bæði hjá Samskipum og Eimskip með BWS umrædda viku í júlí 2012. Sýnir þetta áframhaldandi samhliða samskipti fyrirtækjanna við þennan keppinaut.
10476. Af samtímagögnum verður ráðið að Samskip voru einnig í samskiptum við aðra keppinauta sína en Eimskip og BWS á þessum tíma. Þann 12. júlí 2012 sendi (S)frkvstj-MCL tölvupóst til (S)forstj með heitinu „Alcoa“. Sagðist hann hafa talað við forstjóra Wilson sem hefði spurt hvort Samskip væru að bjóða í Alcoa. Sagðist (S)frkvstj-MCL hafa sagt með óskýrum hætti („vaguely“) að Samskip væru að hugsa um það. Hafi forstjóri Wilson svarað því að þeir væru ekki að bjóða í Alcoa. Aftur á móti væri Nednor að bjóða. (S)forstj sendi sama dag tölvupóst til (S)frkvstj-MCL. Þar kom fram að „þeir“, þ.e. Wilson, hefðu upplýst (S)forstj um það frá byrjun að þeir væru ekki að bjóða í íslenska hlutann. Nednor væri enn inni en það væri erfitt að segja hvað Alcoa myndi gera.⁵⁵⁷¹ Sýnir þetta að Samskip ræddu við þennan keppinaut sinn um Alcoa útboðið. Í kafla 14.36.7.5 og 14.36.7.6 er lýst samskiptum Samskipa við Wilson í tengslum við útboð Alcan á árinu 2010.
10477. Þann 16. júlí 2012 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv. Óskaði hann m.a. eftir upplýsingum um stöðuna í „ferjumálum“ og vísaði í því sambandi til þess að Eimskip væri búíð að festa skip til ársloka. (E)frkvstj-alþjsv svaraði (E)frkvstj-skiparekst: „þeir voru að bóka sig hingað ferjumenn 1. ágúst til að ræða málin, hef beðið þá um dagsskrá til að sjá hvað þeir vilja ræða, en liggur ekki alveg fyrir. Ljóst er þó að [þeir vilja] ræða samstarf. [...] Hitti [stjórn-BWS] þegar hann var hér í heimsókn [...] Spurði hvort við gætum gert við þá slott samning, short term ef út í það færi. Veit ekki hvað snýr upp eða niður í þessu og hverju skal trúá. (E)forstö-alþjsv er ekki búinn með report en er að klára að vinna það þessa dagana og dreifi á þig þegar ég fæ hana í hendur. Þetta er staðan nú, og erfitt að segja hver eru næstu skref, en ljóst er að ekkert gerist hratt í þessu.“⁵⁵⁷²
10478. Þann 26. júlí 2012 sendi frkvstj-Smyril hjá Smyril Line tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv varðandi dagskrá fyrirhugaðs fundar 1. ágúst 2012: „*The bullets points should be seen as a preliminary agenda and as a general description of the concept as we see for us in this new setup we agree upon. Thus we have a clear picture and understanding of what shall be incorporated into a letter of intent and further into a contractual basis.*
- *The objective is that all cargo to and from FO / IS, which is best suited to carry as RORO, is transported by Norrøna. This must therefore mean that it is only the best-paying cargo which is*

⁵⁵⁶⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.974322.

⁵⁵⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.803851.

⁵⁵⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] ID. 0.7.33.580013.

⁵⁵⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.580019.

⁵⁵⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1026484.

⁵⁵⁷² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.805662.



transported by *Norrøna* and this can be supplemented with other goods to the extent it is needed and space on each of departure.

- SML will only offer cargo capacity of freight forwarders (*[BWS], Eimskip, Samskip etc.*) [...]
- A BAF structure will be established which reflects the increase in oil prices and which is market conformed. [...]
- Full-year sailing (current schedules) - between *Hirtshals* and *Torshavn*.
 - A final clarification on whether there will be al[*I*] year service to Iceland or not, is to be found in the negotiation between the parties. In this connection it should be mentioned that SML are not forwarders, but we want a guarantee of payment for winter voyage to Iceland.⁵⁵⁷³

10479. Frvkstj-Smyril og (E)frkvstj-alþjv áttu í frekari tölvupóstsamskiptum varðandi fyrirhugaðan fund þann 31. júlí 2012. Þar kom m.a. fram að [...] og [...] frá Smyril myndu mæta með frvkstj-Smyril á fundinn.⁵⁵⁷⁴

20.9.8. Atvik í ágúst 2012

10480. Þann 1. ágúst 2012 fundaði Eimskip með Smyril Line. Fyrir fundinn sendi (E)frkvstj-alþjv tölvupóst til (E)frkvstj-skiparekst: „[...] mér finnst dagskráin sem þeir senda í gær vera einhver hugmyndafræði sem byggir á því að selja pláss fyrir vörur eins og farþegaflutninga og kæmi ekki á óvart í hugskotum þeirra sé bara að setja þjónustuna á netið menn bóka bara eins og þeir séu að fara í flug. Okkar nálgun verður bara að segja að þessi nálgun gangi ekki upp og kenna þeim meira á hvernig markaðurinn er, því mér skilst á [(E)frkvstj-Færeyj] að þeir hafi takmarkaða þekkingu á honum. Þetta verður enginn samningafundur á þessu stigi þar sem farið verður í einhver verð.“⁵⁵⁷⁵

10481. Eftir fundinn vistaði (E)frkvstj-alþjv minnisblað. Þar kemur fram að samstarf BWS og Smyril Line gangi ekki vel og Eimskip standi til boða að taka yfir flutningarýmið í Norrænu sem BWS hafi á leigu.⁵⁵⁷⁶

10482. Þann 7. ágúst 2012 sendi (E)forstj tölvupóst til sjálfs sín. Þar var listi yfir m.a. eftirfarandi atriði: Breytingar í Færeyjum og Smyrill Line.⁵⁵⁷⁷ (S)forstj sendi sama dag tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 með heitinu „Alcoa“:

„Vísu í fund áðan, finnst mikilvægt að:

4ra skipa kerfi

-[...]

Vaxa inn í 4ra skipa kerfi, án Alcoa

-fullmóta leið inn í 4ra skipa kerfi, þe væntanlega sweep í tvö mánuði á næsta ári og svo 2*500 teu frá apríl 2014, vantar amk inn í útflutninginn, en (S)forstö-umb.erl ætti að hafa skýra mynd af Kratus/GMR, sem og hina ýmsu aðra bita sem verið er að pæla í hér og þar um landið, vera með „view“ á potential þar.

-hvað gerum við Færeyjar útfluting á næsta ári, sem og austfirði ?

-er vert að skoða Smyril? Fresh Link ? hvernig viljum við taka þessar pælingar áfram, við þurfum væntanlega að láta heyra í okkur mjög fljótt varðandi Smyril, föllum á tíma annars.

⁵⁵⁷³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.810968.

⁵⁵⁷⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.812558.

⁵⁵⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.812814.

⁵⁵⁷⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.40456.

⁵⁵⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.982095.



Við þurfum að ná mjög vel utan um ofangreint.⁵⁵⁷⁸

10483. Ljóst er Smyril í þessum tölvupósti vísaði til BWS. Sama dag sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín með heitinu „Greida festing / blue water“. Ekkert fleira stóð í tölvupóstinum.⁵⁵⁷⁹ Einnig sendi (S)forstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH þar sem hann lagði til að þeir hittu keppinautana Wilson og Nednor⁵⁵⁸⁰ en Nednor var samkvæmt tölvupósti (S)forstj 12. júlí 2012 í samkeppni við Samskip í yfirstandandi útboði Alcoa. Eins og áður sagði höfðu Samskip átt í samskiptum við Wilson í útboði Alcan sem lauk snemma á árinu 2011.
10484. Í mgr. 1753 í athugasemdum við AII staðfesta Samskip að fyrirtækið hafi verið að skoða samstarf við Wilson í tengslum við útboð Alcoa og jafnframt segir að Nednor hafi verið helsti keppinautur Wilson.
10485. Þann 8. ágúst 2012 sendi (S)frkvstj-millilandasv2 tölvupóst til (S)forstö-flutnstj. Meðfylgandi voru drög að kynningu sem hét „Sailing system development Aug12“.⁵⁵⁸¹ Daginn eftir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 með heitinu „smyril“: „Sælir – [yfirm-BWS]/[starfsm-BWS] munu koma tillögum til okkar nk mánudag.“⁵⁵⁸² Ætlaði BWS sem sagt að koma tillögum til Samskipa.
10486. Þann 14. ágúst 2012 sendi BWS (starfsm-BWS) tölvupóst til (S)forstj (afrit til yfirm-BWS hjá BWS) með heitinu „Ferry slots etc“. Þar var að finna tillögu BWS til Samskipa: „As discussed last Thursday, then BWS would come up with a rate proposal, which can be a base for further talks/cooperation.“

Rate scenario to/ from Faroe Islands:

EURO per FEU	South No units	North No units	Weeks	Price/unit Torshavn/Hirtshals	BAF	Total/unit
1) 51 weeks	20	20	51	750	200	950
2) 38 weeks	20	20	38	600	200	800
All rates in EURO per 40' excl. THC both ends. Samskip to supply mafies/chassis						

Above calculations based on Samskip paying for 20 slots per voy north and 20 slots southbound.

Iceland: BWS is open for suggestions regarding the Iceland sailings.

There are several ways to structure the N-Atlantic sailing's, in order to make the necessary capacity adjustment and build network which is profitable and both parties can benefit from it.

A) Samskip buys fixed number of slots to/from Faroe Islands from BWS and terminate current calls to FO

⁵⁵⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.584432.

⁵⁵⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1030386.

⁵⁵⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1030268.

⁵⁵⁸¹ Afritað tölvuskjal frá Samskip. „Sailing system development Aug12.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.584606.

⁵⁵⁸² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.584876.



B) (A) + Samskip buys all the slots to/from Iceland and BWS act as a air/sea freight forwarder in Iceland

C) (A) + the winter sailings to Iceland terminated and new route to/from UK implemented

In all options then BWS will be on the receiving end in Hirthsals and distribute all trailers

Looking forward to your feedback"

10487. (S)forstj áframsendi tölvupóstinn strax til (S)frkvstj-millilandasv2: „Sælir – ræðum þetta vel og spáum í.“⁵⁵⁸³ (S)forstj svaraði síðan tölvupósti starfsm-BWS og sagðist ætla að skoða tillöguna og koma til baka.⁵⁵⁸⁴ Komu þarna aftur fram tillögur sem hefðu getað eytt eða dregið verulega úr þeirri samkeppni sem BWS veitti í sjóflutningum til og frá Íslandi.
10488. Þann 20. ágúst 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín með heitinu „Mál í vinnslu“. Meðal atriða á listanum voru: BWS / Smyril – Fresh Link.⁵⁵⁸⁵ Sama dag sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-MCL varðandi bónuskerfi. Þar kom fram að ástæða þess að dregist hefði að fá niðurstöðu í málið væri að þeir vissu ekki um útkomuna varðandi Alcoa, sem muni klárlega hafa stórkostleg áhrif á siglingakerfi Samskipa. Annað hvort þurfi Samskip að hanna kerfi fyrir Alcoa með nóg af getu til Íslands eða fyrirtækið verði að vaxa í fjögra skipa kerfi sem taki lengri tíma. Þetta séu tvær gjörólíkar leiðir með sínum kostum og göllum. Að lokum kom fram að (S)forstj væri ekki bjartsýnn varðandi Alcoa.⁵⁵⁸⁶
10489. Þann 27. ágúst 2012 vistaði (S)frkvstj-millilandasv2 kynningu með nafninu „Sailing system development Aug 12 [...]“. Er þar m.a. að finna ummæli sem benda til þess að Samskip telji ólíklegt að fyrirtækinu muni takast að endurnýja flutningasamninginn við Alcoa.⁵⁵⁸⁷ Þar voru m.a. eftirfarandi glærur:

⁵⁵⁸³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.586001.

⁵⁵⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.586126.

⁵⁵⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1033572.


⁵⁵⁸⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1033427.

⁵⁵⁸⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.9870.



Background

- It is now likely that Samskip will not be awarded new transportation agreement by Alcoa for the aluminium from Reydarfjordur to Rotterdam.
- A 4 vessel system that services the aluminium from Reydarfjordur and Mosjoen to Rotterdam and the anodes from Mosjoen to Reydarfjordur will most probably be awarded the contract.
- Even though the Alcoa contract will be lost, current sailing system's capacity is not enough to handle a moderately growing import cargo.
- A system based on four vessel schedule has been identified as a future system for Samskip's Icelandic trade, but there can be a period of transition before it is economical to have a 4 vessel service.
- During this period of transition the service from the eastern part of Iceland and from the Faroese Islands needs to be addressed since discontinuing the Alcoa trade will result in drop of service from these areas.



Alternatives

- I. Four vessel system with the Alcoa cargo.
- II. Agreement with NCL to utilise the leg from RTM to REY in the four vessel system.
- III. Agreement with Blue Water and/or Torship.
- IV. Four vessels from Apr14 and a sweeper for two months in the year 2013.
- V. Three vessels from Jan13 and four vessels from Apr14.
- VI. Four vessels from Jan13.

10490. Var þarna á ný vísað til mögulegs samstarf við keppinautanna BWS, Thorship og NCL.

10491. Sama kvöld sendi (S)frkvstj-millilandasv2 tölvupóst til (S)forstj og (S)forstö-flutnstj: „Bráðabirgða niðurstaða er að ef við fáum ekki Alcoa flutningana þá sé best að vera með 3ja skipa kerfi á næsta ári og síðan 4 skip frá apríl 2014. Þetta þarf þó að skoða betur en ég tel að það sé mikilvægt fyrir okkur að halda einhverri þjónustu frá RFJ og FO á næsta ári.“ Meðfylgjandi voru skjölin „Cost comparisson AF



1.8.2012-ný rate [...].xlsx" og „Sailing system development Aug 12 [...].pptx".⁵⁵⁸⁸ (S)forstj svaraði tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv2 síðar sama kvöld: „Var að tala við [starfsm-BWS hjá BWS] varðandi Smyril, þeir eru að falla á tíma. Ein leið í þessu öllu saman gæti verið að : -kaupa uppistöðu af plássí Smyrils, þe frá Danmörku til Færeyja og sleppa viðkomu í Færeyjum hjá okkur, sem og frá Seyðisfirði og Færeyjum út. Jafnframt myndum við kaupa pláss frá Alcan/Thorship til Reykjavíkur, þetta gæti verið lausn sem gæti virkað næstu árin, og margt kæmi heim og saman með þessari lausn. Þurfum að vinna vel með þessar pælingar, en gæti ég bjallað á þig í fyrramálið til að ræða þessa kosti frekar [...]"⁵⁵⁸⁹

10492. Síðar sama kvöld sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín með heitinu „fundur (S)stjform-S". Var þar m.a. getið um kerfispælingar. Undir liðnum „Almennt markmið" var m.a. tilgreint: „4 skipa kerfi, Thorship/Smyril/Fresh Link".⁵⁵⁹⁰

10493. Í lok ágúst 2012 tilkynnti Alcoa Samskipum og Eimskip um mat sitt á tilboðum í útboði fyrirtækisins. Þann 28. ágúst 2012 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)forstj o.fl.: „[starfsm-Alcoa], hjá Alcoa, var að tilkynna okkur þær neikvæðu fréttir, að þeir ætluðu að gera samning við NedNor um sína flutninga til næstu ára, frá og með næstu áramótum [...]"⁵⁵⁹¹ Daginn eftir sendi starfsm-Alcoa tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv2 þar sem vísað var til símtals daginn áður og niðurstaðan tilkynnt.⁵⁵⁹²

20.9.9. Atvik í september 2012

10494. Eftir framangreindar fréttir frá Alcoa fóru stjórnendur Samskipa að huga enn frekar að mögulegum siglingakerfisbreytingum, en þann 4. september 2012 sendi (S)frkvstj-millilandasv2 tölvupóst til (S)forstö-útl og (S)forstö-innfl1 (afrit til (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-skiparek) með heitinu „Siglingakerfispælingar": „Erum að velta nokkrum valkostum fyrir okkur eins og t.d. að semja við Blue Water og Thorship. Erum einnig að velta fyrir okkur 3ja skipa kerfi þar sem skipi yrði bætt inná ½ mánaða rútu sem þjónaði IMP til Rey og EXP frá Rfj og FO. Það skemmtilega við þessa rútu er að slakinn er mikill. Við gætum t.d. farið norðurfyrir til AKU og þaðan Rfj og einnig til Hjaltlandseyja."⁵⁵⁹³

10495. Sama dag sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-fjárm og BMÁ. Meðfylgjandi var skjalið „Framhald stefnumótunnar 2012.ppt".⁵⁵⁹⁴ Á glæru merkt „Auka viðskipti og efla viðskiptatryggð" voru m.a. eftirtalir liðir:

- „Auka viðskipti – veltu, Alcoa, stefnum á 4 skipa kerfi for better or worse – klára samninga við Alcoa"
- „Smyril kaupa slott – samstarf við Bluewater bætir mögulega stöðu í Færeyjum"

10496. Sama dag sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2: „Það eru mjög mikilvæg mál sem ræða þarf á stjórnarfundum og kynningar þurfa að vera klárar fyrir föstudag, en það eru m.a.:

„-siglingakerfi, næstu skref
-vessel operation

Varðandi siglingakerfin, þá þurfum við að geta :

⁵⁵⁸⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Sailing system development Aug 12 [(S)frkvstj-millilandasv2].pptx". Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1035045.

⁵⁵⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.590440.

⁵⁵⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1035085.

⁵⁵⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.822684.

⁵⁵⁹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.590864.

⁵⁵⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.592684.

⁵⁵⁹⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Framhald stefnumótunnar 2012.ppt". Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1038082.



-lýst því kerfi sem Nednor eru að bjóða og metið, bæði a). Hvaða slaki er í áætlun til að hafa viðkomu í noregi og reykvjavík, og b). Hvað þetta kerfi er ca hagkvæmara en okkar

-p/l fyrir Alcoa kerfið sem við buðum og náðum ekki

-sweep up og inn í 4ra skipa kerfi 2014

-biweekly frá næsta ári og 4ra skipa kerfi

-smyril útfærsla, hvað er vert að bjóða ?

-norðurleið sem þú minntist á og gæti virkað sem algjör snilld..

-Thorship, Freshlink og allir hinir

Við þurfum að vera með skýra mynd á þessum valkostum, okkar conclusions, til að geta tekið ákvarðandi á stjórnarfundi með næstu skref. [...]

Hvernig meturðu stöðu á þessum málum ?⁵⁵⁹⁵

10497. (S)frkvstj-millilandasv2 svaraði tölvupósti (S)forstj sama kvöld. Þar kom m.a. fram að verið væri að vinna í hugmyndum varðandi siglingakerfið og staðan á einstökum verkefnum. Þar sagði einnig: „JUMPING TO CONCLUSION ÞÁ SÝNIST MÉR 3JA SKIPA KERFI MEÐ MÖGULEIKA Á AKU VIÐKOMU SEM SPENNANDI KOST OG AÐ NOKKRUM FORSENDUM GEFNUM SÝST VERRI KOSTUR EN ALCOA. ÞAÐ SEM ER SPENNANDI Í ÞESSU ER MÖGULEIKI Á AUKNUM ÚTFLUTNINGI SEM VIÐ HEFDUM TRAUÐLA MÖGULEIKA Á MEÐ ALCOA-MAGNIÐ. [...]”⁵⁵⁹⁶
10498. Hér virðist hafa verið lagður grunnur að því siglingakerfi sem Samskip áttu eftir að undirbúa frekar undir heitinu „Project Costa” og tilkynnt var opinberlega um í mars 2013, sbr. nánar síðar.
10499. Þann 6. september 2012 sendi stjórn-BWS hjá BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjvs. Þar sagði m.a. að mögulega ættu Eimskip og BWS að hætta að horfa til Smyril Line og þess í stað huga að eigin skipi sem fyrirtækin myndu deila með sér flutningarýminu.⁵⁵⁹⁷
10500. Stjórnendur Samskipa virðast einnig hafa ákveðið að skoða enn betur mögulega samvinnu við BWS þegar þeir töldu ljóst að fyrirtækið hefði misst Alcoa samninginn, en 6. september 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til starfsm-BWS (BWS) (afrit til yfirm-BWS og (S)frkvstj-millilandasv2) varðandi tillöguna frá 14. ágúst 2012: „We have discussed things and are open to explore further the possibility Samskip taking over the Iceland part. The question then rises at what price? I suggest we approach that in fair manners – basing the pricing somewhat on the rates you have been able to achieve the past year or so. We are then as well open to purchase equivalent to 20 units a week, import/export, between Faroe and Denmark. The pricing here also needs to be on fair grounds. How do we take things from here guys.” starfsm-BWS svaraði tölvupósti (S)forstj sama dag og sagðist ætla að ræða við yfirm-BWS og láta (S)forstj svo vita.⁵⁵⁹⁸
10501. Samkvæmt þessu settu Samskip á ný fram hugmynd sem miðaði m.a. að því BWS myndi hætta að keppa í sjóflutningum til og frá Ísland. Eins og áður sagði hafði hið sama verið ítrekað rætt í samskiptum (E)frkvstj-alþjvs við BWS.

⁵⁵⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.592851.

⁵⁵⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.592899.

⁵⁵⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.827756.

⁵⁵⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1038900.



10502. Sama dag, 6. september 2012, sendi (S)forstö-flutnstj tölvupóst til (S)starfsm (afrit til (S)frkvstj-millilandasv2). Meðfylgjandi var glærukynning með heitinu „Siglingarkerfi og samkeppnisaðilar sept 2012.pptx“. Var þar m.a. að finna yfirlit yfir siglingarkerfi Eimskips, BWS, Nednor – Thorship, IceNor, Samskip – „current system“ og „future 4 vessels system“.⁵⁵⁹⁹
10503. Þann 7. september 2012 svaraði starfsm-BWS tölvupósti (S)forstj varðandi mögulegt framangreint samstarf BWS og Samskipa. Lagði hann til fund í Kaupmannahöfn til að ná niðurstöðu. (S)forstj svaraði sama dag og sagðist ætla að hringja í starfsm-BWS um helgina.⁵⁶⁰⁰ Síðar sama dag sendi yfirm-BWS (BWS) tölvupóst til (S)forstj (afrit til (S)frkvstj-millilandasv2 og starfsm-BWS): „Thank you for your mail yesterday confirming you are open to explore further cooperation between Samskip and Blue Water Shipping. Could you pls. clarify what you mean by „taking over the Iceland part“? Do you see Samskip taking over Blue Water Shipping's ro/ro activity in Iceland or more in respect of freight capacity/slots on „NORRØNA“? I read your mail as you are interested in buying 20 slots import to Faroes and 20 slots export from Faroes. Is that correct? Looking forward hearing from you again and hopefully a meeting can be arranged next week in order to proceed with the negotiations. [...]“.⁵⁶⁰¹ Daginn eftir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 og sagði að þeir þyrftu á fundi daginn eftir að ræða m.a. hvort ætti að láta reyna á BWS „lausn“.⁵⁶⁰²
10504. Þann 9. september 2012 sendi (E)forstö-alþjsv tölvupóst til (E)forstj. Í honum var velt upp möguleikum hjá Eimskip, m.a. að taka yfir í heild eða hluta þá flutninga sem BWS hafa annast með ferjunni Norrænu.⁵⁶⁰³ Voru á ný uppi samskonar hugmyndir hjá Eimskip og Samskipum.
10505. Sama dag áttu (S)forstj og (S)forstö-flutnstj (afrit til (S)frkvstj-millilandasv2) í tölvupóstsamskiptum varðandi glærukynningu um siglingarkerfi Samskipa.⁵⁶⁰⁴ Um kvöldið sendi (S)forstj kynningu um „the sailing system for Iceland and Faroe Island“ til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S og (S)stjórnarm-S og SH (afrit til (S)frkvstj-MCL og (S)stjórnarm-fjarmstj).⁵⁶⁰⁵ Var þar m.a. fjallað um Aloca og framangreindar hugmyndir um samstarf við BWS:

⁵⁵⁹⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Siglingakerfi og samkeppnisaðilar sept 2012.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.593869.

⁵⁶⁰⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1039386.

⁵⁶⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.594346.

⁵⁶⁰² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1039958.

⁵⁶⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.996111.

⁵⁶⁰⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.594772.

⁵⁶⁰⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Sailing system Iceland september 2012.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1040355.



samskip

Alternatives

- I. Four vessel system with the Alcoa cargo – *no longer an alternative*
- II. Agreement with IceNor to utilize the leg from RTM to REY in the four vessel system.
- III. Agreement with Smyril to service Eastern part of Iceland and the Faroe Islands and Thorship to service import from RTM.
- IV. Four vessels from April 2014 and a sweeper for two months in the year 2013.
- V. Three vessels from January 2013 and four vessels from April 2014.
- VI. Four vessels from January 2013.



samskip

III. Contracting Capacity

- Apart from Samskip and Eimskip, there are currently two smaller players providing container slots to and from Iceland.
- Following an agreement with Alcan Iceland, Nednor has contracted Thorship to sell slots from RTM to REY. Capacity is in excess of 100 TEU pr week.
 - It has not been looked at if Samskip can secure some capacity with Thorship.
- Smyril Blue Water is offering ro/ro capacity to/from Seydisfjordur and the Faroe Islands from/to Denmark. Capacity is 130 trailer units, including passenger vehicles.
 - Following discussions with Smyril Blue Water, Samskip can get 40 teu pr voy northbound and 40 teu pr voy southbound for approximately \$ 2.8m.
 - Smyril Blue Water has indicated some room for improvement in rates.
 - Smyril plans to cease it's weekly call to Seydisfjordur, from November 2012 through March 2013.



Conclusion

- If IceNor will base their service on the Groot Design 10,000 then it is unlikely that a Reykjavik call will be added.
- Using a sweeper for two months in 2013, during the peak season in imports is probably the most economical way going forward into the year 2013.
- It will, however, mean that the service out of Reydarfjordur and the Faroe Islands will not be offered for 9-10 months in 2013. What effect that will have on future prospects is difficult to say.
- Based on the findings so far – an approval is sought to plan and analyze further the option of having a bi-weekly service, to replace the Alcoa route for a year and then possibly commence with a four vessel system from April of 2014.
 - Unused export capacity will open new opportunities on the market
 - Ample slack in sailing schedule will open possibilities of adding new ports of call in Iceland and/or Europe.
 - Possibilities to change ARN/HEG route

10506. Samkvæmt framansögðu höfðu stjórnendur á þessum tíma afskrifað framlengingu á samningnum við Alcoa en veltu áfram upp möguleikum á samstarfi við keppinautana BWS og Nednor/Thorship.
10507. Þann 12. september 2012 var haldinn stjórnarfundur hjá Samskipum Holding. Undir liðnum „Alcoa Agreement – Update and Impact“ í drögum að fundargerð var fjallað um nýjustu upplýsingar varðandi Alcoa og fyrirhugaðar breytingar á siglingakerfi Samskipa. Þar kom fram að það væri til skoðunar að gera samning við BWS/Smyril um að þjónusta Austurland og Færeyjar og samning við Thorship um að þjónusta innflutning frá Rotterdam.⁵⁶⁰⁶
10508. Um miðjan september 2012 var til skoðunar hjá bæði Eimskip og Samskipum að hitta BWS á fundi í Kaupmannahöfn í þessum sama mánuði.
10509. Hér ber að líta til þess að þann 10. september 2012 sendi starfsm-BWS tölvupóst til (S)forstj: „Heyrði ekkert frá þér. Er þetta off eða... [...] þarf að vita hvort þessi fundur í CPH gengur upp eða ekki.“ (S)forstj áframsendi tölvupóstinn til (S)frkvstj-millilandasv2: „Eigum við að hitta þa á fimmtudag og lata reyna á verðin? klara dk mal í leidinni..“. (S)frkvstj-millilandasv2 svaraði tölvupósti (S)forstj sama dag og sagðist geta komið til Kaupmannahafnar en spurning væri hvort þörf væri á því.⁵⁶⁰⁷ Í mgr. 1761 í athugasemdum Samskipa við AII er staðhæft að ekki hafi orðið af þessum fundi.⁵⁶⁰⁸
10510. Tveim dögum síðar sendi (E)frkvstj-alþjvsv tölvupóst til frkvstj-BWS, framkvæmdastjóra BWS, með heitinu „Smyril Line“ til að ýta við „slot sharing“ verkefninu: „I was in Faroe Islands and met [frkvstj-Smyril] during my stay. He advised that your discussions are not leading to any conclusion and we are

⁵⁶⁰⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Minutes Samskip Board Meeting 12 September 2012.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1059180.

⁵⁶⁰⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.595457.

⁵⁶⁰⁸ Mgr. 1761 í athugasemdum Samskipa við AII.



still on same place as 1 ½ year ago. Based on the situation I would like to suggest following to see if we can move things forward:

1) To have a joint meeting i.e. Smyril Line, Blue Water and Eimskip to find out if we could move things forward three of us

2) Eimskip is still interested to explore the slot sharing possibility out of Faroe Islands and we can be flexible in the number of slot

3) I would like to propose that we would give such approach a short period, and suggest a meeting in Copenhagen Wednesday the 19th of September. If the outcome of the meeting is showing a positive development we shouldn't give us more time to come to a conclusion than end of September.

Kindly advice [frkvstj-BWS] if you agree with this approach and if you are able to meet in Copenhagen the 19th of September.⁵⁶⁰⁹

10511. Frkvstj-BWS sendi tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv daginn eftir: „As you know the negotiations have been stopped twice - one of the main reasons being the fact that we have insisted on minimum 50% of the slots in order to make our business workable - and this you would not accept. If you are more flexible on this point now, this can change the situation. But in stead of arranging a new meeting we would prefer to come up with our proposal in writing - and if you agree to this procedure we will mail you our proposal Monday/latest Tuesday? If istill [svo] interesting for both parties we can arrange a telephone meeting. But [(E)frkvstj-alþjsv] - I still feel that we have to come to an agreement together - before we can sit together with Smyril. Please revert.“⁵⁶¹⁰ frkvstj-BWS sendi á ný tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv stuttu síðar: „The below text with number of slots can be misunderstood. Correct wording: You insisted on more than 50% of the slots - that this we could not accept.“⁵⁶¹¹
10512. (E)frkvstj-alþjsv sendi tölvupóst til frkvstj-BWS 14. september 2012: „In our mind the most important is to find a solution on the slot between us based on various reasons that we discussed last time. Yes I can confirm we are flexible on the number of slots, and this shouldn't stop us to find a solution. I also have some idees that I feel can be part of solving things, which can help us to find an agreement between us. Regarding your proposal of approach I don't have any comment on your suggestion, only thing is that we need to give us a short time to see if there is a ground between us. It would be very good to have your proposal from you as soon as you can and as well I will be travelling via CPH on next Tuesday and have opportunity to meet if you feel it will help. But lets begin with your proposal and we take it from there.“ (E)frkvstj-alþjsv áframsendi tölvupóstinn til (E)frkvstj-Færeyj og (E)forstö-alþjsv.⁵⁶¹² Sama dag sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv: „spoke to [frkvstj-BWS] yesterday pm have not talked money, only flexibility on slot numbers, recommended to work constructively as 'last chance' lets see proposal [...] this time with your info from [frkvstj-Smyril] on money, i cannot relate to contract as i sit in harwich and my file in office, but mutual frame space/ money and time between you then 'chicken' to be served to smyрил if they do not like then too bad [...]“. (E)frkvstj-alþjsv svaraði tölvupósti stjórn-BWS sama dag: „First step is to wait for Blue Water proposal and decide on next steps after that.“⁵⁶¹³
10513. Frkvstj-Smyril hjá Smyril Line sendi tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv og frkvstj-BWS sama dag. Lýsti hann yfir ánægju með að Eimskip og BWS virtust áttu sig á að þörf væri á málamiðlum hjá báðum fyrirtækjunum til að þoka viðræðum áfram. Aftur á móti kvað hann það ekki hlutverk Smyril Line að koma að því hvernig Eimskip og BWS myndu skipta með sér flutningsgetu. Eftir sem áður geti Smyril

⁵⁶⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.830436.

⁵⁶¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.831673.

⁵⁶¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.831674.

⁵⁶¹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.831775.

⁵⁶¹³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.831889.



Line aðstoðað við draga úr flutningsgetu í m.a. flutningum til og frá Íslandi: „We want to point out that we have a slot charter agreement with [BWS] and we assume that a potential agreement between the parties will be within the framework of this agreement. Otherwise it is of course not our role to engage us in the debate on the split of the capacity since this is alone up to you to agree upon. We feel that our party in this is facilitating and try to ensure a progress and somehow transparency in the agreement and negotiations. And at the same time we can with our presence, ensuring that we upfront can discuss adaptations of the slot capacity and possible amendments to the payment structure. Thus, we can be helpful in achieving the necessary consolidation of the cargo capacity to and from the Faroe Islands / Iceland, and in this manner ensuring that we have a common understanding of the problem of rising oil prices and the challenges thereof that we all have. It is given that a reasonable agreement between the parties, will result in reducing both costs and risks and will be a win-win for all parties. Hopefully it possible to meet in Copenhagen on Wednesday 19th of September, we are in any case ready.”⁵⁶¹⁴

10514. Frkvstj-BWS sendi tölvupóst til frkvstj-Smyril (afrit til m.a. (E)frkvstj-alþjsv) sama dag: „I just want to add a few comments. Compared with earlier meetings with Eimskip there will actually be no changes from our side. We will again negotiate in an open, friendly and honest way. Earlier Eimskip has insisted on more than 50% of the slots which we have refused because it would spoil the fundament of our operation and business. Now Eimskip will apparently be more flexible on this point which of course will make certain things easier. We are starting up new negotiations with Eimskip. [...]”⁵⁶¹⁵
10515. Sama dag sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 með heitinu „Kerfispælingar – næstu skref“. Kom þar m.a. fram að það væri „áhugi að láta reyna frekar á“ mögulegt samstarf Samskipa við BWS og Thorship.⁵⁶¹⁶
10516. Þann 17. september 2012 hafði Alcoa samband við (E)frkvstj-skiparekst og óskaði eftir afstöðu Eimskips til framlengingar á gildandi flutningasamningi og tilboði Eimskips í flutninga Alcoa þar sem upp hafði komið vandamál tengd nýja kerfinu sem NedNor var að bjóða. (E)frkvstj-skiparekst upplýsti (E)forstj um þetta. (E)forstj svaraði tölvupósti (E)frkvstj-skiparekst: „Skripalrikur [svo] - nu kaupum við skip til verksins – hringdu“.⁵⁶¹⁷
10517. Daginn eftir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S með heitinu „Siglingakerfi“: Í honum sagði: „Alcoa menn eru eitthvað að ígrunda málin frekar, tala um hvort við gætum framlengt samning inn á nýtt ár, 3 eða 6 mánuði, og eða hugsanlega rætt frekar samning til komandi ára.

Við erum í Hollandi vegna Samskipa fundar, og munum væntanlega hitta [M]⁵⁶¹⁸ á fimmtudag / föstudag. Við höfum verið að skoða möguleika á skipi norður fyrir, og sú mynd er að koma heim og saman, þetta er mjög áhugaverður vinkill – [...] – erum svona búnir að hlera menn og komnir með mynd af magni. Eimskip ættu mjög erfitt með að snúa skipum norður fyrir, með álið í stóru skipunum og mjög stíf áætlun, og suðurleiðin hönnuð fyrir Vestmannaeyjar og express frá Rotterdam til Reykjavíkur.

Við sendum frá okkur kynningu á pælingunum nú á föstudag, erum þá einnig búnir að ræða við [M], við erum á því að þetta sé málið, byrja á einu skipi og vaxa í tvö á þessari rútu, þe REY-ISA-AKU-RFJ til Færeyja / RTM og til baka til REY, ef ekki koma upp nýir vinklar á Alcoa.”⁵⁶¹⁹

⁵⁶¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.832081.

⁵⁶¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.832291.

⁵⁶¹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.597755.

⁵⁶¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1000237.

⁵⁶¹⁸ [...] hjá Alcoa.

⁵⁶¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1045057.



10518. Sama dag átti starfsm-BWS hjá BWS í tölvupóstsamskiptum við (S)rekststj-landfl2 varðandi verð BWS hjá landflutningum Samskipa. Starfsm-BWS áframsendi tölvupóstsamskiptin til (S)forstj: „*Blessadur Ertu ekki til í að halda aftur að þínum mönnum þangað til við fáum á hreint hvort við náum saman eða ekki varðandi siglingarnar*“. (S)forstj svaraði sama dag: „*Eg roa guttana, hvenær eigum við að klára málin????*“ starfsm-BWS svaraði (S)forstj sama dag: „*Við erum til hvenær sem er, þið þurfið að koma með útspil. Ég heyrði í [(S)starfsm]⁵⁶²⁰ í gær og hann gat ekkert kommenterað.*“⁵⁶²¹
10519. Sama dag og starfsm-BWS hjá BWS átti í tölvupóstsamskiptum við (S)forstj um m.a. samstarf í sjóflutningum átti (E)frkvstj-alþjvsv í samskonar samskiptum við yfirm-BWS, annan stjórnanda hjá BWS. yfirm-BWS sendi þannig þennan dag tölvupóst til (E)frkvstj-alþjvsv (afrit til frkvstj-BWS framkvæmdastjóra BWS): „*Referring to your mail correspondence with [frkvstj-BWS] 12th/14th September, I would like to comment on this. You mention in your mail that Eimskip is flexible on the number of slots you require on board Norrøna. That is of course a good start. We have made our calculations based on a split of 63 slots for BWS and 20 slots for Eimskip. However, I am not sure how many spaces you require as a minimum? A consequence of the cooperation on the slot on board Norrøna should be that you take out your charter vessel from the Faroes. [...] Based on 20 units north and 20 units south we can offer the following rates per 40' container Hirtshals/Torshavn and vice versa: Sea freight Hirtshals/Torshavn or Torshavn/Hirtshals: EUR 1.015,00 per 40' container incl. BAF - based on current BAF from SML. The above rates are excluded rental of chassis/mafies, stevedoring, THC, harbour dues. We hope the above is of interest to you and could base a good foundation for the coming negotiations If you have any questions/remarks, please do not hesitate to contact the undersigned.*“ (E)frkvstj-alþjvsv áframsendi tölvupóstinn til (E)frkvstj-skiparekst daginn eftir. „*Þetta þýðir um euro 2m þ.e. 20 p[í]áss í hvora átt, sem er í raun kostnaðarverð miðað við DKK 64m. Held áfram að púsla þessu saman.*“⁵⁶²²
10520. Samkvæmt framangreindu var það enn til skoðunar hjá Eimskip og BWS að í samstarfi fyrirtækjanna myndi felast að Eimskip drægi úr flutningaframboði í Færeyjum.
10521. Þann 19. september 2012 sendi stjórn-BWS hjá BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjvsv: „*might be an idea if you phone me now before [yfirm-BWS] BW does, he is author of suggestion,.....*“⁵⁶²³ Sama dag áttu (E)frkvstj-alþjvsv og yfirm-BWS í tölvupóstsamskiptum (afrit til frkvstj-BWS) þar sem niðurstaðan varð að heyrast daginn eftir.⁵⁶²⁴
10522. Þann 19. september 2012 féllst Eimskip á beiðni Alcoa um að framlengja gildandi samning um flutning á rafskautum o.fl. milli Mosjoen og Reyðarfjarðar til loka mars 2013 sem og á að framlengja tilboði í nýjan samning um flutning á sömu leið um þrjár vikur, en bætti auk þess við endurskoðuðu tilboði um útflutning á áli frá Reyðarfirði til Rotterdam. Sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst þess efnis til Alcoa. starfsm-Alcoa svaraði (E)frkvstj-skiparekst og sagði að Alcoa myndi skoða tillögurnar. Svar starfsm-Alcoa var framsent til (E)forstj (afrit til (E)frkvstj-fjárm og (E)deildstj-útf1).⁵⁶²⁵
10523. Þann 22. september 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S varðandi Alcoa og stöðuna á siglingakerfispælingunum: „*Við áttum fund með starfsm-Alcoa í gær.*
- Þeir hafa tekið þá ákvörðun að fara ekki af stað í kerfisbreytingar með skipin sem IceNor voru að bjóða þeim, það var ekki að koma okkur á óvart.*

⁵⁶²⁰ Hér var líklega verið að vísa í [...] frekar en [...].

⁵⁶²¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1044866.

⁵⁶²² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.834393.

⁵⁶²³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.834909.

⁵⁶²⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.835167.

⁵⁶²⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1001496.



þeir hallast helst á það að bjóða út flutningana aftur, þó þannig að boðið verði stríktly í V kerfið.

Hann spurði hvort við :

1-værum tilbúnir að framlengja núverandi kerfi í 3 mánuði (þeir eru komnir í mikla tímapressu)

2-tilboðið í tvö skipin á usd 24 pr tonn væri enn í boði fyrir þá

3-hvort við værum tilbúnir að skoða með þeim að hanna V-kerfi

Við svörum því til að við værum mjög áhugasamir að skoða liði 2 og 3 með þeim, og þó þannig settur væri tímarammi og menn vinni í því að ná hlutum saman, hann kom til baka síðar í gærkvöldi og sagði að þeir vilji bjóða út V-kerfið. Við ræðum frekar við hann á mánudag og vinnum frekar með, heyrum í [TS]⁵⁶²⁶ og reynum að ýta við hlutum eins og við mögulega getum.

Ef við gefum okkur að Alcoa fari annað, þá stendur okkur þó concrete möguleiki, að fara í eitt skip ca 500 teu skip í jan 2013 og tvö frá ca apríl 2014. Við myndum halda útflutning að austan og frá Færeyjum, og hefðum getu til að sinna öllum innflutningi á næsta ári. [...] Svo er norður vinkillinn mjög áhugaverður, þe að sigla REY-ISA-AKU-RFJ-KOL-RTM-REY. [...]

Ég sendi hér kynningu sem er í vinnslu, en það er okkar mat að þetta sé greiðfær leið fyrir okkur til að vaxa í 4ra skipa kerfi.

Við fáum concrete línur frá Alcoa á fyrstu dögum í næstu viku skildi maður telja.⁵⁶²⁷

10524. Daginn eftir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 varðandi Alcoa: „þeir vilja komast í V-kerfið fremur öllu sagði hann [starfsm-Alcoa] á föstudag.

Við ættum að bjóða þeim kerfi með þessum skipum, og án viðkomu í REY. Þau eru rétt um 10,5 dwt sem þýðir að það er takmörkuð umfram geta. Við ættum að reyna að ná þessu saman, ættum alltaf að geta tryggt okkur 10% framlegð eða svo, það gæfi okkur mikið að geta haldið utan um þetta kerfi til lengri tíma, hér á Íslandi og Noregi.

Við færum svo jafnframt í 3ja og 4 skipið og norður fyrir, þau myndu sjá um útflutninginn á fiskinum frá færeyjum, hugsanlega gæti V-rútan séð um fiskinn að austan einnig, og þá gætum við sleppt þeirri viðkomu og verið með tíma til að taka SAU og Bíldudal frekar?? eða Klakksvík og Kollafjord... [...]

Eiga skilaboð okkur að vera eitthvað á þessa leið:

Við viljum ganga til viðræðna við þá um a). Þá lausn sem við buðum sbr útboði b). Hanna V-kerfi fyrir þá, eða með þeim. Við erum tilbúnir að vinna þetta allt saman open book. Við erum með magn til/frá Íslandi, sem og umtalsvert magn northbound til Noregs frá RTM, allt getur þetta stuðlað að lægri overall kostnaði fyrir Alcoa, þe að annað magn sé að greiða niður heildar kerfis kostnað. Við teljum okkur vera með réttu skipin núna í V-kerfið. Við erum réttur partner, við erum jafnframt tilbúnir nú í að fjárfesta í skipum, en með því náum við bæði að „læsa“ inn lág kaupverð á skipum, sem endurspeglast í verðum til Alcoa, sem og náum þá að tryggja föst verð til lengri tíma, dregur úr óvissu. Okkur líst alls ekkert á að IceNor fari að reka kerfið tímabundið á meðan þeir fara í útboð, miklu betri lausn að við förum í að skoða lausnir með þeim og ef þurfi að framlengja núverandi, þá sé það ekkert mál. Það mætti jafnframt koma fram stutt í þessum pósti að við skoðuðum V-kerfi á sínum tíma, en bæði restrictions í Mosjoen sem og upplýsingar frá Reyðarfirði gáfu til kynna að það væri hvorki fýsilegt né nokkur áhugi á. Ef þetta [er] kerfið sem Aloca vilji fara í þá höfum við lausnirnar.⁵⁶²⁸

⁵⁶²⁶ [...]hjá Alcoa.

⁵⁶²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1046460.

⁵⁶²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.600128.



10525. Sama kvöld sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 með heitinu „Kerfispælingar“. Lagði (S)forstj þar m.a. áherslu á trúnað um kerfispælingarnar og lagði því til að rekstaráætlunin sem verið var að vinna í yrði ekki uppfærð: „Ræðum næstu skref. Við heyrum væntanlega á næstu dögum frá Alcoa hvernig þeir munu spila úr málum, og alls líklegt að þeir geri á þeim nótum sem [M] ræddi við þig í símann. Við þurfum að ræða hvernig við höldum áfram með áætlanagerðina, sem og kerfispælingar, ma ef við förum í norðurleið um áramót - við þurfum einhvernveginn að geta haft hluti þannig að enginn tali um, þetta verður að vera controlled alla leið, því gæti verið vert að gera ekkert í áætluninni - ræðum.“⁵⁶²⁹
10526. Sama kvöld sendi (S)frkvstj-millilandasv2 tölvupóst til Alcoa (afrit til (S)forstj) eins og rætt hafði verið um. Í lok tölvupóstsins sagði: „Since receiving your formal notification that Samskip would not be awarded the deal, we have been working on modifications in our systems that are to be in effect after the New Year when our contract comes to an end. We are progressing well there, and as we see it today, it would not fit our plans to extend current service for three months, and thus postponing our plans until the end of first quarter 2013.“⁵⁶³⁰
10527. Þann 25. september 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 með heitinu „Costa kosta“: „Mér finnst myndin vera að skýrast vel – stóru málin sem gjöra þarf væntanlega:
- [...]
- hver verða viðbrögð EI, og möguleikar þeirra til að bregðast við
- [...]
- hvenær á að tilkynna? hvernig á að meðhöndla budget?
- hver yrði afkoma án stækkunar á kerfi 2013 og 2014, hvað myndum við gera ef við „fengjum ekki“ að stækka kerfið, þess hvernig myndum við leysa Færeyjar og Austurland ? hvernig myndum við vaxa héðan? er kannski hægt að álykta sem svo að hægt væri að semja við Smyril, taka íslandsplássið, með afkomu upp á núlli, og flytja frá Færeyjum á núlli – allt í góðum gír, en værum í raun að styðja samkeppnina, og værum ekki að færa okkur skref áfram í uppbyggingu á kerfum og þróun á félagi?
- Alcoa, eigum við ekki að álykta þar, þangað til við heyrum frekar, að þeir ætli í V-kerfi, sem ekki verður notað fyrir aðrar vörur (og hafnir en RFJ) en Alcoa – við getum hugsanlega náð þeim samningi eftir útboð, en það verði dedicated þjónusta, þar sem við getum í besta falli „grætt“ á þjónustunni og hugsanlega sinnt [RFJ] útflutningsmagni, en ekki öðru, í því kerfi ? því ekki kerfisleg uppbygging fyrir okkur, og Costa verkefni óháð í raun V-kerfinu.
- Við eigum að koma þessari kynningu og þar með línunum í þetta verkefni, frá okkur á morgun, þannig að við getum einbeitt okkur að biznessnum, en það sem mér finnst vanta upp á kynningu er :
- mat á mögulegum svörum Eimskips, ma geta þeir breytt siglingaáætlun?
- eigum við von á að EI taki yfir hluta pláss Smyrils?
- Alcoa kerfi? okkar mat sbr ofangreint?
- hvað ef við stækkum ekki kerfið, hvað gerum við? P/L áhrif? ég var beðinn að svara þessu af stjórn.“⁵⁶³¹
10528. Samkvæmt þessu var áfram til skoðunar hjá Samskipum að semja við BWS og taka yfir „íslandsplássið“, þ.e. flutningarýmið sem BWS hafði yfir að ráða í ferjunni Norrænu til að bjóða upp á flutninga til og frá

⁵⁶²⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1046801.

⁵⁶³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1046826.

⁵⁶³¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.601348.



Íslandi. Umfjöllun (S)forstj sýnir einnig að honum var ljóst að möguleiki var á því að BWS myndi semja við Eimskip („eigum við von á að EI taki yfir hluta pláss Smyrils?“). Aftur á móti var (S)forstj á þessum tíma ekki ljóst hver yrðu viðbrögð Eimskips við mögulegri breytingu Samskipa á siglingakerfinu.

10529. Sama dag, 25. september 2012, sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv þar sem finna mátti fjárhagsupplýsingar um rekstur BWS.⁵⁶³² Daginn eftir sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv og kvaðst hafa eintök af samningum BWS og Smyril. Veitti stjórn-BWS (E)frkvstj-alþjv nánari upplýsingar um skilmála samninganna. Í lok tölvupóstsins sagði: „I can only conclude whatever is the basic slot charter cost to Blue Water – including Iceland – then there is an additional BAF, but whatever it is I do not know precisely.“⁵⁶³³ Stuttu síðar sendi stjórn-BWS annan tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv. Sagðist stjórn-BWS hafa sent tillögur sínar til yfirm-BWS og frkvstj-BWS. Taldi hann rétt að koma á fundi.⁵⁶³⁴ Sama dag áttu (E)frkvstj-alþjv, yfirm-BWS og frkvstj-BWS í tölvupóstsamskiptum varðandi mögulegan fundartíma.⁵⁶³⁵
10530. Þann 27. september 2012 áttu (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv2 og (S)forstö-flutnstj bókaðan fund undir heitinu „Skipakerfispælingar“. Í fundarboðinu sagði: „Klárur kynningu endanlega og köllum eftir samþykki til að taka lengra. Það sem þarf að koma fram er ma: Eimskip – hvernig bregðast þeir við? Ef við aukum ekki afkastagetu - hvað gerum við þá? leigjum pláss hjá Smyril ? Thorship? [...]“⁵⁶³⁶ Sama kvöld sendi (S)forstj tölvupóst til (S)stjórnarm-fjármstj. Meðfylgjandi var glærुकynning með heitinu „Costa 27.9.2012.pptx“.⁵⁶³⁷ Síðar sama dag sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-MCL og (S)stjórnarm-fjármstj með heitinu „Vessel system for Iceland / Faroe Island“. Fór hann yfir stöðuna varðandi Alcoa. Í lok tölvupóstsins sagði: „Anyway, sending here our ideas on how to develop the sailing system for Iceland and Faroe. Proposing to operate three vessels as of new year 2013 now, and four vessels as of april 2014. There are plenty risks here – what will Eimskip do? how tough will the competition be? how will the volume develop.“ Meðfylgjandi var kynning með heitinu „Costa project sept 2012“.⁵⁶³⁸
10531. Sama dag sendi (E)forstj tölvupóst til sjálfs sín með heitinu „Honey to do list“. Var þar að finna lista yfir fjölmörg verkefni (E)forstj, þar á meðal var verkefnið „Smyril“⁵⁶³⁹
10532. Þann 28. september 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S, (S)stjórnarm-S og SH, (S)frkvstj-MCL og (S)stjórnarm-fjármstj. Þar sagði m.a.: „Enclosed sending proposal on a potential expansion of the sailing system between Iceland/Faroe and ports in continental Europe. We are proposing to operate ARN/HEG on the current sailing route, expanding the system by one vessel in January 2013, and then grow into four vessel system as of april 2014.“ Þá var farið yfir stöðuna varðandi Alcoa.⁵⁶⁴⁰ Sama dag sendi (E)frkvstj-alþjv tölvupóst til stjórn-BWS. Þar kom m.a. fram að (E)frkvstj-alþjv ætlaði að hitta yfirm-BWS hjá BWS þann 8. október 2012 en frkvstj-BWS kæmist ekki. Markmiðið væri að skýra ramman („clarify the frame“).⁵⁶⁴¹
10533. Samtímagögn sýna að við undirbúning á breytingum á siglingakerfum á árunum 2012-2013 lagði (S)forstj ítrekað áherslu á að gæta þyrfti leyndar um upplýsingar. Velti hann jafnframt ítrekað fyrir sér hvernig Eimskip myndi bregðast við breytingunum og hvaða áhrif þær myndu hafa á samkeppnina. Siglingakerfisbreytingarnar á árinu 2008 voru með allt öðrum brag. Þá gerðu stjórnendur Samskipa m.a.

⁵⁶³² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.838420.

⁵⁶³³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.838532.

⁵⁶³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.838541.

⁵⁶³⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.839014. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.839010. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.844084.

⁵⁶³⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1048528.

⁵⁶³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1049166.

⁵⁶³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1049286.

⁵⁶³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1005565.

⁵⁶⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. F[...] Doc. ID. 0.7.33.1049346.

⁵⁶⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.840078.



áætlanir um samstarf við Eimskip og að fyrirtækin skiptu á milli sín flutningum fyrir stóra viðskiptavini. Ekki kom þá fram viðlíka ótti um leka á upplýsingum milli fyrirtækjanna eða óvissa um viðbrögð Eimskips. Samanburður á aðdraganda breytinga á siglingakerfi Samskipa á árinu 2013 og 2008 leiðir því að mati Samkeppniseftirlitsins til frekari staðfestingar á hinu ólögmeta samráði sem átti sér stað milli Samskipa og Eimskips á árinu 2008.

20.9.10. Atvik í október 2012

10534. Þann 3. og 4. október 2012 héldu áfram tölvupóstsamskipti milli (E)frkvstj-alþjvs og yfirm-BWS hjá BWS (afrit til frkvstj-BWS og [...]) varðandi fyrirhugaðan fund Eimskips og BWS 8. október 2012.⁵⁶⁴²
10535. Þann 5. október 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH, (S)stjform-S og (S)stjórnarm-S og SH (afrit til (S)frkvstj-millilandasv2) varðandi „Project Costa“. Meðfylgjandi var glærुकyning með heitinu „Costa 4.10.2012.pptx“ þar sem stillt var upp samanburði á þremur kostum auk þess sem fjallað var um siglingaleiðir Eimskips og möguleg viðbrögð fyrirtækisins. Í glærुकyningunni var jafnframt fjallað um mögulegt samstarf Samskipa við BWS og Thorship.⁵⁶⁴³
10536. Þann 7. október 2012 sendi (E)frkvstj-alþjvs tölvupóst til stjórn-BWS og upplýsti um áform varðandi fundinn daginn eftir með BWS. Kom m.a. fram að (E)frkvstj-alþjvs ráðgerði að fara í gegnum rammann eins og þeir hefðu rætt og hvort það væri sameiginlegur grundvöllur og skilningur. stjórn-BWS svaraði tölvupósti (E)frkvstj-alþjvs sama dag: „[...] but [frkvstj-BWS], chairman advised, they got my input about transparency, period, joint eimskip/BW approach as objective if frame agreement there also pointed out that the icelandic cost thors/Seydis and back to be deducted from lumpsum i got full agreement, but the addendums, and the "buts and ifs" and varied charges very diff to translate into money. but true that extra volume equals extra payment hope you get something out of it. [...]“⁵⁶⁴⁴ stjórn-BWS sendi tölvupóst á (E)frkvstj-alþjvs nokkrum dögum síðar og þakkaði honum fyrir „uppbyggilega“ tillögu og kvaðst upplýsa framkvæmdastjóra BWS um hana.⁵⁶⁴⁵
10537. Þann 9. október 2012 sendi (S)frkvstj-millilandasv2 tölvupóst til Alcoa (afrit til (S)forstj): „As per our phone conversation yesterday - we are willing to extend current services for 8 weeks. Subject to, of course, that we will be able to fix a vessel for this service. Further to that, we discussed briefly about Samskip offering you weekly service out of Reyðarfjordur of containerized cargo for annual volume of up to 100 thousand tons. I would like you to keep this confidential for the moment, but we are considering a service that would enable us to offer you weekly service at a competitive price. I do not know if this is something that fits your plans but I think that this could ensure a smooth transition for you into the V-shape system. This is something we could offer you for a year or even longer period – for both exports to Immingham and Rotterdam.“⁵⁶⁴⁶
10538. Haldinn var fundur hjá stjórn Samskipa hf. 10. október 2012. Samkvæmt fundargerð voru m.a. ræddar hugmyndir um þróun á siglingakerfi fyrirtækisins eftir að samningur við Alcoa rynni sitt skeið:

„3. Siglingakerfi

[(S)frkvstj-millilandasv2] kynnti hugmyndir varðandi þróun á siglingakerfum félagsins, eftir að samningur við Alcoa rennur sitt skeið nú um komandi áramót, sjá meðfylgjandi kynningu. Hugmyndin er að þróa núverandi kerfi þannig að viðhaldið er viðkomu á Reyðarfirði, Kollafirði og Rotterdam, en

⁵⁶⁴² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.844084.

⁵⁶⁴³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Costa 04.10.2012.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.604791.

⁵⁶⁴⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.845295.


⁵⁶⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.845997.

⁵⁶⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1052639.



jafnframt bætt við eftirfarandi höfnum, á 14 daga hringferð: Reykjavík, Bíldudalur, Ísafjörður, Akureyri og Immingham. Með því er verið að auka flutningsgetu til Reykjavíkur, sem mikil þörf er fyrir, en jafnframt hægt að bjóða upp á beinar siglingar frá Bíldudal, Ísafirði og Akureyri til Evrópu. Kynnti [(S)frkvstj-millilandasv2] áform um aukna markaðshlutdeild í útflutningi á fiski í tengslum við þessar breytingar á siglingakerfum.”⁵⁶⁴⁷


10539. Daginn eftir sendi (S)frkvstj-millilandasv2 tölvupóst til (S)forstö-útfl, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-flutnstj. Meðfylgjandi var kynning á „Sailing system and vessel operation“. Þar var m.a. að finna eftirfarandi glærur undir liðnum „competition“ þar sem fjallað var um mögulegt samstarf BWS við Samskip og Eimskip og mögulegt samstarf Samskipa við Thorship.⁵⁶⁴⁸




- Smyril is calling Seydisfjordur every Wednesday and Thorshavn to Hirsthals in Denmark. Cargo capacity on Norröna is 130 trailers
- The tourists season is from April throughout October. We foresee this service will always be provided to the Icelandic market, during that season.
- No passengers during winter time to Seydisfjordur. Each call to Seydisfjordur costs 80.000 USD in bunker and port dues, or aprox 1.76 million USD for the winter period.
- BW has offered space to Samskip that is at best break-even for Samskip and does nothing to enhance Samskip's services, apart from weekly schedule from East coast and to/from Faroe.
- Since BW is generating loss on this service, it's possible that Eimskip will secure this space and discontinue with "Austurleið". The ferry would not be calling Seydisfjordur during winter season.


⁵⁶⁴⁷ Afhent gögn frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 6. Fundargerð stjórnarfundar Samskipa hf. 10.10.2012.

⁵⁶⁴⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Kynning fyrir stjórn okt2012.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Glærur 23 og 24. Doc. ID. 0.7.33.1017854.



Thorship





- Straumsvík-Rotterdam-Straumsvík.
- Every Monday to Wednesday in Straumsvík and same in Rotterdam.
- Capacity available including Thorships volumes, just North of 100 TEU.
- Alcan's view on increased general cargo traffic in Straumsvík is not known.
- Partnership with Thorship will not solve our needs for capacity for expected import growth.

10540. Í framangreindum glærum kemur fram af hálfu Samskipa að fyrirtækið telji að Smyril Line muni ávalt bjóða upp á siglingar til Íslands á ferðamannatímabilinu, sbr. „*We foresee this service will always be provided to the Icelandic market*“. Jafnframt höfðu Samskip upplýsingar um að Eimskip myndi hugsanlega tryggja sér plássið sem BWS hafði yfir að ráða í Norrænu og hætta Austurleið. Er þetta í samræmi við framangreinda tölvupóst (S)forstj frá 25. september 2012 og staðfestir að Samskipum var á þessum tíma ljóst að möguleiki var á því að BWS myndi semja við Eimskip sem hefði þau áhrif að BWS myndi hætta að keppa í sjóflutningum til og frá Íslandi. Glærurnar staðfesta einnig viðræður Samskipa við BWS um að taka yfir sama flutningarárými en það væri þó ekki sérlega spennandi kostur fyrir fyrirtækið. Fyrir Samskip virðist aðalatriðið því hafa verið að losna við BWS af markaðnum. Er framangreint til stuðnings þeirri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að samhliða viðræður annars vegar Eimskips og hins vegar Samskipa við BWS hafi verið hluti af aðgerðum hvors fyrirtækis um sig til að takmarka samkeppni í sjóflutningum til og frá Íslandi.

10541. Þann 21. október 2012 sendi (S)frkvstj-millilandasv2 tölvupóst til Alcoa (afrit til (S)forstj og (S)forstö-útfi) og staðfesti að Samskip væru reiðubúin að framlengja flutningaþjónustu fyrir Alcoa um tvo mánuði.⁵⁶⁴⁹

10542. Þann 22. október 2012 sendi stjórn-BWS hjá BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv. Fram kom að [...], frkvstj-BWS og yfirm-BWS hjá BWS færu til Færeyja þann dag. Jafnframt sagði: „*They hope to be able to sort out the main obstacles so that they can get on with the conversations with you – and then all together hopefully find a solution. They will let me know how they do up there, [...]. Will keep you posted.*“⁵⁶⁵⁰

10543. Þann 23. október 2012 sendi (S)frkvstj-millilandasv2 tölvupóst til Alcoa (afrit til (S)forstj og (S)forstö-útfi): „*As per our conversation, Samskip is asking for USD 3 per ton increase for the two months*

⁵⁶⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1057490.

⁵⁶⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.853399.



extension. [...] If, however, Alcoa can confirm that Samskip will move the SPL, dross and bath for at least a year, starting in March 2013, we can swallow the cost increases we will incur in Jan and Feb and have rates unchanged. I suggest the following: 1. Alcoa confirms extension, so that we can fix the vessel before 10 AM CET tomorrow, with USD 3 per ton increase in rates. 2. Alcoa and Samskip use the month of November to detail a one year deal for the SPL, dross and bath. If that succeeds, Samskip will waive the USD 3 per ton increase for the two months extension. [...], I hope this helps in meeting your requirements."⁵⁶⁵¹

10544. Sama dag sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til starfsm-BWS hjá BWS varðandi fyrirhugaða veislu starfsm-BWS, (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj o.fl. í desember undir heitinu „SINTERKLAAS FEEST“, sbr. kafla 13. starfsm-BWS svaraði tölvupósti (E)frkvstj-alþjsv sama dag: „Blessadur Takk fyrir þetta, fékk ekki fyrra mailið. Hvað er að fréttu annars? Ætlar þú að taka plássið frá FO?“ Spurði starfsm-BWS þannig hvort Eimskip ætlaði að taka viðkomandi flutningspláss sem BWS hafði yfir að ráða.
10545. Sama dag sendi starfsm-BWS tölvupóst til (S)forstj, (E)frkvstj-alþjsv o.fl. varðandi „SINTERKLAAS FEEST“ veisluna.⁵⁶⁵² Sama kvöld sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 með heitinu „smyril“: „Mig grunar að bw og smyiril séu að ganga til samninga, eða þeir semji við annan aðila, ég heyrði í [starfsm-BWS] í dag sem ekki veit hvað er í gangi.“⁵⁶⁵³
10546. Daginn eftir svaraði (E)frkvstj-alþjsv tölvupósti starfsm-BWS til sín: „Sæll, Í raun er staðan óbreytt, ferjan og BWS vilja klára sín mál áður en þeir fara að hugsa eitthvað annað. Erfitt að meta hvenær því líkur.“⁵⁶⁵⁴
10547. Þann 24. október 2012 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv. Sagðist hann hafa fengið tölvupóst frá frkvstj-BWS. Síðan sagði: „meeting went well in good athmosphere, although items still to be solved. i understand they meet you coph this day's pm, as they cannot get further with smyiril without agreement made with you hopefully you all agree frame! [...]“. (E)frkvstj-alþjsv svaraði tölvupósti stjórn-BWS sama dag. Sagðist hann vera á leiðinni til Kaupmannahafnar og Færeyja. Jafnframt sagðist hann hafa nýlokið samtali við frkvstj-BWS. Ætlaði hann að hringja í stjórn-BWS.⁵⁶⁵⁵
10548. Þann 29. október 2012 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv: „Got a message back from [frkvstj-BWS] [...]. Agreement in broad terms between BW and Eimskip. Progress with Smyril [...] So good idea that you were willing to fly up to the Faroes. So what is next step?“. (E)frkvstj-alþjsv svaraði tölvupósti stjórn-BWS sama dag: „Like you said what is the next step in my mind 1) We need to agree on the new arrangement to move forward and fi[n]alize 2) The old matter needs to have its own timeline not depending on 1) 3) This we need to decide asap to be able to finalize and plan before our deadline which is end of this year 4) Will take round to see w[h]ere we are“.⁵⁶⁵⁶ Sama dag sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til frkvstj-BWS hjá BWS og Smyril Lines: „First of all thank you for a good and constructive meeting regarding slot sharing. To move things forward we need clarify following 1) During our meeting we discuss matters going forward and the "old" matters will have another time plan and shouldn't be mixed 2) Regarding moving things forward I found that we had find the way 3) The only outstanding were these 5 empties which is less tha[n] 1% of the total agreement. How will we going to move on here 4) I need to get confirmation asap that we have a green light to move forward, before that I have difficulties to activate workgroups here in-house. Kindly give me your confirmation about 3) and that we are on same track to move things forward. My plan was to have start all this analyzes work, with a

⁵⁶⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1058635.

⁵⁶⁵² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.854468.

⁵⁶⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.613032.

⁵⁶⁵⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.854706.

⁵⁶⁵⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.854991.

⁵⁶⁵⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.857942.



workteam inhouse which is needed before I leave to Asia on Friday.”⁵⁶⁵⁷ Frkvstj-BWS sendi tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv sama kvöld: „In a constructive way we agreed the basis for a co-operation between Eimskip and Blue Water. To Smyril we gave our absolute best proposal for the future charter. [...] promised to write some lines - and we hope Smyril will agree - so that we can continue planning the future co-operation among the three parties.” (E)frkvstj-alþjsv áframsendi tölvupóstsamskiptin til (E)forstj.⁵⁶⁵⁸

10549. Þann 30. október 2012 sendi frkvstj-Smyril hjá Smyril Line tölvupóst til frkvstj-BWS og (E)frkvstj-alþjsv: „Thanks for a good meeting and although this ended somewhat suddenly and perhaps without a proper conclusion, I have a strong feeling that the composed model, is a path that we all can live with and surely benefit from. With the expressions you both have given in the below mails, I am quite sure that we have a comprehensive and common understanding and that we now must strive to finish the job. With regard to the so-called old cases and empty units, I´am referring to [...] mail to [frkvstj-BWS] earliar today, that we believe that these are not likely to be a showstopper, with respect to the above future cooperation. I therefore suggest that the parties internally find out how and how quickly we can move forward and thus begin to work on the contractual basis. Time passes very quickly and if we are to have a chance to be ready by the 1st of January 2013 - I would suggest that we draw up a timetable for the completion of the Agreement to be no later than Friday 30th November 2012.” (E)frkvstj-alþjsv áframsendi tölvupóstinn til (E)forstj: „FYI (E)forstö-alþjsv er á full að undirbúa en ekki búið að sjá í gegnum allt hjá PRO til að við getum klárað þetta á þessu nótum. Er í greiningu núna hjá þeim”.⁵⁶⁵⁹
10550. Sama kvöld sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 og (S)frkvstj-fjárm: „Ég sé að Costa verkefnið okkar geri ráð fyrir að við byrjum jan 2013, er erum nú búnir að ná samingum við Alcoa um framlengingu, sem þýðir að við leggjum til að við byrjum mars 2013 með Costa ... Það væri ágætt að metin yrðu áhrifin af þeirri breytingu, og glærum breytt.[...]”.⁵⁶⁶⁰

20.9.11. Atvik í nóvember og desember 2012

10551. Þann 5. nóvember 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín með heitinu „Steingrímur taka bw yfir”. Ekkert fleira var í tölvupóstinum.⁵⁶⁶¹ Var þar líklega verið að vísa í starfsm-BWS hjá BWS og mögulega yfirtöku Samskipa á plássi BWS í Norrænu.
10552. (E)frkvstj-alþjsv átti í tölvupóstsamskiptum við BWS á tímabilinu 1. – 10. nóvember 2012 til undirbúnings samstarfi fyrirtækjanna.⁵⁶⁶² Gerði (E)frkvstj-alþjsv (E)forstö-flutnstý og (E)frkvstj-skiparekst grein fyrir þessu og sagði: „Nú liggur fyrir að mál geta gengið upp með slot charter milli Færeyja og Danmerkur. Þurfum að geta svarað með framleiðsluna strax í næstu viku hvort allt gangi ekki upp. [...]” (E)frkvstj-alþjsv áframsendi tölvupóstinn til (E)forstj.⁵⁶⁶³ Þá áframsendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst BWS frá deginum áður til (E)frkvstj-Færeyj og (E)frkvstj-Dk (afrit til (E)forstö-alþjsv): „Dear both Confidential info but see the status”.⁵⁶⁶⁴
10553. (E)frkvstj-alþjsv átti í frekari samskiptum við BWS síðar í nóvember 2012 þar sem samstarf var undirbúið og m.a. rætt um hafnarvinnukostnað. Voru t.d. (E)frkvstj-alþjsv og yfirm-BWS hjá BWS í samskiptum daganna 21. til 23. nóvember 2012 varðandi kostnað og framkvæmdaratriði. Jafnframt var það

⁵⁶⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.858080.

⁵⁶⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1019467.

⁵⁶⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1019575.

⁵⁶⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.616019.

⁵⁶⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1064389.

⁵⁶⁶² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.860437. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.863953.

⁵⁶⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1022446.

⁵⁶⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.863910.



niðurstaðan að (E)frkvstj-alþjv myndi koma með fyrstu drög að „slot sharing“ samningi. (E)frkvstj-alþjv áframsendi tölvupóstanna til (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstö-flutnstý: „FYI allt að mjakast“.⁵⁶⁶⁵

10554. Aðilar ræddu um að hittast á fundi. Jafnframt var áfram rætt um hafnarvinnukostnaðinn og stöðuna í viðræðum BWS og Smyril. Fram kom m.a. að lögmenn væru að undirbúa nýja útgáfu á samningnum milli Smyrils og BWS. Þá óskaði yfirm-BWS eftir að (E)frkvstj-alþjv sendi honum fyrstu drög að samningi.⁵⁶⁶⁶ (E)frkvstj-alþjv sendi tölvupóst til yfirm-BWS (afrit til frkvstj-BWS og (E)forstö-alþjv) þann 28. nóvember 2012 m.a. varðandi dagskrá fyrirhugaðs fundar þann 5. og 6. desember 2012. Þá sagði (E)frkvstj-alþjv að Eimskip væri að vinna drög að samningi með það að markmiði að þau yrðu tilbúin fyrir fundinn. yfirm-BWS sendi tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv (afrit til frkvstj-BWS og (E)forstö-alþjv) daginn eftir og lagði til að fundurinn yrði haldinn í höfuðstöðvum BWS. Gerði hann ráð fyrir sérstökum fundi til að ræða framkvæmdatriði og öðrum til að ræða samninginn.⁵⁶⁶⁷ (E)frkvstj-alþjv áframsendi tölvupóstinn til (E)frkvstj-Færeyj.⁵⁶⁶⁸ Þann 30. nóvember 2012 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv og (E)forstö-alþjv. Óskaði hann eftir að þeir sendu honum helstu atriði sem þeir vildu sjá í „Slot/ Vessel Sharing Agreement“ þar sem hann væri að gera uppkast að samningi til að senda til lögmanns. Þá nefndi (E)frkvstj-skiparekst tiltekin atriði sem hann þyrfti að fá frá (E)frkvstj-alþjv og (E)forstö-alþjv.⁵⁶⁶⁹
10555. Þann 4. desember 2012 áttu yfirm-BWS og (E)frkvstj-alþjv í tölvupóstsamskiptum varðandi fyrirhugaðan fund.⁵⁶⁷⁰ Sama dag sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv. Sagðist stjórn-BWS hafa heyrt í frkvstj-BWS og allt góðar fréttir. Ætlaði hann að koma síðar með frekari upplýsingar. (E)frkvstj-alþjv svaraði tölvupósti stjórn-BWS sama dag. Þar kom fram að allt gengi samkvæmt áætlun.⁵⁶⁷¹ (E)frkvstj-alþjv o.fl. funduðu svo með BWS í Esbjerg eins og til stóð.
10556. Þann 8. desember 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 með heitinu „Costa“. Meðfylgjandi var glærukynning með heitinu „Project Costa status 31th oct 2012.pptx“.⁵⁶⁷²
10557. Sama kvöld sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-fjárm (afrit (E)frkvstj-alþjv) með heitinu „Confidential – Projects for 2013 to be presented to the board on Dec 11th 2012“. Var þar að finna skrá (E)forstj yfir verkefni helstu stjórnenda Eimskips á árinu 2013. Meðal atriða undir „Operation – (E)frkvstj-skiparekst“ var verkefnið „Ocean freight contracts with Alcoa The biggest threat to Eimskip and Samskip if goes away“ og undir „International – (E)frkvstj-alþjv“ var verkefnið „Smyril line Contract for 25 trailers“.⁵⁶⁷³
10558. Sama kvöld hittust starfsm-BWS, (E)frkvstj-alþjv, (S)forstj o.fl. heima hjá starfsm-BWS í svokallaðri „SINTERKLAAS FEEST“.⁵⁶⁷⁴
10559. Siglingakerfi voru rædd á ný á stjórnarfundum Samskipa þann 11. desember 2012, sbr. eftirfarandi bókun í fundargerð: „[(S)forstj] upplýsti um stöðu mála varðandi þróun á siglingakerfi eftir að samstarfi við Alcoa lýkur, sem verður í lok febrúar mánaðar 2013. Eins og áður hefur verið kynnt, þá er hugmyndin

⁵⁶⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.870645. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.870650. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.870851. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.872432. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.871299.

⁵⁶⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.873706. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.875522.

⁵⁶⁶⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.875522.

⁵⁶⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.876025.

⁵⁶⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.876447.

⁵⁶⁷⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.877937.

⁵⁶⁷¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.878071.

⁵⁶⁷² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.634041.

⁵⁶⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.879805.

⁵⁶⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.854468.



að reka 3ja skipa kerfi fyrst um sinn, þeas ARN/HEG á núverandi rútu, og þriðja skipið á rútu milli Reykjavíkur, Bíldudals, Ísafjarðar, Akureyri, Reyðarfjarðar, Kollafjarðar, Immingham og Rotterdam, og þaðan til Reykjavíkur. Þegar innflutningur fer vaxandi, að bæta þá við fjórða skipinu, í apríl 2014. Í áætlun fyrir árið 2013 er búið að gera ráð fyrir þriðja skipinu, frá og með 1 mars 2013.[...]"

10560. Sama dag var haldinn fundur hjá stjórn Eimskips. Í gögnum tengdum fundinum um fjárhagsáætlun 2013 kemur m.a. fram að ætlunin væri að hætta rekstri skipsins Tetuan í Færeyjum og kaupa slott í Smyril Line. Þá kom fram að Eimskip myndi halda hafnarþjónustu fyrir Alcoa en væntanlega missa önnur viðskipti við Alcoa.⁵⁶⁷⁵
10561. Þann 13. desember 2012 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv. Sagðist hann hafa fengið mjög hvetjandi tölvupóst frá frkvstj-BWS og yfirm-BWS. Jafnframt sagði: „*things finally seems to be going towards a conclusion and a start early in 2013. [...] No doubt you will get the last bits in order. Obviously important in the application to the Competition Authorities – which I understand will take place now – that competition is maintained absolutely, the regularity to the benefit of the customers maintained – the alternative is worse – and it is a good feature in the agreement that the possibility exists to buy extra slots if required, so that there is an absolute lock-up position*“⁵⁶⁷⁶ Þann 17. desember 2012 sendi (E)frkvstj-alþjsv svar til stjórn-BWS og sagði m.a. að til stæði að tilkynna um samninginn við BWS til samkeppnisyfirvalda í Færeyjum.⁵⁶⁷⁷
10562. Þann 19. desember 2012 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv. Þar komu m.a. fram upplýsingar um stöðuna varðandi samkomulag Smyril og BWS. (E)frkvstj-alþjsv svaraði stjórn-BWS sama dag: „*[...] nothing new in the process as far as I know. I know that the ferry got the contract like [yfirm-BWS] told me. I also have heard that the ferry was not always happy with the wording in the contract [...]. If the reviewed contract has been sen[t] to BWS I don't know. The concern in this process is following: 1) Such wording to and from can take short time and also long time, lets hope the first one, but in my mind we are already in the X-mas and likley not to be finalized until early Jan 2) Faroe Ship need to see the contract after that, and likley with come comments, but hopefully not time consuming 3) After this we need to file this to competition authorities in FO, like you said hopefully doesn't take too long time, [...] 4) After getting green light Faroe Ship can begin to commit in equipments etc that is needed, and we know some of these issues have waiting time. Hopefully this doesn't take too long time, so far it is two weeks since I was in Esbjerg, and the contract has not made one round yet between parties but lets hope that this will take shorter time after that.*“⁵⁶⁷⁸
10563. Þann 27. desember 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín. Þar á lista voru m.a. „*Alcan rúta löglegt setið, Skoða thorship*“ og „*Smyrill stækkar.*“⁵⁶⁷⁹ Daginn eftir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-MCL varðandi mögulegt samstarf við Thorship/IceNor: „*The joint venture of NedNor and Thorship, named IceNor, will take over the Alcoa contract as of 1st of March 2013. They will operate four 10,500 dwt vessels, on a route from Mosjoen in Norway to Rotterdam, from there to Reydarfjordur, and from there back to Rotterdam and thereafter back to Mosjoen, the roundtrip taking one month. Vessels are loaded with Alcoa cargoes as follows: Full vessels ex Mosjoen – annual volumes 400k tons, 200k to be discharged in Rotterdam and other 200k to be discharged in Reydarfjordur. So there will be some space from Rotterdam to Reydarfjordur, since no other cargo will be loaded in Rotterdam to Reydarfjordur.*“

⁵⁶⁷⁵ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent þann 01.12.2016. Fundargerð stjórnar Eimskips, dags. 11.12.2012, kl. 09:00. Fylgigagn við fundargerð frá stjórnarfundum.

⁵⁶⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.882347.

⁵⁶⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.883494.

⁵⁶⁷⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.885814.

⁵⁶⁷⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1088246.



*Full vessels es Reydarfjordur – annual volums close to 400k, all discharged in Rotterdam. There is therefore an empty leg from Rotterdam to Mosjoen. I met with the MD of Thorship/IceNor – he claims they will be calling ports on the way north from R'dam to Mosjen, having plenty space north bound, some limited space southbound. He mentioned they plan to call three ports beside Mosjoen. This might be of interest for the volumes you currently move with ECL? We might as well be able to do some interesting deals with him, ie move the Reydarfjordur – UK volumes on the Costa route we plan to operate, in turn he moving for us every other week ex Reydarfjordur to Rotterdam, so there might be interesting opportunities here. We will meet him again early Jan – learning more about their plans.*⁵⁶⁸⁰

20.9.12. Samantekt

10564. Áréttu ber að við heildarmat á framangreindum atvikum á árinu 2012 ber að horfa til allra þeirra beinu samskipta sem áttu sér stað milli Eimskips og Samskipa á því ári og tilgreind eru í yfirlitinu í kafla 13. Við mat á atvikum sem tengjast sérstaklega BWS ber að horfa til þess að starfsm-BWS hjá BWS (fyrrum stjórnandi hjá Eimskip) tilheyrði sama vinahópi og (S)forstj og (E)frkvstj-[alþjv](#) en þeir síðarnefndu sátu í „Nýtt upphaf“ vinnuhópnum.
10565. Markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins var m.a. að auka samstarf Eimskips og Samskipa í flutningum, skipulagi siglingakerfa og útflutningi á m.a. áli og fiski. Var tilgangur þessa m.a. að draga úr samkeppni og skapa skilyrði fyrir að hækka eða halda uppi verði.
10566. Í mgr. 1744-1754, 1757, 1759-1762, 1764-1768 og 1770-1779 í athugasemdum Samskipa við AII er að finna sjónarmið fyrirtækisins varðandi umfjöllum um atvik á árinu 2012. Samskip hafna því að fyrirtækið hafi átt í samráði við Eimskip.
10567. Að mati Samskipa voru viðræður Eimskips við BWS óviðkomandi Samskipum. Telja Samskip ljóst að efnisatriði viðræðnanna hafi ekki verið í þágu Samskipa. Stjórnendur Samskipa hafi einnig horft til BWS varðandi samstarf. Viðræðurnar hafi þó aldrei komist á neinn rexpöl. Hvort fyrirtækið fyrir sig hafi sýnilega verið að velta upp samstarfsmöguleikum við BWS til að styrkja eigin stöðu. Þá hafi samskipti Samskipa við BWS verið lögmæt þar sem báðum fyrirtækjum hafi verið heimilt að kanna hvort flötur væri á viðskiptum. Það hafi ekki gengið eftir.
10568. Ekki er unnt að fallast á þetta. BWS var sem áður segir keppinautur Eimskips og Samskipa í m.a. sjóflutningum til og frá Íslandi. Í samtímagögnum Samskipa og Eimskip kemur skýrt og ítrekað fram að samkeppnisleg ógn stafi frá BWS, ekki síst í útflutningi á fiski frá Íslandi og í innflutningi til Færeyja. Ber hér m.a. að rifja upp að það var beinlínis stefna hjá Samskipum að vinna gegn verðsamkeppni með því að „[s]þorna við innkomu Blue Water inn á markaðinn“, sbr. glærुकynning (S)forstö-útl 6. október 2011. Í áætlunum söludeildar áætlunarflutninga Eimskips (LIS) fyrir árið 2012 var rætt um að aukin ógn („increased threat“) stafaði frá BWS og að BWS væri „more aggressive“ í útflutningi á fiski frá Íslandi, sbr. umfjöllun hér að framan. Í glærुकynningu LIS deildar Eimskips (Vegvísir 2012) frá haustinu 2011 kemur fram að það hafi verið eitt meginmarkmið LIS á árinu 2012 að hækka verð í m.a. útflutningi og var spurt hvernig unnt væri að verjast samkeppni frá BWS. Í tölvupósti (E)forstö-[alþjv](#) 2. apríl 2012 kom fram að Eimskip væri ósátt við að BWS væri að lækka verð umtalsvert („dumping rates“) í útflutningi á fiski frá Íslandi.
10569. Samkvæmt framansögðu var það sameiginlegt hagsmunamál Samskipa og Eimskips að draga úr samkeppni frá BWS til að gera fyrirtækjunum auðveldara en ella að hækka verð eða vinna gegn lækkun á verði. Í þessu ljósi ber m.a. að virða áframhaldandi og nánast samhliða samskipti Eimskips, einkum af hálfu (E)frkvstj-[alþjv](#), og Samskipa, einkum af hálfu (S)forstj, við BWS á árinu 2012. Hið sama á við

⁵⁶⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1088996.



um nánast samhliða umfjöllun innan fyrirtækjanna þar sem vísað var til verkefna eða viðræðna sem tengdust BWS. Ber að virða þetta í samhengi við gögnin frá árunum á undan sem sýna hið sama.

10570. Í viðræðum Samskipa og Eimskips við BWS var rætt um atriði sem höfðu það að markmiði að raska samkeppni. Samskip lagði til við BWS að yfir vetrartímam myndi fyrirtækið hætta að bjóða upp á sjóflutninga til og frá Íslandi og að fyrirtækin myndu hafa samvinnu um útflutning frá Íslandi og Færeyjum með því að nýta sameiginlega flutningarými BWS frá Færeyjum, sbr. tölvupóst (S)forstj 20. janúar 2012. Eimskip ræddi við BWS um að takmarka flutningaframboð, m.a. með því að Eimskip myndi hætta nota skipið Blikur. Slíkt hefði verið til þess fallið að raska samkeppni bæði á Íslandi og í Færeyjum enda siglingakerfi þessara fyrirtækja samþætt báðum þessum mörkuðum, sbr. m.a. tölvupóst stjórn-BWS hjá BWS frá 17. febrúar 2012. Í samræmi við þetta kom fram í glærum Eimskips frá apríl 2012 að einn kostur við samstarf við BWS væri að útiloka flutningsgetu þessa keppinautar frá íslenska markaðnum.
10571. Er framangreint til stuðnings því að samhliða viðræður annars vegar Eimskips og hins vegar Samskipa við BWS hafi verið hluti af aðgerðum hvors fyrirtækis fyrir sig til að takmarka samkeppni á markaðnum í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins og auðvelda þar með fyrirtækjunum að ná árangri í samráðinu.
10572. Thorship og IceNor voru einnig keppinautar Samskipa. Voru Samskip ítrekað með til skoðunar samstarf við þessa keppinauta á árinu 2012, þ.e. að kaupa hluta af flutningaplássi þeirra. Ljóst er að afleiðing af slíku samstarfi hefði orðið takmörkun á flutningaframboði til og frá Íslandi.
10573. Samskip hafna því að óljósar hugmyndir innan fyrirtækisins um möguleg viðskipti við Thorship eða IceNor hafi haft það að markmiði að raska samkeppni. Aðeins hafi verið um að ræða hugmyndir á upphafsstigi sem ekkert hafi orðið úr. Hugleiðingar, hugmyndir og viðræður falli ekki undir 10. gr. samkeppnislaga.
10574. Á þetta er ekki unnt að fallast. Samstarf við smærri keppinauta eins og BWS, Thorship og IceNor var til þess fallið að draga úr samkeppni og auðvelda þar með Samskipum og Eimskip að ná árangri í því samráði sem fólst í „Nýtt upphaf“ verkefninu.
10575. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samskiptum sínum við BWS. Fyrirtækin voru keppinautar í flutningum til og frá Íslandi. Með vísan til þess sem fram kemur hér að framan er ljóst að fyrirtækin ræddu um viðkvæm samkeppnisleg málefni. Voru þessar viðræður til þess fallnar að raska samkeppni m.a. í flutningum til og frá Íslandi. Ekki er í ákvörðun þessari tekin afstaða til aðgerða BWS.
10576. Framangreind gögn gefa hins vegar til kynna að þegar Samskip hófu undirbúning að breytingu á siglingakerfi fyrirtækisins síðari hluta ársins 2012 megi merkja greinilegan mun á þeirri aðferðafræði sem notuð var þá og þeirri sem áður hafði verið notuð í tengslum við breytingar á siglingarkerfi fyrirtækisins á árinu 2008, en sú síðarnefnda var undirbúin m.a. í leynilegu samstarfi við Eimskip og var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna.
10577. Fjallað verður einnig um breytingar á siglingakerfum hjá Samskipum í umfjöllun um atvik á árinu 2013. Rétt er hins vegar að taka hér fram að samtímagögn sýna að við undirbúning á breytingum á siglingakerfum á árunum 2012-2013 lagði (S)forstj ítrekað áherslu á að gæta þyrfti leyndar um upplýsingar. Velti hann jafnframt ítrekað fyrir sér hvernig Eimskip myndi bregðast við breytingunum og hvaða áhrif þær myndu hafa á samkeppnina. Siglingakerfisbreytingarnar á árinu 2008 voru með öðrum brag. Þá gerðu stjórnendur Samskipa m.a. áætlanir um samstarf við Eimskip og að fyrirtækin skiptu á milli sín flutningum fyrir stóra viðskiptavinum. Ekki kom þá fram viðlíka ótti um leka á upplýsingum milli



fyrirtækjanna eða óvissa um viðbrögð Eimskips. Samanburður á aðdraganda breytinga á siglingakerfi á árunum 2008 og 2013 er því til enn frekari staðfestingar á hinu ólögmæta samráði sem átti sér stað milli Samskipa og Eimskips á árinu 2008. Atvik á seinni hluta ársins 2012 og á árinu 2013 gefa hins vegar til kynna að þá hafi dregið úr þunga samráðs fyrirtækjanna, sbr. nánari umfjöllun í kafla 21. Er þetta í samræmi við viðurkenningu Eimskips í sáttinni við Samkeppniseftirlitið.

10578. Á árinu 2012 unnu Samskip og Eimskip áfram að framgangi tilboða fyrirtækjanna í flutninga fyrir Alcoa. Leituðust bæði fyrirtækin við að tryggja að þeim tækist að endurnýja samninga sína við Alcoa en án árangurs, sbr. nánar hér á eftir. Samráð Eimskips og Samskip sem tengdist hafnarþjónustu í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði og flutningum fyrir Alcoa hélt hins vegar áfram út árið 2012.
10579. Á árinu 2012 áttu sér þannig stað tíð samskipti milli Eimskips og Samskipa m.a. varðandi samráð þeirra vegna hafnarþjónustu í Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði og lutu þau samskipti m.a. að endurnýjun á samkomulagi þeirra þar að lútandi.
10580. Í kafla 8 og 9 er fjallað um samráð Samskipa og Eimskips varðandi takmörkun á flutningsgetu á árinu 2008. Mikil samskipti voru milli stjórnenda Eimskips og Samskipa á þessum tíma. Undirbjó Eimskip það að annast hluta af útflutningi Samskipa á áli fyrir Alcoa, þ.e. flutninga sem að mati Samskipa féllu undir samning fyrirtækisins og Alcoa frá 2007, og gerði Alcoa tilboð um það efni. Var þetta hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Umfjöllun í kafla 14.36.3 sýnir að þetta samráð hafi komist til framkvæmda og Eimskip annast flutninga fyrir Alcoa sem samkvæmt framansögðu tilheyrðu Samskipum. Átti þessi flutningur Eimskips sér stað þangað til samningur Samskipa við Alcoa féll úr gildi á árinu 2013.
10581. Að öðru leyti vísar Samkeppniseftirlitið til umfjöllunar um sjónarmið Samskipa varðandi atvik á árinu 2012 í kafla 31.9.

20.10. Kloosterboer og Silver Green 2012 - 2013

10582. Í þessum kafla verður fjallað í tímaröð um atvik sem tengjast Silver Green og Kloosterboer á árunum 2012 og 2013.
10583. Við mat á atvikum í þessum kafla ber að hafa í huga samráð fyrirtækjanna við Kloosterboer og vegna Silver Green árin á undan auk annars samráðs sem átti sér stað á árunum 2012 og 2013. Vísast hér til umfjöllunar í ákvörðun þessari um annað samráð Samskipa og Eimskips á árunum 2012 og 2013.
10584. Einnig ber að hafa hliðsjón af þeim beinu samskiptum sem Samskip og Eimskip áttu í á þessum árum, sbr. kafla 13.

20.10.1. Silver Green á árunum 2012 og 2013

10585. Í kafla 20.4 hér að framan er lýst aðdraganda og stofnun Silver Green. Eftir að „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips hófst sneru Samskip/Silver Sea sér til Green Reefers. Viðræður um samstarf hófust og þær skiluðu árangri með stofnun Silver Green um mitt ár 2010, en það fyrirtæki var í jafnri eigu Silver Sea (Samskipa) og Green Reefers.
10586. Að mati Samkeppniseftirlitsins hafði það samstarf að markmiði að draga úr samkeppni og hækka flutningsgjöld á m.a. útfluttum frystum fiski frá Íslandi. Samkvæmt samtímagögnum Eimskips leiddi samstarf Silver Sea og Green Reefers til takmörkunar á samkeppni og var innan Eimskips fjallað með velþóknun um hina skertu samkeppni sem af samstarfinu leiddi. Sagði Eimskip að eftir stofnun Silver Green hefðu fyrirtækin betra „tak“ á markaðnum. Einnig sagði Eimskip að þetta hefði þegar haft þau áhrif að verð hefði hækkað og að gert væri ráð fyrir því að það myndi hækka enn frekar gagnvart



útflytjendum á frystum fiski frá Íslandi. Gefa gögnin til kynna að Eimskip hafi verið fylgjandi þessum aðgerðum Samskipa og viljað gæta sín á því að gera ekkert sem myndi auka samkeppni á þessu sviði.

10587. Gögn málsins sýna að starfsemi Silver Green var með óbreyttu sniði út rannsóknartímabilið og lengur. Breytingar urðu hins vegar á árinu 2016:

„Silver Sea Is Back! [...]

The company Silver Sea AS was established in 2000. The company is a leading owner and operator of reefer vessels for transportation of frozen fish mainly within Europe.

In 2010 Silver Sea joined forces with Green Reefers and established a joint venture named Silver Green AS.

*In 2016 Samskip replaced Green as 50% owner in the joint venture and we are now pleased to announce a new and enhanced cooperation to further develop our business in a strengthened Silver Sea.*⁵⁶⁸¹

10588. Í þessu máli er engin afstaða tekin til aðgerða Green Reefers. Það er aftur á móti niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með þeim aðgerðum sem fólust í stofnun Silver Green og síðan með aðild að rekstri þess fyrirtækis út rannsóknartímabilið. Sem fyrr segir er það einnig niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að þessar aðgerðir Samskipa hafi verið í samræmi eða til stuðnings við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips, þ.e. að takmarka samkeppni á markaðnum með samstarfi við keppinaut.

20.10.2. Hollensk samkeppnisyfirvöld gera húsleit hjá Kloosterboer

10589. Í upphafi árs 2012 fór (E)frkvstj-[albjsv](#) o.fl. að huga að endurnýjun á samningi Eimskips við Kloosterboer en 3. janúar 2012 sendi (E)forstö-[albjsv](#) tölvupóst til (E)frkvstj-[albjsv](#) þar sem fram kom að samningurinn við Kloosterboer rynni út í mars.⁵⁶⁸²

10590. Þann 6. janúar 2012 sendi (E)forstö-[albjsv](#) tölvupóst til (E)frkvstj-[albjsv](#). Meðfylgjandi var gærुकyning.⁵⁶⁸³ Þar kom m.a. fram að verið væri að vinna í nýjum samningi við Kloosterboer. Einnig kom fram að Blankendaal kæligeymslan væri möguleiki ef ætlunin væri að færa aðstöðuna en það gæti skapað „high turbulence between KLO and Eimskip“.

10591. Föstudagskvöldið 20. janúar 2012 sendi (S)frkvstj-[Frigo1](#) tölvupóst til (S)forstj með heitinu „Kloosterboer raided by authorities“:

„Heard confidentially that kloosterboer ijmuiden en vlissingen have been raided yesterday by the dutch competition authority. Large amounts of files seized apperantly in the daalimpex purchase, seems to have been a not so clean deal..... [...]“.

10592. (S)stjórnarm-[fjarmstj](#) sendi tölvupóst til (S)frkvstj-[MCL](#) og (S)forstj fyrir hádegi á laugardeginum og lagði til að þeir myndu heyrast á símafundi þann dag.⁵⁶⁸⁴ Má telja líklegt að ætlunin hafi verið að ræða húsleitina hjá Kloosterboer.

⁵⁶⁸¹ Aðgengilegt á eftirfarandi slóð:

<http://www.silversea.no/contentpg.aspx?zone=13&MenuNode=634909191879005738>.

⁵⁶⁸² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.676889.

⁵⁶⁸³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Corporate kynning alþjóðasvið.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.682379.

⁵⁶⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.964886.



10593. (S)forstj svaraði tölvupósti (S)frkvstj-Frigo1 þann 22. janúar 2012. Bað hann (S)frkvstj-Frigo1 um að láta sig vita ef hann heyrði meira um þetta.⁵⁶⁸⁵ Þann 25. janúar 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-MCL og lagði til símafund með (S)frkvstj-SIL1, (S)frkvstj-Frigo2 og (S)frkvstj-Frigo1 til að ræða Kloosterboer og önnur tengd atriði.⁵⁶⁸⁶
10594. Í kjölfar húsleitarinnar hjá Kloosterboer komu fram áhyggjur hjá Samskipum af samstarfinu við Kloosterboer en 30. janúar 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo2 og (S)frkvstj-Frigo1: „I hear from both of you that [(S)frkvstj-SIL1] is concerned about the co-operation with Kloosterboer. I think it is important that we map up the different activities we co-operate with them, being:
- Kboer storing at our Frigocare coldstore, [(S)frkvstj-Frigo1] what is their annual turnover at Frigo R'dam?
 - Kboer rents office facilities from us, [(S)frkvstj-Frigo1] what is the annual rent and length of agreement?
 - we ship volumes from Norway to Velsen and Ijmuiden – [(S)frkvstj-Frigo2] what were the volumes last year? just approx volumes/vessels - and what do you expect for this year? Is it better to co-operate and being able to ship volumes through Velsen/Ijmuiden than finding other alternatives like Bremerhaven? will they just hit us harder if we do so?
 - how many containers were shipped ex Holland from Norway last year? how many did KIF control versus Samskip Icepak? rough figures - and what to expect for this year.
- When received above from you guys - I will summarize in an e-mail and send to you for varification and then we send over to [(S)frkvstj-MCL] and [(S)frkvstj-SIL1] and discuss further with them.“⁵⁶⁸⁷
10595. Þrátt fyrir framangreindar áhyggjur af samstarfinu við Kloosterboer varð niðurstaðan sú að betra væri fyrir Samskip að halda samstarfinu áfram. Þann 31. janúar 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo2 (afrit til (S)frkvstj-Frigo1) þar sem sagði m.a.: „When having received the figures from [(S)frkvstj-Frigo1] - I will list up the partnership on Frigocare R'dam and the fact that partnership with Kloosterboer will always be a love and hate relationship, and even more to the hate.... and then explain that we can not easily produce our important cargo flows from norway to asia, unless we have them, and by being able to produce these volumes, it strengthens our postion in Norway and our abilities to produce good services/results in Norway, it is the same for Holland, ie if we need volumes in R'dam, we can route vessels to there, and we can even pick a vessel or two, that have suitable cargoes for R'dam for storage, if at a given time, in season, we are looking for that. It then by the end of the day gives Samskip Icepak as well sizable package, ie these 649 containers.“⁵⁶⁸⁸

20.10.3. Eimskip og Samskip halda áfram að ræða samstarfið og samkeppnina við Kloosterboer

10596. Þann 8. febrúar 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-MCL varðandi Kloosterboer: „We co-operate / compete with Kloosterboer in the different markets, a love and hate relationship, and more to the hate... [...] We were not able to achieve these volumes, unless this partnership with Kloosterboer is maintained - they would otherwise always go directly into the Norwegian market, with stronger approach than done today, since they anyway receive good portion of the volumes through our channels. Samskip Icepak is getting the greatest part of the forwarding volumes, ie 649 out of 849. [...] Kloosterboer group are then also important clients of Frigocare Rotterdam – [...] They as well rent office space from us and pay annually 100k for the office.“⁵⁶⁸⁹ Þá ætlaði (S)forstj að ræða við (S)frkvstj-MCL um Kloosterboer

⁵⁶⁸⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.964974.

⁵⁶⁸⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.966346.

⁵⁶⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.968850.

⁵⁶⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.969422.

⁵⁶⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.972880.



þann 10. febrúar 2012.⁵⁶⁹⁰ Samstarfið til Kloosterboer var einnig áfram til umræðu innan Samskipa í mars 2012.⁵⁶⁹¹

10597. Kloosterboer (Daalimpex) virðist hafa brotið samkomulagið við Eimskip um að láta viðskipti varðandi Noreg, Ísland og Færeyjar í friði en þann 2. apríl 2012 áframsendi (E)starfsm-Reefer tölvupóst milli Icelandic og Kloosterboer, m.a. varðandi mögulegan flutning með Kloosterboer, til (E)forstö-[alþjsv](#), (E)frkvstj-Holland og (E)frkvstj-[alþjsv](#): „*Pls see below. We received this email from Icelandic NO who bought capelin from Norway Pelagic. Despite what DPX [Daalimpex] promised, to leave NO/IS/FO alone for Eimskip, they are selling their service by promising discount when Kloosterboer Int Forwarding (KIF) is arranging the bookings to FE to minimize the loss for DPX???*”⁵⁶⁹²
10598. (E)starfsm-Reefer virðist hafa gripið strax til aðgerða gagnvart Kloosterboer því daginn eftir átti (E)starfsm-Reefer fund með stjórnandi1-Klooster hjá Kloosterboer þar sem m.a. var rætt um nýjan samning, samkeppnina og samstarfið. Eftir fundinn sendi (E)starfsm-Reefer tölvupóst til (E)frkvstj-Holland, (E)forstö-[alþjsv](#), (E)frkvstj-[alþjsv](#) og (E)frkvstj-ContainNo: „*Just met [Kloosterboer] here in the office. We discussed following: 1. [stjórnandi1-Klooster] announcing his trip to Iceland to visit the mackerel shippers who shipped their mackerel to Holland in side-door vessel last year. I strongly suggested him to contact EIM REY/(E)forstö-[alþjsv](#) as this can affect our liner operation, our core business! 2. Icelandic Norway/Modolf Sjoset capelin ex Norway. (see attached e-mail correspondence) DPX informed us that it was never their intention to by-pass Eimskip on the on-carriage of capelin ex Harlingen. We explained them that nevertheless them saying it was not intentional they did hurt our relation with Icelandic NO. [...] Secondly, by promising discount when using their daughter company KIF they are NOT neutral and their daughter company will charge the extra costs to the producer so one way or the producer is paying. This is just another example how [Kloosterboer] is difficult to "control". 3. Liner contract for handling the Eimskip-Ctg vessels. [...] May I suggest that everybody goes over this contract and we arrange a telephone conversation to discuss this new contract and options and formulate our point of view with regards to this contract and possible future cooperation?*”⁵⁶⁹³
10599. Þann 12. apríl 2012 sendi (E)starfsm-Reefer tölvupóst til stjórnandi1-Klooster og stjórnandi2-Klooster hjá Kloosterboer varðandi nýjan samning. Vísaði hann þar til fundarins þann 3. apríl 2012 auk þess sem vísað var til „*(gentlemen) agreements*” milli Eimskips og Kloosterboer. Vildi (E)starfsm-Reefer geta endurmetið samvinnuna í árslok 2013 með hliðsjón af því hvort báðir aðilar hefðu staðið við „*heiðursmanna samkomulagið*”. Tölvupósturinn var áframsendur til (E)frkvstj-[alþjsv](#), (E)forstö-[alþjsv](#), (E)frkvstj-ContainNo og (E)frkvstj-Holland.⁵⁶⁹⁴ Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að með umræddu samkomulagi sé átt við samkomulag um að láta viðskiptavinum hvors annars í friði.
10600. Samkeppnin og samstarfið við Kloosterboer var einnig til umræðu hjá Samskipum í apríl 2012.⁵⁶⁹⁵ (E)frkvstj-[alþjsv](#) átti fund með Kloosterboer (Kloosterb1) á sjávarútvegssýningunni í Brussel í lok apríl 2012.⁵⁶⁹⁶ Þann 14. maí 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín með heitinu „*ýmis mál*”. Þar á lista var „*Kloosterboer approach*”.⁵⁶⁹⁷
10601. Óánægja Eimskips með samkeppni frá Kloosterboer hélt áfram en 24. maí 2012 sendi (E)forstö-[alþjsv](#) tölvupóst til Kloosterb1 varðandi samninginn við Daalimpex. Þar nýtti hann tækifærið og sagði m.a. „*As*

⁵⁶⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.973647.

⁵⁶⁹¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Minutes from Board meeting 14th of March 2012 Signed.pdf*”. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.987471. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.985728.

⁵⁶⁹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.750934.

⁵⁶⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.751949.

⁵⁶⁹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.757027.

⁵⁶⁹⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1000598.

⁵⁶⁹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.782379.

⁵⁶⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1005482.



far as the general business goes, then I am personally annoyed about the cross sales of Kloosteboer, were your people are constantly promoting other functions of the klosteborer group, e.g. Coldstorage > Freight forwarding, this is direct competition with Eimskip. In my opinion, vertical sales are without a doubt an management order. I personally witnessed this in Brussels and must admit that I was very disappointed, especially when this took place after our short meeting. You might say one thing, but it is quite clear that your people have one agenda.” Kloosterb1 sendi tölvupóst til (E)forstö-alþjsv sama dag og kvaðst ekki vita hvað (E)forstö-alþjsv væri að vísa til og lagði til það þeir myndu ræða saman í síma. (E)forstö-alþjsv áframsendi tölvupóstsamskiptin til (E)frkvstj-alþjsv.⁵⁶⁹⁸

10602. Þann 18. júní 2012 sendi (E)starfsm-Reefer tölvupóst til stjórnandi1-Klooster hjá Kloosterboer (afrit til stjórnandi2-Klooster, Kloosterb1 og (E)forstö-alþjsv) með athugasemdum við samningsdrög frá 25. maí 2012. Þann 20. júní 2012 sendi stjórnandi2-Klooster tölvupóst til (E)starfsm-Reefer og stjórnandi1-Klooster (afrit til Kloosterb1, (E)forstö-alþjsv og (E)frkvstj-alþjsv). Lagði hann til að Eimskip og Kloosterboer ættu að auka enn frekar samstarf sitt („*further integrate our services*”) og vísaði m.a. til framangreinds fundar (E)frkvstj-alþjsv og Kloosterb1 í Brussel. (E)frkvstj-alþjsv sendi tölvupóst til (E)starfsm-Reefer og (E)forstö-alþjsv sama dag varðandi útspil Kloosterboer. Þar kom fram að hann ætlaði að hringja til Kloosterb1. Lagði hann til ákveðið útspil af hálfu Eimskips. (E)starfsm-Reefer sendi tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv og (E)forstö-alþjsv (afrit (E)frkvstj-Holland) sama dag. Taldi hann rétt að þeir færðu sig yfir til Blankendaal. Þetta myndi þó skapa einhvern óróa („*turbulence*”) eins og þeir vissu.⁵⁶⁹⁹
10603. Eimskip virðist þó ekki hafa snúið sér til Blankendaal því 1. júlí 2012 sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til Kloosterb1 (afrit (E)forstö-alþjsv, stjórnandi2-Klooster, (E)starfsm-Reefer og stjórnandi1-Klooster): „*Thanks for our phone conversation last Friday. I want to confirm following based on our conversation: [...] 2) Contract valid for 18 months (31st of December 2013) with option 2 years and 2 years or have it running, after the 18 months period. Both options are based on 6 months notice period 3) During pelagic seasons in Iceland, Faroe Islands or Norway it is important that Eimskip are having competitive rates and also we are offering same/lower as Daalimpex is offering. Eimskip is promoting Daalimpex services in these markets and therefor important to have special rates during such seasons. This is something that Daalimpex and Eimskip needs co-ordinated each time.*”⁵⁷⁰⁰
10604. Kloosterboer deildu húsnæði með Samskipum/Frigocare. Þann 10. júlí 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-MCL og (S)frkvstj-SIL1: „[...] we are about to start discussing with [Kloosterb4] re office and coldstorage rental agreement through Frigocare Rotterdam, the agreement coming to an end next year. If they proceed with Coolport project I expect they will no longer be located with their office at our coldstore. I dont know if they will focus on fish there, they have overcapacity for fish in their various coldstores throughtout Holland, but if so, that will be a tough direct competition with us. They continue to be our challenging [svo] competitor – and at the same time we cooperate through Ijmuiden/Velsen and Rotterdam.”⁵⁷⁰¹
10605. Þann 18. júlí 2012 sendi (E)starfsm-Reefer tölvupóst til stjórnandi2-Klooster (afrit til (E)frkvstj-alþjsv, (E)forstö-alþjsv, Kloosterb1 og stjórnandi1-Klooster) með undirrituðum samningi. Þar kom einnig fram að (E)starfsm-Reefer ætlaði að reyna að hitta stjórnandi1-Klooster fljótlega „*to discuss and create more business through our mutual product systems.*”⁵⁷⁰²

⁵⁶⁹⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.781248.

⁵⁶⁹⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.795122.

⁵⁷⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.800935.

⁵⁷⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1025713.

⁵⁷⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.807089. Meðfylgjandi var skjalið „Scan001.pdf”.



10606. Þann 14. ágúst 2012 sendi (S)frkvstj-Frigo2 tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-Frigo1 þar sem (S)frkvstj-Frigo2 m.a. kvartaði yfir því að Samskip væru að nýta frystigeymslur Kloosterboer. Sagði m.a.: „As we are working now, we give our competitors all information and know how on our way of working.“⁵⁷⁰³ Þann 22. ágúst 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo1 og (S)frkvstj-Frigo2 (afrit til (S)frkvstj-fjárm). Átti (S)frkvstj-Frigo1 að ræða við Kloosterb4 varðandi framlengingu á samstarfinu við Kloosterboer í Rotterdam. Taldi (S)forstj að meta þyrfti vandlega hvort framlengja ætti samstarfinu við Kloosterboer eða slíta því.⁵⁷⁰⁴ Þann 25. ágúst 2012 sendi (S)frkvstj-MCL tölvupóst til (S)frkvstj-SIL1 og (S)forstj varðandi mögulega nýja kæligeymslu Kloosterboer o.fl. í höfninni í Rotterdam.
10607. (S)forstj sendi tölvupóst til (S)frkvstj-MCL og (S)frkvstj-SIL1 (afrit til (S)starfsm) þann 27. ágúst 2012: „We will talk to [Kloosterb4] and challenge him further on where they are with regards to this project, and how they see the project, will this be a threat and competition to Frigocare Rotterdam etc do they want to stop the partnership with us, or are they wishing, as they have been stating upto now, to conclude a 4-5 year agreement on the storage and office rent in Frigocare. Will come back when learning more.“⁵⁷⁰⁵ Sama dag sendi (S)frkvstj-Frigo1 tölvupóst til (S)forstj og bað hann um að hringja þar sem hann hefði rætt ítarlega við Kloosterb4.⁵⁷⁰⁶
10608. Þann 30. ágúst 2012 sendi (S)frkvstj-Frigo1 tölvupóst til (S)forstj. Þar kom m.a. þetta fram: „[Kloosterb4] also indicated that he would like to prolong the current office rental contract and the rental agreement for chamber number one. Have indicated we are willing to think about this, but that we would also like to see some form of communication concerning do’s and don’ts between Kloosterboer and Frigocare/Samskip-Icepak, before we would enter in such an agreement. [...] Personally I would like to see at least Kloosterboer Forwarding leave the office. Traditionally Rotterdam cold storage is dominated by Forwarders/NVOCC and having a competitor (with a bad rep) in our own building does not help Frigocare as such and does possible damage to Samskip Icepak. [...] The downside of this is that we might go into tougher competition with Kloosterboer, although we are not free from that now. Agreed with [Kloosterb4] to talk again in a few weeks.“⁵⁷⁰⁷ Í tölvupóstinum var vísað til „do’s and don’ts between Kloosterboer and Frigocare/Samskip-Icepak“. Verður að telja líklegt að þarna sé átt við samkomulag milli fyrirtækjanna um að láta viðskiptavini hvors annars í friði. Voru þannig í gildi á árinu 2012 (líkt og árin á undan) samskonar samningar um markaðsskiptingu að þessu leyti milli annars vegar Samskipa og Kloosterboer og hins vegar Eimskips og Kloosterboer.
10609. Þann 11. september 2012 áframsendi HB Grandi tölvupóstsamskipti sín við Kloosterboer til Frigocare. Um var að ræða tilboð Kloosterboer í flutninga fyrir HB Granda (sem Samskip höfðu líka boðið í). (S)frkvstj-Frigo1 áframsendi tölvupóstsamskiptin til (S)forstj: „Please see below. This is exactly the reason why I suggested to remove KIF from the building... I feel this to be very intrusive towards the talks with Kloosterboer concerning our cooperation and given the deliberate messaging and childish display of our colleague and the position Kloosterboer has as tenant I see this as not constructive at all and underlining the problems we’ve had before with KIF.“⁵⁷⁰⁸ Verður að telja að (S)frkvstj-Frigo1 hafi verið ósáttur við tilboð Kloosterboer í flutninga HB Granda þar sem það samræmdist ekki samstarfi fyrirtækjanna.
10610. Í kjölfar samkeppninnar frá Kloosterboer fór Samskip, líkt og Eimskip, að hugsa um viðskipti við fyrirtækið Blaankendal en þann 18. september sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo1 (afrit til

⁵⁷⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1032096.

⁵⁷⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1034046.

⁵⁷⁰⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1034904.

⁵⁷⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1035004.

⁵⁷⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1035916.

⁵⁷⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1041294.



(S)frkvstj-Frigo2) varðandi fyrirhugaðan fund í Hollandi þar sem sagði m.a. „*Would be good to discuss blaankendal and kloosterboer*“,⁵⁷⁰⁹

10611. Þann 24. september 2012 sendi (S)frkvstj-Frigo2 tölvupóst til stjórnandi1-Klooster (afrit til BL og (S)frkvstj-Frigo1) þar sem fram kom að þeir væru einnig að nota Blankendaal, m.a. vegna þess að sumir viðskiptavinir vildu ekki vinna með Kloosterboer, en þeir hefðu ekki í hyggju að hætta að nota Kloosterboer. (S)frkvstj-Frigo1 áframsendi tölvupóstinn til (S)forstj sama dag.⁵⁷¹⁰ Tveimur dögum seinna sendi (S)frkvstj-Frigo2 tölvupóst til (S)forstj. Fram kemur að (S)frkvstj-Frigo2 sé að vinna með Blankendaal og Kloosterboer og þeir séu að skipta flutningunum eins og (S)frkvstj-Frigo2 vilji það. Þeir hafi allir samþykkt það og þetta sé „*on track*“. (S)forstj svarar tölvupóstinum: „*Very good. I think the main challenge here is to play it a bit diplomatic and somewhat being able to have things in such way that things are in good as long as we do it „my way“ (or actually your way)... you control the cargoes, but do it is smart / diplomatic manners.... The tougher we play, the tougher Kloosteboer will play against us – a certain balance/dancing is needed...*“.⁵⁷¹¹
10612. Þann 5. október 2012 sendi (S)frkvstj-Frigo2 tölvupóst til (S)forstj og lýsti yfir áhyggjum af mögulegri samkeppni frá Silver Green. (S)forstj sendi tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo2 sama dag. Taldi hann upplýsingarnar varðandi stöðuna hjá Silver Green ekki góðar fréttir. Jafnframt spurði hann hvernig samstarfið/samskiptin við Kloosterboer og Blaankendal gengju. (S)frkvstj-Frigo2 sendi tölvupóst til (S)forstj þar sem sagði m.a.: „*We are working with Daalimpex and Blankendaal and they are acting like idiots, still ok for us. We are not involved in the fight...we use booth...*“⁵⁷¹²
10613. Þann 9. október 2012 sendi (S)frkvstj-Frigo1 tölvupóst til Kloosterb4 (afrit til (S)forstj) þar sem hann óskaði eftir upplýsingum um mögulega framlengingu á samstarfinu í Rotterdam. Óskaði hann m.a. eftir upplýsingum um „*what would be the idea behind this cooperation from your perspective.*“ Þá óskaði hann eftir nánari upplýsingum um skilmála samkomulagsins sem Kloosterb4 hefði í huga. Kloosterb4 sendi tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo1 (afrit til (S)forstj) þann 15. október 2012. Fram kom að Kloosterb4 væri opinn fyrir langtíma samkomulagi (3-5 ár). Jafnframt kom fram að þeir væru a.m.k. til í sama skrifstofurými og kæligeymslurými. Sama dag sendi (S)forstj tölvupóst til Kloosterb4 og (S)frkvstj-Frigo1 og lagði til símafund til að ræða nánar.⁵⁷¹³ Var í kjölfarið ákveðinn símafundur milli Kloosterb4, (S)forstj og (S)frkvstj-Frigo1 þann 19. október 2012.⁵⁷¹⁴
10614. Þann 16. október 2012 sendi (S)frkvstj-Frigo1 tölvupóst til (S)forstj: „*With regards to my email yesterday on [Kloosterb1] comments here in the office, the problems [(S)frkvstj-Frigo2] has with Daalimpex/Kloosterboer at the moment and my problem concerning a ridiculous claim with KIF, I feel we should also include our comments/concerns about this to [Kloosterb4]. I sense a growing frustration between the two companies, which could lead us into a negative spiral. [...]*“.⁵⁷¹⁵ Þannig virðist sem vaxandi óánægju hafi gætt innan Samskipa með samstarfið/samkeppnina við Kloosterboer.
10615. Þann 22. október 2012 áttu (S)frkvstj-Frigo1, (S)forstj og Kloosterb4 bókaðan símafund til að ræða samstarfið við Kloosterboer.⁵⁷¹⁶ Þann 31. október 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo2 og spurði m.a. hvort það væru einhverjar fréttir af samstarfinu við „*Blaankendal/Kloosterboer*“. (S)frkvstj-

⁵⁷⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1045302.

⁵⁷¹⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1047144.

⁵⁷¹¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1048360.

⁵⁷¹² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1051864.

⁵⁷¹³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.1054777.

⁵⁷¹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1055023. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. Dagbók [...] „*símafundur með kloosterboer*“. [...] Doc. ID. 0.7.33.1054996.

⁵⁷¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1055194.

⁵⁷¹⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. Dagbók [...] „*Telephone conference kloosterboer / frigocare cooperation*“. [...] Doc. ID. 0.7.33.1057505.



Frigo2 svaraði (S)forstj sama dag. Þar kom fram að verið væri að nota bæði Blankendaal og Kloosterboer.⁵⁷¹⁷

10616. Þann 1. nóvember 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo1. Vísaði hann til símafundar deginum áður. Í tölvupóstinum kom m.a. fram að þeir þyrftu meðal annars að meta framtíðarsamstarfið við Kloosterboer og hvernig samvinnan ætti að vera við þá.⁵⁷¹⁸ Þann 7. nóvember 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)aðaleig-stjform-SH um m.a. Samskip Icepak. Þar kom fram að „aukið og bætt samstarf við samstarfsaðila, ss Silver Green, Kloosterboer, aðrar einingar innan Samskipa og fleiri félaga“ væru meðal ástæða fyrir betri árangri í starfsemi Frigocare Hollandi og Noregi.⁵⁷¹⁹ Með öðrum orðum hafði samvinna við þessa keppinauta bætt afkomu Samskipa.
10617. Þann 14. nóvember 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo1. Lagði hann til að þeir ræddu m.a. samstarfið við Kloosterboer á fundi daginn eftir.⁵⁷²⁰ Þann 27. nóvember 2012 sendi Kloosterb4 tölvupóst til (S)forstj (afrit til (S)frkvstj-Frigo1) varðandi samstarf fyrirtækjanna. Var í kjölfarið ákveðinn fundur í Rotterdam þann 13. desember 2012.⁵⁷²¹ Þann 13. desember voru (S)forstj og (S)frkvstj-Frigo1 í Rotterdam.⁵⁷²² Er líklegt að þeir hafi þá átt fund með Kloosterb4 eins og um hafði verið rætt.
10618. (S)frkvstj-Frigo1 hafði sent tölvupóst til (S)forstj og óskað eftir 2-3 40 feta gámum fyrir Kloosterboer sem áframsendi tölvupóstinn til (S)forstö-flutnstj. Þann 14. desember svaraði (S)forstö-flutnstj tölvupósti (S)frkvstj-Frigo1: „I will check the status. The equipment we are selling is in rather bad state... We do not like to sell reefers which we are using in our trade and are you willing to assist our former partners (current competitors)...“ (S)frkvstj-Frigo1 sendi tölvupóst til (S)forstö-flutnstj (afrit til (S)forstj) sama dag: „Yes I am willing to do so, simply because it buys us some time/goodwill whilst we think a bit longer on our future co-operation with Kloosterboer.“⁵⁷²³
10619. Stjórnendur Samskipa héldu áfram að velta fyrir sér samkeppninni og samstarfinu við Kloosterboer á árinu 2013. Þann 22. febrúar 2013 sendi Kloosterboer tölvupóst um „New logistic opportunities for veterinary products at Maasvlakte Rotterdam“. (S)frkvstj-Frigo1 áframsendi tölvupóstinn til (S)forstj og (S)frkvstj-Frigo2 sama dag: „FYI, the below email is sent by Kloosterboer to several of our clients... Surely we need to stay firm on our own beliefs and reconsider our alliance with them...“.⁵⁷²⁴ Þremur dögum seinna sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo1 með tillögu að dagskrá næsta stjórnarfundar. Átti þar m.a. að ræða „Co-operation Kloosterboer“.⁵⁷²⁵
10620. Í apríl 2013 voru (S)forstj og (S)frkvstj-Frigo1 enn að velta fyrir sér samstarfinu við Kloosterboer og hvaða strategíu ætti að nota.⁵⁷²⁶
10621. Þann 25. júní 2013 sendi (S)frkvstj-Frigo1 tölvupóst til (S)forstj: „Could you please make time in your next visit (week 28) for me and for meeting Kloosterboer, people are getting quite impatient there, we need to do something.“⁵⁷²⁷ Daginn eftir áframsendi (S)frkvstj-Frigo1 tölvupóst til (S)forstj sem hafði að geyma skype samtali milli (S)starfsm og (S)starfsm en þar kom fram að starfsm-Kloosterb frá

⁵⁷¹⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1062377.

⁵⁷¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1062577.

⁵⁷¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1064945.

⁵⁷²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1067103.

⁵⁷²¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1075212.

⁵⁷²² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1084308.

⁵⁷²³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1084738.

⁵⁷²⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1110140.

⁵⁷²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1110797.

⁵⁷²⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1124717. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1125859.

⁵⁷²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1137659.



Kloosterboer hafi verið að falast eftir flutningum tiltekins viðskiptavinar. Sagði eftirfarandi í tölvupósti (S)frkvstj-Frigo1: „We need to take a decision soon...“⁵⁷²⁸

10622. Í september 2013 ákváðu svo stjórnendur Samskipa að segja upp samningum við Kloosterboer. Þann 2. september 2013 áttu (S)frkvstj-Frigo1 og (S)forstj fund með Kloosterb3. Daginn eftir áttu (S)frkvstj-Frigo1 og (S)forstj í tölvupóstsamskiptum. Þar sagði m.a.: „As discussed yesterday, we will cancel all current arrangements with Kloosterboer, prior to starting new talks with them on the operational side for frozen storage.“ Þann 4. september 2013 sendi (S)stjórnarm-fjármstj tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo1 og (S)forstj. Meðfylgjandi var tilkynning um „Cancellation of office rent for Kloosterboer in Rotterdam – 4 September 2013“ sem átti að póstleggja sama dag.⁵⁷²⁹
10623. Frá og með þessum tímapunkti ætluðu Samskip sér að slíta á tengslin við Kloosterboer, a.m.k. að mestu.
10624. Uppsögn samninganna virðist hafa komið Kloosterboer á óvart en þann 12. september 2013 sendi Kloosterb4 tölvupóst til (S)frkvstj-Frigo1 og (S)forstj: „Received today your registered letter in which you announce to cancel the contract for the office and storage room as per april 2014. I am very surprised after our meeting last week. Besides the normal talks and NMA⁵⁷³⁰ investigation you mentioned the problem of a lack of storage in -18c and that [(S)frkvstj-Frigo1] and I would talk about a solution to use room 1 for -18c jointly. Also you would refer to the Coolport project. You both didn't mention a cancellation of the contract at all. I was under the impression that we had a good and open relationship and would have expected to discuss such an important issue in a meeting face to face. Obvious the impression of a good relationship seems to be wrong and you can imagine I am dissappointed in your behaviour; not in your decision.“
10625. Í kjölfarið áttu sér stað frekari samskipti milli Samskipa og Kloosterboer þar sem rætt var um möguleika á áframhaldandi samstarfi. Samkeppniseftirlitið hefur hins vegar ekki upplýsingar um hver niðurstaðan varð af þeim viðræðum um framtíðar samvinnu Samskipa við Kloosterboer.

20.10.4. Niðurstaða hollenskra samkeppnisyrivalda um ólögmeitt samráð Samskipa, Eimskips og Kloosterboer

10626. Eins og lýst er í kafla 7.5.1 komust hollensk samkeppnisyrivöld í mars 2016 að þeirri niðurstöðu að m.a. Eimskip, Samskip og Kloosterboer hefðu átt í samráði á hollenska frystigeymslumarkaðnum á árunum 2006 - 2009.
10627. Í fréttatilkynningu hollenska eftirlitsins frá 23. mars 2016 segir um þetta:

„The Netherlands Authority for Consumers and Markets (ACM) has imposed fines, totaling almost EUR 12.5 million, in three cases on four companies in the cold storage industry (freezing and refrigerated storage). Five executives each received personal fines, the highest of which was EUR 144,000. Between 2006 and 2009, the companies involved were holding merger talks, but, in those talks, they made arrangements about prices, exchanged competition-sensitive information, and shared customers among each other. As a result thereof, competition in the cold-storage market has been seriously impeded.

Chris Fonteijn, Chairman of the Board of ACM, adds: „These companies made illegal agreements, and thus distorted competition. Competition is necessary for producing competitive prices, better quality, and innovation in markets. Cartels are simply not allowed. One company fully cooperated with the

⁵⁷²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1137956.

⁵⁷²⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Meðfylgjandi var skjalið „Cancellation of office rent for Kloosterboer in Rotterdam - 4 September 2013.pdf“. Doc. ID. 0.7.33.1151144.

⁵⁷³⁰ Hollensk samkeppnisyrivöld.



investigation, and will therefore see its fine reduced. During the investigations into the cold-storage market, two other companies also made promises to improve their behavior. With the fines and these promises, we wish to promote competition in this particular market."

Fine reduction in exchange for cooperation with investigation

The companies involved, Eimskip, Kloosbeheer⁵⁷³¹, Samskip and Van Bon (now H&S Coldstores) have each been imposed fines between EUR 450,000 euro and EUR 9.6 million. These four companies are a vital link in our economy in the port and transportation sector.

Kloosbeheer has admitted to its mistakes, and has cooperated with ACM's investigation since the dawn raid. Because of this increased level of cooperation, its fine has been reduced by 10 percent. In the period under investigation, Kloosbeheer was holding merger talks. Kloosbeheer has admitted that it had been 'too open too soon,' and that competition rules can also be violated when exchanging information during merger talks. ACM has observed that Kloosbeheer has implemented structural changes to its corporate culture and structure in order to prevent violations in the future.

Frequent contact between competitors

Between 2006 and 2009, the companies that have been fined distorted competition in various ways. Anticompetitive arrangements have been discovered in various emails. Competition-sensitive information was frequently exchanged. For example, the managers informed each other about the price for food storage. They also told each other the current utilization rates of their storage facilities, and thus whether or not they were looking for jobs. Sometimes they made arrangements about who would get which customer or about what price increase would be passed on. Also, arrangements were made about bids to potential clients, which meant that it was clear in advance who would get the job."⁵⁷³²

10628. Fyrir liggur að Eimskip áfrýjaði ekki niðurstöðu hollenskra samkeppnisyfirvalda.

10629. Samskip skaut hins vegar þessari ákvörðun til dómstóla. Þann 12. apríl 2018 felldi héraðsdómurinn í Rotterdam sekt Samskipa niður sökum formannmarka. Taldi dómstóllinn að frestur til að leggja á sekt samkvæmt hollenskum lögum hafi verið runninn út þegar sektin var lögð á. Hollenska samkeppniseftirlitið áfrýjaði þeim dómi. Þann 14. janúar 2020 felldi áfrýjunardómstóll dóm héraðsdóms úr gildi og vísaði málinu til nýrrar efnismeðferðar hjá honum. Í júlí 2022 staðfesti héraðsdómur niðurstöðu hollenska samkeppniseftirlitsins um þátttöku Samskipa í þessu ólögmeta samráði og að álögð sekt hafi verið hæfileg í ljósi þess að brot Samskipa voru alvarleg, sbr. kafla 7.5.1.

20.10.5. Samantekt

10630. Af þeim samtímagögnum sem að framan er lýst verður ráðið að á árinu 2012 áttu sér stað samskipti á milli Samskipa og Kloosterboer þar sem hnykk var á því samkomulagi sem fyrirtækin höfðu gert sín á milli um að Kloosterboer myndi ekki reyna að ná viðskiptavinum Samskipa í viðskipti til sín. Af gögnunum verður jafnframt ráðið að hliðstætt samkomulag hafi gilt milli Eimskips og Kloosterboer. Þrátt fyrir að hollensk samkeppnisyfirvöld hafi tekið starfsemi Kloosterboer til rannsóknar í kjölfar húsleitar hjá fyrirtækinu í ársbyrjun 2012 leituðu Samskip og Eimskip áfram eftir því að Kloosterboer virti þá markaðsskiptingu sem fyrirtækin töldu sig hafa gert samkomulag um.

10631. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi í samskiptum sínum við Kloosterboer á árunum 2012 og 2013 meðal annars reynt að draga úr samkeppni í flutningi á

⁵⁷³¹ Eignarhaldsfélag Kloosterboerfjölskyldunnar.

⁵⁷³² Sjá kafla 7.5.1.



sjávarafurðum frá Íslandi. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskipti Samskipa við Kloosterboer hafi ekki samræmst 10. gr. samkeppnislaga. Sem fyrr segir er í ákvörðun þessari ekki tekin afstaða til lögmætis aðgerða Kloosterboer.

10632. Sem fyrr segir voru einnig fyrir hendi brot vegna Silver Green á árunum 2012 og 2013.
10633. Í mgr. 1803-1806, 1808-1813 í athugasemdum Samskipa við AII er að finna sjónarmið fyrirtækisins varðandi umfjöllum um atvik tengd Kloosterboer og Silver Green á árunum 2012-2013.
10634. Að mati Samskipa er eingöngu ætlað samráð fyrirtækisins og Eimskips til rannsóknar í þessu máli. Telja Samskip ekki forsendur til að komast að niðurstöðu varðandi ætluð brot þeirra fyrirtækja sem komu að stofnun Silver Green. Þá hafi Samkeppniseftirlitið ekki lögsögu í máli sem lúti að ætluðum brotum Samskipa, Silver Sea og Silver Green.
10635. Að mati Samskipa voru viðskiptin við Kloosterboer ekki andstæð samkeppnislögum. Telja Samskip að Samkeppniseftirlitið hafi ekki lögsögu í máli sem lúti að ætluðum brotum Frigocare eða Kloosterboer. Þá telja Samskip að rannsóknin geti ekki beinst að ætluðu samráði við Kloosterboer þar sem fyrirtækið sé ekki aðili að málinu.
10636. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á framangreint sbr. umfjöllun í kafla 31.10 þar sem fjallað er um sjónarmið Samskipa.

20.11. Breytingar á siglingakerfum á árinu 2013

10637. Áður en gerð verður frekari grein fyrir atvikum tengd flutningi á áli og fiski og breytingum á siglingakerfum á árinu 2013 er gagnlegt að rifja upp helstu breytingar sem Samskip og Eimskip höfðu gert á siglingakerfum sínum til og frá Íslandi fram til ársins 2013.

20.11.1. Þróun siglingakerfa Eimskips og Samskipa fram til ársins 2013

10638. Í kafla 6.2 er gerð grein fyrir siglingakerfum fyrirtækjanna við upphaf rannsóknartímabilsins. Í köflum 8 og 9 er síðan lýst þeim umfangsmiklu breytingum sem fyrirtækin gerðu á siglingakerfum sínum í kjölfar „Nýtt upphaf“ verkefnisins í júní 2008.
10639. Í ársbyrjun 2008 annaðist Eimskip gámaflutninga á áætlunarleiðum til og frá Íslandi á eftirtöldum fjórum leiðum:
- Norðurleið.* 2 skip. Siglingaleið: Grundartangi, Reykjavík, Þórshöfn (FO), Rotterdam (NL), Hamborg (DE), Aarhus (DK), Þórshöfn (FO) og Reykjavík.
- Suðurleið.* 2 skip. Siglingaleið: Straumsvík⁵⁷³³, Reykjavík, Vestmannaeyjar, Immingham (GB), Rotterdam (NL), Immingham (GB) og Reykjavík.
- Austurleið.* 2 skip. Siglingaleið: Reykjavík, Reyðarfjörður, Þórshöfn (FO), Immingham (GB), Aarhus (DK), Gautaborg (SE), Fredrikstad (NO), Þórshöfn (FO) og Reykjavík.
- Ameríkuleið.* 2 skip. Siglingaleið: Reykjavík, Argentia (CA), Halifax (CA), Everett (US), Richmond (US), Argentia (CA), (St. Anthony (CA)) og Reykjavík.⁵⁷³⁴
10640. Á sama tíma önnuðust Samskip gámaflutninga á áætlunarleiðum til og frá Íslandi á tveimur leiðum:

⁵⁷³³ Viðkomum í Straumsvík hætt í júní 2008.

⁵⁷³⁴ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 01.12.2016, 28.04.2017 og 08.05.2017.



Leið 1. 2 skip. Siglingaleið (vikulegar viðkomur): Reykjavík, Grundartangi⁵⁷³⁵, Reykjavík, Vestmannaeyjar, Immingham (GB), Rotterdam (NL), Cuxhaven (DE), Varberg (SE), Aarhus (DK), Kollafjörður (FO) og Reykjavík.

Leið 2. 2 skip. Siglingaleið (vikulegar viðkomur): Reykjavík, Grundartangi, Reykjavík, Reyðarfjörður, Kollafjörður (FO), Immingham (GB), Rotterdam (NL) og Reykjavík.⁵⁷³⁶

10641. Hjá Eimskip fólust breytingarnar m.a. í því að í ágúst 2008 var viðkomum á Íslandi á Austurleið hætt og flutningsgeta til og frá Íslandi þannig dregin saman um tvö skip.⁵⁷³⁷ Á sama tíma voru nokkrar breytingar gerðar á viðkomum á Norður- og Suðurleið sem fólu m.a. í sér að Norðurleið hafði viðkomu á Reyðarfirði á útleið og sinni þá m.a. útflutningi á áli Alcoa frá Reyðarfirði til Rotterdam, að því marki sem Samskip náðu ekki að mæta flutningsþörf álversins. Í nóvember 2008 var flutningsgeta á Ameríkuleið einnig dregin saman með því að taka úr rekstri annað af tveimur skipum á þeirri leið.
10642. Hjá Samskipum fólust breytingarnar í því að í október 2008 ákvað fyrirtækið að fækka skipum á Leið 2 úr tveimur í eitt. Siglingaleiðin var auk þess einfölduð með því að skipið hætti viðkomum á SV-landi. Skipið var því í raun helgað flutningum fyrir Alcoa og sigldi á 10,5 daga fresti (í stað vikufresti tveggja skipa áður) frá Reyðarfirði til Færeyja, Bretlands og Hollands.
10643. Framangreindar breytingar á síðari hluta ársins 2008 voru í samræmi við meginmarkmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins um aukið samstarf Samskipa og Eimskips. Fyrirtækin drógu þá verulega úr framboði á sjóflutningum og höfðu samráð í tengslum við breytingar sem þau gerðu á siglingakerfum sínum og samnýtingu þeirra. Þá höfðu fyrirtækin með sér samráð um að forðast að keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars og í því skyni að bregðast við þeim áskorunum sem minni siglingakerfi höfðu í för með sér. Á þessum grundvelli gátu fyrirtækin bæði varist verðlækkunum og skapað möguleika og aðstæður til verðhækkana á sjóflutningum til og frá Íslandi ásamt því að taka upp nýja tekjuliði þeim tengdum, eins og raunin varð á.
10644. Á árinu 2009 gerði Eimskip minni háttar breytingar á siglingakerfi sínu varðandi viðkomur á Suðurleið og Norðurleið, en flutningsgeta þess var aftur á móti óbreytt. Engar breytingar voru gerðar á árinu 2010.
10645. Á Ameríkuleið Eimskips var viðkomu í Richmond hætt í febrúar 2011 en þess í stað siglt til Norfolk. Þýðingarmesta breytingin það árið fólst þó í því að í júní var einu skipi bætt við á Ameríkuleið og sigldu þá tvö skip á þeirri leið. Annað skipið sigldi frá Norfolk og um fleiri hafnir á austurströnd Norður-Ameríku með viðkomu í Reykjavík og síðan til Sortland í Norður-Noregi. Auk þess voru gerðar nokkrar breytingar á viðkomuhöfnum á Suðurleið, Norðurleið og Austurleið Eimskips.
10646. Á árinu 2012 voru ýmsar breytingar í undirbúningi eða til skoðunar hjá Eimskip, en engar breytingar þó gerðar á siglingakerfi fyrirtækisins það árið. Það var ekki fyrr en í mars 2013 að umtalsverðar breytingar voru gerðar, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.
10647. Eftir þá miklu breytingu sem Samskip gerðu á siglingakerfi sínu í lok október 2008, með því að taka úr rekstri annað af tveimur skipum á Leið 2, fella brott viðkomu á þeirri siglingaleið á SV-landi og sigla á 10,5 daga fresti frá Reyðarfirði til Rotterdam í stað vikulega áður gerðu Samskip aðeins óverulegar breytingar á siglingakerfi sínu til og frá Íslandi á árunum 2009-2012.⁵⁷³⁸ Eins og áður hefur komið fram

⁵⁷³⁵ Á árunum 2007-2008 var það misjafnt hvort skip af Leið 1 eða Leið 2 færi á Grundartanga.

⁵⁷³⁶ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 22.11.2016. Í apríl 2008 var skipum sem sigldu á þessari leið skipt út fyrir stærri skip.

⁵⁷³⁷ Austurleið Eimskips var tekin upp í ársbyrjun 2008 með tveimur skipum sem sigldu milli Íslands, Færeyja, Bretlands, Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs. Í ágúst 2008 var rekstri annars skipsins hætt, en hitt skipið sigldi ekki lengur til Íslands heldur aðeins milli Færeyja, Bretlands og Danmerkur. Gagnvart Íslandi var flutningsgeta því minnkuð um tvö skip.

⁵⁷³⁸ Meðal annars voru gerðar breytingar á skipakosti á álrútu (Leið 2), án þess að breyting væri gerð á leiðakerfi.



var þó í framhaldi af útboði Alcoa á flutningaviðskiptum, sem efnt var til haustið 2011, unnið að því á vegum Samskipa að endurmeta siglingakerfi fyrirtækisins í ljósi breyttra aðstæðna. Flutningasamningur Samskipa við Alcoa var þó framlengdur til mars 2013 og komu breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins því ekki til framkvæmda fyrr en í þeim mánuði, sbr. nánar hér á eftir.

10648. Það er fullkomlega eðlilegt og sjálfsgagt að flutningsaðilar lagi rekstur sinn og uppbyggingu að aðstæðum á hverjum tíma og aðlagi t.d. áætlunar- og siglingakerfi sín með þeim hætti sem hvert fyrirtæki telur hagkvæmast á hverjum tíma. Er þetta sambærilegt við það að framleiðslufyrirtæki lagar húsnæði, vélar og búnað að stöðu eftirspurnar og framboðs á hverjum tíma. Slíkt varðar ekki við samkeppnislög svo fremi að virtar séu kröfur laganna um að hvert fyrirtæki undirbúi og geri slíkar breytingar á sínum eigin rekstrarlegu forsendum, sjálfstætt og án allra samskipta við keppinauta.
10649. Í mars 2013 gerðu Samskip og Eimskip breytingar siglingakerfum sínum en ytri aðstæður fyrirtækjanna voru að breytast á árunum 2011-2013. Eftir afar mikinn efnahagssamdrátt á árunum 2009-2010 tóku aðstæður í íslenskum þjóðarbúskap að snúast til hins betra á árinu 2011. Þótt efnahagsbatinn væri fyrst í stað sveiflukenndur og óviss, dró hratt úr verðbólgu frá árinu 2011, aukið jafnvægi færðist í utanríkisviðskipti og á árinu 2012 bentu a.m.k. langtímahorfur til batnandi efnahags og vaxandi innflutnings.⁵⁷³⁹ Eftir því sem leið á árið 2012 jukust þó líkur á því að aðstæður Samskipa og Eimskips myndu breytast til hins verra að því leyti að við blasti að bæði fyrirtækin myndu á árinu 2013 tapa þeim umfangsmiklu flutningaviðskiptum sem þau höfðu haft við Alcoa. Með því að annað óskýlt fyrirtæki tæki yfir þau viðskipti má segja að umfram flutningsgeta hafi, að óbreyttum skipaflota, skapast einkum í útflutningi hjá báðum fyrirtækjum. Þá má hafa í huga að Eimskip hafi á þessum tíma samið um smíði á tveimur nýjum skipum og þurfti fyrirtækið því að horfa til þess að leiðakerfi þess hentaði stækkandi skipaflota.
10650. Annað sem áhrif gat haft á siglingakerfi Samskipa og Eimskips voru áform sem ríkisstjórnin hafði haft í undirbúningi allt frá árinu 2010 um að beita sér fyrir því að strandsiglingar yrðu hafnar á ný. Sýna samtímagögn að bæði Eimskip og Samskip hafi verið mótfallin því frumkvæði og hafi m.a. á vettvangi hagsmunasamtaka sem fyrirtækin eru aðilar að samræmt afstöðu sína um þetta efni.⁵⁷⁴⁰ Á hinn bóginn skapaðist vaxandi þrýstingur frá viðskiptavinum á landsbyggðinni, ekki síst útflytjendum, um að skipafélögin sinntu betur þörf þeirra fyrir flutninga og sigldu ekki t.d. framhjá Ísafirði eða Akureyri án þess að hafa þar viðkomu, sbr. nánar hér á eftir. Varð niðurstaða beggja fyrirtækja að aðlaga siglingakerfi sín með þeim hætti að taka m.a. upp strandsiglingar í tengslum við flutningaleiðir til Evrópu og Ameríku.
10651. Eftir áralöng samskipti við BWS og eftir atvikum Smyril Line taldi Eimskip í árslok 2012 mögulegt að ná samkomulagi við BWS um að taka yfir hluta af plássi BWS í Norrænu. Óleyst mál lutu þá einkum að kostnaði við hafnarvinnu auk þess sem Eimskip taldi þörf á að bíða eftir niðurstöðu færeyskra samkeppnisyfirvalda. Höfðu Samskip verið í samskiptum við BWS/Smyril um hið sama.
10652. Voru þessar ráðagerðir Samskipa og Eimskips samofnar vangaveltum þeirra um breytingar á siglingakerfum sínum. Var hvati fyrirtækjanna fyrir þess konar samkomulagi möguleikinn á að takmarka flutningsgetu á markaðnum og draga úr samkeppni í m.a. útflutningi á fiski frá Íslandi.

⁵⁷³⁹ Sjá t.d. skýrslur Seðlabanka Íslands um peningamál á árunum 2011-2013 og þjóðhagsspár Hagstofu Íslands á sama tíma.

⁵⁷⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.177984. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. Frá starfsmanni SVÞ til m.a. [...] Doc. ID. 0.7.33.786363. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Flutningatengd verkefni framtíðarinnar (2).docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. Frá [...] til forráðamanna SVÞ. „RE: *Punktur frá fundinum*“, dags. 15.02.2013, kl. 23:29. Doc. ID. 0.7.33.1060632. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] ID. 0.7.33.913337. Bréf SVÞ til innanríkisráðuneytisins, dags. 22.2.2012, er í fylgiskjali með tölvupóstinum. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.628090.



10653. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samkomulag við BWS hafi verið hluti af þeirri viðleitni fyrirtækjanna að takmarka samkeppni á markaðnum en það samræmdist markmiði „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Héldu samskipti fyrirtækjanna við BWS/Smyril áfram á árinu 2013 en breytingar á siglingakerfi Samskipa í mars 2013 leiddu til þess að áform Eimskips breyttust, sbr. nánar hér á eftir.

20.11.2. Atvik í janúar 2013

10654. Á stjórnarfundum Samskipa hf. 3. janúar 2013 var rætt um siglingakerfi með svipuðum hætti og áður.⁵⁷⁴¹ Meðal gagna frá fundinum er glærुकyning um „Project Costa“. Þar var fjallað um fyrirhugaða breytingu Samskipa á siglingakerfi sínu. Var þar að finna upplýsingar um þau skip sem Samskip töldu koma til álita til að þjóna nýrri áætlunarleið er kæmi í stað Leiðar 2. Þá var þar að finna eftirfarandi glæru um það hvernig Samskip mæti samkeppni og stöðu helstu keppinauta á þessum tíma. Einnig var vísað til mögulegs samstarfs við Thorship:

SAMSKIP	Costa
Competition	
New route for Alcoa	
<ul style="list-style-type: none">• Thorship/Nednor have chartered in four 10,500dwt Damen built vessels.• Sailing commences in March 2013.• Neither capacity nor time in schedule to service cargo in/out of Reykjavik area.• Samskip should look at possibilities of co-operation..	
Thorship with Alcan-route	
<ul style="list-style-type: none">• Thorship seems to have very favourable contract with Nednor, who are transporting for Alcan in Straumsvik.• Capacity around 150 teu in import.• Offering „low-cost“ solutions, resulting in pressure on market price.	
Schenker / Blue Water / Others	
<ul style="list-style-type: none">• Working together in Fornubudir.• Using Smyril to import/export cargo to/from Iceland.• Nesfrakt will be hauling their trailers.• Use air and Eimskip, to some extent, as well.• Subsidized transport with Smyril, during winter, resulting in pressure on market price.	
Eimskip	
<ul style="list-style-type: none">• Planning on stopping calling Norfolk, saving some USD 60th per voyage.• Gives slack to call Sortland with both vessels.	
Confidential – January 2013	10

10655. Í byrjun janúar 2013 skiptust stjórnendur Eimskips áfram á upplýsingum og skoðunum um málefni Alcoa. Gætti þar mikillar gremju í garð stjórnenda Alcoa og ótta um að engu verði breytt um áform Alcoa um að semja við nýjan aðila um flutningamál sín. Meðal annars kvaðst (E)forstj hafa sent stjórnanda hjá Alcoa fyrirspurn um það hvort Alcoa ætlaði ekki að fara að svara sér. (E)frkvstj-skiparekst kvaðst einnig hafa án árangurs reynt að ná í sama mann. (E)frkvstj-innanl upplýsti (E)forstj um stöðuna varðandi hafnarvinnu, en um það efni tók (E)forstj þetta fram: „Okkur liggur ekkert á (E)frkvstj-innanl

⁵⁷⁴¹ Afhent gögn frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 6. Fundargerð stjórnar Samskipa 03.01.2013.



– höfum í mörgu öðru að snúast en þessum samningaviðræðum ! Fádæma ókurteisi og "very un professional" vinnubrögð þeir[r]a eru þeim til skammar – öll okkar fjárfesting fer fyrir lítið. Þeir hafa ekki enn svarað mér neinu og ég er á því að þessar græjur okkar eigi heima annars staðar."⁵⁷⁴²

10656. Þann 10. janúar 2013 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín með heitinu „Nokkur mañ“. Á listanum var m.a. að finna „Blue water“.⁵⁷⁴³ Daginn eftir sendi (S)forstj tölvupóst til starfsm-BWS hjá BWS og vísaði til samtals við starfsm-BWS hjá sama fyrirtæki: „Understand from [starfsm-BWS] that you are here next week. We were not able to conclude on a partnership during last year. We might be interested purchasing slots to/from Iceland – the rates offered last year too high. Is it an idea to meet during your visit next week here in Iceland?“⁵⁷⁴⁴ starfsm-BWS sendi tölvupóst til (S)forstj þann 14. janúar 2013: „Sorry for not comming back to you earlier but guess you have spoken to [starfsm-BWS]? Are you available for a meeting on Friday morning?“ Var í kjölfarið ákveðið að halda fund föstudaginn 18. janúar 2013, kl. 10.⁵⁷⁴⁵ (S)frkvstj-millilandasv2 var einnig boðaður á fundinn.⁵⁷⁴⁶ Samningur við BWS um kaup Samskipa á flutningarými í Norrænu var því aftur kominn á dagskrá Samskipa.

10657. Þann 15. janúar 2013 sendi (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst til (E)forstj varðandi stöðuna á samningnum við BWS/Smyril: „Fórum til Helsingborgar til að fara yfir Fredrikstad - Helsingborgarmál. Yfirferð á texta á samningi er að mestu lokið en tók 8 klst í gær. Enn eru útistandandi mál sem ferjan og BWS verða að klára og fundurinn endaði ekki vinsamlega á milli þeirra í gær [...]. BWS kemur til baka eftir 2 daga á opin mál [...]“. (E)forstj sendi tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv stuttu síðar: „Ok Shaum Hvað setur“.⁵⁷⁴⁷

10658. Fyrir liggur að BWS eða Smyril sendu (E)frkvstj-alþjsv tölvupóst sem þeim hafði borist frá lögmanni. Þann 16. janúar 2013 sendi þannig lögmaður tölvupóst til [...] og yfirm-BWS (afrit til frkvstj-Smyril (Smyril)) með heitinu „Slot Charter Party“ varðandi nýjan samning Smyril og BWS. [...] sendi tölvupóst til lögmannsins og yfirm-BWS (afrit til frkvstj-Smyril) þann 18. janúar 2013. Þessi póstur var sendur til (E)frkvstj-alþjsv því hann áframsendi þessi tölvupóstsamskipti til stjórn-BWS hjá BWS sama dag: „With ref. to our phone conversation.“⁵⁷⁴⁸

10659. Þann 16. janúar 2013 áttu (S)frkvstj-millilandasv2, (S)forstj, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útf1 og (S)forstö-flutnstj fund undir heitinu „Costa – Frá öllum hliðum“.⁵⁷⁴⁹ Í fundarboðinu sagði: „Nú eru 49 dagar (7 vikur) þangað til Costa skipið kemur til RTM til þess að lesta innflutningsvöru til Íslands. Það styttist því óðfluga í að við hættum að flytja fyrir Alcoa og snúum Costa-rútuna í gang. Það er í mörg horn að líta fyrir þann tíma. Setjumst og ræðum frá öllum hliðum, svo sem:

- Síðast viðkoma El Toro á RFJ - flagga við skipseigandann og ná sem mest af gámum frá RFJ í síðustu ferðinni.

- Eimskip - væntanleg viðbrögð

- Viðskiptavinir - hverja ætlum við að nálgast og þá hvenær?

- Möguleikar á komandi loðnuvertíð.

- Færeyjar.

- Mun aukinn bílainnflutningur fyrir jóla og mikill sykurrinnflutningur um þessar mundir hafa áhrif á magn í innflutningi í vor.

- [...]

- Innflutningur - Innflutningur beint á strönd hjá núverandi viðskiptavinum og viðskiptavinum

⁵⁷⁴² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1041138.

⁵⁷⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1093048.

⁵⁷⁴⁴ [...] svaraði þar tölvupósti frá [...] til [...], dags. 07.09.2012, sbr. kafla 20.9.9.

⁵⁷⁴⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1094546.

⁵⁷⁴⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. Dagbók [...] „Blue Water – kaffispjall [...] Doc. ID. 0.7.33.1094541.

⁵⁷⁴⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1045081.

⁵⁷⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.899952.

⁵⁷⁴⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1094741.



Eimskips.

- Strandflutningur - Möguleikar / Verðlagning / etc.
- Landflutningar - ræða almennt tækifæri.
- Viðkomuhafnir - ræða við hafnarstjórnir og aðstaða á gámvöllum.
- Leikjafræðin - ræða magnið, viðskiptavinina, verðlagningu og það hvernig við og samkeppnin fótum okkur í breyttu mynstri.
- Other."

10660. Tölvupóstsamskipti BWS og Smyril við fyrrnefndan lögmann voru aftur áframsend til (E)frkvstj-alþjsv. Þann 23. janúar 2013 sendi lögmaðurinn tölvupóst til [...] (afrit frkvstj-Smyril) með heitinu „VS: Slot Charter Party“ varðandi nýjan samning Smyril og BWS. Þessi póstur barst (E)frkvstj-alþjsv, því daginn eftir sendi hann [...] athugasemdir um efni mögulegs „slot“ samnings Eimskips, BWS og Smyril Line. (E)frkvstj-alþjsv áframsendi tölvupóstsamskiptin til stjórn-BWS hjá BWS.⁵⁷⁵⁰
10661. Þann 27. janúar 2013 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín með heitinu „stjórnarfundur – ýmis mál“. Á listanum var m.a. að finna: „smyril og blue water þróun“ og „thorship ath fjármögnun“.⁵⁷⁵¹
10662. Síðla árs 2012 og í upphafi 2013 voru til skoðunar hjá Eimskip hugsanlegar breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins. Tengdust þær einkum siglingaleiðinni milli Norður-Ameríku, Íslands og Norður-Noregs (Sortland). Þann 28. janúar 2013 sendi (E)forstö-flutnstý tölvupóst til (E)frkvstj-skiparekst og (E)starfsm um „3 skip usa-strönd“. (E)frkvstj-skiparekst sendi þessar upplýsingar áfram til (E)forstj daginn eftir: „[(E)forstö-flutnstý] og [(E)starfsm] hafa verið að skoða möguleika á því að setja inn 3ja skipið á USA/CAN þannig að það skip og REY⁵⁷⁵² geti farið á ströndina hálfsmánaðarlega og SKO⁵⁷⁵³ verði áfram á Sortland. Meðfylgjandi er "draft" að slíkri áætlun.“
10663. (E)forstj svaraði sama dag: „Ok, gott mál þetta er það sem við töluðum um. Við töluðum líka um að skoða aðra kosti og vera [svo] saman

Var að skoða þetta og spyr mig eins og devils advocat:

1. Hvaða gagn er fyrir okkur af meiri afkastagetu á USA/CAN umfram þessi tvö skip sem við höfum – eins og staðan er í dag – gæti komið síðar
2. Hvaða business kemur til með að nota okkur í mánaðarlegum ferðum um landið

Hvernig væri að fara þessa leið til samanburðar:

1. REY-ISA-AKU-ESK-FAE-UK/SCO-REK eða eitthvað svipað
2. Hvað yrði hringferðartíminn?
3. Gætum þá náð ferkum [svo] fiski í tengingu við Færeyjar og ferjuna og BRU/SEL og önnur skip okkar með tengingu í Faereyjum
4. Etc etc“

10664. (E)forstj bætti þó við síðar sama dag: „Ok sorry guys – to[o] many e-mails to look at - my bad - ég sé það núna að tvö skip eru að fara landið, en sjáum hinn kostinn líka, hin halda sér og aðeins LITLI færi hringinn með annarskonar rútu um Evrópu svo við höfum valkosti til að móða úr.“⁵⁷⁵⁴ Þann 29. janúar 2013 sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-fjárm og afrit til annarra í framkvæmdastjórn Eimskips með

⁵⁷⁵⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.904371.

⁵⁷⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum [...] Doc. ID. 0.7.33.1098398.

⁵⁷⁵² Vísar væntanlega til skipsins Reykjafoss.

⁵⁷⁵³ Vísar væntanlega til skipsins Skógafoss.

⁵⁷⁵⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1053347 / 0.7.33.1053296.



verkefnalista fyrir árið 2013 (fyrsti ársfjórðungur) í viðhengi. Efst á verkefnalista (E)frkvstj-skiparekst var að finna þessi tvö verkefni:

- „Nýtt: REY-ISA-AKU-RFJ-THO-(RTM)-IMM-REY“⁵⁷⁵⁵
- *3ja skip á Ameríku með standsiglingum*“.⁵⁷⁵⁶

10665. Sama dag sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-fjárm með heitinu „Stærstu verkefnin“. Á listanum var m.a. að finna: „Smyrill“.⁵⁷⁵⁷ Sama dag sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín með heitinu „ýmis mál“. Á listanum var m.a. að finna: „smyril og blue water þróun“ og „thorship ath fjármögnun“.⁵⁷⁵⁸

10666. Í lok janúar 2013 varð það opinbert að Alcoa hefði samið við nýjan aðila um sjóflutningamál sín. Þar með varð ljóst að bæði Eimskip og Samskip höfðu tapað flutningasamningum sínum við Alcoa. Í samráði Eimskips og Samskipa fólst að Eimskip fluttu hluta af áli Alcoa frá Reyðarfirði til Rotterdam sem að mati Samskipa og Eimskips féll undir samning Samskipa og Alcoa. Með þessari breytingu lögðust einnig af þessir flutningar Eimskips auk þess sem Eimskip tapaði flutningum á rafskautum, skautleifum og ryki milli Mosjoen í Noregi og Reyðarfjarðar. Þann 31. janúar 2013 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)forstj og fleiri stjórnenda Eimskips um þetta efni: „Eftirfarandi er frétt, sem er mjög afbökud og þétt af rangfærslum, sem tekin er af bloggsíðu [...], en [(E)forstö-markaðs] benti mér á hana og MBL er á eftir honum með spurningar. [...]

Um er að ræða að við missum 220.000 tonn á ársgrundvelli (183.000 tonn í 10 mánuði 2013) og heildartekjur um USD 8,2 MIO á ársgrundvelli (USD 6,8 MIO í 10 mánuði 2013), en þessar tekjutölur eru settar fram í trúnaði og einungis til að við metum hvort ástæða sé til að tilkynna þetta sérstaklega og þá hvernig, því samningurinn er trúnaðarmál á milli Alcoa og Eimskips. Mig minnir að við höfum nefnt að þessi samningur væri laus frá síðustu áramótum í útboðslýsingunni.

þegar [(E)forstö-markaðs] fer að svara þessu þá minni ég okkur á eftirfarandi punkta:

Samskip hefur verið með flutningasamninginn við Alcoa um ál- og gjallflutningana (380.000 – 400.000 tonn á ársgrundvelli) frá Reyðarfirði til Rotterdam og Immingham, því sá samningur var við Samskip (ca. 380.000 – 400.000 tonn á ársgrundvelli) [...]

Flutningasamningur okkar við Alcoa er hins vegar um rafskautaflutninga frá Mosjoen, Noregi til Reyðarfjarðar og skautleifar og ryk frá Reyðarfirði til Mosjoen. Þessir flutningar hafa verið framkvæmdir með svokölluðu „dedicated“ skipi, sem hefur ekki komið á ætlunarkerfi Eimskips neitt við.

þurfum líka að koma því að að ThorShip er einungis umboðsmaður fyrir þau skip sem koma til með að þjónusta þessa flutninga og fyrirtækið sem er að fá flutningasamningana fyrir Alcoa hetir Cargow BV [...]

Hvað varðar „þessa arðvænu flutninga“ þurfum við að velta fyrir okkur og líka með þessa 40% lækkun sem Rio Tinto/Alcan hefur náð hér á markaðnum í innflutningi, en þeir selja flutningsrými til ThorShip.“⁵⁷⁵⁹

10667. Þessi tölvupóstur (E)frkvstj-skiparekst staðfestir að Eimskip leit svo á að allur útflutningur Alcoa á áli frá Reyðarfirði til Evrópu félli undir samning Samskipa við Alcoa. Sem fyrr segir fólst í samráði Eimskips og Samskipa að Eimskip fluttu hluta af því áli Alcoa til Rotterdam sem féll undir samning Samskipa og Alcoa

⁵⁷⁵⁵ Á verkefnalistanum er þetta verkefni skráð með rauðu lettri, e.t.v. vegna þess að því hafi verið bætt á listann.

⁵⁷⁵⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Verkefni ársins 2013-C - 1st quarter.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1053611.

⁵⁷⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1053614.

⁵⁷⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1101650.

⁵⁷⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1054217.



að mati bæði Samskipa og Eimskips. Átti þetta sér stað þar til samningur Samskipa við Alcoa rann sitt skeið á enda í mars 2013.

20.11.3. Atvik í febrúar 2013

10668. Þann 1. febrúar 2013 endursendi (S)forstj sér tölvupóstinn frá 29. janúar 2013 um Smyril/Blue Water og Thorship.⁵⁷⁶⁰
10669. Þann 7. febrúar 2013 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)forstj (afrit til (E)frkvstj-fjárm, (E)frkvstj-albjsv, (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-flutnstý, (E)deildstj-útf1 og (E)starfsm) með tillögu að nýrri siglingaleið („AKU - THO - SCH - AKU á vikuhring“). Þar sagði í byrjun: „Vísu til okkar fundar um daginn vegna skips á milli Færeyja og Scrabster“, en síðan fylgdi stutt minnisblað með hugmynd að nánari útfærslu á þessari flutningaleið. (E)forstj svaraði sama dag og sagði að þetta yrði skoðað þegar hann kæmi til landsins.⁵⁷⁶¹ Sama dag sendi [...] tölvupóst til lögmansins fyrrnefnda (afrit til frkvstj-BWS, yfirm-BWS, [...] og (E)frkvstj-albjsv) varðandi nýjan samning Smyril og Blue Water.⁵⁷⁶² (E)frkvstj-albjsv áframsendi tölvupóstinn til (E)frkvstj-skiparekst, (E)forstö-albjsv og (E)forstö-flutnstý daginn eftir og taldi viðræður ganga erfiðlega.⁵⁷⁶³
10670. Þann 10. febrúar 2013 sendi (S)forstj sjálfum sér tölvupóst til að minna sig á „ýmis mál“. Þar á meðal var þessi kafli um „Millilandasvið“:⁵⁷⁶⁴

Millilandasvið

-Usa rúta

-Costa undirbúningur (er hætta á leka – svar EI ?)

-samanburður Arn/Heg

-Vogabakki / Björgun

-e box

-kaup á skipum, staða almennt

-lækkun einingaverða á samkeppnina ? næstu bitar ?

10671. Eins og sjá má viku (S)forstj hér m.a. að þáttum er varða siglingakerfi Samskipa (þ.e. „Costa undirbúningur“ og „Usa rúta“). Í því sambandi er talað um „hættu á leka“ og svar eða viðbrögð EI, þ.e. Eimskips.
10672. Öruðugt er að ráða í merkingu þessa gagns, m.a. vegna þess að Samskip hafa ekki veitt Samkeppniseftirlitinu neinar upplýsingar um samskipti sín við Eimskip á þessum tíma. Þá hafa Eimskip og Samskip engar fundargerðir eða aðrar skriflegar upplýsingar getað veitt um fjölmarga fundi og tíð samskipti vegna samstarfs fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum og margvísleg önnur samskipti fyrirtækjanna. Forstjórar fyrirtækjanna, (E)forstj og (S)forstj, kannast ekki við að þeir, eða aðrir stjórnendur fyrirtækjanna, hafi átt í neinum samskiptum, ef undan eru skilin tilvik sem vörðuðu ekki viðskipti fyrirtækjanna, sbr. nánar m.a. í kafla 13. Það vekur þó athygli að (S)forstj veltir fyrir sér „hættu á leka“ væntanlega varðandi upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar Samskipa á siglingakerfi sínu og nefna Eimskip í því sambandi. Gagnlegt er að bera þessa stöðu saman við aðstæður á árinu 2008, þegar bæði fyrirtækin unnu mjög kappsamlega að undirbúningi á umfangsmiklum breytingum á siglingakerfum

⁵⁷⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1102794.

⁵⁷⁶¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1056563.

⁵⁷⁶² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.913536.

⁵⁷⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.914114.

⁵⁷⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1105540.



sínum, áttu mikil samskipti og skiptust á upplýsingum og tilboðum varðandi samstarf. Þar kom hvergi fram ótti (S)forstj um upplýsingaleka til Eimskips. Þvert á móti verður ráðið af samtímagögnum frá þeim tíma að fyrirtækin hafi skipst á upplýsingum um hinar fyrirhugaðar breytingar áður en ákvarðanir um þær voru teknar eða gerðar opinberar. Var þetta hluti af samráði fyrirtækjanna á þeim tíma.

10673. Í þessu gagni (S)forstj er einnig varpað fram spurningu um lækku einingaverða „á samkeppnina“ og „næstu bitar“. Með þessu átti (S)forstj væntanlega við hvort lækka ætti verð í því skyni að ná viðskiptum frá Eimskip. Er þetta í samræmi við önnur gögn frá árinu 2013 sem gefa til kynna að dregið hafi úr samráðinu, sbr. kafla 21.
10674. Samkvæmt framansögðu er ljóst að Samskip höfðu undir lok árs 2012 gert sér grein fyrir því að fyrirtækinu tækist ekki að endurnýja samning sinn við Alcoa um flutning á framleiðslu álversins til Rotterdam og myndu því tapa þeim viðskiptum. Þá voru einnig komnar fram tillögur hjá Samskipum um breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins sem fólu í sér að halda óbreyttri áætlun á Leið 1 með rekstri tveggja skipa, leggja af Leið 2 með flutninga frá Reyðarfirði um Færeyjar til Immingham og Rotterdam (þ.e. einkum flutningar fyrir Alcoa), en þróa þess í stað nýja flutningaleið með smærra skipi sem byggði á strandflutningum innanlands ásamt viðkomu í Færeyjum, Bretlandi og Hollandi (Rotterdam). Velti (S)forstj því fyrir sér hvort Samskip ættu að lækka verð í því skyni að ná til sín auknum flutningum.
10675. Á þessum sama tíma var á vegum Eimskips unnið að undirbúningi þess að færa aðalviðkomuhöfn fyrirtækisins í Bandaríkjunum frá Norfolk í Virginia til Portland í Maine. Var markmiðið með breytingunni einkum að stytta siglingatíma til og frá Bandaríkjunum og skapa færi á þjónustu í áætlunarflutningum á tveggja vikna fresti, sbr. fréttatilkynningu frá 11. febrúar 2013 undir fyrirsögninni "*Portland, Maine will replace Norfolk, Virginia as a port of call*", þar sem Eimskip tilkynnti um þessi áform, en þar sagði m.a.: „*Eimskip has decided to add Portland, Maine as a port of call in the end of March 2013, replacing the port in Norfolk, Virginia. The main objective of this change is to shorten transit time between North-America and Europe and to offer biweekly port calls. In 2011 Eimskip added a new route to its sailing system to connect North-America to the North of Norway. The market has embraced this new shipping route that has opened new markets for Eimskip customers in the North Atlantic.*“⁵⁷⁶⁵ Í fréttatilkynningu Eimskips mánuði síðar kom fram að framangreind breyting á viðkomuhöfnum í Bandaríkjunum myndi koma til framkvæmda í lok mars 2013.⁵⁷⁶⁶
10676. Varðandi breytingar Eimskips á siglingum til Bandaríkjanna skal minnt á að Samskip voru ekki með beinar siglingar til og frá Norður-Ameríku heldur keyptu slíka flutninga af Eimskip og endurseldu til viðskiptavina sinna. Var þetta hluti af ólögum samstarfi fyrirtækjanna. Auk þess buðu Samskip svonefnda TA („Transatlantic“) flutninga, þ.e. flutninga milli Íslands og Rotterdam með eigin skipum og þaðan til/frá Norður-Ameríku með öðrum skipafélögum.
10677. Þann 15. febrúar 2013 sendi (E)forstj tölvupóst til tveggja forráðamanna Samtaka verslunar- og þjónustu (SVÞ) með minnispunktum í fylgiskjali um "*Flutningatengd verkefni framtíðarinar.docx*", sem (E)forstj hafði tekið saman í framhaldi af fundi sem hann hafði átt með sömu aðilum. Minnisblaðið var í punktaformi í 14 köflum. Í kafla 4 var fjallað um strandflutninga og sagði þar:

a. *Strandflutningar er eitthvað sem hefur ekki verið arðvænlegt og var hætt árið 2004*

b. *Ljóst er að ekki er hægt að láta þetta standa undir sér nema með miklum ríkisstyrkjum.*

⁵⁷⁶⁵ Fréttatilkynning Eimskips frá 11. febrúar 2013, aðgengileg á slóð: <https://www.eimskip.com/about-eimskip/news/general-news/portland-maine-will-replace-norfolk-virginia-as-a-port-of-call/>.

⁵⁷⁶⁶ Fréttatilkynning Eimskips frá 11. mars 2013, aðgengileg á slóð: <https://www.eimskip.com/about-eimskip/news/general-news/eimskip-in-portland-press/>.



c. *Skoða þarf hvort þetta sé heimilt gagnvart Evrópusamþykktum og fara þarf aftur í gegnum þær vitlausu forsendur sem liggja að baki því að ákveðið var að fara í þetta eftir 8 ára hlé. Markaðurinn verður að ráða hér.*⁵⁷⁶⁷

10678. Ljóst er samkvæmt framansögðu að Eimskip taldi það ekki skynsamlegan eða arðvænlegan kost að taka á ný upp strandsiglingar, a.m.k. ekki með þeim hætti sem ríkisstjórnin á þessum tíma beitti sér fyrir og lagðist fyrirtækið því gegn því. Sama átti við um Samskip, sbr. m.a. upplýsingar að framan um samstarf Eimskips og Samskipa á vettvangi SVP um þetta mál og umsögn SVP frá 24. febrúar 2012 um tillögu starfshóps innanríkisráðherra um strandsiglingar.
10679. Á hinn bóginn bárust a.m.k. Eimskip á sama tíma beiðnir og áskoranir frá viðskiptavinum á landsbyggðinni um að sinna betur þjónustu við þá í sjóflutningum. Þann 18. febrúar 2013 fékk (E)forstj t.d. sendan tölvupóst frá forsvarsmanni Hraðfrystihússins Gunnvarar á Vestfjörðum þar sem sagði: „Sæll [(E)forstj], hér fyrir vestan er nokkur kurr í gangi vegna þess að menn hafa orðið þess varir að hér hefur skip frá ykkur farið hjá, væntanlega á leið frá Noregi til Ameríku með viðkomu í Reykjavík. Á sama tíma er verið að aka suður með fjölda gáma í veg fyrir skipið sem fara á til Ameríku, allir vita jú kostnaðinn við landflutningana og telja að þarna sé verið að sólunda fé. Er þetta eitthvað sem á við rök að styðjast?“ (E)forstj framsendi póstinn til (E)forstö-sölud og sagði: „Hringdu“.⁵⁷⁶⁸
10680. Sama dag framsendi (E)forstö-sölud til (E)forstj gögn þar sem hann í samskiptum við aðra stjórnendur Eimskips vísar til beiðni Vestfirðinga um bættu þjónustu og varpar fram þeirri spurningu hvað það myndi kosta Eimskip ef Skógarfoss hefði viðkomu á Ísafirði. Þar sagði m.a.: „Þurfum helst að fara vestur og fara yfir málin með þessum aðilum ... náði í [...] og en ekki í [...], á eftir að heyra í honum á eftir. Það var þungt hljóðið í [...] [...] og sagði m.a. að ef við viljum fá fiskinn frá þeim þurfum við einfaldlega að koma við þarna. Sem fyrsta skref held ég að það væri gott að fara til þeirra og fara yfir málin. Veit einnig af kurr í þeim hjá Gunnvöru.“ Í tölvupósti (E)forstö-sölud til (E)forstö-markaðs, þar sem framangreindum upplýsingum var miðlað, sagði m.a.: „Mátt hringja í mig þegar þú sérð þetta. Þarf að koma þér inn í málið en það varðar óskir (líklega frekar kröfur) Vestfirðinga um viðkom[u] okkar á Vestfjörðum [...]“.⁵⁷⁶⁹
10681. Samningur Eimskips við Alcoa um hafnarvinnu var endurnýjaður þann 20. febrúar 2013, samanber tölvupóst (E)frkvstj-innanl til (E)forstj um það efni. (E)forstj svaraði: „Gott mál – varnarsigur“.⁵⁷⁷⁰
10682. Þann 21. febrúar 2013 birtu Samskip fréttatilkynningu um að fyrirtækið myndi frá 18. mars 2013 hefja strandsiglingar á nýrri siglingaleið. Var fyrirsögn fréttatilkynningarinnar svohljóðandi: „Samskip brjóta blað í sjóflutningum af landsbyggðinni: Siglt frá Vestfjörðum og Norðurlandi beint til Bretlands og meginlandsins“. Í tilkynningunni sagði m.a. að flutningaskip á vegum fyrirtækisins muni fara frá Reykjavík til Ísafjarðar, Akureyrar og Reyðarfjarðar og þaðan til Immingham og Rotterdam með viðkomu í Kollafirði í Færeyjum. Frá Rotterdam sigli skipið á ný til Reykjavíkur. Segir að Samskip hafi fundið fyrir mikilli þörf á beinum siglingum frá Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum inn á hafnir í Bretlandi og meginlandi Evrópu. Er því lýst að nýja siglingaleiðin bjóði upp á nýja og afar áhugaverða kosti fyrir íslenska og erlenda viðskiptavinum Samskipa. Undir fyrirsögninni „Umhverfissvæn breyting sem hagræðir, sparar og hlífir vegakerfinu“ segir í lokin: „Með þessari breytingu munu útflytjendur og innflytjendur á landsbyggðinni sjá fram á hagræði og fjárhagslegan sparnað með því að komast í beint samband við

⁵⁷⁶⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Flutningatengd verkefni framtíðarinnar (2).docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. Frá [...] til forráðamanna SVP. „RE: Punktar frá fundinum“, dags. 15.02.2013, kl. 23:29. Doc. ID. 0.7.33.1060632.

⁵⁷⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.441471.

⁵⁷⁶⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.441456.

⁵⁷⁷⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1050711.



mikilvægustu markaðssvæði sín í Evrópu. Nýja siglingaleiðin mun draga úr landflutningum. Dýr olía sparast, álagið á vegakerfið minnkar og breytingin því afar jákvæð og umhverfi[svæn].⁵⁷⁷¹

10683. Viðbrögð Eimskips við boðaðri breytingu Samskipa á siglingakerfi sínu benda ekki til þess að fyrirtækin hafi að þessu sinni haft samráð í þessu efni. Voru viðbrögð stjórnenda Eimskips sérlega hröð, bent var á skyndileg tímabundin úrræði og mikið kapp lagt á þróun breytinga á siglingakerfi sem voru nokkuð ólíkar þeim leiðum sem áður höfðu verið í fremur hægfara skoðun hjá forráðamönnum fyrirtækisins.
10684. Er verulegur munur á þessari atburðarrás á árinu 2013 og atvikum á síðari hluta ársins 2008 þegar Samskip og Eimskip breyttu siglingakerfum og drógu úr flutningsgetu. Er það til enn frekari staðfestingar á því ólögmeta samráði sem Eimskip hefur viðurkennt að átti sér stað í tengslum við þessar breytingar á árinu 2008. Skal nú vikið nánar að þessum atvikum á árinu 2013.
10685. Samtímagögn sýna að Samskip töldu að viðskiptavinir hefðu tekið vel í þessar breytingar á siglingakerfinu. (S)forstj sendi þannig þann 23. febrúar 2013 tölvupóst til (S)stjórnarm-fjármstj: „Móttökur við Costa hafa verið mjög góðar, mikill hugur í framleiðendum á vestfjörðum og norðurlandi, en nú er að sjá hvernig samkeppnin bregst við.“ (S)stjórnarm-fjármstj sendi tölvupóst til (S)forstj sama dag: „Flott Munu Eimskip ekki sækja stíft að fá Alcoa flutninga bæði á Íslandi og Noregi og tengja það saman við þeirra kerfi eins og hægt er á báðum stöðum og svara okkur líka þannig? Er örugglega búið að semja við [...] í lágmark 1 ár? Er eitthvað vitað um framhald?“⁵⁷⁷² Eftirfarandi gögn frá Eimskip sýna áhyggjur fyrirtækisins af þessari breytingu Samskipa og talið hafi verið nauðsynlegt að bregðast hratt við.
10686. Síðdegis þann 21. febrúar 2013 sendi (E)forstö-landfl1 tölvupóst til m.a. (E)forstö-sölud og (E)frkvstj-sala/bj með tilvísun í framangreinda fréttatilkynningu Samskipa. (E)frkvstj-sala/bj áframsendi póstinn skömmu síðar til (E)forstj með þessari athugasemd: „Þá varð það opinbert!“ (E)forstj brást við um hálfri klukkustund síðar og spurði: „Eigum við ekki að senda reykjafoss a isafjord nuna“. (E)frkvstj-sala/bj svaraði sama kvöld: „Skilst að hann sé í viðgerð hér fram á laugardag eftir að hafa fengið á sig brot á leiðinni til landsins [...] Við ætlum að byrja á að mappa upp þessar hafnir og það magn sem verður í uppnámi á þessum svæðum. þurfum svo að meta í framhaldinu hvernig við bregðumst við - spurning um að hittast jafnvel aðeins á laugardag þegar þið eruð komnir heim?“ (E)forstj, sem staddur var erlendis, svaraði skömmu eftir miðnætti sama kvöld: „Eg kem heim a thridjudag“.⁵⁷⁷³
10687. Strax eftir að tilkynning Samskipa birtist unnu stjórnendur Eimskips hratt að tillögum um breytingu á siglingakerfi fyrirtækisins. Snéru þær fyrst í stað einkum að því að stilla upp og reikna afbrigði af siglingaleiðinni milli Norður-Ameríku, Íslands og Norður-Noregs, þar sem „komið yrði við“ á höfnum á landsbyggðinni e.t.v. á tveggja vikna fresti, enda var þá einnig unnið að því á vegum Eimskips að reyna að ná samningum við BWS/Smyril um samstarf í flutningum. Að morgni 22. febrúar 2013 sendi (E)forstö-flutnstý tölvupóst til (E)frkvstj-skiparekst með upplýsingum um áætlaðan kostnað af viðkomu skips á Ameríkuleið á Vestfjörðum. Þessar upplýsingar áframsendi (E)frkvstj-skiparekst síðan til (E)forstj sama dag með m.a. þessum skýringum: „Sjá hér að neðan frá (E)forstö-flutnstý og (E)starfsm. Því til viðbótar, ef við bjóðum SKO⁵⁷⁷⁴, á móti REY⁵⁷⁷⁵, til að koma við á ISA, sem kostar okkur ekki mikla peninga, þá erum við að ákveða að fara alltaf norður fyrir frá Sortland til Reykjavíkur, þó að veðurútlit sé slæmt á

⁵⁷⁷¹ Fréttatilkynning frá Samskipum 21. febrúar 2013, aðgengileg á slóð: <https://www.samskip.is/news/samskip-brjota-blad-i-sjoflutningum-af-landsbyggdinni-sigt-fra-vestfjordum-og-nordurlandi-beint-til-bretlands-og-meginlandsin/>.

⁵⁷⁷² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1110272.

⁵⁷⁷³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1063008.

⁵⁷⁷⁴ Skip Eimskips, Skógafoss.

⁵⁷⁷⁵ Skip Eimskips, Reykjavík.



þeirri leið, eins og hefur verið lengst af vetrar, utan síðustu 2 mánuði og við munum koma til með að riðla eitthvað áætlun skipsins, á einhverju stigi."⁵⁷⁷⁶

10688. Aðrir stjórnendur Eimskips unnu á sama tíma einnig að tillögum eða hugmyndum um sama efni. Sama dag sendi (E)frkvstj-[alþjsv](#) tölvupóst til (E)frkvstj-[skiparekst](#), (E)frkvstj-[sala/þj](#), (E)forstö-[sölud](#), (E)frkvstj-[innanl](#) og (E)frkvstj-[fjárm](#) með hugmyndum sínum og (E)forstj um breytingar á siglingakerfi, en þar sagði m.a.: „*Sælir, hugmynd að breytingum*

þar til 1. september er lagt upp með að nægjanlegt sé að SKO fari bara til Sortland. Á leiðinni til baka verða viðkomur á AKU og Ísafirði og Reykjavík á leið sinni til USA. Erum að sigla inní vorið og gerum því ráð fyrir að veður fari batnandi norðanmegin.

Varðandi Reykjafoos og þann slaka sem myndast vegna Portland, þá mætti bæta við eftir að skipið kemur til Reykjavíkur, Ísafjörð, Akureyri, Reyðjarfjörður þannig að við höfum tengimöguleika við Norðurlandi á Reyðarfirði og með Suðurlandi í Reykjavík. Með þessu erum við ½ mánaðarlega á Ísafirði/Akureyri fyrir landsbyggðina.

Ef samningur klárast við SL þá þurfum við ekki að fara með aukaskipið til AKU heldur bara VES/náum við einnig REK á viku(ferskum fiski) - Færeyjar - Schrapster.

Hugsunin er að það eru um 20 til 25 gámar af fersku í VES á föstudögum og við værum að sækja í þann fisk og, bæta við meira af ferskum í Færeyjum og dreifa á þriðjudegi í gegnum Skotland

Kveðja [(E)forstj] og [(E)frkvstj-alþjsv]"⁵⁷⁷⁷

10689. Fleiri stjórnendur Eimskip létu sig einnig varða tillögur um þetta efni, sbr. m.a. athugasemdir og breytingartillögur sem (E)forstö-[sölud](#) og (E)forstö-[alþjsv](#) sendu við framangreindar hugmyndir (E)frkvstj-[alþjsv](#) og (E)forstj.⁵⁷⁷⁸ Þá vekur orðalag í tölvupósti (E)forstj og (E)frkvstj-[alþjsv](#) athygli: „*Ef samningur klárast við SL*" (þ.e. Smyril Line) en það felur í sér staðfestingu á því að á þessum tíma unnu Eimskip enn að því að ná samningi við BWS/Smyril um samstarf í flutningum, sbr. nánari umfjöllun síðar í þessum kafla. (E)frkvstj-[innanl](#) brást sömuleiðis við tillögum (E)frkvstj-[alþjsv](#) og (E)forstj með þessari athugasemd: „*Á hvaða vikudögum yrðum við á AKU og ISA ? Mér finnst skipta mjög miklu máli að við bregðumst strax við með lausn fyrir okkar viðskiptavinum á móti þessu sem hinir eru að gera.*"⁵⁷⁷⁹

10690. (E)frkvstj-[innanl](#) sá ennfremur tilefni til að setja fram aðrar tillögur, sbr. sérstakar tillögur sem hann setti fram skömmu síðar sama dag um siglingaáætlun og strandflutninga í tölvupósti til (E)forstj, en þar sagði: „*Ég var að tala við (E)forstö-landfl1 áðan, en við höfum miklar áhyggjur af uppkominni stöðu og langar til að taka þátt í því að koma með hugmyndir að lausnum sem gætu styrkt okkar stöðu. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að bregðast hratt við og koma með góðar lausnir á móti þessu dæmi þeirra.*

Til að ná því þurfum við að gera betur en þeir eru að bjóða, helstu markmið í því væru.

- 1. Vikuleg þjónusta í staðinn fyrir á 2ja vikna fresti og þar með gerum við betur en hinir.*
- 2. Tenging á útflutningi frá ISA (norðanverðir Vestfirðir) og AKU (Norðurland) + etv. Aðrar hafnir eins og HUS+ SAU inn á RTM og IMM.*
- 3. Ef þetta næði fram að ganga gætum við náð fram hagræðingu á Vestfjörðum, bætt nýting í landflutningakerfinu og svo þarf að skoða hvaða áhrif svona lausn hefur á flutningakerfi Flytjanda varðandi Norðurlandið.*

⁵⁷⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.448084.

⁵⁷⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.448090.

⁵⁷⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.923292.

⁵⁷⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.448892.



4. Við eigum gámalyftara á ISA, AKU, DAL og HUS + að vera með góðan terminal á RFJ þ.a. ef við tökum upp skipakomur kranaskipa á þær hafnir þá er það einfalt í operation á sama tíma og okkar keppinautar þurfa að tækja sig upp á þessum svæðum.

Í tengslum við verkefni okkar um strandsiglingar fyrir nokkru síðan var m.a. skoðað að hafa „lítið gámaskip“ kannski 250-350 TEU á vikulegum pendúl frá ISA (þri) til AKU + norðurland aðrir staðir til RFJ(fim/fös) í veg fyrir Norðurlandi og þar með er komin tenging til RTM en þarf að skoða tengingu við IMM. Ýmislegt í þessu sem þarf að skoða betur, en ég held að þetta sé einn af þeim valkostum sem við ættum að skoða.

(E)forstö-landfl1 ætlar að skoða þetta frekar um helgina með (E)forstö-flutnstý, það er svo sem ekkert nýtt í þessu annað en vilji til að leysa hlutina og koma fram með hugmyndir til að styrkja okkar stöðu. Það væri gaman að heyra hvernig þér líst á þessar hugmyndir.“

10691. (E)forstj, sem var enn staddur erlendis, sendi sunnudaginn 24. febrúar 2013 þetta svar: „Skulum skoða þegar ég kem heim.“⁵⁷⁸⁰ Nokkrum mínútum síðar sendi (E)forstj hins vegar tölvupóst með tillögum um breytt siglingakerfi til (E)forstö-markaðs (afrit til (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-fjárm) undir fyrirsögninni: „Þurfum að hugsa?“, en meðfylgjandi var skjalið „Breytt Siglingakerfi.docx“.⁵⁷⁸¹ Fyrirsögn skjalsins er „Fjórar meginbreytingar gerðar á Siglingakerfi Eimskipafélags“. Er þar m.a. lagt til að Eimskip hefji strandsiglingar í tengslum við upptöku fyrirtækisins á viðkomu í Portland í Maine í USA og gildandi siglingaleiðum yfir Norður-Atlantshafið frá Sortland í Noregi, um Ísland og til Norður-Ameríku. Þá muni Eimskip hefja siglingar frá Færeyjum með ferskan fisk á markað á meginlandi Evrópu í samstarfi við BWS/Smyril Line. „Að lokum mun Eimskip setja af stað nýja línu sem mun sigla fjórhyrninginn frá Reykjavík til Vestmannaeyja til Færeyja og þaðan til Skotlands og aftur til Reykjavíkur [...]“. Í tölvupósti (E)forstj segir m.a.: „Þetta er mín hugsun sem gengur mjög langt en þetta þarf að hugsast hratt. Ég er að hugsa um að nýta það sem við höfum á að skipa en (E)frkvstj-innanl talar um eitt sér skip“. (E)forstj lýsir síðan tillögum (E)frkvstj-innanl í 4 tölulíðum. Í lokin segir: „Í tengslum við verkefni okkar um strandsiglingar fyrir nokkru síðan var m.a. skoðað að hafa „lítið gámaskip“ kannski **250-350 TEU á vikulegum pendúl frá ISA(þri) til AKU + norðurland aðrir staðir til RFJ(fim/fös) í veg fyrir Norðurlandi og þar með er komin tenging til RTM en þarf að skoða tengingu við IMM. Ýmislegt í þessu sem þarf að skoða betur, en ég held að þetta sé einn af þeim valkostum sem við ættum að skoða.**“
10692. (E)forstö-alþjsv vann áfram að skoðun á fyrirhugaðri breytingu á siglingakerfum Samskipa. Í tölvupósti hans til (E)frkvstj-alþjsv og (E)forstj um „Samskip – New route“ að kvöldi 25. febrúar 2013 sagði m.a.: „Þar sem umræðuefnið á fundinum á morgun verður væntanlega hin nýja rúta Sline þá tók ég hringinn svona saman, mér til upplýsinga, þ.e.a.s. á miðað við það sem þeir gáfu út, þ.e.a.s. Mánudagar frá Reykjavík.“ Fylgdu síðan frekari skýringar og mat (E)forstö-alþjsv á tímaáætlun á nýrri siglingaleið Samskipa. Skömmu síðar tilkynnti (E)forstö-alþjsv um innsláttarvillu og um miðnætti sendi hann leiðréttá áætlun sína um nýja siglingaleið Samskipa þar sem m.a. komu fram þessar skýringar: „Þetta lítur samt sem áður „Scary“ út. Getur ekki verið að þeir ætli sér frá Reykjavík á Mánudögum – sem þýðir bein samkeppni við ferska fiskinn [...]“⁵⁷⁸²
10693. Þann 26. febrúar 2013 sendi (E)forstö-flutnstý tölvupóst til (E)starfsm og (E)frkvstj-skiparekst um mögulegar breytingar á siglingakerfi Eimskips. Þar sagði m.a.: „Aðeins um fundinn áðan. Við (E)starfsm fórum og sátum með (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-innanl, (E)forstj (að hluta til), (E)forstö-landfl1, (E)verkstj-alþjsv og (E)forstö-alþjsv.“

⁵⁷⁸⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1063673.

⁵⁷⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1063699.

⁵⁷⁸² Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.925298.



Farið yfir ýmsa möguleika með að bæta við skipi. T.d. þessa:

- a) Eitt skip AKU-RFJ-THO-SCR-AKU
- b) Eitt skip ÍSA-AKU-RFJ-THO-ÍSA
- c) Eitt skip RFJ-THO-Grangemouth-RFJ
- d) "Matcha" S-Line með 1 skipi sem er á 2 vikna rútu á móti þeirra skipi, siglir sömu leið. (þeir fara aðra vikuna og við hina vikuna)
- e) Þriðja Ameríkuskipið. Gæti farið eitthvað á strönd á móti Reykjafossi.

Auk þess einhverjar útfærslur á því að núverandi Ameríkuleið taki ÍSA+AKU "í leiðinni". Flest kerfi sem hafa verið rædd, alls konar útfærslur, hafa mjög stóra galla. Erum að verja hluta af okkar vöru en ekki alla.

Auk þess þetta:

- 1) Það er verið að tala um að auka T/A cargo frá Evrópu. Miðað við núverandi plön (að taka Tetuan út) þá gengur það engan veginn. Það var niðurstaða okkar eftir fundi með stýrimönnum og Skipó að Norðurleiðin yrði fullnýtt frá Færeyjum til AAR og gæti ekki verið að bæta í sig cargo í IMP eða EXP. Svo við gætum þurft að halda Tetuan [Austurleið] inni?
- 2) Það gæti þurft að stækka Ameríkuleiðina? [(E)forstj] að tala um að nýju skipin færu þangað og kletturinn í SAT sprengdur fyrir maí 2014.
- 3) Það er að reynast mjög dýrt að leysa FRK eftir að Tetuan dettur út.
- 4) Það er eindreginn vilji til að þjóða a.m.k. jafngóða þjónustu og Samskip.
- 5) Vikuleg mánudagsbrottför frá Færeyjum til Immingham/Scrabster er allt að 3 millj EUR virði.
- 6) Það er alltaf hunderfitt að láta Ameríkuleiðina líka vera strandferðaskip.

Hvernig passar þetta allt saman?

Það fæddist sú hugmynd að í stað þess að halda Tetuan og bæta við einu skipi á strönd við IS eða á Argentia þá hendum við út Tetuan og setjum inn 2 skip á 2 vikna rútu. Svona einhvern veginn er kerfið sem við settum upp beinagrind að og ætlum að stilla upp fyrir fund kl 14 á morgun. Hugmyndin og útfærslan hér að vera langbestir og flottastir alls staðar. Svara þessum leik hjá S-Line einfaldlega með skák og mát.

- 1) Ný „Austurleið“ sem siglir nákvæmlega sömu rútu og S-Line er að setja upp núna. Nema hvað dagsetningar eru aðrar – fer frá Færeyjum á mánudag kl 20:00 á útleið. 2 skip á 2 vikna rútu. Þurfa að ganga allavega 13 sml?
- 2) Suðurleiðarskipin verða áfram BRU og SEL.
- 3) Nýbyggingar fara á Ameríku til að auka flutningsgetu þar.

Það er spurning hver er besta útfærslan á Suðurleið og Norðurleið hérna. Ég myndi segja að Austurleið ætti að koma við í IMM á heimleið til að taka tóma RF og import. Suðurleið getur þá farið beint frá RTM til IS.

Norðurleið: REY-THO-RTM-FRK-HEL-AAR-THO-REY-GRT (Á að vera góður slaki í þessu. Ofurhraðleið til RTM í útflutningi.)

Suðurleið: REY-VES-THO-IMM-HAM-RTM-REY-GRT (Hér er feikna slaki á milli HAM og RTM)

Austurleið: REY-ISA-AKU-RFJ-THO-IMM-RTM-IMM-REY (Getur verið þröngt nema skipið gangi 13-14 sml? Ef þetta er of þröngt þá tekur Suðurleið IMM á heimleið í staðinn)



Skítaxið í þessu er að það er erfitt að sjá annað en að öll skipin fari til RTM?? Austurleið verður að vera með tengingu frá landsbyggðinni þangað. Álið verður að skiptast á milli hinna."⁵⁷⁸³

10694. Að kvöldi sama dags sendi (E)forstö-[alþjv](#) tölvupóst til (E)forstj um siglingakerfi þar sem sagði m.a.:

„Smá summing frá því í dag:

- (E)frkvstj-[innanl](#) sagði að í fyrsta skipti kæmi Sline [Samskip] upp með betra kerfi en við
- Sline Kerfið hefði skelfileg áhrif á innanlandskerfi okkar, gætu boðið 50% aflátt af öllum forflutningi
- Sline Kerfið væri í raun head on á móti ferskfisk (suðurleið) vegna vöru sem kæmi að norðan
- Sline væri í fyrsta skipti að tengja austfirði beint við UK
- (E)forstö-[landfl1](#) vildi meina það að við þyrftum að koma með sambærilega vöru, og eða betri vöru til þess að skáka þessari þróunn
- Þýddi ekkert að keyra vörunni frá AKU, menn vildu sjá skipin liggja við höfn."

10695. Gerði (E)forstö-[alþjv](#) síðan ítarlega grein fyrir umræðum stjórnenda Eimskips um ýmsa möguleika til þess að bregðast við aðgerðum Samskipa. Fylgdi síðan tímaáætlun með drögum að nýrri siglingaleið sem (E)forstö-[alþjv](#) nefndi Nýja Austurleið („Eimskip – The New Eastern“) sem sigla átti þessa leið: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri, Reyðarfjörður, Færeyjar, Grangemouth, HAMBURG, Reykjavík.⁵⁷⁸⁴

10696. Þann 27. febrúar 2013 sendi (E)forstö-[flutnstý](#) tölvupóst til (E)frkvstj-[alþjv](#), (E)frkvstj-[skiparekst](#), (E)frkvstj-[sala/þj](#), (E)frkvstj-[fjárm](#), (E)frkvstj-[innanl](#), (E)forstö-[landfl1](#) , (E)forstö-[sölud](#), (E)verkstj-[alþjv](#), (E)forstö-[alþjv](#) og (E)starfsm (afrit til (E)forstj) með kynningu á mögulegum breytingum á siglingakerfum. Þar sagði m.a.: „Í viðhengi er kynningin sem við fórum yfir áðan. Líka uppfærð kynning með „Option H“ þar sem Austurleið fer á Aberdeen og Hamborg. Suðurleið óbreytt. Það hefur óveruleg áhrif á kostnað.“⁵⁷⁸⁵ Á glærुकynningunni var gerð grein fyrir siglingakerfi Eimskips og nýju kerfi Samskipa og ræddir valkostir Eimskips.

10697. Samkvæmt framansögðu töldu stjórnendur Eimskips að boðaðar breytingar Samskipa á siglingakerfi fyrirtækisins fælu í sér ögrun og samkeppnislegt forskot Samskipa einkum í útflutningi frá höfnum á landsbyggðinni og að nauðsynlegt væri fyrir Eimskip að bregðast við þeim. Hjá Eimskip væru siglingaleiðir til Evrópu þegar mjög vel nýttar og að þurft gæti að auka afkastagetu þar með skipum sem voru í smíðum. Á Ameríkuleið væri fullri nýtingu náð í vestur átt. Þá væru áætlanir um að fella niður Austurleið en kaupa þess í stað flutningarými á ferjunni Norrænu með samkomulagi við BWS/Smyril.

10698. Þann 27. febrúar 2013 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-[millilandasv2](#), (S)forstö-[útfli](#), (S)rekststj-[landfl1](#) og (S)rekststj-[landfl2](#): „Costa er vel tekið af viðskiptavinum heyrum við – enn býðum [svo] við eftir viðbrögðum frá samkeppninni.

Við eigum að nýta tímann, fram að þeim tíma er viðbrögð frá samkeppni kemur fram, vel í að ganga frá samningum. [...]

⁵⁷⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.926267.

⁵⁷⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1064839.

⁵⁷⁸⁵ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. „Sailing Schedules Feb 2013.ppt“ og „Option H.ppt“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.45179.



Vinsamlega spáið vel í spilin út frá þessu – ég tel að við séum í kjörstöðu til að ganga frá hlutum áður en EI koma fram, hvað svo sem þeir geri, momentíð er nú.⁵⁷⁸⁶

10699. (S)forstö-útlf tók undir framanritað og sagði að „nú væri lag“. Samskip yrðu „á næstu dögum að fá menn að borðinu og skrifa undir bindandi samninga við okkur. Hef listað upp stóru myndina og ábyrgðaraðila, núna látum við hendur standa fram úr ermum.“⁵⁷⁸⁷

20.11.4. Atvik í mars 2013

10700. Þann 1. mars 2013 birtist frétt í Morgunblaðinu um að ríkisstjórnin hefði ákveðið að hefja útboð á strandsiglingum. Þar sagði m.a.: „Ríkisstjórnin samþykkti fyrir sitt leyti í morgun tillögu innanríkisráherra um að hefja útboð fyrir strandsiglingar og var innanríkisráðherra og fjármálaráherra falin framkvæmd útboðsins þannig að strandsiglingar gætu hafist síðar á þessu ári.

Um er að ræða tilraunaverkefni til sex ára þar sem siglt yrði vikulega á allt að sjö hafnir og er gert ráð fyrir að fastbinda fjórar hafnir sérstaklega í útboðinu, Reykjavík, Ísafjörð, Akureyri og Reyðarfjörð. Fleiri hafnir kæmu að sjálfsgöðu til greina sem fastir viðkomustaðir en aðrar hafnir eftir atvikum. [...]

Samskip hafa þegar ákveðið að hefja strandsiglingar við Ísland. Í frétt frá Samskip segir að sjóflutningar til og frá Íslandi með nýrri siglingarleið hefjist 18. mars næstkomandi. „Flutningaskip á vegum félagsins fer þá frá Reykjavík til Ísafjarðar, Akureyrar og Reyðarfjarðar og þaðan til Immingham í Bretlandi og Rotterdam í Hollandi með viðkomu í Kollafirði í Færeyjum. Frá Rotterdam heldur skipið heim á leið, kemur til Reykjavíkur sunnudaginn 31. mars og leggur af stað í nýja hringferð daginn eftir, 1. apríl. Viðkomustöðum verður hugsanlega fjölgað í framtíðinni,“ segir í fréttinni.“⁵⁷⁸⁸

10701. Sama dag sendi (E)forstö-álþjsv tölvupóst til (E)forstj með samantekt sem tengdist mögulegum breytingum á siglingakerfi Eimskips. Í framhaldi af því skiptust (E)forstj og (E)forstö-álþjsv á tillögum um fund stjórnenda Eimskips um sama efni.⁵⁷⁸⁹ Samkvæmt dagbók (E)forstj funduðu hann, (E)forstö-álþjsv og fleiri þann 2. mars 2013, en fundarboðið var „Breytingar Siglingakerfi“.⁵⁷⁹⁰ Að kvöldi 2. mars 2013 skiptust (E)forstö-álþjsv og (E)forstj áfram á upplýsingum um „Fundur á Mánudag“ (væntanlega 4. mars 2013) um glærukynningu sem (E)forstö-álþjsv var að vinna í, en fram kom að (E)forstö-markaðs væri áhyggjufullur yfir að kynna þyrfti málið sem fyrst. Kvaðst (E)forstö-álþjsv reiðubúinn að fara yfir kynninguna á fundi daginn eftir (þ.e. sunnudag 3. mars) og ljúka þeim undirbúningi. (E)forstj kvaðst einnig vilja að a.m.k. (E)frkvstj-álþjsv og (E)frkvstj-sala/þj tækju þátt í þeim fundi og ræddu ýmsar hugmyndir sem hann væri með um markaðsmál.⁵⁷⁹¹

10702. Í framhaldi af framangreindu sendi (E)forstj eftir miðnætti sunnudaginn 3. mars 2013 tölvupóst til (E)forstö-markaðs, (E)forstö-álþjsv og (E)frkvstj-álþjsv með drögum að fréttatilkynningu og markaðsundirbúningi. Í viðhengi var skjalið „Breytt Siglingakerfi2.docx“, sem var uppfærsla á skjali sem (E)forstj hafði sent (E)forstö-markaðs, (E)frkvstj-álþjsv og (E)frkvstj-fjárm þann 24. febrúar 2013. Var skjal þetta ítarlegra en það fyrra og með meiri áherslu á viðkomur Ameríku- og Noregsskipa á Ísafirði og Akureyri ásamt sérstöku kafli um „[ný] leið Strandleiðin sem koma mun við á a.m.k. Ísafirði, Akureyri og Reyðarfirði ásamt mögulegum viðkomum á Bíldudal, Hvammstanga, Húsavík og Eskifirði“. Var í framangreindum drögum gert ráð fyrir að fyrsta ferð Eimskips á Strandleið yrði frá Reykjavík 15. mars 2013. Nýja strandleiðin myndi auk þess gera flutninga fersks fisks frá Þórshöfn í Færeyjum til

⁵⁷⁸⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.658510.

⁵⁷⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.659238.

⁵⁷⁸⁸ „Hefja útboð á strandsiglingum“, dags. 01.03.2013, kl. 12:45. Morgunblaðið. Aðgengileg á slóð: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/03/01/hefja_utbod_a_strandsiglingum/.

⁵⁷⁸⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1066618.

⁵⁷⁹⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.20208/ 0.7.33.230145.

⁵⁷⁹¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1067271.



Bretlands alla mánudaga mögulega. Ólíkt því sem fram kom í fyrri drögum að fréttatilkynningu um breytt siglingakerfi var ekki minnst á samstarf Eimskips við BWS/Smyril um flutning á ferskum fiski frá Færeyjum til meginlands Evrópu. Í skjalinu var auk þess að finna drög að kynningaráætlun Eimskips á breyttu siglingakerfi í 28 töluliðum.⁵⁷⁹²

10703. Eimskip kynnti síðan þann 6. mars 2013 breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins. Í fréttatilkynningu fyrirtækisins sagði m.a.: „**Eimskip kynnr umfangsmiklar breytingar á siglingakerfi félagsins**

Vikulegar strandsiglingar með beinni tengingu við Bretland og meginland Evrópu og styttri siglingartími til og frá Bandaríkjunum

- *Vikulegar strandsiglingar með beinni tengingu við Bretland og meginland Evrópu*
- *Aukin ferðatíðni og styttri siglingartími til og frá Bandaríkjunum*
- *Þjónusta tvisvar í viku fyrir ferskan fisk frá Íslandi og Færeyjum*
- *Aukin þjónusta við olíuiðnaðinn með siglingum til og frá Skotlandi*
- *Ný þjónusta fyrir uppsjávarfisk með beinum siglingum inná Eystrasalt*

Eimskip hefur verið með í undirbúningi breytingar á siglingakerfi félagsins sem miða að því að útvíkka kerfið á Norður-Atlantshafi, fjölga viðkomuhöfnum og bæta við einu gámaskipi í flotann. Breytingar á viðkomuhöfnum í Bandaríkjunum gera það mögulegt að ráðast nú í frekari breytingar. Frá og með 26. mars 2013 mun Eimskip hefja viðkomur í Portland, Maine á austurströnd Bandaríkjanna í stað þess að sigla á Everett og Norfolk í Virginia, en með þeirri ráðstöfun styttist hringferðartími skipanna. Þann 14. mars n.k. fer Brúarfoss frá Reykjavík í sína fyrstu strandsiglingu norður fyrir Ísland með tengingu við Færeyjar, Bretland og meginland Evrópu.

Helstu breytingar á siglingakerfinu eru þessar:

- **Ný vikuleg strandsiglingaleið** sem tengir Ísland við Færeyjar, Bretland (Skotland) og meginland Evrópu. Skip félagsins munu koma vikulega við í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Reyðarfirði, sömu höfnum og innanríkisráðuneytið fyrirhugar að bjóða út sem fastar viðkomuhafnir í útboði á strandsiglingum. Mögulegt er að koma við í fleiri höfnum ef þörf er á. Eimskip er með skrifstofu og hafnaraðstöðu á framangreindum stöðum svo félagið er vel í stakk búið til að sinna þessum breytingum á siglingakerfinu.

Brúarfoss mun leggja af stað í sína fyrstu ferð samkvæmt vikulegri áætlun þann 14. mars frá Reykjavík. Breyting þessi gerir útflytjendum af landsbyggðinni kleift að flytja ferskan fisk beint á fimmtudagsmarkað í Bretlandi og Frakklandi og frosinn fisk til dreifingar á meginland Evrópu og víðar.

- **Aukin ferðatíðni og styttri siglingartími til og frá Bandaríkjunum**, auk þess sem Ameríkuskip félagsins á leið vestur eiga þess kost að hafa viðkomu m.a. á Akureyri og Ísafirði á leið sinni frá Noregi. Með þessu skapast beinn aðgangur að hráefnisöflun í Noregi og Rússlandi fyrir fiskvinnslur á Íslandi.
- **Ný þjónusta fyrir ferskan fisk frá Færeyjum**, því með vikulegum siglingum á nýrri siglingaleið með viðkomu í Færeyjum á hverjum mánudegi gefst Færeyingum kostur á að flytja ferskan fisk í gámum til dreifingar á Bretlandseyjum á miðvikudegi. Auk viðkomu í Þórshöfn verður komið við í Vágur á Suðurey þar sem mikill vöxtur hefur verið í vinnslu á uppsjávarfiski.

⁵⁷⁹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] „Drög að Fréttatilkynningu og markaðsundirbúningi“, dags. 03.03.2013, kl. 01:25. Í viðhengi var skjalið „Breytt Siglingakerfi2.docx“.



- **Þjónusta félagsins við vaxandi olíuiðnað á Norðurslóðum eflist [...]**
- **Bein tenging inná Eystrasalt með viðkomu í Póllandi.** Eimskip opnaði fyrr í mánuðinum skrifstofu í Gdynia í Póllandi sem lið í þessum breytingum.⁵⁷⁹³

10704. Samkvæmt framansögðu voru breytingar á siglingakerfi Eimskips í mars 2013 mjög umfangsmiklar og fólu m.a. í sér nýja vikulega strandsiglingaleið (rauð leið) sem um leið tengdi Ísland við Færeyjar, Bretland og meginland Evrópu, aukna ferðatíðni og styttri siglingatíma til og frá Bandaríkjunum og tengingu á Norðurleið (blá leið) inn á Eystrasalt með viðkomu í Póllandi.⁵⁷⁹⁴ Á móti aukinni þjónustu í sjóflutningum til og frá Færeyjum sem nefnd er í framangreindri fréttatilkynningu Eimskips er þó rétt að geta þess að með umræddri breytingu á siglingakerfi Eimskips var Austurleið felld niður, en á þeirri siglingaleið voru áður flutningar milli Færeyja og hafna í Skandinavíu.⁵⁷⁹⁵
10705. Að kvöldi 6. mars 2013 sendi (E)stjform2 stjórnarformaður Eimskips tölvupóst til (E)forstj um fréttatilkynninguna þar sem sagði m.a.: „Fréttatilkynning var góð. Vona að tekst hafi að loka öllum opnum málum.“ Með tölvupóstinum framsendi (E)stjform2 tölvupóst sem hann hafði sent fyrr sama daga til tveggja stjórnarmanna Eimskips, en þar sagði: „Sjá hjálagt fréttatilkynningu vegna breytinga á siglingakerfi. Breytingar hjá samkeppnisaðila hafa flýtt fyrir þessu, sem var þegar í undirbúningi.“⁵⁷⁹⁶
10706. Af þessu og öðrum atvikum tengdum viðbrögðum stjórnenda Eimskips verður ráðið að tilkynning Samskipa um áformaða breytingu á siglingakerfi fyrirtækisins kom forráðamönnum Eimskips á óvart og hvatti Eimskip til að bregðast hratt við.
10707. Í kjölfar þess að Eimskip kynnti breytingar á siglingakerfinu sínu leituðust stjórnendur fyrirtækisins við að meta viðbrögð viðskiptavina og var það mat þeirra að þau hefðu almennt verið mjög jákvæð. (E)frkvstj-innanl vísaði í því sambandi til viðræðna við fulltrúa fyrirtækisins á landsbyggðinni og (E)frkvstj-alþjsv vitnaði um jákvæða kynningu og hagfelld viðbrögð í Færeyjum. (E)frkvstj-alþjsv bætti raunar þessu við í lokin: „Ræddi við ferjuna og skýrði okkar niðurstöðu, en opnaði á þann möguleika að kaupa 10 slott, þeir tóku ekki illa í það, en mun fylgja því eftir á morgunn“. (E)frkvstj-sala/þj sagði: „[...] sama hér almennt mjög jákvæðar viðtökur, líka hjá framlínudeildum [...]“. (E)forstj gladdist sömuleiðis og sagði einfaldlega: „Frábært“.⁵⁷⁹⁷ Ætla má að með orðalaginu „ræddi við ferjuna“ hafi (E)frkvstj-alþjsv verið að vísa til þess að framangreindar breytingar á siglingakerfi Eimskips leiddu til þess að fyrirtækið sá ekki lengur sama hag og áður af samráði við BWS/Smyril. (E)frkvstj-alþjsv „opnaði þó á“ þann möguleika að fyrirtækin gætu áfram viðhaft samráð, þrátt fyrir umrædda ákvörðun um siglingakerfi, með því að bjóðast til að kaupa 10 slott.
10708. Í framhaldi af tilkynningum Samskipa og Eimskips um að fyrirtækin áformuðu bæði að hefja strandsiglingar á ný tilkynnti ríkisstjórnin að ákveðið hefði verið að fresta útboði á strandsiglingum, sbr. frétt í Morgunblaðinu 8. mars 2013 en þar var vísað í frétt á vef innanríkisráðuneytisins.⁵⁷⁹⁸

⁵⁷⁹³ Fréttatilkynning Eimskips um umfangsmiklar breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins. Í fréttasafni á vef fyrirtækisins er fréttin dagsett 6. janúar 2013. Af öðrum gögnum málsins er ljóst að hún var birt 6. mars 2013, <https://www.eimskip.is/um-eimskip/frettasafn/frettir/eimskip-kynnir-umfangsmiklar-breytingar-a-siglingakerfi-felagsins/>. Sjá einnig frétt á mbl.is, „Eimskip breytir siglingakerfi“, dags. 06.03.2013, kl. 18:24. Aðgengileg á slóð: https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2013/03/06/eimskip_breytir_siglingakerfi/.

⁵⁷⁹⁴ Viðkomu í Póllandi var þó hætt í september 2013.

⁵⁷⁹⁵ Minnt er á það sem áður hefur komið fram að Austurleið var tekin upp í upphafi árs 2008 með flutningum á tveimur skipum milli Íslands (Reykjavík og Reyðarfjörður), Færeyja, Bretlands og þriggja hafna í Skandinavíu, en með niðurskurði á siglingakerfi Eimskips í ágúst 2008 var annað skipið tekið úr rekstri en hitt skipið sigldi ekki til Íslands heldur aðeins til Færeyja.

⁵⁷⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1069384.

⁵⁷⁹⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1070107.

⁵⁷⁹⁸ „Fresta útboði á strandsiglingum“. Morgunblaðið, dags. 08.03.2013, kl. 10:10. Aðgengilegt á slóð https://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/03/08/fresta_utbodi_a_strandsiglingum/.



10709. Mikið kynningar- og markaðsátak fylgdi breytingum á siglingakerfum og upptöku strandsiglinga hjá Eimskip og Samskipum, bæði fréttatilkynningar, greinar í blöðum, auglýsingar og kynningar meðal viðskiptavina og áhrifamanna. Hélt (E)forstj m.a. ræðu við móttöku á Ísafirði 15. mars 2013 þar sem hann lýsti nýjungum í siglingakerfi fyrirtækisins m.a. sem „mestu breyting[ar] sem gerðar hafa verið á skipakerfi félagsins í marga áratugi og um leið kynna strandsiglingar að nýju [...]“.⁵⁷⁹⁹
10710. (E)frkvstj-alþjsv sendi tilkynninguna um breytta siglingaráætlun Eimskips til stjórn-BWS hjá BWS 20. mars 2013. stjórn-BWS svaraði (E)frkvstj-alþjsv sama dag: „thanks. you are widening the net must be a reason for the coastal service otherwise abandoned some years ago for both yiu Nd samskip. i cannot - obviously - see if changes will affect our much beloved discussion point around the Faroe islands?“ (E)frkvstj-alþjsv svaraði stjórn-BWS sama dag: „I am still waiting for a progress in that matter, realy not sure where it stands but trying to monitore. Last news they were trying to setup meeting in Esbjerg. Yes of course as time goes on, things changes. But likely we don't need the slot number as in beginning, but have discussed a small reduction of number instead.“⁵⁸⁰⁰ Þann 20. mars 2013 sendi stjórn-BWS annan tölvupóst til (E)frkvstj-alþjsv: „[...] As to the Blue Water situation I checked in some other connections with the Blue Water lawyer [[...]]. He reported some progress, but how that exactly relates to settling the outstanding questions in percentage terms, is difficult to say. I do not know whether you have heard anything from [frkvstj-Smyril] – [...] Maybe during this week or next week we could have a brief telephone conversation.“ (E)frkvstj-alþjsv svaraði stjórn-BWS stuttu síðar og lagði til að þeir yrðu í sambandi.⁵⁸⁰¹
10711. Þann 21. mars 2013 sendi (S)forstj tölvupóst til sjálfs sín með heitinu „pælingar varðadni færeyar“: „Við erum að koma okkur fyrir, munum hafa tíma í aðra viðkomu – teikna upp magn og viðkomur, þe :
- Freshlink
Smyril
Eimskip
Samskip*
- Summera heildarmyndina*
- Hvað myndi hann gera ef hann hefði rými á tvær viðkomur, þe kolla og eina sitthvora vikuna? hvernig myndi magn þróast...*
- Margar spurningar....*
- Undirbúa góðan fund á mánudag....“⁵⁸⁰²*
10712. Stuttu síðar sendi (S)forstj annan tölvupóst til sjálfs síns og velti þessu m.a. fyrir sér : „Hvað mun smyrill auka hlut með síðustu EI breytingum?“⁵⁸⁰³ Tveimur dögum síðar sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-Færeyj og (S)frkvstj-millilandasv2. Þar sagði m.a.: „I guess the cease of the Faroe – Danmark service of Eimskip will lead to stronger position of Smyril Blue water in the market – hopefully leading to them dropping out of Iceland as of next winter, ie during winter time.“ (S)frkvstj-Færeyj sendi tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv2 sama dag þar sem sagði m.a.: „Yes, hopefully Blue Water will drop

⁵⁷⁹⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Ræða strandsiglingar“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1073469.

⁵⁸⁰⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.944186.

⁵⁸⁰¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.944413.

⁵⁸⁰² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1117921.

⁵⁸⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1117924.



out the Icelandic service, but could there be any connections between Eimskip and Blue Water about this as they take out the direct connections to DK?"

10713. (S)forstj sendi tölvupóst til (S)frkvstj-Færeyj og (S)frkvstj-millilandasv2 daginn eftir, þar sem sagði m.a.: „I know Eimskip and Smyril were talking for months, don't know the outcome.“⁵⁸⁰⁴ Staðfestir þetta að (S)forstj hafði fulla vitneskjum um þær viðræður sem (E)frkvstj-alþjv átti við BWS og Smyril.

20.11.5. Atvik í apríl – júní 2013

10714. Þann 1. apríl 2013 sendi stjórn-BWS tölvupóst til (E)frkvstj-alþjv: „have agreed to speak with [...] on the telephone the 4th of April. There has been some exchange of drafts between [frkvstj-Smyril]/Smyril's lawyer and [...]. I do not quite understand why you want to reduce the 20 units per sailing – you started much higher, ended at 20 because that would be acceptable in the total picture – not quite sure you are helping the process along. Will listen to [...] Thursday after Easter.“⁵⁸⁰⁵
10715. Þann 7. apríl 2013 sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-fjárm, (E)frkvstj-alþjv og (E)frkvstj-sala/þj (afrit til (E)frkvstj-skiparekst og (E)frkvstj-innanl) með heitinu „Verkefni 2013 UPDATE“. Á meðfylgjandi Excel-skjali var listi yfir verkefni m.a.: „Smyrill samstarf“.⁵⁸⁰⁶
10716. Þann 9. apríl 2013 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 og (S)frkvstj-Færeyj með heitinu „Blue Water – Smyril“: „[...] contacted me informing that Blue Water are still in discussions with Smyril – they need to reduce their volume commitment in order to be able to operate the business on break even. I guess Eimskip were speaking to Smyril – but after having changed their system, they are not showing interest in capacity on Smyril. According to [...] there is another party approaching Smyril interested in some of Smyril's capacity, this is confidential, as we have to keep between ourselves, this is Posta / [...] Are we interested in fixed commitments on Smyril ?“ (S)frkvstj-Færeyj sendi tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2 (afrit til (S)forstj) sama dag: „I am in Klaksvík at the Fish Fair. I think we should discuss what terms we will get.“⁵⁸⁰⁷
10717. Ljóst er að breytingar á siglingarkerfi Samskipa og Eimskips höfðu samkeppnisleg áhrif á markaðnum. Þannig var t.d. eftirfarandi bókað í fundargerð sjóflutningsdeildar hjá Eimskip (LIS) þann 10. apríl 2013:
- „Búið að vera svolítið styr á markaðnum. Nýja siglingaáætlunin ruglar hann talsvert, breytir landslaginu. (E)forstö-sölud bað alla um að vera vakandi fyrir því að loka sem allra fyrst opnum samningum.“⁵⁸⁰⁸
10718. Þann 14. apríl 2013 sendi yfirm-BWS hjá BWS tölvupóst til (S)forstj með heitinu „Rates on Norrøna“: „Referring to our telephone conversations last week re. slots onboard M/F NORRØNA. We are pleased to hear that you could be interested in taking over 15 slots from Torshavn to Hirtshals and 15 slots from Hirtshals to Torshavn. We can offer you a rate of euro 750,00 per unit. The rate is excluded BAF, THC, harbour dues and customsdocumentation. Samskip to supply mafies/chassis if containers to be used. As mentioned on the phone last week we are under a certain time pressure so a quick feed back would be very much appreciated [svo]. Looking forward hearing from you again“ (S)forstj áframsendi tölvupóstinn til (S)frkvstj-millilandasv2 og (S)frkvstj-Færeyj daginn eftir: „Pls study and revert with your thoughts.

⁵⁸⁰⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.665803.

⁵⁸⁰⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.952780.

⁵⁸⁰⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Verkefni ársins 2Q 2013 – 06 04 2013.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.957750.

⁵⁸⁰⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.671208.

⁵⁸⁰⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS fundur_2013_Vika 15“. Fannst á sameiginlegu drifi Eimskips, síðast vistað 04.11.2013, kl. 15:12.



"I'm sure we can negotiate further down, but not a whole lot." (S)frkvstj-Færeyj sendi tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv2 sama dag:

„It looks like an very interesting opportunities at first glance but I have tried to set up advantages and disadvantages and it seems that it would be a big challenge to make this profitable but there are some costs that we don't know at this moment.

1. It has been very good for the operations in FO that we don't have fixed slot costs but only charged per used slot. The fixed slot cost is SBW's big headache. A fixed external cost for us of $2 \times 15 \times 750 = 22.500 \text{€}$ per week is very much. (In summertime Norrøna is sailing two times per week to DK.) Our slot costs are per 40ft for FARI € 508 and for FARU € 534 incl container cost and BAF.

2. The challenge will be in operating two systems, we need to acquire/rent equipment for example trucks or mafies/chassis if we are going to use containers. We will also have external cost for THC. Do you know what rates they will charge for THC in both ends and do they have lifting equipment in Hirshals? Our local cost for handling on the terminal is 177 € per container in 2013.

3. Now Eimskip has changed their sailing schedule we will compete directly against SBW for their export customer if we get this opportunity. SBW will not let this happened?

4. On import side we could use this as an increase of capacity but this is only a problem part of the year and we have tried to increase capacity by using Pioneer Bay.

If we should succeed in getting customer from Eimskip into a system where we buy slot from SBW, the two of us need to [have] very good cooperation with the same intentions. I think it could be interesting to see how far we could go with this discussions and discuss the possibilities to attract customer from Eimskip." (S)forstj sendi framangreindan tölvupóst til (S)frkvstj-Færeyj og (S)frkvstj-millilandasv2 þann 17. apríl 2013: „[(S)frkvstj-Færeyj] - how do you recommend we proceed ?”⁵⁸⁰⁹

10719. Þann 6. maí 2013 sendi (E)frkvstj-Færeyj tölvupóst til frkvstj-BWS hjá BWS, (E)forstj og (E)frkvstj-sala/pj og þakkaði fyrir síðast. Meðfylgjandi var mynd af frkvstj-BWS, (E)forstj og (E)frkvstj-sala/pj. frkvstj-BWS svaraði tölvupósti (E)frkvstj-Færeyj (afrit til (E)forstj og (E)frkvstj-sala/pj) sama kvöld: „Good evening Great to be together with good friends.”⁵⁸¹⁰ Var myndin líklega tekin á sjávarútvegssýningunni í Brussel, en (E)forstj hafði hitt frkvstj-BWS þar 24. apríl 2013.⁵⁸¹¹ Að mati Samkeppniseftirlitsins sýnir framangreint hversu nán samskipti voru milli keppinautanna Eimskips og BWS.

10720. Þann 22. maí 2013 sendi stjórn-BWS hjá BWS tölvupóst til (E)frkvstj-albjsv: „The BW Foundation had Board meeting/AGM in Esbjerg last Friday. I had some minutes to discuss with [frkvstj-BWS] the Smyril situation. Everything basically is OK now as far as the contract is concerned – the big problem is the gap you left behind. Whether the volume is 20 as originally intended, or slightly less – the problem is that Smyril would then not have this revenue – and that is where the situation is. [...]„ (E)frkvstj-albjsv svaraði stjórn-BWS sama dag og þakkaði fyrir upplýsingarnar.⁵⁸¹²

10721. Þann 21.-24. júní 2013 voru stjórn-BWS og (E)frkvstj-albjsv í tölvupóstsamskiptum varðandi mögulegan hitting sem ekki varð af en eftirfarandi kom m.a. fram hjá stjórn-BWS: „have got last update from [frkvstj-BWS]”.⁵⁸¹³

⁵⁸⁰⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.674115.

⁵⁸¹⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1102675.

⁵⁸¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1097533.

⁵⁸¹² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.982925.

⁵⁸¹³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.86927.



20.11.6. Samantekt

10722. „Nýtt upphaf“ verkefnið hafði það meginmarkmið að bæta hag Samskipa og Eimskips með því að „auka samstarf“ á milli fyrirtækjanna. Við þær aðstæður sem voru í efnahagslífi hér á landi síðla árs 2008, þar sem mjög mikill samdráttur blasti við í innflutningi á sama tíma og vöxtur var að sumu leyti í útflutningi, ákváðu bæði fyrirtækin að takmarka verulega framboð á þjónustu í sjóflutningum til og frá Íslandi. Höfðu fyrirtækin samráð varðandi breytingar og samnýtingu á siglingakerfum sínum og brugðust sameiginlega við til að ráða bót á áskorunum sem fylgdu minni siglingakerfum, eins og nánar er lýst í kafla 7, 8 og 9.
10723. Í júní 2011 ákvað Eimskip að fjölga skipum á Ameríkuleið úr einu í tvö með þeim hætti að annað skipið sigldi frá Norfolk um hafnir á austurströnd Norður-Ameríku með viðkomu á Íslandi og síðan til Sortland í Norður-Noregi.⁵⁸¹⁴ Aðrar breytingar sem fyrirtækin gerðu á siglingakerfum sínum á árunum 2009-2012 voru fremur minni háttar og höfðu óveruleg áhrif á framboð.
10724. Aðdragandi þeirra breytinga sem Samskip og Eimskip gerðu á siglingakerfum sínum í mars 2013 var fjölþættur. Ytri aðstæður fóru batnandi með bættum þjóðarhag, en á móti blasti við undir lok árs 2012 að bæði fyrirtækin myndu á árinu 2013 tapa þeim umfangsmiklu flutningaviðskiptum sem þau höfðu við Alcoa og þannig skapast umfram afkastageta í útflutningi.
10725. Annað sem gat haft áhrif á siglingakerfi Samskipa og Eimskips voru áform stjórnvalda um að beita sér fyrir því að strandsiglingar yrðu hafnar á ný, en bæði fyrirtækin voru mótfallin því. Á hinn bóginn skapaðist vaxandi þrýstingur frá viðskiptavinum á landsbyggðinni, ekki síst útflytjendum, um að skipafélögin sinntu betur þörfum þeirra fyrir flutninga.
10726. Á árunum 2012 og 2013 áttu Samskip og Eimskip í miklum samskiptum, sbr. yfirlit í kafla 13, sem og ólögmætu samstarfi á mörgum sviðum. Jafnframt áttu Samskip og Eimskip í miklum samskiptum við færeyska keppinauta sína, BWS og Smyril, um mögulegt samstarf sem miðaði einkum að því að draga úr samkeppni um flutninga einkum á siglingaleiðinni milli Austfjarða, Færeyja og Danmerkur. Tillögur um umrætt samstarf voru þess eðlis að þær gátu haft áhrif á siglingakerfi fyrirtækjanna. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að með samskiptum Samskipa við færeyska keppinauta sína hafi fyrirtækið brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Þá er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samhliða samskipti Eimskips og Samskipa við færeyska keppinauta sína hafi verið hluti af viðleitni þeirra til að takmarka samkeppni á markaðnum í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
10727. Af samtímagögnum um aðdraganda að breytingum á siglingakerfum Samskipa og Eimskips í mars 2013 verður aftur á móti ekki ráðið að fyrirtækin hafi, líkt og þau gerðu á árinu 2008, haft samstarf eða samráð í tengslum við þær. Svo virðist sem Samskip hafi nokkru fyrr en Eimskip áttað sig á því að fyrirtækið myndi ekki ná að endurnýja mikilvægan flutningasamning við Alcoa. Samskip hófu því strax á árinu 2012 að velta fyrir sér breytingum á siglingakerfi fyrirtækisins eftir að samningur við Alcoa rynni sitt skeið. Komu þá fljótlega fram tillögur sem fólu í sér að halda óbreyttri áætlun á Leið 1 (með tveimur skipum), leggja af Leið 2 (Alcoa flutningar frá Reyðarfirði til Rotterdam), en þess í stað þróa nýja flutningaleið með smærra skipi sem byggði á strandflutningum innanlands ásamt viðkomu í Færeyjum, Bretlandi og Hollandi.
10728. Hjá Eimskip voru síðla árs 2012 og í upphafi 2013 ýmsar hugmyndir til skoðunar um breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins. Þær tengdust þó í fyrstu ekki nýrri siglingaleið heldur einkum breytingum á siglingaleiðinni milli Norður-Ameríku, Íslands og Norður-Noregs (Sortland) sem og þeim aukna „slaka“ á siglingaáætlun sem flutningur á viðkomuhöfn frá Norfolk í Bandaríkjunum norður til Portland gaf færi á.

⁵⁸¹⁴ Sem fyrr sigldu skip Samskipa ekki til Norður-Ameríku, en fyrirtækið bauð viðskiptavinum sínum flutninga á þeirri leið ýmist með því að kaupa þá af Eimskip á grundvelli samnings fyrirtækjanna um það efni eða með því að flytja vörur með öðrum skipafélögum til meginlands Evrópu og þaðan til Íslands (sn. Trans-Atlantic flutningar).



Var það mat Eimskips að nýta mætti hann til að fjölga viðkomum Ameríkuskipa á Ísafirði og/eða Akureyri, eftir því sem færi gæfist á. Þá gerði Eimskip sér lengi vel vonir um að fyrirtækinu tækist að tryggja sér áframhaldandi og helst víðtækari flutningaviðskipti við Alcoa. Tilboð sem Eimskip gerði Alcoa í nóvember 2011 var tvívegis uppfært, síðast í september 2012, þar sem m.a. var gert ráð fyrir þeim möguleika að fyrirtækið tæki einnig að sér flutningaviðskipti fyrir álver Alcoa í Noregi. Meðal annars í þessu skyni lagði Eimskip drög að því að tryggja sér stærri skipaflota. Vonir Eimskips um þessi viðskipti við Alcoa fóru þó dvínandi undir lok árs 2012 og kom því ekki til breytinga á skipaflota fyrirtækisins vegna þeirra.

10729. Af samtímagögnum verður ráðið að tilkynning Samskipa 21. febrúar 2013 um að fyrirtækið hygðist hefja strandsiglingar á nýrri siglingaleið 18. mars 2013 hafi komið Eimskip á óvart og hvatt fyrirtækið til að bregðast hratt við. Tóku stjórnendur Eimskips í framhaldi af henni að vinna hratt að endurskoðun á siglingakerfi fyrirtækisins og kanna ýmsa kosti sem áður höfðu ekki verið til skoðunar. Niðurstaðan varð sú að Eimskip tilkynnti um umfangsmiklar breytingar á siglingakerfi sínu 6. mars 2013 sem fólu m.a. í sér að vikulegar strandsiglingar yrðu hafnar á nýrri leið, með tengingu við Bretland og meginland Evrópu, 15. mars 2013 eða þremur dögum áður en Samskip höfðu boðað að nýtt kerfi fyrirtækisins kæmist í framkvæmd.
10730. Gögn málsins gefa því til kynna að með umræddum breytingum á siglingakerfum sínum í mars 2013 og upptöku strandsiglinga hafi Eimskip og Samskip keppt um að koma þessum veigamiklu breytingum í framkvæmd. Engin merki eru um það að upplýsingum um undirbúning þeirra hafi verið „lekið“ milli fyrirtækjanna. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að háttsemi fyrirtækjanna í tengslum við breytingarnar hafi einkennst af eðlilegri og virkri samkeppni á markaði, ólíkt því sem var með þær breytingar sem fyrirtækin gerðu á siglingakerfum sínum á árinu 2008, þar sem fyrirtækin höfðu samráð sem miðaði að því að hrinda í framkvæmd markmiðum „Nýtt upphaf“ verkefnisins.
10731. Í mgr. 1780-1788, 1791-1802 í athugasemdum Samskipa við AII er að finna sjónarmið fyrirtækisins varðandi umfjöllum um atvik tengdum breytingum á siglingakerfum Samskipa og Eimskips á árinu 2013.
10732. Samskip hafna því að fyrirtækið hafi átt samskipti eða haft samráð við Eimskip í tengslum við breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins á árinu 2008. Þá hafna Samskip samanburði Samkeppniseftirlitsins á aðstæðum á árunum 2008 og 2013.
10733. Að því er snertir samskiptin við BWS kveðast Samskip hafa átt í samskiptum varðandi möguleg viðskipti fyrirtækjanna. Tekið hafi verið til skoðunar innan Samskipa hvort það þjónaði hagsmunum fyrirtækisins að eiga í viðskiptum við BWS. Jafnframt halda Samskip því fram að viðræður fyrirtækisins við BWS hafi hvorki haft það að markmiði að raska samkeppni né hafi þær leitt til samkeppnisröskunar í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.
10734. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á framangreind sjónarmið Samskipa. Vísar Samkeppniseftirlitið í því sambandi til umfjöllunar sinnar um sjónarmið Samskipa í kafla 31.11.

